

**skoðun 38**


2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Hátíðarmatur





Salka

Ný saga um jólasveinana á hverjum degi fram að jólum




salka.is • Forlagsverslun • Skipholti 50c



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

**Fimmtudagur**
**16. desember 2010**
295. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000




## Listin að fanga bónda

*Bergsveinn Birgisson ræðir skáldsögu sína Svar við bréfi Helgu.*

**menning 60**

## Dýr myndi hann allur

*Sruli Recht hefur hannað kvenskó úr hvalsforhúð. Þeir kosta 190 þúsund krónur.*



**fólk 74**



## Met hjá Aroni Einari

*Hefur spilað 21 landsleik þótt hann sé aðeins 21 árs gamall.*

**sport 90**

## veðrið í dag




**BJART** um sunnan- og vestanvert landið en lítils háttar él norðaustan til. Strekkingsvindur eða hvassviðri austanlands en annars víða fremur hægur vindur. Frost á bilinu 1 til 11 stig.

**VEÐUR 4**



**ENGLAR Í ÓPERUNNI** Grunnskóladeild Listdansskóla Íslands sýndi jólasýningu sína í Íslensku óperunni í gær. Nemendurnir dönsuðu bæði í verkinu Englajól, sem er byggt á samnefndri sögu Guðrúnar Helgadóttur, og verkinu Árstíðirnar. Á laugardag munu nemendur úr skólanum dansa á jólatónleikum Sinfóníunnar í Háskólabíói.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Icesave eykur skuldir ríkisins um 3 prósent

**Litlar líkur eru taldar á að kostnaður vegna Icesave verði meiri en 47 milljarðar. Líklegra er talið að sú fjárhæð lækki. Gengisvarnir innbyggðar í samninginn.**

**STJÓRNMÁL** Nettóskuldir ríkissjóðs hækka um í kringum þrjú prósent með Icesave-samningnum sem gengið var frá í síðustu viku. Hreinar skuldir eru nálægt 600 milljörðum króna eða ríflega 40 prósent af vergri landsframleiðslu. Að viðbættum kostnaði vegna Icesave fer það hlutfall í um 43,4 prósent.

Fjármálaráðherra mælir fyrir frumvarpi um Icesave í dag. Í greinargerð þess er lagt mat á ýmis áhrif nýja samningsins.

Meðal annars kemur fram að mat skilanefndar Landsbankans um 86 prósenta endurheimtur er talið varfærið. Hækki endurheimtuhlutfallið lækkar sú fjárhæð sem fellur á ríkissjóð. Miðað við áætlanir verður sá kostnaður um 47 milljarðar króna.

Þá kemur fram að gengisvarnir séu í raun innbyggðar í samninginn og því litlar líkur taldar á að gengisbreytingar geti haft áhrif til hins verra.

**- bþs / sjá síður 12 & 13**

**Hreinar skuldir ríkissjóðs**




Jóhanna Guðrún Jónsdóttir:

## Snýr aftur í Eurovision

**FÓLK** Jóhanna Guðrún Jónsdóttir snýr aftur í Eurovision á næsta ári þegar flautað verður til leiks í Söngvakeppni Sjónvarpsins. Keppnin hefst um miðjan janúar og lýkur 12. febrúar þegar sigurlagið verður valið. Jóhanna mun syngja lag Maríu Bjarkar Sverrisdóttur en flestum ætti að vera í fersku minni frammistaða hennar í Moskvu í fyrra þegar hún hreppti silfrið með laginu Is It True?



JÓHANNA GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR

**- fgg / sjá síðu 102**

Forstjóri Rio Tinto:

## Ætla að eiga álverið í 25 ár

**VIÐSKIPTI Rekstraröryggi næsta aldarfjórðunginn vegur upp á móti auknum kostnaði við endursamninga um orkuverð til álvers fyrirtækisins í Straumsvík, segir Tom Albanese, forstjóri Rio Tinto. Hann útilokar að álverið hér sé til sölu. „Ég lít á ÍSAL sem lykilþátt í eignasafni Rio Tinto,“ segir forstjórinn og kveður starfsemina hér hluta af kjarna fyrirtækisins á sviði álvinnslu, að minnsta kosti næstu 25 ár.**

**- óká / sjá síðu 28**

Hver Íslendingur borðar 30:

## Níu milljónir jólamandarína

**MATUR** Um níu milljónir mandarína eru seldar á Íslandi í kringum jólin. Það þýðir að hver Íslendingur sporðrennir 25 til 30 mandarínum frá lokum nóvember og fram í miðjan janúar.

Bananar ehf. og Búr ehf. flytja inn samtals um 800 tonn af mandarínum fyrir hátíðarnar. Framkvæmdastjóri Búrs telur að salan sé um fimmtungi meiri í ár en í fyrra.

**- sv / sjá síðu 24**





JOE BOXER®
Kringlan og Smáralind



## SPURNING DAGSINS



*Margrét, hvernig myndi þessi tímabreyting leggjast í fröken Klukku?*

„Ég spurði hana og hún sagði: Fjórtán, þrjátíu og fimm, fjörutíu.“

Hópur þingmanna hefur lagt til að seinka klukkunni til að morgnarnir verði bjartari. Margrét Stefánsdóttir er upplýsingafulltrúi Símans.

Hamborgarhryggurinn vinsælasti aðalrétturinn á aðfangadag en þrír af fjórum velja hangikjötið á jóladag:

# Kalkúnninn virðist sækja að rjúpunni

**KÖNNUN** Vinsælasti aðalrétturinn á aðfangadagskvöld þetta árið er hamborgarhryggur, og munu tæp 53 prósent landsmanna gæða sér á þessu vinsæla svínakjöti þennan dag samkvæmt nýrri könnun MMR.

Rjúpur eru næstvinsælasti rétturinn á aðfangadag, 9,8 prósent ætla að borða rjúpur þennan dag. Kalkúnninn sækir þó að rjúpunni, þeim hefðbundna jólamat, og segjast nú 8,3 prósent ætla að borða kalkún á aðfangadagskvöld.

Hangikjötið er langsamlega vinsælasti aðalrétturinn á jóladag, og segjast nærri þrír af hverjum fjórum ætla að borða hangikjöt þann dag. Um átta prósent ætla að borða hamborgarhrygg á jóladag, en mun færri aðra rétti sem spurt var um.

„Svo virðist sem breytileiki í jólamatnum sé aðeins meiri hjá landanum á aðfangadagskvöld, en hefðir og venjur ráði ríkjum á jóladag,“ segir í niðurstöðum MMR.

Könnunin var gerð dagana 7. til 9. desember. Um var að ræða netkönnun og tóku 850 manns þátt. Alls tóku 98,3 prósent afstöðu til spurningarinnar. **- bj**






**BORGARÍSJAKI** Jaki á borð við þennan sást norðaustur af Horni aðfaranótt miðvikudags. MYND/LANDHELGISGÆSLAN

Landhelgisgæslan leitaði íss:

## Skip lét vita af borgarísjaka

**LANDHELGISGÆSLAN** Hafís sást í eftirlitsflugi Landhelgisgæslunnar á þriðjudagskvöld. Búist var við því í gær að ísinn færðist nær landi.

Í tilkynningu Gæslunnar kemur fram að ísinn hafi verið næst landi um 48 sjómílur vest-norðvestur af Grímsey, 46 sjómílur aust-norð-austur af Horni, 34 sjómílur norður af Skagatá og 25 sjómílur norð-norð-vestur af Straumnesi.

Á miðnætti fékk gæslan upplýsingar frá skipi sem statt var norðaustur af Horni á leið til Ísafjarðar um að þar væri siglt í gegnum dreifar og þéttan ís. Um hálftíma síðar hafði skipið samband við stjórnstöð Gæslunnar og tilkynnti um þrjátíu metra háan borgarísjaka. **- óká**

Stúlkan sem hneig niður:

## Komin af gjörgæsludeildinni

**FÓLK Helga Sigríður Sigurðardóttir, sem hné niður í skólasundi á Akureyri fyrir skemmstu, er komin af gjörgæsludeild.**

**Helga Sigríður var flutt til Gautaborgar 28. nóvember og var talið að hún þyrfti nýtt hjarta. Til þess hefur þó ekki komið og hún var flutt aftur heim til Íslands í síðustu viku.**

**Hún var flutt á barnadeild á þriðjudag. Foreldrar hennar segja á Facebook-síðu að nú taki við hjá henni allsherjar uppbygging.** **- þeb**

# Gömlu eigendurnir eignast helming á ný

**Gömlu eigendur Íslenskra aðalverktaka hafa keypt helmingshlut í fyrirtækinu af Marti Contractors í Sviss. Ætla má að Arion banki sitji uppi með milljarðaskuldir félagsins. Félagið vinnur að byggingu tónlistarhússins Hörpu á nýrri kennitölu.**

**VIÐSKIPTI** Karl Þráinsson, forstjóri Íslenskra aðalverktaka (ÍAV), og Gunnar Sverrisson framkvæmdastjóri hafa hvor um sig keypt 25 prósenta hlut í ÍAV. Þeir voru meðal aðaleigenda ÍAV sem misstu hlut sinn til kröfuhafa í fjárhagslegri endurskipulagningu í mars. Hinn helminginn á svissneska verktakafyrirtækið Marti Contractors, sem yfirtók verktakahluta ÍAV í mars síðastliðnum.

„Forráðamenn Marti Contractors hafa ekki viljað fjarstýra fyrirtækinu frá Sviss. Þeir leggja mikla áherslu á að það sé rekið á íslenskum forsendum og af Íslendingum. Það er á þeim forsendum sem við komum að félaginu,“ segir Gunnar.

Marti vann með ÍAV að gerð Óshlíðarganga og fleiri verkefnum og hafa starfsmenn ÍAV farið utan til að vinna með starfsmönnum Marti. Eftir því sem næst verður komist höfðu eigendur ÍAV frumkvæðið að því að Marti Contractors tæki yfir reksturinn í vor.

Samkvæmt tilkynningu ÍAV til Ríkisskattstjóra skipti félagið um kennitölu og tók upp nafnið IP verktakar í júní í fyrra. Á sama tíma settist Bernard Schleich í stól stjórnarformanns fyrir hönd Marti Contractors. Nafni félagsins var breytt aftur í Íslenska aðalverktaka í september á þessu ári þegar hlutafé var aukið um tæpar fjögur hundruð milljónir. Eftir því sem næst verður komist lögðu þeir Gunnar og Karl til hlutaféð. Gunnar segir trúnaðarmál hvað þeir greiddu fyrir helmingshlut í ÍAV.

Fjárhagsstaða gamla ÍAV er óljós. Í lánabók Kaupþings sem lekið var á netið kemur fram að skuldbindingar ÍAV og tengdra félaga námu 147,7 milljónum evra, jafnvirði 23 milljarða króna, í lok september 2008. Arion banki tók yfir 82 prósent í félaginu í mars á móti Byr og varð hlutur fyrrverandi eigenda að engu.

Viðskiptablaðið greindi frá því í vor að ÍAV og móðurfélag þess hefðu lítið greitt af lánum frá því haustið 2008 og þau safnað miklum vöxtum. Rætt var um það í kringum uppstokkunina að Arion banki gæti þurft að afskrifa hátt í þrettán milljarða króna vegna lána til ÍAV. **jab@frettabladid.is**



**TÓNLISTARHÚSIÐ VIÐ HÖFNINA** Fyrirhugað er að ÍAV ljúki framkvæmdum við tónlistarhúsið Hörpu í kringum maí á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Íslenskir aðalverktakar í hnotskurn

ÍAV var stofnað árið 1954 að frumkvæði íslenskra stjórnvalda til að uppfylla samningsskyldur gagnvart Bandaríkjaher. Ríkið seldi 40 prósenta hlut í einkavæðingarferli árið 2002. Kaupendur voru Stefán Friðfinnsson, þá forstjóri ÍAV, Gunnar Sverrisson, þá framkvæmdastjóri fjármálasviðs ÍAV, Árni Ingi Stefánsson starfsmannastjóri og Karl Þráinsson. Í kjölfarið lögðu þeir fram yfirtökutilboð í félagið og eignuðust það allt. Starfsmenn ÍAV eru í dag tæplega 400.



**SKRAUTLEGAR UMBÚÐIR** Umbúðir ofskynjunarefnisins LSD eru oft býsna skrautlegar.

Þrír handteknir og yfirheyrðir:

## 500 skammtar af LSD fundust

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum ásamt tollgæslunni rannsakar nú innflutning á 500 skömmtum af LSD sem voru haldlagðir í síðustu viku.**

**Fíkniefnin komu í tveimur póstsendingum til landsins, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Önnur var stíluð á einstakling á Suðurnesjum en hin á íbúa í Reykjavík. Nokkrar skýrslutökur hafa farið fram en lögregla vill ekki veita frekari upplýsingar. Samkvæmt upplýsingum blaðsins voru þrír menn handteknir vegna málsins en þeim hefur verið sleppt. LSD hefur lítið komið við sögu í málum hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár, samkvæmt upplýsingum hennar.** **-jss**

## LÖGREGLUMÁL

### 117 lítrar af vodka teknir

Tollgæslan fann 117 lítra af vodka og eitthvað af varahlutum í bíla við leit í skipi sem kom frá Bandaríkjunum í fyrradag. Málið telst upplýst.

### Kannabisræktun í Breiðholti

Kannabisræktun í fjölbýlishúsi í Breiðholti var stöðvuð í fyrradag. Við húsleit fann lögreglan tíu kannabisplöntur og þrjá menn sem voru í óða önn að klippa niður afraksturinn. Þeir voru handteknir.






Eigandi Sjallans ákærður fyrir brot gegn brunavarnalögum:

# Neyðarútgangurinn skrúfaður fastur

**DÓMSMÁL** „Svona umbúnaður öryggismála á samkomustað flokkast hreinlega undir glæpsamlegt athæfi,“ segir Þorbjörn Haraldsson, slökkviliðsstjóri á Akureyri, um það hvernig allar flóttaleiðir á skemmtistaðnum Sjallanum voru ófærar þegar húsinu var lokað fyrr á þessu ári.

Lögreglustjórinn á Akureyri hefur nú ákært eiganda Sjallans, mann á sextugsaldri, fyrir brot gegn lögum um brunavarnir. Í ákærunni kemur fram að aðfaranótt sunnudagsins 21. febrúar hafi Sjallinn verið opinn fyrir almennt skemmtanahald með brunavarnir á skemmtistaðnum í miklum ólestri. „...þegar slökkviliðsstjórinn á Akureyri skoðaði eldvarnir hússins að beiðni lögreglu, komu í ljós meðal annars eftirtaldir ágallar á brunavörnum, til dæmis hafði neyðarútgangur á suðausturhorni hússins verið skrúfaður fastur og aðrar flóttaleiðir gesta voru ýmist bilaðar, eða hindraðar með stólum, bjórkútum, snjó og fleiru og slökkt hafði verið á brunavarnarkerfinu,“ segir enn fremur í ákærunni.



**SJALLINN** Eigandinn hefur verið ákærður fyrir brot á lögum um brunavarnir.

„Staðnum var lokað um leið og þetta kom í ljós,“ segir Þorbjörn. „Eigendur fengu ekki að opna staðinn aftur fyrr en því var lokið og öllum kröfum byggingafulltrúa og eldvarnareftirlits hafði verið mætt.“

Eigendur Sjallans virðast lítið hafa lært af reynslunni eftir að staðurinn varð eldi að bráð rétt fyrir jólin 1981. Þorbjörn segir brunavarnir á ábyrgð húseigenda. Menn fái rekstrarleyfi til nokkurra ára í senn, sem þurfi síðan að endurnýja. Húseigendur þurfi engu að síður að tryggja að ástand og öryggismál hússins drabbist ekki niður á þessum tíma.

„Þetta var ágætis áminning fyrir alla því margir veitingahúsaeigendur stukku af stað og bættu úr sínum málum eftir að þetta kom upp,“ útskýrir Þorbjörn og kveður Slökkviliðið á Akureyri hafa bætt sitt verklag og fjölgað óvæntum skoðunum á eldvörnum skemmtistaða um helgar þegar þeir séu í fullum rekstri. **- jss**

# 30%

## afsláttur af öllum jólaseríum og jólaskrauti*

Jólaseríurnar, jólapappírinn, jólakortin, jólamerkimiðarnir, jólastytturnar, jólakúlurnar, jólatopparnir, jólagrenið, jólaskreytingarnar, jólaservíetturnar, jólakertin, jólaskrautið, gervijólatrén, jólaskreytingarefnið... og allt hitt jólaskrautið

**fimmtudag - sunnudag**



**OPIÐ TIL**
**22:00**
Í SKÚTUVOGI
**21:00**
Í GRAFARHOLTI

blómaval

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

*Afsláttur gildir ekki af lifandi jólatrjám

*Afslátturinn gildir af öllu jólaskrauti en sjálfsögðu ekki af vörum sem merktar eru Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar enda höfum við þegar lækkað þær vörur í allra lægsta verð sem við getum boðið.

HÚSASMIÐJAN

**GENGIÐ 15.12.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,89 | 116,45 |
| Sterlingspund | 181,97 | 182,85 |
| Evra | 154,04 | 154,90 |
| Dönsk króna | 20,67 | 20,79 |
| Norsk króna | 19,542 | 19,658 |
| Sænsk króna | 16,98 | 17,08 |
| Japanskt jen | 1,3782 | 1,3862 |
| SDR | 178,13 | 179,19 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
208,6391

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Dræm skil ársreikninga til Ríkisendurskoðunar en allt annað viðhorf til prófkjara:

# Fáir flokkar hafa skilað ársreikningi

**STJÓRNMÁL** Fæstir stjórnmálaflokkanna hafa skilað Ríkisendurskoðun ársreikningum vegna ársins 2009 en skilafrestur þeirra var til 1. október í ár. Í ársreikningum kemur fram hvaða fyrirtæki hafa styrkt flokkana, hversu miklum fjármunum þeir hafa úr að spila og svo framvegis.

Lárus Ögmundsson hjá Ríkisendurskoðun segir að flokkarnir eigi yfirleitt erfitt með að skila á réttum tíma.

Þau stjórnmálasamtök sem höfðu skilað í gær voru Borgarahreyfingin, Hreyfingin, þinghópur Hreyfingarinnar, VG og Samtök fullveldissinna. Lárus sagðist þó vita til þess að skil væru „alveg að bresta á“ hjá hinum flokkunum.



**ALÞINGI** Stóru flokkarnir eru flestir of seinir að skila upplýsingum um fjármál sín fyrir árið 2009.

Einnig er stutt í að birtar verði upplýsingar um kostnað við prófkjör frambjóðenda vegna sveitarstjórnarkosninga vorsins, en Lárus segir þær verða annars eðlis en hingað til.

„Það er greinilega orðin viðhorfsbreyting, sem manni finnst nærtækt að ætla að endurspeglist í allri þessari umræðu um styrkveitingar til stjórnmálalífsins. Núna er þetta nánast allt yfirlýsingar um að kostnaður hafi verið undir 300.000 krónum hjá hverjum frambjóðanda,“ segir hann. **- kóþ**

Bar út póstinn allsnakinn:

# Vonaðist til að kalla fram bros

**BANDARÍKIN, AP** Bréfberi í bænum Whitefish Bay, sem er í Wisconsin í Bandaríkjunum, sagðist hafa talið sig vera ógurlega fyndinn þegar hann mætti allsnakinn en skælbrosandi með póstinn á skrifstofu til konu þar í bæ.

Þegar lögreglan handtók hann nokkrum dögum síðar sagðist hann þó kominn á þá skoðun að líklega hafi þetta verið frekar slæm hugmynd og heimskuleg.

Hann sagðist hafa komið nakinn með póstinn til þess eins að koma konunni til að hlæja. **- gb**

Zuckerberg maður ársins:

# Breytti lífi fólks með Facebook

**BANDARÍKIN** Bandaríska tímaritið Time hefur valið Mark Zuckerberg, stofnanda samskiptavefsins Facebook, mann ársins fyrir að hafa haft mikil áhrif á líf fólks víða um heim.




**MARK ZUCKERBERG** Notendur Facebook eru nú meira en hálfur milljarður manna.

Zuckerberg er 26 ára gamall. Hann er því yngstur allra þeirra sem tímaritið hefur valið mann ársins, að undanskildum flugkappanum Charles Lindberg, sem varð fyrstur manna til að hljóta þessa viðurkenningu. Það var árið 1927, þegar Lindbergh var 25 ára.

Elísabet Bretadrottning var einnig 26 ára þegar hún varð fyrir valinu, en Zuckerberg er hálfum mánuðum yngri en hún var þá. Hún er reyndar nýbyrjuð að nota Facebook. **- gb**

Egypskur maður í Svíþjóð:

# Umskar dreng án deyfingar

**SVÍÞJÓÐ Fimmtugur maður frá Egyptalandi hefur verið dæmdur í fangelsi í Stokkhólmi í Svíþjóð fyrir ólöglegan umskurð á drengjum.**

**Maðurinn var dæmdur í tveggja mánaða fangelsi og til greiðslu sektar fyrir níu ólöglega umskurði. Hann var einnig dæmdur fyrir líkamsárás á einn dreng, sem hann umskar án nægilegrar deyfingar. Þá skaðaði hann tvo drengi varanlega með umskurðum.**

**Samkvæmt sænskum lögum þarf sérstakt leyfi til að framkvæma umskurð.** **- þeb**

# Ábyrgar þorskveiðar við Ísland vottaðar

**Þorskveiðar við Ísland standast allar ströngustu kröfur alþjóðasamfélagsins. Vottun írsks vottunarfyrirtækis var kynnt í gær. Slík viðurkenning er nauðsynleg ef halda á góðri stöðu á alþjóðlegum mörkuðum með fiskafurðir.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Veiðar Íslendinga á þorski í íslenskri fiskveiðilögsögu hafa hlotið vottun sem byggist á ströngustu kröfum sem settar eru á alþjóðavettvangi. Vottunin staðfestir ábyrga fiskveiðistjórnun og góða umgengni um auðlindir sjávar.

Fiskifélag Íslands, sem í eru helstu samtök hagsmunaaðila í íslenskum sjávarútvegi, hafði forgöngu um að byggja upp vottunarverkefnið á Íslandi, en það byggir á alþjóðlegum staðli; leiðbeinandi reglum matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) um vottun fiskveiða og siðareglum FAO um ábyrgð í fiskimálum. Írska fyrirtækið Global Trust Certification (GTC) var fengið til að gera úttekt á stefnu og framkvæmd í þorskveiðum Íslendinga og hefur gefið út vottorð sem staðfestir að þorskveiðarnar samræmist alþjóðlegum kröfum.

Peter Marshall, framkvæmdastjóri GTC, sagði við afhendingu á vottunarskírteininu í Sjóminjasafninu Víkinni í gær að vottunin sýndi að þorskveiðum Íslendinga væri vel stjórnað og af ábyrgð. „Ísland hefur hér rutt veginn í vottunarmálum sem fleiri þjóðir og svæði eru nú í auknum mæli að fara, meðal annars Alaska og Kanada.“

Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, segir áfangann mikilvægan fyrir Ísland. „Við sjáum fram á að íslenskar sjávarafurðir eigi enn greiðari leið inn á mikilvæga markaði og að útflutningstekjur af sjávarafurðum verði áfram mikilvæg burðarstoð í okkar efnahagslífi.“



**Í LANDI** Hagsmunaaðilar í sjávarútvegi hafa lengi stefnt að því að taka upp íslenskt merki sem vottar veiðar og stjórnun þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

> Hagsmunaaðilar í sjávarútvegi hafa um langt skeið unnið gegn því að umhverfismerkið Marine Stewardship Council (MSC) yrði tekið upp hérlendis. Stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins, Icelandic Group, hefur ákveðið að taka upp MSC.

Vottun er mikilvæg fyrir íslenskan sjávarútveg, sem fær nú staðfest að greinin mæti kröfum markaðarins um sjálfbæra nýtingu endurnýjanlegra auðlinda. Markmiðið með verkefninu „Iceland Responsible Fisheries“ er að efla bæði innra starf í greininni og kynningu erlendis á íslenskum sjávarafurðum. Gerður hefur verið samningur við Íslandsstofu um kynningu og markaðssetningu.

Íslenskur sjávarútvegur skilaði þjóðarbúinu 209 milljörðum í gjaldeyristekjur árið 2009. Útflutningur á þorskafurðum er 36 prósent af heildarverðmæti útfluttra sjávarafurða.

svavar@frettabladid.is

Danir hafa dregið saman:

# Minna fer í bjór og sígarettur

**DANMÖRK Bjórdrykkja og reykingar hafa dregist saman í Danmörku á undanförnum árum, ef marka má nýlega könnun.**

**Á venjulegu heimili var 3.117 dönskum krónum varið í sígarettur árið 2005. Upphæðin hafði lækkað niður í 2.561 krónu árið 2008, en sígarettur hækkuðu einnig í verði um rúmlega fjögur prósent á þessu tímabili.**

**Eyðsla í bjór lækkaði úr 1.287 krónum í 1.081 krónu á sama tímabili. Hins vegar jókst víndrykkja á tímabilinu úr 2.305 krónum í 2.548 krónur. Samkvæmt könnuninni eyddu Sjálendingar mestu í bjór og sígarettur, en Kaupmannahafnarbúar mestu í vín.** **- þeb**

Ísland á rétt til hlutdeildar:

# Opna olíuleitarsvæði á Jan Mayen-hrygg

**IÐNAÐUR** Norska ríkisstjórnin hefur ákveðið að hefja undirbúning að opnun hafsvæðisins á Jan Mayen-hrygg fyrir olíuleit, að því er fram kemur í frétt Orkustofnunar. „Liðin eru 16 ár frá því að Norðmenn hófu síðast að opna nýtt svæði fyrir olíuleit, og eru þetta því nokkur tíðindi almennt á sviði olíuleitar við Noreg,“ segir í umfjölluninni. „Að auki sætir þetta tíðindum fyrir Íslendinga, því um er að ræða um 100.000 ferkílómetra svæði sem liggur til suðurs að Drekasvæðinu í íslenskri lögsögu.“

Um þriðjungur svæðisins er sagður innan samningssvæðis Íslendinga og Norðmanna um landgrunnið á milli Íslands og Jan Mayen. „Á því svæði á Ísland rétt á 25 prósenta þátttöku í rannsóknum og vinnslu á olíu og gasi.“ **- óká**




## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**VETRARVEÐUR**
Vetur konungur ræður ríkjum á landinu næstu daga enda kólnaði verulega liðna nótt. Það verður talsvert vindasamt næstu daga og þá aðallega með ströndum. Norðanlands má búast við snjókomu á morgun en sunnan til verður nokkuð bjart.




**Á MORGUN**
Strekkingur eða hvassviðri víða um land.

**LAUGARDAGUR**
Strekkingur eða hvassviðri víða um land.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Basel | 2° |
| Berlín | -3° |
| Billund | 3° |
| Frankfurt | -1° |
| Friedrichshafen | -3° |
| Gautaborg | 2° |
| Kaupmannahöfn | 2° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 5° |
| Mallorca | 10° |
| New York | 1° |
| Orlando | 20° |
| Ósló | -2° |
| París | 4° |
| San Francisco | 11° |
| Stokkhólmur | 2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

# Við sendum pakkann frítt!

**Við aðstoðum við valið, pökkum inn og sendum pakkann þér að kostnaðarlausu innanlands!**







3.980,-

**Morgunengill**
Árni Þórarinsson




3.690,-

**Svar við bréfi Helgu**
Bergsveinn Birgisson




3.980,-

**Ég man þig**
Yrsa Sigurðardóttir




2.790,-

**Lífsleikni Gillz**
Handbók karlmannsins




3.840,-

**Dávaldurinn**
Lars Kepler



3.980,-

**Handritið...**
Bragi Ólafsson




3.980,-

**Ljósa**
Kristín Steinsdóttir




3.990,-

**VAXI-n**
Karl Berndsen




2.995,-

**Eldað með Jóa Fel**
Meistarinn klikkar ekki




3.840,-

**Hreinsun**
Sofi Oksanen



3.490,-

**Út í birtuna**
Hugvekjur í máli og myndum




2.580,-

**Árstíðirnar**
Þórarinn Eldjárn

*Verð gilda til og með 20.12.10*




Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú skráð(ur) í stjórnmálaflokk?*

| | |
|---|---|
| Já | 32,9% |
| Nei | 67,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að seinka klukkunni á Íslandi?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is. vísir

Fyrrverandi menntamálaráðherra segir skýrslu menntamálanefndar um Hraðbrautar óþægilegt mál:

# Hraðbraut gagnrýnd fyrir meðferð á opinberu fé

**STJÓRNSÝSLA** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi menntamálaráðherra, sagði í samtali við Bylgjuna í gær að úttekt menntamálanefndar Alþingis og Ríkisendurskoðunar á fjármálum Hraðbrautar væri óheppileg.

„Eins og þetta blasir við núna, eins og þetta er dregið fram núna, þá er þetta ekkert sérstaklega þægilegt mál,“ sagði Þorgerður Katrín, sem var menntamálaráðherra á árunum 2003 til 2009, en Hraðbraut tók til starfa árið 2003.

Þorgerður benti þó á að ekkert ólöglegt hefði átt sér stað þegar stjórnendur og eigendur skólans greiddu sér út arð með ofgreiðslum frá ráðuneytinu.

37 prósent af rekstrarútgjöldum Menntaskólans Hraðbrautar eru greidd í laun starfsmanna. Kemur þetta fram í skýrslu menntamálanefndar Alþingis um úttekt Ríkisendurskoðunar á fjármálum skólans. Hlutfall launakostnaðar hjá Hraðbraut er helmingi lægra en gengur og gerist í framhaldsskólum á vegum ríkisins, þar sem það er að jafnaði um 75 prósent. Stjórnendur skólans eru harðlega gagnrýndir fyrir meðferð á opinberum fjármunum sem fengist hafa í gegnum þjónustusamninga við menntamálaráðuneytið. Í kjölfarið hefur Ríkisendurskoðun nú kallað eftir öllum gildandi samningum sem ráðuneytin tólf hafa gert við hina ýmsu aðila, en þeir eru 141 talsins.

Stjórnendur skólans og eigendur Hraðbrautar ehf., fyrirtækisins sem rekur Menntaskólann Hraðbraut, greiddu sér út 177 milljónir króna í arð á tímabilinu, þrátt fyrir að skólinn hafi ekki verið rekinn með hagnaði. - sv



**ÓLAFUR HAUKUR JOHNSON** Skólastjóri og eigandi Hraðbrautar er harðlega gagnrýndur í skýrslu menntamálanefndar Alþingis um úttekt Ríkisendurskoðunar á fjármálum skólans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


JÓLATILBOÐ



Mjög öflugt grill fyrir íslenskar aðstæður
- Mikil orka 16,5 kw/h
- Ryðfrítt lok og takkaborð
- Grillgrindur úr pottjárni
- 3 brennarar úr pottjárni
- Sterk viðargrind
- Neistakveikja í rofa
- Skúffa fyrir fitu
- Hitamælir
- Grillflötur: 64 x 49cm
- Stærð:136 x 106 x 62cm

16,5 kw/h
39.900
FULLT VERÐ 69.900
Nr: 00553
LANDMANN Er frá Þýskalandi
www.grillbudin.is
Grillbúðin www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400
YFIR 20 GERÐIR GASGRILLA Á TILBOÐI


# Bjarga fyrirtækjum sem eiga sér lífs von

**Fulltrúar ríkisstjórnarinnar, fjármálafyrirtækja og atvinnulífsins undirrituðu í gær samkomulag sem greiða á úr skuldavanda lífvænlegra lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Skattaeftirgjöf og skuldaniðurfelling eru meðal ráðstafana.**

**EFNAHAGSMÁL** Hraða á úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja samkvæmt samkomulagi viðskipta- og efnahagsráðuneytsins, fjármálafyrirtækja og ýmissa samtaka og félaga atvinnurekenda.

„Stefnt er að því að fyrir 1. júní hafi fjármálafyrirtækin lokið skoðun á fjárhagsstöðu þessara fyrirtækja og gert lífvænlegum fyrirtækjum sem eru í fjárhagsvanda tilboð um úrvinnslu skulda þeirra,“ segir í tilkynningu frá aðilum samkomulagsins sem undirrituðu það í gær.

Rætt er um fyrirtæki með skuldir sem nema allt að einum milljarði króna. Miða á við að heildarskuldsetning fyrirtækis að lokinni úrvinnslunni verði ekki yfir eignaog rekstrarvirði þess að viðbættu virði annarra trygginga og ábyrgða fyrir skuldum þess. Ríkið mun endurskoða opinber gjöld og skattaskuldir „með það fyrir augum að fresta greiðslum eða fella niður skuldir, sé það í hag allra hlutaðeigandi aðila,“ segir í gögnum samningsaðilanna.

„Við víkjum verulega til hliðar hefðbundnum viðmiðunum í skattalegum efnum,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. „Í raun og veru er búin hér til heimild til að fella niður allt sem er undir fimm hundruð milljónum þegar töp hafa verið fullnýtt og fyrningar og afskriftarreglur nýttar í botn. Fyrirtækin leggja þá af stað án nokkura skattaskulda út í lífið.“

Árni Páll Árnason, viðskipta- og efnahagsráðherra, sagði fyrirtæki nú fá svigrúm til annars en eingöngu þess að halda sjó. „Þau geta farið að byggja upp starfsemi sína og bæta við fólki frekar en að láta fólk fara. Ég tel því að þetta sé mjög mikilvæg aðgerð til að vinna bug á því atvinnuleysi sem þegar er orðið og skapa forsendur fyrir hagvexti á næsta ári og aukinni fjárfestingu strax á fyrra hluta næsta árs,“ sagði Árni Páll.

Úlfar Steindórsson, formaður Viðskiptaráðs, sagði áætlunina geta leyst fyrirtæki og einstaklinga úr skuldafangelsi. „Við trúum því að þetta sé ein fljótvirkasta efnahagsaðgerðin sem hægt er að fara í á þessari stundu,“ sagði Úlfar.

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka og formaður Samtaka fjármálafyrirtækja, kvaðst sérstaklega ánægð með víðtæka samstöðu um samkomulagið. Frá hruni hefðu fjármálafyrirtækin fyrst og fremst boðið skammtímalausnir. „Það er mikilvægt að komast þangað að við séum að skoða langtímalausnir,“ sagði Birna.

„Þetta er stórkostlegt tækifæri til að koma lífvænlegum fyrirtækjum á beinu brautina,“ sagði Vilmundur Jósefsson, formaður Samtaka atvinnulífsins. „Við erum mjög ánægðir og vonumst til að sjá fleiri slíkar áhrifaríkar aðgerðir til að koma hjólum atvinnulífsins af stað.“ gar@frettabladid.is




**SAMKOMULAG UNDIRRITAÐ** Úlfar Steindórsson, formaður Viðskiptaráðs, Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, Birna Einarsdóttir, formaður Samtaka fjármálafyrirtækja, Árni Páll Árnason viðskiptaráðherra, Vilhelm Jósefsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, og Margrét Guðmundsdóttir, formaður Félags atvinnurekenda, skrifuðu undir samkomulag í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Aðgerðir gegn skuldavanda**

- Fyrirtæki með skuldir allt að 1.000 milljónum geta fengið skuldir lækkaðar niður að virði fyrirtækisins.
- Fyrirtæki geta fengið biðlán á lágum vöxtum án greiðslna í þrjú ár.
- Ljúka á tillögum um fjárhagslega endurskipulagningu fyrir 1. júní á næsta ári.
- Ríkið og opinberir aðilar endurskoða gjöld og skattaskuldir.
- Viðskiptaskuldir verða ekki færðar niður tengist þær daglegum rekstri og viðskiptasamböndum.
- Stjórnvöld beita sér fyrir þátttöku opinberra lánastofnana.


Gjafakortið sem gildir alls staðar

Þú velur upphæðina en viðtakandinn velur gjöfina.




- Fallegar gjafaumbúðir
- Hentar öllum
- Gildir hvar sem er

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

Minnum á desemberuppbótina

Desemberuppbót á að greiða ekki seinna en 15. desember.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK
S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR


Skýrsla tengir forsætisráðherra Kosovo við morð og líffærasölu:

# Frelsisher Kosovo seldi líffæri

**PARÍS, AP** Frelsisher Kosovo myrti fjölda almennra borgara sem teknir höfðu verið til fanga og seldi úr þeim líffærin eftir að stríðinu í Kosovo lauk árið 1999. Þetta kemur fram í rannsóknarskýrslu svissneska þingmannsins Dick Marty, sem er kunnur fyrir rannsókn Evrópuráðsins á fangaflugi bandarísku leyniþjónustunnar CIA.

Glæpirnir voru samkvæmt skýrslunni framdir í Fushi-Kruje í Norður-Albaníu, nálægt helsta alþjóðaflugvelli landsins. Fórnarlömbin, bæði andstæðingar Frelsishers Kosovo og Serbar, voru skotin og skurðlæknar námu síðan úr þeim líffærin. Í skýrslunni er Drenica-hópurinn svokallaði bendlaður við málið, en leiðtogi hans er Hashim Thaci, núverandi forsætisráðherra Kosovo og fyrrverandi foringi í Frelsishernum. Ríkisstjórn Kosovo kallar skýrsluna rógburð en hún verður til umfjöllunar á þingi Evrópuráðsins í janúar næstkomandi.

Á þriðjudag var tekið fyrir tengt dómsmál í Pristina í Kosovo þar sem sjö manns eru sakaðir um aðild að umsvifamiklum alþjóðlegum líffærasöluhring. Saksóknari sagði þá að sjúklingar frá Kanada, Þýskalandi, Póllandi og Ísrael hefðu greitt á bilinu 80-100 þúsund evrur hver fyrir líffæri úr fátæklingum frá Austur-Evrópu og Mið-Asíu. - mt



**VIÐ DÓMSHÚSIÐ** Skurðlæknirinn Lutfi Dervishi (t.h.) er talinn vera höfuðpaur alþjóðlegs líffærasöluhrings. Hann kemur hér út úr dómshúsi í Pristina á þriðjudag ásamt Arban syni sínum.

# TOLO TILBOÐ
# 20% AFSLÁTTUR





24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 19. desember á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



1. Undir hvaða heiti hefur fíkniefnið methedrone gengið?
2. Hvað heitir framkvæmdastjóri ORF Líftækni?
3. Hvaða handknattleiksliði stýrir Paterkur Jóhannesson?

SVÖR:
1. Kattarhlandskók. 2. Björn Lárus Örvar. 3. Emsdetten.

Utanríkisráðherra segir makrílinn hugsanlega verða eins og möl á gangvirkið í aðildarviðræðum við ESB:

# Makríldeilan gæti haft áhrif á Evrópuviðræður



ÁHUGAMENN UM MAKRÍL Össur Skarphéðinsson og Einar K. Guðfinnsson.

**ALÞINGI** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra segir hugsanlegt að deilur Íslendinga við Evrópusambandið og Norðmenn um makrílveiðar muni hafa áhrif á gang aðildarviðræðna Íslands við Evrópusambandið.

Einar K. Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, spurði Össur um málið í óundirbúnum fyrirspurnartíma á Alþingi í gær.

„Háttvirtur þingmaður spyr hvort að það sé hugsanlegt að makríldeilan kunni að hafa einhver áhrif á viðræður okkar við Evrópusambandið um mögulega aðild Íslands. Það er erfitt að svara því á þessu stigi. Það kann vel að vera að þegar fram í sækir þá muni það verka eins og möl á gangvirkið, en ég er ekki viss um það,“ svaraði Össur.

Ráðherrann sagði deiluna í raun vera mjög hefðbundna fiskveiðideilu og að Íslendingar kynnu vel að reka slíkar deilur. „Ef það er eitthvað sem þeir hafa getið sér orð fyrir þá er það einmitt það.“

Þá hefði til þessa verið himinn og haf á milli viðhorfs til krafna Íslendinga af hálfu Evrópusambandsins annars vegar og Norðmanna hins vegar. Evrópusambandið hefði sýnt Íslendingum mun meiri skilning en Norðmenn. - sh

Úthlutað úr líknarsjóði:

## 30 milljónir til styrktar börnum

**FÓLK Úthlutað var úr Líknarsjóði Ögnu og Halldórs Jónssonar í fyrsta sinn í síðustu viku. 30 milljónum króna var veitt til félaga og verkefna tengdum börnum.**

**Félögin Umhyggja, Neistinn og Ás styrktarfélag hlutu sex milljónir hvert. Félögin Barnageð og Umsjónarfélag einhverfra fengu fjórar milljónir.**

**Þá fékk verkefni Geðdeildar og Kvenna- og barnasviðs Landspítalans tvær milljónir, sem og Thorvaldsensjóðurinn, sem er styrktarsjóður fyrir sykursjúk börn.**

**Hjónin Halldór og Agna stofnuðu fyrirtækið Halldór Jónsson ehf. fyrir 55 árum. Líknarsjóðnum voru ánafnaðar allar eigur þeirra hjóna við andlát þeirra.** - þeb

Makrílafli stefnir í 200 þúsund tonn yfir veiðiráðgjöf:

# Allt stefnir í ofveiði

**SJÁVARÚTVEGUR** Noregur og Evrópusambandið (ESB) hafa tilkynnt að Norðmenn ætli að taka sér 183 þúsund tonn af makríl á næsta ári en að ESB taki sér 401 þúsund tonn. Samtals eru þetta 584 þúsund tonn en ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) hljóðar upp á 646 þúsund tonn.



FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir þessa ákvörðun bera lítil merki ábyrgrar nálgunar. „Þeir ætla okkur, Færeyingum og Rússum samtals 62 þúsund tonn af rausn sinni. Í ár er kvóti okkar 130 þúsund tonn, Færeyinga 85 þúsund tonn og Rússa 45 þúsund tonn. Við höfum gert þeim skýra grein fyrir því að við ætlum að halda okkar hlut. Því leiðir þessi ákvörðun þeirra óhjákvæmilega til að veiðin fer vel fram úr veiðiráðgjöfinni, sem er slæmt.“

Hann segir Íslendinga í fullum rétti til að kveða á um veiðar á makríl innan íslensku efnahagslögsögunnar. Ísland hafi sama rétt og Noregur og Evrópusambandsríkin til að veiða makríl. „Veiðar okkar eru jafn lögmætar og þeirra þrátt fyrir eilífar ásakanir um annað. Það er hins vegar á ábyrgð allra hlutaðeigandi aðila að komast að samkomulagi um heildarstjórn makrílveiðanna. Það hefur því miður ekki tekist enda eru hugmyndir Norðmanna og ESB um að við veiðum einungis 3,1 prósent heildaraflans, eða um tuttugu þúsund tonn, algjörlega óraunhæfar,“ segir Friðrik. - shá




**OKTÓBER 2008** Geir H. Haarde, þáverandi forsætisráðherra, ávarpaði þjóðina 6. október 2008 og tilkynnti um setningu neyðarlaga. Nú hefur Eftirlitsstofnun EFTA úrskurðað um að lagasetningin hafi verið réttmæt.

# Neyðarlögin voru réttmæt

**Eftirlitsstofnun EFTA segir neyðarlögin sem tryggðu innstæður í bönkum í samræmi við EES-samninginn. Afskaplega mikilvægt, segir ráðherra.**

**STJÓRNSÝSLA** Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, úrskurðaði í gær að neyðarlögin sem sett voru í október 2008 og gerðu innstæður í bönkum að forgangskröfum í stað skuldabréfa við gjaldþrotaskipti banka væru í samræmi við ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, EES.

„Þetta er afskaplega þýðingarmikil niðurstaða og skiptir okkur miklu máli. Við töldum neyðarlögin nauðsynleg til að geta varið efnahagslegt sjálfstæði landsins. Nú er það staðfest að þær aðgerðir voru réttlætanlegar, eðlilegar og nauðsynlegar,“ segir Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra.

> Þetta er afskaplega þýðingarmikil niðurstaða og skiptir okkur miklu máli. Við töldum neyðarlögin nauðsynleg til að geta varið efnahagslegt sjálfstæði landsins.
>
> ÁRNI PÁLL ÁRNASON
> EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA

Árni Páll segir nýjan Icesave-samning sem lagður var fram í síðustu viku ekki hafa úrslitaþýðingu í málinu. Eftirlitsstofnunin taki ekki afstöðu til þess hvort réttlætanlegt hafi verið að tryggja innstæður hér en ekki í öðrum löndum.

„Það sem þetta lýtur að er fyrst og fremst sú ákvörðun að standa vörð um innlenda bankastarfsemi og breyta forgangsröðun krafna með þeim hætti að innstæðueigendur séu framar öðrum kröfum við greiðsluþrot banka,“ segir Árni Páll. Hann leggur áherslu á að neyðarlögin séu einn mikilvægasti þátturinn í málsvörn okkar gagnvart erlendum kröfuhöfum sem ekki séu sáttir við þær aðferðir sem beitt var í bankahruninu.

Í kjölfar gildistöku neyðarlaganna haustið 2008 sendu nokkrir erlendir kröfuhafar kvörtun til ESA þar sem þeir töldu sér mismunað. Þá töldu þeir yfirtöku Fjármálaeftirlits á gömlu bönkunum og ráðstöfun eigna þeirra brot á ákvæði 40. greinar EES-samningsins.

Árni Páll telur líklegt að úrskurður ESA nú muni hafa í för með sér að erlendir kröfuhafar falli frá boðuðum málarekstri gegn ríkinu vegna neyðarlaganna. jonab@frettabladid.is

### Neyðarlögin í hnotskurn

Neyðarlögin eru lög nr. 125 2008 og öðluðust þau gildi 6. október 2008. Í lögunum fólust víðtækar lagaheimildir íslenska ríkisins til aðgerða á fjármálamörkuðum. Við setningu þeirra sagði Geir H. Haarde, þáverandi forsætisráðherra, lögin eiga að gæta hagsmuna íslensku þjóðarinnar í hvívetna og koma í veg fyrir að þjóðin verði í skuldaklafa næstu áratugina. Lögin voru samþykkt frá Alþingi með fimmtíu atkvæðu þingmanna Sjálfstæðisflokks, Samfylkingar og Framsóknarflokksins en tólf þingmenn Vinstri grænna og Frjálslyndra sátu hjá.





Jólaball
Rafiðnaðarsambands Íslands 2010

VERÐUR HALDIÐ Í GULLHÖMRUM, ÞJÓÐHILDARSTÍG 2
SUNNUDAGINN 19. DESEMBER KL. 14.00-16.00

VEITINGAR
HLJÓMSVEIT HÚSSINS
JÓLASVEINAR

VINSAMLEGA TILKYNNIÐ ÞÁTTTÖKU Á NETFANGIÐ SVAVA@RAFIS.IS EÐA Í SÍMA 5805226 TIL 16. DESEMBER Á MILLI KLUKKAN 9.00 OG 16.00

VERÐ ER 500 KRÓNUR FYRIR ALLA.
GREITT VIÐ INNGANG.




Tilboðin standa aðeins yfir frá föstudegi til sunnudags 17. - 19. desember
Toys R Us
Special offers
153901
LÖGREGLUSTÖÐ
Venjulegt verð 17.999
13.999
SPARIÐ 4.000
PEKKT ÚR SJÓNVARPI
011452
PAPER JAMZ TROMMUSETT
Inniheldur 3 klassísk rokklög.
Veljið á milli margra gerða.
Venjulegt verð 4.999
011450
PAPER JAMZ GÍTAR
Inniheldur 3 klassísk lög.
Þarf 3 E rafhlöður.
Veljið á milli margra gerða.
Venjulegt verð 4.999
BULL-VERÐ
FRJÁLST VAL
1.999
SPARIÐ 3.000
063267
FLEXI-TRAX BEN 10 250
Með 250 brautum. 1 bíll með innrauðum geislum. Þarf 5 E rafhlöður.
Venjulegt verð 12.999
1/2 VERÐ
6.499
SPARIÐ 6.500
532392
LITTLEST PET SHOP FÉLAGSHEIMILI
Inniheldur 2 gæludýr og fullt af fylgihlutum.
Venjulegt verð 9.999
1/2 VERÐ
4.999
SPARIÐ 5.000
223268
HOT WHEELS LITARANNSÓKNARSTOFA DR. BEINA
Venjulegt verð 9.999
6.999
SPARIÐ 3.000
591378
X-STORM BRAVO
Kemst 7 km/t. 12V hleðslurafhlaða og hleðslutæki innifalið. Venjulegt verð 59.999
1/2 VERÐ
29.999
SPARIÐ 30.000
531964
HÖLL - ÚR VIÐI
Venjulegt verð 12.999
8.999
SPARIÐ 4.000
SJÁÐU OKKAR FRÁBÆRU TILBOÐ Á NÝJU VEFSÍÐUNNI OKKAR. WWW.TOYSRUS.IS
Tilboðin gilda til og með 17. - 19.12.2010. VSK er innifalinn í verði.
Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.

AUKA POKINN

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Næst þegar þú verslar geturðu keypt nauðsynjar sem ekki þurfa að vera í kæli og gefið þeim sem þurfa á hjálp að halda. Þú skilur vörurnar eftir í merktri kerru við útganginn og **Hjálparstarf kirkjunnar** kemur aðstoð þinni til skila. Aukapokanum má líka skila beint til okkar. **Takk!**

**Þessar verslanir eru með:**
Krónan – allt höfuðborgarsvæðið
Bónus – allt höfuðborgarsvæðið og Akureyri
Nettó – Mjódd, Hverafold, Akureyri og Reykjanesbær
Kostur – Kópavogur
Hagkaup – allt höfuðborgarsvæðið og Akureyri

**Hjálpum þeim sem verst eru settir**

**Opinn kynningarfundur**
um nýtt samkomulag um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

BEINA BRAUTIN

Úrræði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki

**Frummælendur:**
**Árni Páll Árnason**, efnahags- og viðskiptaráðherra
**Vilhjálmur Egilsson**, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins
**Björk Þórarinsdóttir**, framkvæmdastjóri hjá Arion banka

**Fulltrúar bankanna taka þátt í pallborðsumræðum auk frummælenda og svara spurningum úr sal.**
**Steinþór Pálsson**, bankastjóri Landsbanka Íslands
**Una Steinsdóttir**, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Íslandsbanka
**Höskuldur Ólafsson**, bankastjóri Arion banka

**Fundarstjóri: Rakel Sveinsdóttir**, framkvæmdastjóri Creditinfo

**Fundurinn er á Grand hótel, Gullteig á morgun, 17. des. frá kl. 8:30-10:00**

Morgunverður í boði frá kl. 8:00
Nauðsynlegt er að skrá þátttöku á vef SA: www.sa.is

Fjármálaráðuneytið · SFF · Viðskiptaráð Íslands · Félag atvinnurekenda · Samtök atvinnulífsins · Efnahags- og viðskiptaráðuneytið

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?
Stærsti frétta- og afþreyingarvefur landsins.
visir.is

Persónuvernd úrskurðar gagnagrunn ólögmætan:

# Brotið á rétti geðsjúkra

**PERSÓNUVERND** Ósk sérfræðingahóps um að fá að nýta gagnagrunn með viðkvæmum upplýsingum um geðsjúka hefur verið hafnað af Persónuvernd. Umsóknin tengdist rannsókn á afdrifum og dánarmeinum sjúklinga með geðraskanir.

Í gagnagrunninum eru upplýsingar um geðsjúklinga sem fengu fyrst geðgreiningu á árunum 1966-1967, alls um 2.388 einstaklinga, ásamt upplýsingum úr sjúkraskýrslum, viðtölum, gagnaskrám Tryggingastofnunar ríkisins, skattskýrslum og frá Hagstofunni.

Persónuvernd segir að ekki hafi verið reynt að fá samþykki þeirra sem eru í grunninum eða á annan hátt reynt að tryggja lögmæti vinnslunnar. Gagnagrunnurinn sé því ólögmætur.

„Engin leyfi voru gefin fyrir stofnun gagnagrunnsins á sínum tíma enda var hvorki Persónuvernd, né forveri hennar sem hét Tölvunefnd, þá starfandi. Hins vegar hafi farið fram vinnsla með upplýsingar úr grunninum eftir að núgildandi lög um persónuvernd hafi orðið til,“ segir á visir.is. **- gar**



**SÓLHEIMAR Í GRÍMSNESI** Fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar á Sólheimum ætlar að segja upp þjónustu við fatlaða en halda áfram rekstri verslunar, gistisölu og garðyrkjustöðvar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tryggja fólki á Sólheimum búsetu áfram

**Félagsmálaráðherra og sveitarfélagið Árborg segjast harma yfirlýsingar frá fulltrúaráði Sólheima um að segja eigi upp þjónustusamningum við 43 fatlaða íbúa. Sólheimar vantreysta aðkomu sveitarfélaga.**

**FÉLAGSMÁL** „Íbúum verður tryggð þar áframhaldandi þjónusta þótt forsvarsmenn Sólheima dragi sig út úr rekstrinum,“ segir í yfirlýsingu frá félagsmálaráðherra, sveitarfélaginu Árborg og þingmönnum Suðurkjördæmis.

Fulltrúaráð Sólheima upplýsti í gær að það hefði heimilað framkvæmdastjórn heimilisins að segja upp þjónustu við fatlaða íbúa Sólheima, ráðningarsamningum, leigusamningum og öðrum skuldbindingum vegna þjónustunnar.

Yfirfæra á málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga um áramót. Þá heyra fjárveitingar til Sólheima undir sveitarfélagið Árborg en ekki félagsmálaráðuneytið.

„Fulltrúaráð Sólheima telur með öllu óeðlilegt að fela sveitarfélaginu Árborg, sem sjálft er rekstrar- og þjónustuaðili fatlaðra og um leið eftirlitsaðili með sjálfu sér, að gera þjónustusamning við Sólheima fyrir hönd sveitarfélaganna á Suðurlandi og hafa þannig bein áhrif á vöxt og starfsskilyrði Sólheima,“ segir í yfirlýsingu fulltrúaráðsins.

Þá kveður fulltrúaráðið Grímsnes- og Grafningshrepp, þar sem heimilið er, hafa margítrekað brotið lög á fötluðum íbúum Sólheima. Guðbjartur Hannesson félagsmálaráðherra segir fulltrúaráð Sólheima verða að sætta sig við niðurstöðu Alþingis. „Þetta er eins og hver önnur örvæntingartilraun,“ segir ráðherrann sem kveður ágreining Sólheima við sveitarfélögin ekki vera efnisleg rök í málinu. „Þeir hafa átt í útistöðum við félagsmálaráðuneytið líka,“ bendir hann á.

> Þeir hafa átt í útistöðum við félagsmálaráðuneytið líka.
>
> **GUÐBJARTUR HANNESSON**
> FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA

Í yfirlýsingu félagsmálaráðherrans, þingmannanna og Árborgar segir að samkomulag um flutning málefna fatlaðra til sveitarfélaganna tryggi óbreytt rekstrarfé til Sólheima. Undrun veki ef forsvarsmenn Sólheima vísi til þess að fjárveitingar næsta árs muni ekki duga því framlögin verði í fullu samræmi við framlög ársins í ár. „Fari svo að stjórn Sólheima nýti sér heimild fulltrúaráðsins og segi upp samningum mun félags- og tryggingamálaráðuneytið í samvinnu við Árborg og þjónustusvæði fatlaðra á Suðurlandi tryggja að íbúar Sólheima geti átt þar áfram búsetu og notið þjónustu líkt og verið hefur.“

Fulltrúaráðið lýsir allri ábyrgð á stöðu málsins á félagsmálaráðherra og félagsmálanefnd Alþingis. „Til að standa vörð um öryggi og þjónustu við þá 43 fötluðu einstaklinga sem búa á Sólheimum heimilar fulltrúaráðið framkvæmdastjórninni að bjóða sveitarfélögum á Suðurlandi að taka á leigu íbúðarhús og aðrar eignir, sem nýttar eru í þjónustu við fatlaða, til eins árs,“ segir fulltrúaráðið. **gar@frettabladid.is**

*Jólaleikur*

# Færð þú áfyllinguna endurgreidda eða 250.000 kr. matarúttekt?

Daglega, fram að **Þorláksmessu,** fær einn heppinn dælulykilshafi áfyllinguna endurgreidda. Nöfn vinningshafa verða dregin út í beinni útsendingu í þætti **Rúnars Róberts á Bylgjunni,** virka daga milli klukkan 13 og 16.

Á Þorláksmessu mun Rúnar Róberts draga út nafn heppins dælulykilshafa, sem kaupir eldsneyti í desember, og fær hann **250.000 kr. matarkörfu** frá Krónunni.

KRÓNAN




## Í dag

Í tilefni jólaleiksins veitir dælulykill Atlantsolíu **5 króna afslátt** í dag, fram til miðnættis. Gildir ekki með öðrum tilboðum.





ATLANTSOLIA

Atlantsolía / Lónsbraut 2 / 220 Hafnarfjörður / Sími 591 3100 / www.atlantsolia.is

**Fréttaskýring:** Hvað kostar nýr Icesave-samningur?

# Fáir óvissuþættir í nýja samningnum

**Tiltölulega lítil óvissa er í nýja Icesave-samningnum. Ólíklegt er að breytingar á gengi gjaldmiðla ráði miklu um endanlega niðurstöðu. Fremur er talið að endurheimtur bús Landsbankans hækki en lækki frá áætlunum og horfur á efnahagsþróun landsins þurfa að kollvarpast til að hafa áhrif til hins verra.**



**NIÐURSTAÐAN KYNNT** Íslenska samninganefndin setti stafina sína undir samningana við Breta og Hollendinga á miðvikudag og kynnti niðurstöðuna í Reykjavík á fimmtudag. Bandaríski lögmaðurinn Lee C. Buchheit var formaður nefndarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Frumvarpi fjármálaráðherra til nýrra Icesave-laga var dreift í gærkvöldi. Frumvarpið er í raun ein efnisgrein: Heimild til að staðfesta samninganna við Breta og Hollendinga frá í síðustu viku. Í greinargerð er aðdragandi samninganna rakinn og gerð grein fyrir einstökum þáttum.

Eins og fram hefur komið grundvallast áætlun um endurgreiðslur við að endurheimtur í bú Landsbankans verði 86 prósent. Er það byggt á mati skilanefndar bankans sem í skýrslu til kröfuhafa frá í nóvember telur að úthlutun upp í forgangskröfur muni nema 86 prósentum. Heildarforgangskröfur nema 1.320 milljörðum króna en heimtur eru áætlaðar 1.138 milljarðar. Út frá því mati er áætlað að heildargreiðsla ríkissjóðs vegna málsins muni verða 47 milljarðar króna.

Sú tala kann þó að breytast og nokkrar líkur eru taldar á að hún lækki. Mat skilanefndarinnar á endurheimtum er nefnilega varfærið. „Við vitum að matið er varfærið og það vitnar um vönduð vinnubrögð skilanefndarinnar,“ segir Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, sem var í samninganefnd Íslands. Ekki sé hins vegar ástæða til að reikna með öðru en mati skilanefndarinnar. „En ef búið myndi losa fyrr um eignir en það áætlar og selja á góðu verði myndi þessi vænti kostnaður lækka.“

Í frumvarpinu eru tekin dæmi um möguleg áhrif breyttra heimta. Í öðru þeirra sést að kostnaður ríkisins gæti farið niður í tólf milljarða. Í hinu sést hvernig hann getur hækkað svo um munar.

### Endurheimturnar ráða miklu um hve mikið fellur á ríkið

Í frumvarpinu eru tekin dæmi um niðurstöðu ef heimtur bús Landsbankans verða annars vegar betri en áætlað er og hins vegar verri.

| | Betri útkoma (ma.kr) | Áætluð útkoma (ma.kr) | Verri útkoma (ma.kr) |
|---|---|---|---|
| Eftirstöðvar höfuðstóls árið 2016 | -32 | -8 | 39 |
| Áfallnir vextir í júní 2016 | 65 | 76 | 94 |
| Samtals | 32 | 67 | 133 |
| Frádregin greiðsla TIF | -20 | -20 | -20 |
| Heildargreiðsla samtals | 12 | 47 | 113 |

### Áhrif gengis gjaldmiðla

Þróun gjaldmiðla getur haft áhrif á skuldbindinguna. Slík áhrif hafa raunar þegar komið í ljós. Styrking krónunnar síðastliðin misseri hefur þau áhrif að færri krónur þarf til að standa skil á endurgreiðslunum til Breta og Hollendinga þar sem greiðslur til þeirra eru í pundum og evrum. Miðað við gengi krónunnar 30. september á þessu ári hefur endurgreiðslufjárhæðin lækkað úr 659 milljörðum króna í 610 milljarða. Munurinn liggur í hvað það kostar í krónum að borga fjárhæðirnar í pundum og evrum. Guðmundur segir Seðlabankann hafa lagt til ákveðnar reikniforsendur sem gefi færi á að áætla gengisþróunina. Miðað við þær forsendur muni höfuðstóll skuldbindingarinnar lækka niður í 595 milljarða þegar upp verður staðið um mitt ár 2016.

Að sögn Guðmundar eru ekki miklar líkur á að gengisbreytingar hafi mikil áhrif á endurgreiðslurnar. „Í þessu er nánast innbyggð gengisvörn sem felst í því að 90 prósent eigna búsins eru í erlendum gjaldmiðlum. Skuldbinding TIF (Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta) er í pundum og evrum og svo háttar til að evruskuldbindingarnar samsvara nokkurn veginn hlutdeild evra í eignunum.

Engu að síður er ákveðin gengisáhætta til staðar. Hún felst annars vegar í því að krónan veikist mjög mikið, sem er hætta sem er fræðilega fyrir hendi en talin mjög ólíkleg, og hins vegar í því að breska pundið myndi þróast með einhverjum þeim hætti að það kynni að valda ákveðnu misgengi. Fyrir því er mögulegt fyrir stjórnvöld að verja sig, annaðhvort með því að kaupa gengisvarnir eða birgja sig


fyrir jólin




1 **Matvinnsluvél** MCM 2054
Hrærir, þeytir, blandar, brytjar, rífur, raspar, tætir og sker. Tvö hraðastig.
**Jólaverð: 12.200 kr. stgr.**

2 **Gigaset** AS180
Langur taltími, mikil hljómgæði.
**Jólaverð: 5.900 kr. stgr.**

3 **Samlokugrill** ST710
Fyrir tvær samlokur. 700 W.
**Jólaverð: 6.700 kr. stgr.**

4 **Beja borðlampar**
Þrír litir fáanlegir.
**Jólaverð: 3.900 kr. stgr.**

5 **Ryksuga** VS59E20
Létt og lipur. 2200 W.
**Jólaverð: 21.900 kr. stgr.**

6 **Uppþvottavél** SN45M203SK
Með fimm kerfum. Mjög hljóðlát og vinnusöm.
**Jólaverð: 139.900 kr. stgr.**

7 **Þvottavél** WM 12Q460DN
Tekur mest 7 kg, 1200 sn./mín.
**Jólaverð: 129.900 kr. stgr.**

SIEMENS

Heimilistæki, ljós og símar í miklu úrvali.

Fleiri girnileg jólatilboð.

Líttu inn og gerðu góð kaup.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

ATARNA

icesave

## Hreinar skuldir ríkissjóðs (%VLF)




upp af pundum. Menn eiga að vera meðvitaðir um gengisáhættuna en ekki rangtúlka hana eða taka hana úr samhengi við annað.“

**Skuldir ríkissjóðs**

Samkvæmt frumvarpinu hefur Icesave tiltölulega lítil áhrif á skuldir ríkissjóðs. Bent er á að þær hafi aukist mikið í kjölfar hruns bankakerfisins en stefnt sé að því að þær lækki hratt á næstu árum og verði ekki hærri en um 60 prósent af vergri landsframleiðslu til lengri tíma litið. Í lok þessa árs mun það hlutfall vera tæplega 85 prósent.

„Icesave er að valda tiltölulega hóflegri viðbót við afborganir ríkisins af skuldum á komandi árum,“ segir Guðmundur. Nettóskuldir ríkissjóðs eru nálægt 600 milljörðum eða riflega 40 prósentum af vergri landsframleiðslu samkvæmt tölum Hagstofunnar en að viðbættum kostnaði vegna Icesave færi það hlutfall fyrir þetta ár í 43,4 prósent. Þessi tala er langtum lægri heldur en menn alla jafna halda að hún sé og nettóskuldsetning íslenska ríkisins er langtum minni en menn óttuðust að hún yrði. Ef áætlun okkar um 47 milljarða gengur eftir bætast þrjú prósent eða þar um bil við nettóskuldirnar. Sú stærð skiptir ekki sköpum í heildarsamhengi við efnahag og skuldir íslenska ríkisins.“

Frumvarpinu var dreift á Alþingi í gærkvöldi og var þá stefnt að því að fjármálaráðherra mælti fyrir því á þingfundi í dag. Búist er við að þingleg meðferð taki nokkurn tíma og að málið komi til atkvæðagreiðslu á nýja árinu.

**Björn Þór Sigbjörnsson**
bjorn@frettabladid.is



## Guðmundur Árnason um samningana



*Ertu ótvírætt þeirrar skoðunar að rétt hafi verið að semja?*

„Ég vil ekki blanda mér í umræðuna um hinn lögfræðilega grundvöll samningsgerðarinnar sem slíkrar, hvort þessi lagalega skylda sé fyrir hendi eða hvort hún sé ótvíræð. Þar eru uppi ýmis sjónarmið sem yrði látið á reyna fyrir dómstólum ef ekki væri samið, meðal annars um jafnræði innlánseigenda og meinta mismunun á innlendum og erlendum reikningshöfum Landsbankans. Hins vegar held ég að allir í samninganefndinni séu þeirrar skoðunar að það hafi verið æskilegt að semja ef viðunandi niðurstaða fengist, einfaldlega vegna þess að þá getum við haft áhrif á niðurstöðuna og vitum hver hún er. Ef dómstólar kveða upp úr um þessa skyldu er ákveðin hætta fyrir hendi á að útkoman yrði okkur í óhag og þá er óvíst að við gætum risið undir henni. Á endanum held ég því að menn verði að gera upp við sig, á grundvelli yfirvegaðs og kalds hagsmunamats, hvort þeir vilji semja, jafnvel þó að áhöld kunni að vera um hina lögfræðilegu skyldu. Samninganefndin sannfærðist um að ef niðurstaða samninganna gæti orðið nægilega góð væri ekki forsvaranlegt annað en að semja. Við erum sáttir við þessa útkomu, að hún verði lögð fyrir Alþingi.“

*Íslensk stjórnvöld lögðu ríka áherslu á samninga. Voru bresk og hollensk stjórnvöld jafn áfram um samninga?*

„Samninganefndin gekk ekki að þessu verkefni með það sem útgangspunkt að okkur bæri ótvíræð skylda til að semja. Það á hvaða forsendum menn ganga til samninga hefur alltaf áhrif á samningaviðræður og niðurstöðu. Ég held að bæði Bretar og Hollendingar hafi talið æskilegt að semja, enda kunni nú að vera að ýmsir meðal þeirra viðmælenda í öðrum ríkjum Evrópu hafi lagt á það þunga áherslu, meðal annars svo ekki reyndi á málið fyrir dómstólum og af þeim málarekstri myndi skapast órói eða óvissa sem gæti haft víðtækar afleiðingar. Svarið er því já. Bretar og Hollendingar vildu mikið til vinna að þetta yrði leyst. Og ég held reyndar að við höfum gert okkar ýtrasta til að færa okkur það í nyt.“

*Deilt er um hvort samningsleysið og deilan sem slík hafi staðið í vegi fyrir lántökum í útlöndum. Hefur þú séð það með óyggjandi hætti?*

„Þessi deila hefur víða haft neikvæð áhrif á möguleika á aðgangi að lánsfé erlendis, en það er ekki þar með sagt að öll fyrirtæki eða allir íslenskir lántakendur hafi þurft að gjalda þess. Hins vegar vitum við að þar sem stjórnmálaleg viðhorf ráða einhverju um lánveitingar, og þau gera það í fjölþjóðlegum lánastofnunum, hefur þetta verið raunveruleg fyrirstaða. Það nægir að benda á Evrópska fjárfestingarbankann í því sambandi. Og þessi fyrirstaða hefur að einhverju marki verið smitandi á aðrar lánastofnanir og fjárfesta. Því er heldur ekki að neita að við höfum oft heyrt, til að mynda á fundum í tengslum við ársfundi Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, að ýmsir sem hafa haft vilja til þess að skoða að hefja lánveitingar hingað á ný hafa sagt að óleyst Icesave-deila aftri því. Það væri mikil blekking að horfast ekki í augu við það.“

*Hvers vegna náðust svona miklu hagstæðari samningar núna en hafa tekist áður?*

„Þar kemur margt til. Ég tel að menn hafi verið mjög berskjaldaðir og vanbúnir í fyrri viðræðum og allar aðstæður aðrar og verri. Hér varð mikið uppnám í kjölfar hruns bankanna og örðugt að ná yfirsýn. Við gátum gefið okkur ákveðinn tíma og gengum vel undirbúin til viðræðnanna nú. Ýmsar forsendur höfðu breyst okkur í hag og betri og traustari upplýsingar lágu fyrir. Ég held líka að umræðan um hina lagalegu skyldu hafi gagnast okkur vel og auðveldað okkur að skilgreina samningsforsendurnar á okkar forsendum og að ná hagfelldri niðurstöðu.“



# Jólagjöf fjö



## MacBook 13”

Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
250GB harður diskur
Þráðlaust WiFi netkort, Bluetooth
Allt að 10 klst rafhlöðu ending
2x USB
Íslenskt lyklaborð

**Verð:**
**169.990.-**

## MacBook Pro 13,3”



Intel Core 2 Duo
4GB innra minni
250GB harður diskur
Þráðlaust WiFi netkort, Bluetooth
Allt að 10 klst rafhlöðu ending
2x USB - FireWire 800
Baklýst íslenskt lyklaborð

**Verð:**
**209.990.-**

lskyldunnar

## iMac 27”

3,2GHz Intel Core i3
4GB DDR3 vinnsluminni
1TB harður diskur
ATI Radeon HD 5670 512MB
Þráðlaust íslenskt lyklaborð og mús

**Verð:**
**299.990.-**



**Tilboð**



Eye TV Hybrid USB sjónvarpsmóttakari
**22.990.-**
til jóla með keyptum tölvum hjá Epli.is

## iPod nano



8GB - 35.990.-
16GB - 43.990.-

Geymir allt að 4000 lög
Allt að 24 klst rafhlöðuending
Vegur aðeins 21g
FM útvarp

## iPad 16GB Wi-Fi

Heitasta spjaldtölvan í dag.
Vegur aðeins 0,68-0,73 kg.
10 klst rafhlöðuending.



**Lækkað verð**
**Aðeins 89.990.-**

## iPhone 4 16GB

iPhone 4 er án efa einn vandaðasti snjallsíminn á markaðinum í dag.

NOVA
1GB gagnanotkun á mánuði í 6 mánuði frá Nova fylgir öllum iPhone símum til jóla



**Verð: 139.990.-**

**Apple búðin**
Sími 512 1300
Laugavegi 182

**Afgreiðslutími jólin 2010**

| | | | |
|---|---|---|---|
| fös 17. des: | 10-20 | mið 22. des: | 10-21 |
| lau 18. des: | 10-18 | Þorláksmessa: | 10-21 |
| sun 19. des: | 10-16 | Aðfangadag: | 10-12 |
| mán 20. des: | 10-20 | 27.-30. des: | 10-18 |
| þri 21. des: | 10-20 | Gamlársdag: | 10-12 |

www.epli.is

epli.is

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.



**JÓLATRÉ Í INDÓNESÍU** Jólaskreytingar eru áberandi í verslunarmiðstöðvum í Indónesíu, þótt yfirgnæfandi meirihluti íbúa landsins sé múslimar. NORDICPHOTOS/AFP

Skotturnar hyggjast koma á fót alhliða þjónustumiðstöð fyrir þolendur kynferðisofbeldis:

# Öðlingurinn afhendir 300 þúsund krónur

**SAMFÉLAGSMÁL** Þórdís Elva Þorvaldsdóttir afhenti í vikunni sem leið Skottunum, samstarfsvettvangi kvennahreyfinga í landinu, 300 þúsund króna peningagjöf.

Peningarnir eru afrakstur átaksins Öðlingurinn 2010 sem Þórdís Elva stofnaði til.

Hugmyndin að baki átakinu er ákvörðun Þórdísar Elvu um að láta ágóða af sölu bókar hennar, Á mannamáli, renna beint til baráttunnar gegn kynferðisofbeldi.

Fyrirætlun Skottanna er að koma á fót alhliða þjónustumiðstöð fyrir þolendur kynferðisofbeldis, vændis og mansals. „Á mannamáli er skrifuð af þörf fyrir að ráðast á eitt hljóðlátasta mein samtímans, kynferðisofbeldi, og því þótti mér rakið að nota bókina sem fjáröflunartæki í þágu baráttunnar,“ segir Þórdís Elva. Ljóst sé að þrátt fyrir að almennt sé fólk sammála um alvarleika málaflokksins séu peningar sem til hans fari ævinlega af skornum skammti.

Öðlingsátakið stendur enn og þeir sem kaupa bókina Á mannamáli í gegnum vefinn odlingurinn.is fá bókina senda heim og leggja um leið góðu málefni lið.



**AFHENDING FJÁRINS** Bryndís Bjarnason tekur við 300.000 krónum úr hendi Þórdísar Elvu Þorvaldsdóttur við hátíðlega athöfn á Hallveigarstöðum.

Samfélagsleg ábyrgð banka:

# Ráða sérfræðing til starfa

**VIÐSKIPTI** Landsbankinn hefur ráðið Finn Sveinsson viðskiptafræðing sem sérfræðing í samfélagslegri ábyrgð. Finnur mun leiða stefnumótun og starf bankans í samfélagslegri ábyrgð í samráði við yfirstjórn og hóp starfsmanna bankans, að því er fram kemur í tilkynningu.



**FINNUR SVEINSSON**

Meðal verkefna Finns verður að stuðla að ábyrgri lánastarfsemi og viðskiptum, sem og góðu siðferði og gagnsæi. Hann mun einnig stuðla að virkri umhverfisstefnu, stuðningi við samfélagsleg verkefni og upplýsingagjöf að því er segir í tilkynningu frá bankanum. - bj

Salmonellueftirlit sama hér og á Norðurlöndum:

# Sömu öryggiskröfur

**LANDBÚNAÐUR** Eftirlit með salmonellusýkingum í kjúklingi á Norðurlöndum er alls staðar jafn strangt. Greindar eru allar tegundir salmonellu á öllum Norðurlöndunum.

Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Bjarni Harðarson, upplýsingafulltrúi ráðuneytisins, og Hildur Traustadóttir, formaður Félags kjúklingabænda, hafa öll haldið því fram í samtölum við



**SALMONELLA** Allar tegundir salmonellu eru greindar í kjúklingaframleiðslu á Norðurlöndunum.

Fréttablaðið að eftirlit með kjúklingaframleiðslu sé lakara erlendis en hér á landi.

Halldór Runólfsson yfirdýralæknir segir að Evrópuþjóðir utan Norðurlanda greini þó einungis vissar tegundir salmonellu, en innfluttur kjúklingur hér á landi kemur frá Danmörku.

„Okkar innflutti kjúklingur kemur með þeim vottorðum sem fylgja reglugerð Evrópusambandsins,“ segir Halldór. „Munurinn á Íslandi miðað við önnur Norðurlönd er sá að við leyfum ekki slátrun á kjúklingum sem hafa greinst jákvæðir á eldistímanum.“

Þorvaldur H. Þórðarson, framkvæmdastjóri Matvælastofnunar, tekur undir þetta og segir ekkert kjöt flutt inn án viðeigandi vottorðs um að viðkomandi vara sé laus við salmonellu. - sv



**ÍBÚAR JÓLAEYJU KOMU TIL BJARGAR** Báturinn velktist undan ströndinni í um klukkustund áður en hann skall á klettunum. NORDICPHOTOS/AFP

# Tugir flóttamanna létust

**Lítill bátur fórst við klettótta strönd Jólaeyju með tugum flóttamanna. Minnir á þær hættur sem fólk leggur á sig til að losna undan kúgun og ofríki.**

**ÁSTRALÍA, AP** Tugir flóttamanna, flestir líklega frá Írak og Íran, létu lífið þegar bátur fórst við klettótta strönd Jólaeyju í Indlandshafi.

Íbúar eyjunnar fylgdust með sjóslysinu frá klettunum. Um borð í bátnum voru að minnsta kosti 70 manns á öllum aldri og fóru þeir allir í ólgandi hafið þegar skipið brotnaði í spón.

„Þetta var alveg hræðilegt,“ sagði Simon Prince, einn íbúa eyjunnar. „Fólkið kramdist. Þarna voru lík, dáin börn. Allt var þetta ósköp ömurlegt.“

Prince kallaði strax á lögreglu og bæði hann og fleiri íbúar í nágrenninu streymdu að til að reyna að hjálpa.

Hann segir að vél bátsins hafi greinilega verið biluð og hann hafi verið að velkjast undan ströndinni í um klukkustund áður en hann skall á klettunum. „Báturinn velktist fram og til baka mjög nálægt klettunum hérna.“ Hann býr rétt hjá klettunum og vaknaði snemma morguns við hróp frá fólkinu úti fyrir ströndinni.

Einn maður komst af sjálfsdáðum í land og rúmlega 40 öðrum tókst að bjarga, en nærri 30 lík höfðu fundist.

Þrír voru í lífshættu, þar af tveir karlmenn með alvarlega höfuðáverka og ein kona með áverka á kviðarholi.

Fólkið á ströndinni kastaði 50 til 60 björgunarvestum út til fólksins sem reyndi að svamla um í hafinu, en mörg vestanna flutu burt án þess að nokkrum tækist að ná í þau.

„Þetta atvik minnir okkur á þær hættur sem fólk stendur frammi fyrir sem flýr undan ofsóknum og mannréttindabrotum í heimalandi sínu, og til hve örvæntingarfullra ráða það grípur í leit sinni að öryggi,“ segir Richard Towle, fulltrúi Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna.

Báturinn var innan við tíu metra langur með skýli ofan á gerðu úr plast- eða efnisdúk.

Jólaeyja tilheyrir Ástralíu, en er nær Indónesíu en Ástralíu. Frá Djakarta, höfuðborg Indónesíu, eru 360 kílómetrar til Jólaeyju, en frá Ástralíu er fjarlægðin 2.600 kílómetrar.

Algengt er að flóttamenn frá Írak, Íran og Afganistan flýji til Indónesíu og haldi þaðan áfram siglandi til Ástralíu, oft fjölmargir saman á litlum bátum.

Ef þeir nást eru þeir oft sendir til Jólaeyju þar sem þeir dvelja í fangelsi meðan mál þeirra eru til umfjöllunar hjá stjórnvöldum.

gudsteinn@frettabladid.is




# Dorma opið til kl. 22 til jóla!

## Þrennutilboð

frábær jólagjöf !



Sæng +  Koddi +  Sængurver

= 9.900,-
Allur pakkinn - vattfylling

eða

= 19.900,-
Allur pakkinn - dúnfylling




## Memory Foam heilsuinniskór.




Heilsusamleg jólagjöf á frábæru verði!
Sendum frítt út á land!



3.900,-
1 par

6.980,-
2 pör

9.990,-
3 pör

ÞÆGILEGUR



69.900,-
Hægindastóll í taui

MEÐ RÚMFATAGEYMSLU



75.900,-
Svefnsófi - einnig til án arma

Jóla jóla
Ekta greni-ilmur!

YANKEE CANDLE®
*a passion for fragrance®*




Yfir 40 ilmtegundir




Serta
WE MAKE THE WORLD'S BEST MATTRESS.™

## Serta Daysleeper

| Stærð cm. | Jólatilboð |
|---|---|
| 100x200 | 122.900,- |
| 120x200 | 154.800,- |
| 140x200 | 166.900,- |
| 160x200 | 199.800,- |
| 180x200 | 207.900,- |

NÝ SENDING AF SÆNGURVERASETTUM



2.900,-
Verð frá

DORMA
– býður góða nótt

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-22
Lau frá kl. 10-22
Sun frá kl. 13-22
Þorláksmessa kl. 10-23
Aðfangadagur kl. 10-13

**FRÉTTAVIÐTAL:** Paul Mulvaney, framkvæmdastjóri ESB ecars, á Írlandi

# Þríþætt átak þarf til rafbílavæðingar

**Írar eru langt komnir í rafbílavæðingu. Paul Mulvaney, framkvæmdastjóri ESB ecars á Írlandi, segir að til þurfi samstarf hins opinbera, bílaframleiðenda og orkufyrirtækja. Framfarir í þróun rafhlaðna ýta undir væntingar um stóraukna notkun rafbíla.**




**PAUL MULVANEY** Í kuldakasti í byrjun mánaðarins var, samkvæmt heimildum blaðsins, gerð óformleg tilraun í Reykjavík með getu Mitsubishi iMiev rafmagnsbíls, sem er líkur þeim hér að ofan. Í ljós kom að í tólf stiga gaddi dugði rafhlaða bílsins bara í tæplega 40 kílómetra akstur. MYND/ESB ECARS

Stórstígar framfarir á sviði hönnunar rafhlaðna ýta undir væntingar um að rafbílanotkun verði á endanum mjög útbreidd. Þá auka framfarir á þessu sviði líkurnar á að rafhlöður í bíla þoli betur kulda. Í október var sett heimsmet í Þýskalandi þegar breyttum Audi-rafbíl var ekið 600 kílómetra á einni hleðslu. Tilraunir með slíkar ofurrafhlöður standa þó enn yfir og þær ekki fjöldaframleiddar.

Paul Mulvaney, framkvæmdastjóri ESB ecars á Írlandi, segir að þar hafi menn, líkt og hér rekið sig á að kuldar hamli notkun rafbíla. „En fjöldi bílaframleiðenda hefur nú þegar náð langt í þróun betri rafhlaðna, auk þess sem sumir bílar eru búnir forhitara og þurfa því ekki að eyða orku í það þegar tekið er af stað,“ segir hann.

Írar eru í hópi þeirra þjóða sem lengst eru komnar í upptöku rafbíla. ESB er orkufyrirtæki sem annast bæði virkjanaframkvæmdir og dreifingu orku á Írlandi. ESB ecars er svo dótturfyrirtæki stofnað utan um uppbyggingu dreifikerfis fyrir raforku í samgöngum.

Að sögn Mulvaneys er ýtt undir notkun rafmagnsbíla á Írlandi með samstarfi bílaframleiðenda, stjórnvalda og orkufyrirtækja. „Stjórnvöld búa þá til hvatann til skiptanna, bílaframleiðendur fallast á að útvega bíla hraðar en þeir annars hefðu gert og við sjáum um uppbyggingu dreifikerfis orkunnar.“

Hann bætir um leið við að samkeppni sé í framleiðslu og sölu orkunnar. „Hugmyndin er að orkufyrirtækin geti boðið ökumönnum ólíka kosti og gjöld.“

Mulvaney áréttar að markmið Íra sé að draga úr útblæstri og því sé mikill ávinningur í rafbílavæðingunni, en megnið af orkuframleiðslu landsins sé vistvænt, með vatnsafls-, vind- og sjávarfallavirkjunum.

„Við byggjum nú upp stoðkerfið sem þarf að vera til áður en notkun rafbíla getur orðið almenn,“ segir Mulvaney og bætir við að ekki sé úr vegi að líkja ástandinu við það þegar myndbandstæki komu fyrst fram. Írar séu meðvitaðir um hættuna á því að enda með „Betamax“ hleðslustöðvar í stað „VHS“, en Mulvaney óttast það þó ekki með þeim búnaði sem orðið hefur fyrir valinu og aðferðafræði sem beitt er. Notuð eru sjö pinna tengi sem eru nokkuð útbreidd, meðal annars á Norðurlöndum og þess gætt að setja sem skilyrði við kaup á búnaði að hann gangi við staðlað samskiptakerfi sem bæta megi við og ólíkir framleiðendur geti notað. „Við kaupum bara hleðslustöðvar sem geta tekið við og skilað gögnum á ákveðinn hátt, en framleiðendur þeirra reyna vitanlega að selja með tækjunum sinn eigin hugbúnað. Við hins vegar látum ekki láta einskorða okkur við einhvern einn ákveðinn hugbúnað og framleiðanda.“

olikr@frettabladid.is

## Einkaframtak um rafbílavæðingu Íslands

„Þó svo að sérfræðingar séu sammála um tækni og hvernig skynsamlegast sé að byggja upp slíka rafbílavæðingu þá hefur verið erfiðara að finna út hvernig á að standa straum af kostnaði,“ segir á vef þróunarfélagsins Northern Lights Energy (NLE) um rafbílavæðingu Íslands. „Óskastaða á hverjum stað væri ef stjórnvöld kostuðu slíka uppbyggingu eða eitthvert opinbert fyrirtæki, en um það er ekki að ræða hér á landi. Þess vegna eru farnar aðrar leiðir til að láta þetta verða að veruleika hér á landi.“ Lausnin er sögð felast í að leita til fyrirtækja og stofnana um að standa saman að uppbyggingunni. „Með því að fá fjölmarga til að leggja sitt af mörkum þá verður á fimm árum möguleiki til að byggja upp slíkt heildarkerfi og á þeim tíma eru allir helstu bílaframleiðendur að koma með sína rafbíla á markað.“ Sýn NLE á nánustu framtíð rafbílavæðingar hér á landi, hleðslustöðvar og uppbyggingu dreifikerfis er að finna á vefnum www.nle.is.

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is




# Við komum jólapakkanum til skila




Fyrirtækjaþjónusta Pósthússins býður upp á hagstæða heimsendingu á jólapökkum til þinna viðskiptavina, hvort sem er á höfuðborgasvæðinu eða á Akureyri

- Sérhæfð heimsendingarþjónusta til fyrirtækja og einstaklinga
- Dreifum hvort sem er að degi eða kvöldi.
- Hátt þjónustustig sniðið að þínum þörfum.
- Dreifum einnig frá Akureyri til höfuðborgarsvæðis.

Allar nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar Pósthússins í síma 585 8300 eða 585 8330

**Pósthúsið ehf**
Suðurhraun 1, 210 Garðabær
s: 585 8300, www.posthusid.is

Póst húsið



Veiðileg Jól
Munið vinsælu gjafabréfin okkar!
NIKKO STIRLING FJARLÆGÐARMÆLIR
Tilvalinn í jólapakka golfarans og veiðimannsins.
Jólatilboð aðeins 22.995,-
PROLOGIC GÆSAGALLI
Vatnsheldur jakki og buxur í felulitum.
Verð aðeins 29.900,-
RJÚPNAVESTI
Frábært verð.
Aðeins 8.995,-
GÆSAFLAUTUR
Aðeins 3.595,-
SKOTABELTI
Vinsæl og vönduð belti í felulitum.
Aðeins 4.995,-
DAM TASLAN VÖÐLUR
Verð aðeins 8.995,-
VENIARD PREMIUM Fly-Tying Kit
FLUGUHNÝTINGASETT
Veniard fluguhnýtingasett með öllu.
Verð aðeins 13.995,-
DANVISE
Jólatilboð aðeins 9.995,-
DAM VÖÐLUTÖSKUR
Verð aðeins 5.995,-
HNÍFASETT
Verð aðeins 5.995,-
SAVAGE GEAR LAXAHÁFAR
Verð frá 6.895,-
SKOTVEIÐIHANSKAR
Verð aðeins frá 3.995,-
ÍSBOR, STÖNG OG SPÚNAR
Jólatilboð aðeins 14.995,-
DR.SLICK VEIÐISETT
Töng, skæri, klippur og box.
Frá 4.895,-
SIMMS FREESTONE ÖNDUNAVÖÐLUR OG SIMMS SKÓR.
Aðeins 49.900,-
RON THOMPSON ÖNDUNARVÖÐLUR OG SKÓR
Frábært verð.
Aðeins 29.900,-
VEIÐISETT
Ron Thompson Steelhead veiðistöng og Okuma hjól með girni.
Aðeins 9.995,-
REDINGTON FLUGUVEIÐISETT
Stöng, hjól og lína. Hólkur fylgir.
Verð frá 29.900,-
NÝTT Á ÍSLANDI!
HEAT factory
ALDREI AFTUR KALT!
HEAT FACTORY VARMAPÚÐI
Varmapúðar sem passa í hanska og fleira.
Aðeins 195,-
HEAT FACTORY MERINO ULLARSOKKAR- EÐA VETTLINGAR
Vasi fyrir Heat Factory varmapúða. Heat Factory varmapúðar fylgja með. Aldrei aftur kalt!
Verð frá 3.895,-
Veiðibúð allra landsmanna -
VEIDIMADURINN.IS
VEIÐIHORNIÐ
SPORTBÚÐIN
VEIÐIHORNIÐ - SÍÐUMÚLA 8 - 568 8410 - VEIDIHORNID.IS
SPORTBÚÐIN - KRÓKHÁLSI 5 - 517 8050

**FRÉTTASKÝRING:** Hugmyndir um breytingar á klukkunni

## Mögulegar breytingar skoðaðar

Á þessari mynd má sjá hvaða áhrif breytingar á klukkunni sem verið hafa í umræðunni myndu hafa. Sýndir eru tveir dagar í venjulegu ári, og hversu hátt sólin fer á loft þessa daga. Sólirnar í efri boganum passa við hæð sólar 20. júlí. Sólirnar í neðri boganum passa við sólarganginn eins og hann er á morgun, 17. desember.

Súlurnar sem teiknaðar hafa verið inn á sólarganginn sýna hvar sólin er stödd þegar klukkan slær átta um morgun, tólf á hádegi og fimm um seinnipartinn. Grænu súlurnar í miðjunni sýna klukkuna eins og hún er í dag miðað við sólarganginn. Bláu súlurnar sýna hvernig klukkan yrði miðað við sólarganginn ef tillaga um að seinka klukkunni yrðu að veruleika. Rauðu súlurnar sýna svo hvernig klukkan yrði miðað við sólarganginn ef sumartími yrði tekinn upp, eins og sumir þingmenn hafa lagt til.




# Baráttan um tímann dregst á langinn

**Ofmælt væri að segja að hörð átök geisi milli þriggja hópa um það hvernig klukkan er stillt miðað við sólarganginn á Íslandi. Engu að síður hafa umræður um hvort breyta eigi klukkunni ítrekað sprottið upp, og takast þar á þrjár fylkingar sem ekki gefa neitt eftir.**

Á þriðjudag lagði hópur fjórtán þingmanna fram þingsályktunartillögu þar sem lagt er til að klukkunni hér á landi verði seinkað um eina klukkustund, allan ársins hring.

Ítrekað hafa verið lögð fram frumvörp á undanförnum árum þar sem lagt hefur verið til að tekinn verði upp sumartími hér á landi, klukkan með öðrum orðum færð fram um klukkustund.

Þriðji hópurinn vill svo halda óbreyttu ástandi, þrátt fyrir að sólin sé ekki hæst á lofti hér á landi klukkan 12 á hádegi, heldur í kringum 13.30, á höfuðborgarsvæðinu að minnsta kosti.

Árið 1968 var fest í lög á Íslandi að klukkan hér skyldi miðast við miðtíma Greenwitch á Bretlandi. Samhliða var lagt niður það fyrirkomulag að flýta klukkunni um klukkustund á sumrin. Opinbera heitið á þeim gjörningi var sumartími, en ýmsir vildu heldur kalla það óþarfa hringl með klukkuna, eins og Þorsteinn Sæmundsson stjarnfræðingur hefur bent á.

### Vellíðan á björtum morgnum

Raunar var sá tími sem festur var í lög sumartíminn sem gilt hafði fram að því, og því mætti segja að eilífur sumartími hafi ríkt á Íslandi síðan. En það eru ekki allir sáttir við.

„Klukkan á Íslandi er rangt skráð miðað við stöðu Íslands á hnettinum og miðað við sólargang," segir Guðmundur Steingrímsson, þingmaður Framsóknarflokks. Hann er í fylkingarbrjósti þingmannanna fjórtán sem vilja breyta klukkunni.

„Við leggjum áherslu á sjónarmið almennrar vellíðunar," segir Guðmundur. Hann segir markmiðið að fækka myrkum morgnum. Að sama skapi yrði þá dimmt fyrr á daginn.

Fjölmargar rannsóknir á undanförnum árum hafa leitt í ljós að líkamsklukkan stillir sig eftir gangi sólar, og þá sérstaklega í upphafi dags, segir Guðmundur. Hann segir unglinga sérstaklega viðkvæma fyrir truflunum. Þannig minnki rangt skráð klukka einbeitingu skólanema, sem vakni þreyttir á morgnana, þegar líkaminn segi þeim að enn sé nótt.

„Í mínum huga gera rannsóknir á áhrifum birtu á líkamsklukkuna útslagið," segir Guðmundur. Hann segir þó vissulega til rök fyrir því að halda óbreyttu skipulagi. Staðbundin áhrif geti leitt til andstöðu, þar sem sólin hverfi snemma bak við fjöll.

Guðmundur segist ekki óttast harða andstöðu þeirra þingmanna sem styðja fyrri tillögur um upptöku sumartíma verði tillaga fjórtánmenninganna tekin fyrir á Alþingi.

„Þetta verður ansi spennandi umræða og skemmtileg. Það verður gaman fyrir fólk að heyra stjórnmálamenn tala um eitthvað annað en Icesave, þó það sé auðvitað mikilvægt mál líka," segir Guðmundur.

### Nær að finna aðra leið til að vakna

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, flutti ásamt öðrum þingmönnum þingsályktunartillögu um upptöku sumartíma hér á landi á Alþingi veturinn 2005 til 2006. Sambærileg frumvörp hafa ítrekað verið lögð fram áður á Alþingi. Tillaga Guðlaugs dagaði uppi í þinginu eins og fyrri tillögur um málið.

„Markmiðið er að gera lífið skemmtilegra, gera það að verkum að fólk geti notið sólarinnar lengur á vorin og haustin. Við eigum stutt en yndislegt sumar, og það er frábært að sjá fólk nýta það til útiveru. Þegar fer að dimma gerist það hratt, það að geta fengið auka klukkustund gefur lífinu aukið gildi," segir Guðlaugur.

Hann segist ekki par hrifinn af tillögu fjórtán þingmanna um að seinka klukkunni um klukkustund. „Þetta er náttúrulega glórulaust, ég sé engin málefnaleg rök fyrir þessari breytingu," segir Guðlaugur. Hann segir léttur í bragði að nær væri fyrir þingmennina fjórtán að finna einhverja aðra leið til að vakna á morgnana sem hafi ekki jafn mikið rask fyrir aðra borgara í för með sér.



**SÓLARLAG Í REYKJAVÍK** Tillögur mismunandi hópa þingmanna myndu ýmist þýða að sólarupprás og sólarlag yrðu fyrr á daginn eða síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> ## Tólf orð í lögum
>
> Lög um tímareikning á Íslandi segja fyrir um hvernig klukkan hér á landi er stillt. Lögin, sem sett voru árið 1968 eru afar knappt orðuð. Í þeim er raunar aðeins ein lagagrein með tólf orðum.
>
> Orðrétt segir þar: „Hvarvetna á Íslandi skal telja stundir árið um kring eftir miðtíma Greenwich."

Hann reiknar með að leggja þingsályktunartillögu sína fram aftur eftir áramót. „Það stefnir greinilega í hörð átök um klukkuna á Alþingi," segir Guðlaugur.

### Þarf alltaf málamiðlun

Þriðji hópurinn vill svo engar breytingar á klukkunni. Einn af þeim sem lagt hafa þeim málstað lið sitt er Þorsteinn Sæmundsson stjörnufræðingur, en hann var einn þeirra sem komu að þeirri ákvörðun að festa tímann við miðtíma Greenwitch árið 1968.

„Ekki er unnt að stilla klukkur eftir sönnum sóltíma, og þess vegna er í rauninni ekkert sem kallast getur rétt klukka í þeim skilningi að hún fylgi sólinni. Stilling klukkunnar er og verður ætíð málamiðlun, og skoða þarf kosti og galla hverrar lausnar," skrifaði Þorsteinn í grein í Morgunblaðinu fyrr á árinu.

Hann segir í samtali við Fréttablaðið skoðun sína ekki hafa breyst frá því greinin var rituð, og þingsályktunartillaga þingmannanna fjórtán breyti engu þar um.

„Það sem einum finnst mikilvægt finnst öðrum litlu skipta svo að leita verður þeirrar niðurstöðu sem flestir geta sætt sig við. Þetta var gert við lagasetninguna 1968, og góð sátt ríkti um niðurstöðuna í áratugi. Nú er komin til sögunnar ný kynslóð sem þekkir ekki forsögu málsins og vill breytingar, ýmist í þá átt að flýta klukkunni eða seinka henni," skrifar Þorsteinn.

Hann segir að þegar tíminn var festur árið 1968 hafi flestir viljað losna við hringlið með klukkuna, sem kostað hafi umstang tvisvar á ári þegar klukkunni hafi verið breytt. „Það sem úrslitum réði var ósk manna um lengri birtutíma eftir vinnu og meiri tíma til útivistar," skrifar Þorsteinn.

### Fleiri búa við fljóta klukku

Íslendingar eru raunar alls ekki einir um að búa við of fljóta klukku. Það sama á við í Rússlandi, Kína, Kanada og Alaska, þar sem klukkan er víða einni til tveimur klukkustundum á undan beltatíma að vetri, og jafnvel meira að sumri.

„Við lagasetninguna 1968 var markmiðið að fara þá leið sem flestir landsmenn gætu sætt sig við. Ef taka ætti ákvörðun á ný og allar hliðar málsins væru skoðaðar er ég þess fullviss að niðurstaðan yrði óbreytt," segir Þorsteinn að lokum.

**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is



Fékk hundrað þúsund:

## Bætur vegna frelsissviptingar

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt íslenska ríkið til að greiða manni skaðabætur að upphæð 100 þúsund krónur vegna ólögmætrar frelsissviptingar.

Maðurinn var handtekinn ásamt fleirum eftir að lögreglu barst tilkynning um yfirstandandi slagsmál neðarlega á Laugavegi og að þar væru menn að beita kylfum. Maðurinn var handtekinn og vistaður í fangageymslum. Málið var fellt niður hvað manninn varðaði en fjórir aðrir voru sakfelldir. - jss

Tollstjóri bregst við þjónustu Íslendinga erlendis sem bjóðast til að senda varning til Íslands með pósti:

# Aukið eftirlit verður með gjafasendingum

**VERSLUN** Starfsmenn tollstjóra munu hafa aukið eftirlit með póstsendingum til landsins sem sagðar eru innihalda gjafir, og tilkynna erlendum tollayfirvöldum vakni grunur um að Íslendingar erlendis sendi vörur til landsins og merki ranglega sem gjafir.

Fram kemur á vef tollstjóra að eitthvað sé um að Íslendingar sem búsettir séu erlendis auglýsi á netsíðum að þeir taki að sér að kaupa vörur fyrir fólk og senda varninginn hingað til lands sem gjafir.

Samkvæmt reglugerð eru tækifærisgjafir sem sendar eru af sérstöku tilefni, til dæmis vegna jóla, afmælis eða fermingar, undanþegnar aðflutningsgjöldum. Aðflutningsgjöld eru virðisaukaskattur, tollur og eftir atvikum vörugjöld. Undanþágan á þó aðeins við sé verðmæti sendingarinnar ekki meira en tíu þúsund krónur.

Tollstjóri telur augljóst að tilgangurinn með þeirri þjónustu sem auglýst hefur verið sé að reyna að komast hjá greiðslu, en það stangast á við ákvæði tollalaga um ólöglegan innflutning. Slík brot geta varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. - bj



**JÓLAGJAFIR?** Refsingin við því að taka við vöru sem er ólöglega flutt til landsins getur verið sekt eða allt að tveggja ára fangelsi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Belgar banna púslmottur:

## Eru gerðar úr hættulegu efni

**NEYTENDUR Belgar hafa bannað svokallaðar púslmottur úr mjúku plasti eða svampi sem ætlaðar eru ungum börnum.**

**Fram kemur á vef Neytendasamtakanna að það sé vegna þess að motturnar innihaldi gjarnan skaðleg efni sem börn ættu ekki að komast í snertingu við. „Formamide er efni sem fundist hefur í mottunum en það er krabbameinsvaldandi," segir þar, en Belgía er sagt fyrsta Evrópulandið til að banna sölu á öllum púslmottum úr svampi nema seljandi þeirra geti sannað að þær séu öruggar. - óká**



**LEITAÐ Á STRÖNDINNI** Lögregla notar leitarhunda á staðnum þar sem fjögur lík hafa fundist. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjögur lík fundust á strönd:

## Raðmorðingi í New York-borg

**BANDARÍKIN** Lögreglan í New York-borg í Bandaríkjunum óttast að raðmorðingi gangi þar laus eftir að fjögur illa útleikin lík fundust á strönd við Long Island um 60 kílómetrum frá borginni. Beinagrind fannst á laugardag en þrjú lík til viðbótar á mánudaginn.

Líkin fundust þegar lögreglan leitaði vændiskonu sem síðast sást á ströndinni. Fjölskylda konunnar tilkynnti hvarf hennar í maí. Staðfest er að um tvær konur er að ræða. Sérfræðingar vinna að því að bera kennsl á fólkið. Ekkert bendir til að vændiskonan sem leitað var að sé ein af hinum látnu. - shá

**ÍRAN**

### Á fjórða tug létu lífið

Að minnsta kosti 38 sjíamúslimar létu lífið þegar tveir sjálfsmorðssprengjumenn gerðu árás á bænasamkomu í suðausturhluta Írans gær. Talið er að árásarmennirnir tilheyri vopnuðum samtökum súnnímúslima. Yfirvöld segja að öryggisverðir hafi skotið annan árásarmanninn en honum hafi samt tekist að sprengja sína sprengju.

**ÚTLENDINGASTOFNUN**

### Þurfa ekki lengur áritun

Ríkisborgarar Albaníu og Bosníu og Hersegóvínu þurfa ekki lengur vegabréfsáritun hingað til lands, svo fremi sem þeir séu handhafar vegabréfs með örgjörva. Fram kemur á vef Útlendingastofnunar að þessi breyting hafi tekið gildi í gær, 15. desember.



# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



**BURRITOS M.KJÚKLINGI OG TACOSÓSU**
900g/ hita í 180c ofni í 15-20 mín.



**ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR M/SPAGHETTI**
1100g / hita í 180c ofni í 15-20 mín.



**LASAGNE M. ÍSLENSKUM OSTI**
1000g / hita í 180c ofni í 15-20 mín.

## FLJÓTLEGT OG ÓDÝRT 998 KR. MATUR FYRIR 3-4

**FULLELDAÐ:** ÞARF AÐEINS AÐ HITA Í 15 TIL 20 MÍN

## NORÐANFISKUR *Íslenskur lax*
## REYKTUR OG GRAFINN 1998 KR.KG




## KJÖRFUGL FERSKUR KJÚKLINGUR



1798 KR. kg
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



629 KR. kg
HEILL FERSKUR KJÚKLINGUR




1189 kr. kg
ÍSLANDSNAUT FERSKT UNGNAUTAHAKK




1838 kr. kg
ÍSLANDSNAUT FERSKT UNGNAUTASNITSEL
MERKT VERÐ 2298 KR/KG. *20% AFSLÁTTUR*




**9 LTR. COKE**
**2 LTR. JÓLABLANDA**
**11 lítrar 998 kr.**




598 kr. kg
ÍSLANDSNAUT *FJÓRIR* FERSKIR
*100%* NAUTAHAMBORGARAR M.BRAUÐI




1838 kr. kg
ÍSLANDSNAUT FERSKT UNGNAUTAGÚLLAS
MERKT VERÐ 2298 KR/KG. *20% AFSLÁTTUR*



198 KR. 4 stk
BÓNUS NÝBAKAÐIR
**KORNKUBBAR** 4 STK




139 KR. 350g
BÓNUS HRÁSALAT




**Bónus Engiferdrykkurinn**
Tvær flöskur á verði einnar
**298 kr.**



598 KR. 400g
TE OG KAFFI JÓLAKAFFI
400g **BAUNIR & MALAÐ**




175 KR. 2 ltr

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## VINSÆLASTA JÓLAKJÖTIÐ

## ENGINN AFSLÁTTUR *BARA LÁGT VERÐ*




BAYONNESKINKA 1.FL. ÚR LÆRI
**998 KR.KG.**




HAMBORGARHRYGGUR MEÐ BEINI
**1298 KR.KG.**




HAMBORGARHRYGGUR ÚRBEINAÐUR
**1598 KR.KG.**



ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
**598 KR.KG.**




FJALLA ÚRBEINAÐUR FRAMPARTUR
**1598** KR/KG.




FJALLA ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
**1998** KR/KG.




K.F KOFAREYKT HANGILÆRI M/BEINI
**1598** KR/KG.

NORLENSKA HANGIKJÖTIÐ
ENGINN AFSLÁTTUR *BARA LÁGT VERÐ !*




*KEA* LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR
**1398** KR/KG.




BÚRFELLS **HAMBORGARHRYGGUR**
**898** KR/KG.




Rafræna Bónus gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus

Þú kaupir inneign að eigin vali á gjafakortið, kortið er áfyllingarkort. Hafðu samband við **skrifstofu Bónus** og fáðu nánari upplýsingar. Skrifstofa Bónus er opin frá kl. 9-16 alla virka daga.

MATREIÐSLU-
LEIÐBEININGAR
Á BONUS.IS

*www.bonus.is er* heimasíða Bónus. Þar getur þú fundið margskonar matreiðslu-leiðbeingar á nánast öllum jólamatnum.

Skoðaðu heimasíðuna *www.bonus.is/uppskriftir* þar er margt að finna. Skráðu þig á póstlistann til að fá send í tölvupósti vikulega bestu tilboðin í verslunum Bónus.




ÍSLANDSGRÍS **HAMBORGARHRYGGUR** M/BEINI
**995** KR/KG.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# neytendur
hagur heimilanna

**46%** **BENSÍN ÞÁ OG NÚ** Á verðlagi dagsins í dag kostaði bensínlítrinn 140 krónur í nóvember 1990, fyrir 20 árum. (56,80 kr. á verðlagi þess tíma). Bensínverð hefur því hækkað um nærri helming. Í nóvember síðastliðnum kostaði lítrinn 205 krónur.
*Heimild: Hagstofa Íslands.*

■ **Öryggi**

## Ljósabúnaði barna á hjólum ábótavant

Umferðarstofu hafa borist kvartanir að undanförnu vegna barna og unglinga á ljóslausum hjólum. Söluaðilum er ekki skylt að selja hjól með luktum, en glitaugu skulu vera að aftan, framan, á pedölum og dekkjagrindum. Reglugerð um útbúnað reiðhjóla hér á landi segir til um að reiðhjól sem notað er í myrkri eða skertu skyggni skuli búið ljóskeri að framan sem lýsir hvítu eða gulu ljósi og ljóskeri að aftan sem lýsir rauðu ljósi. Ljóskerin skulu vera fest við hjólið. Ljóskerið að framan skal lýsa nægilega vel án þess að valda glýju. Sigurður Helgason hjá Umferðarstofu segir að ljós séu skyldubúnaður á hjólum og þetta þurfi að laga. „Þetta snýst um öryggi hjólreiðamanna, bæði barna og fullorðinna," segir hann. „Ímyndum okkur að við kaupum okkur bíl og ljósabúnaður sé keyptur sér. Þetta er grundvallaröryggisatriði í skammdeginu."



■ **Jólapósturinn**

## Síðustu forvöð að senda kort og pakka



Nú fer hver að verða síðastur að póstleggja jólakortin til landa innan Evrópu en síðasti skiladagur er á morgun, föstudaginn 17. desember, til að öruggt sé að þau skili sér fyrir jólin. Til að vera viss um að jólakort og jólapakkar skili sér innanlands er mánudagurinn 20. desember síðasti öruggi skiladagur.

TNT-sendingar til landa utan Evrópu þurfa að fara af stað í síðasta lagi á morgun, en TNT sendingar til Evrópu þarf að póstleggja í síðasta lagi á mánudag.

Pósturinn tekur að sjálfsögðu á móti jólapósti eftir 20. desember. Opið er á öllum pósthúsum landsins og auk þess eru opin jólapósthús í Kringlunni, Smáralind og á Glerártorgi á Akureyri. Frekari upplýsingar er að finna á postur.is.

■ **Innköllun**

## Tiger innkallar gölluð leikföng

Verslanir Tiger hafa kallað inn dýrapúsl með segli, tvö dýr saman í hvítu tréboxi. Vara þessi er með model-númerið 1700204 og strikamerki 0200017002046 og var seld fyrir þremur árum í verslunum Tigers. Á leikföngunum er segull sem getur losnað og valdið hættu á köfnun og innvortis meiðslum hjá ungum börnum. Verslanir Tiger benda neytendum sem kunna að vera með þessa vöru að skila henni gegn endurgreiðslu í einhverja af verslunum Tiger á landinu.



## GÓÐ HÚSRÁÐ Aldrei taka lán

*Salmann Tamimi, formaður Félags múslima á Íslandi, ráðleggur fólki að safna sér fyrir hlutunum.*



„Það sem hefur gengið vel hjá mér og minni fjölskyldu í 25 ár er að taka aldrei lán," segir Salmann Tamimi, formaður Félags múslima á Íslandi. „Við teljum það svo að það sem við höfum ekki efni á sé ekki nauðsynlegt. Auðvitað losnar maður ekki við íbúðarlán, en það er góð regla að vinna fyrir hlutunum og safna fyrir því sem mann langar til að eignast. Þetta er æfing – en borgar sig."

Salmann segir að galdurinn við hamingjusamt fjölskyldulíf, umfram ábyrg fjármál, sé að vera tillitssamur við náungann og bera virðingu fyrir þeim sem maður elskar.

# Borða níu milljónir mandarína um jólin

**Íslendingar borða um níu milljónir mandarína í kringum hátíðarnar. Á tímabilinu frá lokum nóvember og fram til áramóta verða flutt um 800 tonn af mandarínum inn til landsins og er það töluvert meira en í fyrra.**

Hver Íslendingur borðar að meðaltali um 25 til 30 mandarínur í kringum hátíðarnar í ár. Innflutningsaðilarnir Bananar ehf. og Búr ehf. flytja inn um 800 tonn af mandarínum á tímabilinu frá lokum nóvember til áramóta og koma þær flestallar frá Valencia á Spáni. Dreifingaraðilinn Mata hf., systurfélag Matfugls ehf., flytur einnig inn mandarínur hingað til lands en vildi ekki gefa upplýsingar um heildarmagn innflutnings. Í nóvember og desember 2009 voru rúm 650 tonn flutt inn, þannig að aukningin á milli ára er töluverð.

Kjartan Már Friðsteinsson, framkvæmdastjóri Banana ehf., sem flytja inn Robin-mandarínur, segir þá hefð hafa skapast hér á landi á síðustu tveimur áratugum að hafa mandarínur á borðum í kringum hátíðarnar.

„Það virðast hafa skapast tengsl á milli hefða og uppskerutíma erlendis, þá sérstaklega á Spáni," segir Kjartan. Bananar ehf. taka á móti fjórum gámum af mandarínum frá Spáni í hverri viku á þessu tímabili. Kjartan segir fyrstu afbrigði tímabilsins oft ekki eins góð og í desember, þegar mandarínurnar eru þroskaðri. En þótt hefð fyrir mandarínum hafi skapast í kringum jól eru klementínur, sem eru afbrigði af mandarínum og eru algengastar hér á landi, fáanlegar allt árið um kring. Kjartan segir þó bestu uppskeruna vera í kringum hátíðarnar.

Sigurður Á. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Búrs, sem einnig flytur inn mandarínur, segir söluna hafa farið mjög vel af stað í ár. „Þetta er um tuttugu prósenta aukning frá því í fyrra," segir hann. „Ástæðan er sú að gæðin eru meiri og það er ánægjulegt að sjá að fólk er að kaupa þetta, þótt kaupgeta þess sé að minnka."

Um tíu til fimmtán dagar líða frá því að mandarínurnar eru teknar af trjánum á Spáni þar til þeim er stillt upp í búðarhillum Íslendinga.

sunna@frettabladid.is



**MANDARÍNUR** Flestar mandarínur sem seldar eru hér á landi í kringum hátíðarnar koma frá Spáni. Uppskerutími þar í landi er í byrjun desember og er það talin ástæðan fyrir þeirri hefð sem hefur skapast fyrir neyslu þessa ávaxtar á þessum tíma á heimilum Íslendinga.

## Mandarína eða klementína?

Mandarína er sítrusávöxtur sem er áþekkur appelsínu í útliti en mun minni. Mandarínur eru ræktaðar víða í heitari löndum þar sem raki er mikill og er uppskerutíminn frá hausti og fram á vetur. Klementínur eru afbrigði af mandarínum og eru algengasta tegundin hér á landi. Mandarínutré eru mun minni en appelsínutré og þykja nokkuð harðger. Hér á landi koma flestar mandarínur frá Spáni, en einnig er flutt inn frá Marokkó, Argentínu, Grikklandi, Ítalíu og fleiri suðrænum löndum. Uppskeran í ár hefur verið góð sökum hentugs veðurfars og vegur hver mandarína að meðaltali um 90 grömm. Hafa skal í huga að ávöxturinn skemmist auðveldlega í of miklum kulda.

**Klementína**: Algengasta afbrigðið af mandarínum í heiminum.

**Satsuma:** Steinalaus, ræktuð eru meira en 200 afbrigði. Algeng í Japan.

**Tangerína:** Önnur algeng tegund, sérstaklega erlendis. Er vinsæl í kringum hátíðarnar eins og klementínur.

**Tangor:** Blendingsafbrigði af mandarínu og appelsínu. Stærri en hin afbrigðin, sætt og bragðmikil.


BHS Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

## Kvöldskóli BHS Vorönn 2011

**Innritun í kvöldskóla BHS í málm- og véltæknigreinum fer fram föstudaginn 17. desember kl. 17 – 19 og laugardag 18. desember kl. 11 – 14**

Eftirtaldir áfangar í málmiðngreinum og teikningum verða í boði. Námið hentar vel sem undirbúningur undir sveinspróf í málmiðngreinum. Til viðbótar neðantöldum greinum eru allar suðugreinar, s.s. MIG/MAG, TIG, logsuða og rafsuða, kenndar.

**Verklegir áfangar og tölvuteikning**

| | |
|---|---|
| HSU 102/212 | verkleg suða |
| HSU 232 | verkleg þunnplötusuða, ál/stál/ryðfr. |
| LSU 102/202 | verkleg suða |
| RSU 102/202 | verkleg suða |
| HVM 103 | verkleg handavinna |
| PLV 102 | verkleg plötuvinna |
| TTÖ 102 | tölvuteikning fyrir byrjendur |

Kennsla fer fram á tímabilinu frá 10. janúar til 26. apríl.

**Athugið að áfangar geta fallið niður náist ekki nægilegur fjöldi nemenda.**
Allar nánari upplýsingar á vef skólans www.bhs.is

Skólameistari


**NEYTANDINN:** ÓLÖF GUÐNÝ VALDIMARSDÓTTIR ARKITEKT

## *Tveir karlmenn og bíll bestu kaupin*

„Ég grínast stundum með það að bestu kaupin hafi verið þegar ég keypti tvo karlmenn og einn bíl," segir Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, fyrrverandi aðstoðarmaður Ólafs F. Magnússonar í embætti borgarstjóra. Ólöf er nú í ríflega 70 prósenta starfi sem skipulags- og byggingafulltrúi í Skorradalshreppi í gegnum ráðgjafarfyrirtæki sitt.



Bestu kaupin útskýrir hún á þennan veg: „Þegar ég hef staðið í flutningum þá hef ég oftast fengið sendiferðabíl og flutningamann. Síðan hefur tekið hálfan dag að tæma húsnæðið með aðstoð góðra vinkvenna og vandamanna. Síðast fékk ég sendiferðabíl og tvo flutningamenn sem tæmdu húsnæðið á innan við klukkutíma. Það voru góð kaup," segir Ólöf.

„Verstu kaupin eru líklega rafmagnsborvélarnar mínar. Þær skilja iðulega eftir sig skemmda veggi og 45 gráðu bor. Þá fer ég og kaupi nýja og öflugri borvél," segir Ólöf Guðný. Hún veit þó hvernig best væri að leysa þetta vandamál. „Þar væri auðvitað skynsamlegra að fá lánaðan karlmann með góða borvél."

# Jólagjöfin fæst í BYKO!

## Góðar gjafahugmyndir!

BYKO

*Tilvalin jólagjöf*



KHG

Vnr. 65103014

**Brauðrist**

Brauðrist, 800W, svört.

**5.490**



**5.990**

KHG

Vnr. 65103012

**Kaffivél**

KHG k affivél, 1000W, 1,5 l eða 12 bolla, LCD skjár, hægt að tímaræsa allt að 24 klst., sjálfvirkur slökkvari eftir 2 klst., með dropastoppara.



*Tilvalin jólagjöf*

**7.990**

Vnr. 41100105

**Matar- og kaffistell**

Matar- og kaffistell með gylltu mynstri. Fyrir fjóra, 20 stk., 4 matardiskar, 4 kaffidiskar, 4 skálar, 4 bollar og undirskálar.



ÓDÝRT

**6.990**

Vnr. 41753107-9/11

**Rjómasprauta**

Rjómasprauta, $^1/_2$ l, hvít, svört, stál eða rauð.

## Frábær verð á jólatrjám!

Vnr. 41140110-16

**Lifandi jólatré**

Normannsþinur, blágreni og íslensk fura.

125-150 cm
150-175 cm
175-200 cm
200-250 cm

**BYKO býður eingöngu upp á hágæða sérvalin jólatré.**

Jólatréssala BYKO er í timbursölu Breidd, Granda og Selfossi.

## OPNUNARTÍMAR UM HELGINA

| | | Breidd | Kauptún | Akureyri | Selfoss | Grandi | Jólatréssala Breidd |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Laugardagur | 18. des. | 10-18 | 10-18 | 10-18 | 10-18 | 10-22 | 10-22 |
| Sunnudagur | 19. des. | 11-18 | 11-18 | 12-18 | 12-18 | 11-22 | 11-22 |

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

EXPO · www.expo.is

**100 ÞÚSUND HLUTIR** verða gefnir út í rekstrarfélagi samfélagsvefjarins Facebook á næstu dögum. Þeir verða boðnir upp á vefsíðunni Sharespost. Lágmarksboð í hlutina verður 23 dalir á hlut, samkvæmt bandaríska viðskiptatímaritinu Forbes.



**ÁRANGRINUM FAGNAÐ** Starfsfólk Dale Carnegie fagnaði vel þegar það tók við verðlaunum í Bandaríkjunum á dögunum.

Íslendingar raka til sín verðlaunum í Bandaríkjunum:

# Dale Carnegie hér vekur athygli í vestri

„Við erum rosalega montin af okkar fólki,“ segir Unnur Magnúsdóttir, eigandi Dale Carnegie á Íslandi.

Fimmtán manna hópur frá Dale Carnegie á Íslandi rakaði til sín verðlaunum á ráðstefnu fyrirtækisins í Miami í Bandaríkjunum á dögunum. Vörumerkið hér fékk fyrstu verðlaun frá móðurfélaginu ytra fyrir framúrskarandi árangur á milli ára. Þá tóku þær Anna Guðrún Steinsen og Ragnheiður Aradóttir 1. og 2. sæti í flokknum besti þjálfari í Evrópu, Afríku og Mið-Austurlöndum.

Unnur var sjálf á meðal helstu ræðumanna á ráðstefnunni en þar fór hún yfir aðstæður íslenskra fyrirtækja.

„Þetta hefur verið mjög erfitt. Þegar allt fór á hliðina gaf Dale Carnegie þau ráð að gefa í og auka útgjöld til markaðsmála. Það gerðum við og eyddum hverri einustu krónu sem við áttum í markaðssetningu. Við erum á því að það hafi skilað sér,“ segir Unnur og bætir við að samstarfsfólki hennar úti finnist með ólíkindum hvernig Íslandi hafi tekist til miðað við önnur og mun stærri lönd.

„Þeir ná því ekki að þótt við séum rétt rúmlega 300 þúsund veltum við meiru en rúmlega fjörutíu milljóna manna markaður á Spáni,“ segir hún. **- jab**

Kaupthing Singer & Friedlander greiðir kröfuhöfum:

# Reikna með 84 prósenta heimtum

Slitastjórn Kaupthing Singer & Friedlander (KSF), banka Kaupþings í Bretlandi, hefur greitt kröfuhöfum 45 prósent af kröfum í bú bankans. Reiknað er með að endurheimtur muni nema á milli 78 og 84 prósentum. Þetta kemur fram í skýrslu til kröfuhafa frá lögfræðingum Ernst & Young í Bretlandi sem stýra slitum á KSF.

Breska fjármálaeftirlitið tók yfir stjórn KSF við fall Kaupþings 8. október 2008.

Fram kemur í skýrslu til kröfuhafa að 953 kröfum hafi verið lýst í búið upp á 5,4 milljarða punda, jafnvirði 982 milljarða íslenskra króna.

Fram kemur í skýrslunni að heildarútlán KSF námu þremur milljörðum punda, jafnvirði tæpra 546 milljarða króna. Þar af höfðu 43 prósent skilað sér til baka í lok september. Fjórðungur lánanna var til kaupa auðugra einstaklinga á einkaþotum, þyrlum og lúxusskútum. Lán til einkaþotukaupa hafa verið greidd til baka að fullu en verið er að fá viðskiptavini bankans til að endurfjármagna hin lánin til að greiða bankanum.

Þá kemur fram í skýrslunni að nokkur tilboð hafi verið lögð fram í lánasafn KSF. Tilboðin hafi verið undir væntingum og þeim því ekki verið tekið. Búið er að skipta lánasafninu upp með það fyrir augum að auka verðgildi þess. **- jab**

Íslenskur fjársjóðsratleikur fyrir farsíma hlýtur rúmlega tíu milljóna króna styrk:

# Ætla að ráða fleiri forritara

„Þetta er stórkostlegt og gefur okkur færi á að ráða einn forritara og halda áfram með það sem við gerum,“ segir Steinunn Anna Gunnarsdóttir, framleiðandi hjá tölvuleikjafyrirtækinu Locatify.

Fyrirtækið hlaut í síðustu viku styrk Nordic Game Program upp á hálfa milljón danskra króna, jafnvirði tæpra 10,5 milljóna íslenskra króna, til framleiðslu á tölvuleiknum Fjársjóðsleit. Leikurinn er eingöngu fyrir iPhone-farsíma frá Apple. Styrkinn fær Locatify til að þróa leikinn áfram og koma honum á markað.

Leikurinn er hugsaður sem netleikur fyrir hópa sem keppa í fjársjóðsleit. Hann byggir á leiðsagnarforritinu Locatify Iceland sem kom út í sumar. Í því forriti er hægt að nota GPS-staðsetningartækni iPhone-símans til að kalla fram upplýsingar um ýmsa staðhætti. Leikurinn er framhald af því og gefur þeim sem spila hann möguleika á að nýta ratleikinn bæði til skemmtunar og fræðslu, að sögn Steinunnar.



**SKOT ÚR RATLEIKNUM** Hjónin Leifur Björn Björnsson, leikjahönnuður Locatify, og kona hans Steinunn vinna að því að þróa ratleik fyrir iPhone-farsíma.

Nordic Game Program er verkefni sem menningarmálaráðherrar Norðurlandaríkjanna fimm ýttu úr vör fyrir fimm árum og hvetja á til framleiðslu og dreifingar á norrænum tölvuleikjum fyrir börn og unglinga. Veittir eru styrkir tvisvar á ári. 252 umsóknir bárust Nordic Game Program í ár og fengu þrettán fyrirtæki styrk. **- jab**

# Félag Kristjáns skuldar rúma tvo milljarða

**Einkahlutafélagið 7 hægri var tekið til gjaldþrotaskipta í síðustu viku. Engar eignir eru til á móti skuldum. Ekki er útilokað að Kristján Arason sé persónulega ábyrgur fyrir hluta skulda, segir skiptastjóri.**

Eignarhaldsfélagið 7 hægri, einkahlutafélag Kristján Arasonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra viðskiptabankasviðs hjá Kaupþingi, var úrskurðað gjaldþrota í Héraðsdómi Reykjaness í síðustu viku. Lánasamningar félagsins eru allir í erlendri mynt og nema 2,1 milljarði króna.

Skuldirnar eru tilkomnar vegna lántöku Kristjáns við kaup á hlutabréfum í Kaupþingi árið 2006. Allir lánasamningar eru í erlendri mynt og engar eignir til í búinu upp í skuldir, að sögn Helga Birgissonar lögmanns sem skipaður var skiptastjóri. Gjaldþrotið verður auglýst á næstu dögum og hefur skilanefnd Kaupþings, sem er eini kröfuhafinn, tvo mánuði til að lýsa kröfum í búið.



**KRISTJÁN ARASON** Skiptastjóri einkahlutafélagsins 7 hægri segir ekki útilokað að Kristján sé í persónulegum ábyrgðum fyrir skuldum félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

DV greindi frá því í júní í fyrra að lánveitingar Kaupþings til Kristjáns vegna kaupa hans á hlutabréfum í bankanum hefðu um mitt ár 2006 numið tæpum níu hundruð milljónum króna. Þá var ekki útilokað að Kristján hefði tekið aukin lán til frekari hlutabréfakaupa fram að bankahruni.

Kristján sagði í samtali við DV í nóvember 2008 að auk lánsins frá Kaupþingi hefðu hann og kona hans, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi varaformaður Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi menntamálaráðherra, lagt ævisparnaðinn að veði í hlutabréfakaupin. „Ævisparnaðurinn er farinn, en við eigum þó allavega húsið… Við höfðum mikla trú á Kaupþingi,“ sagði hann.

Fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis að Kristján hafi fært hlutabréfaskuldir sínar inn í einkahlutafélagið 7 hægri ehf. í febrúar 2008 að fengnu leyfi Hreiðars Más Sigurðssonar, forstjóra Kaupþings, og Guðnýjar Örnu Sveinsdóttur, þá fjármálastjóra bankans.

Stjórn Kaupþings ákvað í miðju bankahruni að aflétta persónulegri ábyrgð þeirra stjórnenda bankans sem hann lánaði háar fjárhæðir til hlutabréfakaupa. Slitastjórn Kaupþings rifti ákvörðuninni í vor og hefur samið við hluta fyrrverandi starfsmanna Kaupþings um endurgreiðslu á láninu.

Helgi útilokar ekki að Kristján sé í persónulegum ábyrgðum fyrir einhverjum hluta lánanna sem hann fékk vegna hlutabréfakaupanna.

Ekki náðist í Kristján vegna málsins þegar eftir því var leitað í gær. **- jab**




HVAÐ STENDUR UPP ÚR Í VIÐSKIPTALÍFINU Á ÁRINU SEM ER SENN LIÐIÐ?
HVERNIG TÓKST FYRIRTÆKJUNUM AÐ VINNA SIG ÚT ÚR ERFIÐLEIKUNUM?
HVERNIG ER ALÞJÓÐLEGA UMHVERFIÐ? HVAÐ ER FRAMUNDAN Á NÝJU ÁRI?

MARKAÐURINN RÆÐIR VIÐ FJÖLDA FÓLKS Í VIÐSKIPTALÍFINU.
DÓMNEFND MARKAÐARINS VELUR BESTU OG VERSTU VIÐSKIPTI ÁRSINS OG MENN VIÐSKIPTALÍFSINS ÁRIÐ 2010.

ÁRAMÓTAANNÁLL MARKAÐARINS KEMUR ÚT MIÐVIKUDAGINN 29. DESEMBER.

Nánari upplýsingar varðandi auglýsingar veitir:
Örn Geirsson,
sími: 512 5448,
netfang: orn@365.is









# Ekkert smá sýrður rjómi!

1. ÁN BRAGÐEFNA
2. ÁN GELATÍNS
3. ÁN ROTVARNAREFNA

MJÓLKA

www.mjolka.is

**FRÉTTAVIÐTAL:** Tom Albanese, forstjóri Rio Tinto, kom hingað í stutta heimsókn til að veita öryggisviðurkenningu

# ÍSAL er lykileign í safni Rio Tinto

**Tom Albanese, forstjóri fjölþjóðlega náma- og málmvinnslufyrirtækisins Rio Tinto, afhenti í gær álveri Rio Tinto Alcan í Straumsvík öryggisviðurkenningu samstæðunnar. Álverið er fyrst fyrirtækja Alcan, sem Rio Tinto keypti árið 2007, til þess að fá slík verðlaun. Með endursamningum um orkuverð fyrr á árinu jókst kostnaður álversins hér. Á móti kemur rekstraröryggi til langs tíma, segir forstjórinn.**



**FUNDAÐ Í IÐNÓ** Tom Albanese, forstjóri Rio Tinto, gaf sér tíma til að setjast niður með blaðamönnum í setustofu á þriðju hæð í Iðnó í stuttri heimsókn hans hingað til lands. Hann hafði ekki komið hingað áður og kvaðst sjaldnast fá tækifæri til þess að skoða sig um á stöðugu flandri um heiminn, vinnu sinnar vegna. Útsýnið yfir nýlagða Tjörnina lét forstjórinn sér hins vegar vel líka. „Gullfallegt,“ sagði hann og hrósaði veðrinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Árangur ÍSALs, álvers Rio Tinto Alcan í Straumsvík, á sviði öryggismála gaf Tom Albanese, forstjóra Rio Tinto, tilefni til að sækja landið heim og fagna góðum árangri með starfsfólki. „Alls staðar í Rio Tinto vinnum við að innleiðingu ferla sem miða að því að engin slys eigi sér stað,“ segir Albanese.

Síðasta áratug segir forstjóri Rio Tinto að undraverður árangur hafi náðst á sviði öryggismála hjá fyrirtækjasamstæðunni allri. Fyrir þann tíma hafi hins vegar ekki verið lögð jafnrík áhersla á öryggismálin og ef til vill hafi menn þá litið svo á í stefnumörkun að eitthvert hlutfall slysa væri óhjákvæmilegur hluti af námarekstri og málmvinnslu.

### Hugarfarsbreyting eftir slys

„En á þessu tímabili hefur verið tekin upp sú stefna að ýta undir öryggismál á öllum stigum og verðlauna árangur þar sem vel tekst til,“ segir Albanese, sem rekur hugarfarsbreytinguna hjá fyrirtækinu til öryggismála til hörmulegs slyss í Austurríki árið 1998. „Þá lokaðist maður í námagöngum vegna hruns í námunni. Honum var reyndar bjargað, en frekara hrun varð níu björgunarmönnum að bana. Þetta varð öllu fyrirtækinu vitundarvakning.“

Albanese segir slys áður hafa verið nokkuð tíð hjá samstæðunni, en það sé gjörbreytt núna. Svipuð þróun hafi síðan átt sér stað hjá fyrri eigendum álversins í Straumsvík og því sé myndin góð þegar horft sé yfir árangur síðustu tíu ára í öryggismálum hér. „Ef ekki er horft til annars en fjölda slysa þá eru þau færri hjá okkur en í meðalbanka.“

Albanese segir jafnframt sérstakt tilefni til að fagna góðum árangri í álverinu hér, því þetta sé í fyrsta sinn sem fyrirtæki sem Rio Tinto keypti í samningunum við Alcan síðla árs 2007 fái þessa öryggisviðurkenningu. „Þetta eru því mikilvæg tímamót, einungis þremur árum eftir þau kaup,“ segir hann, en í gær fundaði hann jafnframt með starfsmönnum álversins í Straumsvík, fór yfir áherslur samstæðunnar í öryggismálum og svaraði spurningum þeirra. Hann segist meðal annars hafa verið spurður út í möguleikana á því að hefja framleiðslu á varningi úr áli hér á landi, en telur slíka vinnu utan sérsviðs Rio Tinto, sem sé að vinna hráefnið í framleiðsluna.

„Við erum vissulega tilbúin að vinna með og styðja við bakið á fyrirtækjum sem kynnu að vilja koma hingað og hefja framleiðslu úr áli. Reynslan annars staðar hefur hins vegar verið að slík fyrirtæki sækja fremur í að byggja upp starfsemi þar sem klasar sambærilegra fyrirtækja hafa orðið til og það er á slíkum svæðum sem þau fyrirtæki sem mestum árangri hafa náð starfa. Gildir þá einu hvort horft er til framleiðslu úr áli eða annars iðnaðar. Þetta snýst um aðgengi að mörkuðum, tækniþekkingu og öðru slíku,“ segir hann. Því kunni framleiðsla í tengslum við stakt álver hér, þar sem eftir sem áður þurfi að senda framleiðsluna yfir á meginland Evrópu, að lúta í lægra haldi fyrir iðnsvæðum á borð við þau í Þýskalandi þegar slík fyrirtæki leiti sér að framleiðslustað.

### Sjálfbær þróun borgar sig

Rio Tinto hefur nýverið upplýst að til standi að selja hluta álvera fyrirtækisins, en þó hefur ekki verið tilgreint hver þeirra. Albanese tók hins vegar af allan vafa um að ekki stæði til að selja álverið í Straumsvík. „Ég lít á ÍSAL sem lykilþátt í eignasafni Rio Tinto. Við höfum lagt hér í umtalsverða fjárfestingu á þessu ári upp á 470 milljónir Bandaríkjadala og ég horfi til þess að ÍSAL verði hluti af kjarnastarfsemi Rio Tinto í álbræðslu næstu 25 árin hið minnsta.“

Ástæðu þess að álverið í Straumsvík leikur slíkt lykilhlutverk í framtíðaráætlunum Rio Tinto segir Albanese meðal annars vera að fyrirtækið ætli sér að eiga fyrirtæki í hæsta gæðaflokki á öllum sviðum starfsemi sinnar. „Við horfum til langtímaþróunar. Ef eignir fyrirtækisins eru stórar, endast í langan tíma og eru hagkvæmar í rekstri passa þær í eignasafn Rio Tinto.“ Albanese segir það eiga sérstaklega við í áliðnaði að ástæða sé til að horfa áratugi fram í tímann. „Við trúum því að verðmiði verði settur á kolefnisútblástur og við styðjum þá þróun. Af því leiðir að orka sem fengin er með vatnsafli eða án kolefnisútblásturs nýtur forskots í samkeppni. Það er ekki víst að fjárhagslegur ábati sé af því í dag, en við höfum trú á að sá tími muni koma.“

Þá leggur Albanese áherslu á að stefnumið fyrirtækisins í öryggismálum og samfélagsábyrgð og umhverfismálum passi við langtímaáherslur fyrirtækisins. „Þetta er hluti af sjálfbærri þróun og hún styður markmið fyrirtækisins um stórar langtímaeignir.“



**TOM ALBANESE** Forstjóri Rio Tinto kveðst þess fullviss að fyrirtækjasamstæða hans framfylgi ströngustu öryggiskröfum sem um getur í námavinnslu og málmiðnaði. „Niðurnegldir verkferlar tryggja öryggi,“ segir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Ég kann vel við mig á norðurslóðum og konan mín líka. Ég var hins vegar í Mongólíu í síðustu viku og þar verður kalt. Rok og 20 stiga frost.

Albanese bendir á að arðvænlegasti hluti Rio Tinto í fyrra hafi verið járngrýtisnámur í Ástralíu sem verið hafi til í 45 ár. „Og besta koparnáma okkar í Bandaríkjunum hefur verið til í 105 ár. Hér hefur staðið álver síðan 1969 og við viljum halda stöðu okkar á öllum þessum sviðum næstu fjörutíu til fimmtíu árin.“

Með þetta í huga virðist Albanese sáttur við það orkuverð sem fyrirtækið endursamdi um við Landsvirkjun fyrr á þessu ári. „Það jók við kostnað okkar,“ segir hann og kveður kostnaðinn nú nálægt pari við það sem gerist á meginlandi Evrópu. „En þá fengum við um leið rekstraröryggi næstu 25 árin. Þegar horft er fram í tímann í Evrópu er ljóst að sífellt verður erfiðara að ná slíku öryggi til lengri tíma.“

### Heimsótti Mongólíu fyrir viku

Albanese segir að í raun hafi þrennt mikilvægt átt sér hér stað á árinu. „Við framlengdum líftíma samninganna og það gaf okkur það öryggi sem þurfti til að fjárfesta enn frekar hér á landi. Milljónirnar 470 skiptast í tvær stórar fjárfestingar. Önnur var í framleiðsluaukningu í Straumsvík, sem kallar á meira afl en eykur um leið álframleiðsluna og bætir vinnsluna.“ Í þriðja lagi segir hann svo að lagt verði í uppfærslu á mótavinnslu álversins í Straumsvík. Það sé gert til þess að nýta megi sóknarfæri sem verði til þegar álver í Evrópu hætti framleiðslu eins og fyrirséð sé að muni gerast. Sú þróun sé þegar hafin með úreldingu kjarnorkuvera sem séð hafi álverum fyrir orku. „Þá munu sumir framleiðendur eiga í vandræðum með að útvega sér orku.“

Forstjóri Rio Tinto lét sér ekki bregða þó svo að snöggkólnaði í veðri meðan á heimsókn hans hingað til lands stóð. Hann hafði síðdegis í gær verið hér í tæpan sólarhring, en átti bókað flug af landi brott síðar um daginn.

Albanese segir að sér lítist vel á landið og hugnist veðrið vel. „Þetta er ekki svo ólíkt því sem ég er vanur,“ segir hann og kveðst hafa búið í Alaska í fjórtán ár, þar af tólf í Fairbanks. „Veðrið hér er raunar mjög líkt því sem gerist í suðausturhluta Alaska.“ Þar, eins og hér, sveiflast veðrið sjaldan mjög langt frá frostmarki, en í Fairbanks, þar sem hann dvaldi lengst af og er í hánorðri, er veðrið ekki ósvipað og á Grænlandi. „Ég kann vel við mig á norðurslóðum og konan mín líka. Ég var hins vegar í Mongólíu í síðustu viku og þar verður kalt. Rok og tuttugu stiga frost.“

Í Mongólíu á Rio Tinto kopar- og gullnámur, en fyrirtækið teygir anga sína um heim allan. Fyrirtækið er með þeim stærstu í heimi og er til að mynda næststærsti framleiðandi járngrýtis í heiminum. Albanese segir fyrirtækið annað eða þriðja stærst á sviði álframleiðslu, þriðja stærsta fyrirtæki heims í framleiðslu demanta, það stærsta í framleiðslu títaníums og bórats, auk þess sem fyrirtækið framleiðir „asísk varmakol“ og úran sem notað er í kjarnorkuver.

Ljóst má því vera að nokkrar annir fylgja því að stýra slíkri starfsemi. Tom Albanese þarf því ekki að hugsa sig lengi um þegar hann er spurður að því hvenær hann sjái næst fram á að fá að sækja Ísland heim. „Þegar ÍSAL vinnur næst öryggisverðlaun,“ svarar hann að bragði.

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is



## SKÖPUM ÍSLENSKA ATVINNU

# KAUPUM ÍSLENSK JÓLATRÉ

Í KAUPTÚNI 3 Í GARÐABÆ (gegnt IKEA)

Einnig tröpputré og eldiviður

Opið alla daga til jóla. Virka daga frá klukkan 15 til 21 og um helgar frá 10 til 21.
Nánari upplýsingar í síma 694-4217.

Skógræktarfélag Reykjavíkur

# JÓLASKÓGURINN Í HEIÐMÖRK

Höggðu þitt eigið jólatré, þar sem stærðin skiptir ekki máli, fyrir aðeins **5.300 kr.**



Einnig tröpputré, eldiviður og hangandi jólatré á kostakjörum.

Nánari upplýsingar í síma 564-1770 og á www.heidmork.is

Jólasveinn á svæðinu, frítt kakó og piparkökur

**OPIÐ ALLA HELGINA FRÁ KL. 11-16**

Skógræktarfélag Reykjavíkur

# FRÁBÆR

## ÞÚ FÆRÐ ALLA HÖRÐU JÓLA




### Toshiba Satellite C650-176
- 2.0GHz Intel Dual Core T3300 örgjörvi
- 3GB DDR3 1066MHz minni
- 250GB SATA diskur
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- Intel GMA 4500M skjákort
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**99.990**




### Toshiba Satellite Pro C650-195
- 2.26GHz Intel Core i3-350M - Dual core örgjörvi
- 2GB DDR3 1066MHz minni
- 250GB SATA diskur
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- Vefmyndavél
- Intel HD Graphics 4500M skjákort
- Windows 7 Professional 64-BIT

**149.990**




### Toshiba Satellite L650-19P
- 2.26GHz Intel Core i3-350M - Dual core örgjörvi
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 500GB SATA diskur
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- Vefmyndavél
- 512MB ATI Radeon HD 5145 skjákort
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**139.990**




### Toshiba Satellite L650-11J
- 1.86GHz Intel Pentium Dual-Core P6000
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 500GB SATA diskur
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- 512MB ATI Radeon HD 5145 skjákort
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**119.990**

9 TÍMA RAFHLÖÐU ENDING




### Toshiba Satellite T130-10G
- 1.3GHz Intel ULV Pentium Dual Core SU4100
- 4GB DDR3 minni
- 320GB SATA diskur
- 13,3" TFT WXGA LED skjár
- Intel GMA 4500 skjákort
- VGA myndavél í skjá
- 9 tíma rafhlöðuending
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**119.990**




MARGMIÐLUNARTÖLVA

### Ace AMD 2
- CoolerMaster Elite 310 turnkassi
- AMD AM3 Sempron 140 2.7GHz
- 2GB DDR3 1333MHz minni
- 500GB WD Blue SATA 2 diskur
- DVD og CD skrifari
- 18.5" LCD Philips 192E2SB skjár
- ATI Radeon HD3000 skjástýring
- Logitech S120 hátalarar
- Realtek High Def 7.1 True Blue-Ray hljóðkort
- Lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum
- Logitech B110 Optical mús
- Windows 7 Home Premium - 64bit - Aero 3D

**99.990**




MARGMIÐLUNARTÖLVA

### Ace AMD 4
- ACE Special edition turnkassi - 460W
- AMD AM3 DualCore Phenom II 555 3.2GHz
- 4GB DDR3 1333MHz minni
- 1000GB WD Blue SATA 3 diskur
- 22xDVD og CD skrifari
- 21.5" LED Philips 221EL2SB skjár
- 1GB MSI GeForce N450S DDR5 skjákort
- Logitech S120 hátalarar
- Realtek High Def 7.1 hljóðkort fyrir leiki ofl.
- Lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum
- Manhattan Laser Gaming 1600dpi mús
- Windows 7 Home Premium - 64bit - Aero 3D

**149.990**




MARGMIÐLUNARTÖLVA

### Ace AMD 5
- ACE Special edition turnkassi - 460W
- AMD AM3 DualCore Phenom II 555 3.2GHz
- 4GB DDR3 1333MHz minni
- 1000GB WD Blue SATA 3 diskur
- DVD og CD skrifari
- 21.5" LED Philips 221EL2SB skjár
- 1GB AMD Radeon HD6850 skjákort
- 2.1 Logitech hátalarakerfi
- Realtek High Def 7.1 hljóðkort fyrir leiki ofl.
- Logitech Media 600 lyklaborð
- Manhattan Laser Gaming 1600dpi mús
- Windows 7 Home Premium - 64bit - Aero 3D

**169.990**




MARGMIÐLUNARTÖLVA

### Ace Intel 4
- ACE Special edition turnkassi - 460W
- Intel Core i5 750 2.66GHz
- 4GB DDR3 1333MHz minni
- 1000GB WD Blue SATA 3 diskur
- DVD og CD skrifari
- 21.5" LED Philips 221EL2SB skjár
- 1GB Amd Radeon HD6850 skjákort
- 2.1 Logitech hátalarakerfi
- Realtek High Def 7.1 hljóðkort fyrir leiki ofl.
- Logitech Media 600 lyklaborð
- Manhattan Laser Gaming 1600dpi mús
- Windows 7 Home Premium - 64bit - Aero 3D

**189.990**




MARGMIÐLUNARTÖLVA

### Ace Intel 2
- CoolerMaster Elite 310 turn - 460W
- 2.7GHz Intel Pentium E5400 örgjörvi
- 2GB DDR3 1333MHz minni
- 500GB WD Blue SATA II diskur
- DVD og CD skrifari
- 18.5" LCD Philips 192E2SB skjár
- 1GB MSI AMD Radeon MD5450 skjákort
- Logitech S120 hátalarar
- 7.1 hljóðkort fyrir leiki ofl.
- Lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum
- Logitech B110 Optical mús
- Windows 7 Home Premium - 64bit - Aero 3D

**119.990**

# JÓLATILBOÐ

## PAKKANA Á BETRA VERÐI Í TÖLVULISTANUM

**HÁSKERPU VEFMYNDAVÉL**
Logitech
Logitech HD Pro WebCam C910
HD 720p með Full HD 1080p hreyfimyndaupptöku, sjálfv. fókus, stereó hljóði með 2 hljóðnemum, 10MP kyrrmyndum, Carl Zeiss linsu. RightLight 2. Þekkir andlit. 1 takki á YouTube ofl
**21.990**

24"
**PHILIPS LCD SKJÁR**
Philips 243E2SB
24" LCD skjár með 1920x1080p uppl., 500.000:1 skerpu, 5ms viðbragðstíma, D-Sub, DVI-D ofl.
**44.990**

THX
Logitech
**HÁTALARAR**
Logitech Z623
200W RMS THX hátalarakerfi með innbyggðri hátalarastjórnun, RCA og 3.5mm heyrnartólstengi.
**44.990**

EPSON
**MYNDAPRENTARI**
Epson P50
A4 bleksprautu ljósmyndaprentari. Prentar allt að 38 bls. á mín. í 5760 x 1440p. USB. Virkar með Windows og Mac.
**22.990**

**ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL**
Logitech
Logitech ClearChat PC
Þráðlaus heyrnatól með hljóðnema með umhverfis-hljóðsíu. 2.4GHz USB sendir fylgir. Dregur u.þ.b.10 m.
**26.990**

**SJÓNVARPSFLAKKARI**
UNITED
H.264
United HD MMP 9590
Margmiðlunarspilari fyrir innbyggðan 3,5" harðan disk. Spilar HD H.264 MKV, DTS og Dolby Digital True HD skrár. HDMI, Composite og Optical tengi. USB tengi fyrir minnislykla og innbyggður SD/MMC kortalesari. HDMI kapall fylgir og fullkomin fjarstýring.
**19.990**

TViX
**HÁSKERPU SJÓNVARPSFLAKKARI**
DViCO TViX S-1
Háskerpu H.264 margmiðlunarspilari fyrir alla staðla. VFD skjár, USB, LAN, HDMI, Optical tengi o.fl. Spilar af USB lyklum, eSATA, USB flökkurum eða tölvum yfir LAN.
H.264
**34.990**

H.264
A.C.Ryan
**UPPTÖKU SJÓNVARPSFLAKKARI**
AC Ryan Playon!DVR HD
H.264 háskerpu 1080p sjónvarpsflakkari með DVB-T móttakara, FTP stuðningi, HDMI, Component, Composite, optical tengi. Spilar efni af USB lyklum og kortum. Halar niður beint á diskinn af Bittorent ofl. NAS fyrir heimanet. Fullkomin fjarstýring.
**59.990**

Logitech
**LEIKJA MÚS**
Logitech G9x
Laser leikjamús með LED ljósi sem gefur til kynna hvaða stillingar eru í notkun. Wide Load og Precision grip. Útskiptanlegt grip. Lóð til að stilla þyngd fylgja.
**22.990**

23"
3D
acer
**3D LCD SKJÁR**
Acer GD245HQabid
23" LCD skjár með 3D Vision 120Hz,1920x1080p uppl., 80.000:1 skerpu, 2ms viðbragðstíma, Analog, DVI-I ofl.
3D gleraugu ofl. þarf til að 3D efni skili sér.
**79.990**

**LYKLABORÐ**
Microsoft
MS Wireless Media Desktop 1000
Þráðlaust lyklaborð og mús með hljóðlátum hnöppum svipað og á fartölvum. Margmiðlunar flýtihnappar. Skandinavísk hnappaskipan.
**9.990**

**LYKLABORÐ**
Logitech G510
Með LCD baklýstum skjá, USB hljóðkorti, 18 forritanlegum G-tökkum, USB tengi, fjölsláttarstuðningi, leikja- og vinnustillingu, margmiðlunartökkum, nordic layout ofl.
Logitech
**26.990**

NVIDIA
**ÞRÍVÍDD**
**3D PAKKI**
Nvidia 3D vision Kit
Þráðlaus þrívíddargleraugu og IR 3D sendir sem virkar með 120Hz skjám og 3D efni.
**29.990**

Opið alla daga fram að jólum, sjá nánar um opnunartíma á TL.IS

# TÖLVULISTINN

TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>SÍMI 414 1700 | GLERÁRGÖTU 30<br>SÍMI 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>SÍMI 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>SÍMI 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>SÍMI 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>SÍMI 414 1750 |



**LYSTIGARÐUR Í ÞVERÁSI** Það vantar ekki jólafígúrur í þennan garð í Þverási í Árbæ. Þar gefur að líta snjókarla, Jesúfjölskylduna gjörvalla að ógleymdum ótal jólasveinum af öllum stærðum og gerðum.



**LITSKRÚÐUGUR GARÐUR** Íbúar í þessu húsi í Silungakvísl hafa hvergi slegið af þegar þeir festu seríurnar utan á húsið og í hvern runna.

# Ljósadýrð loftin gyllir

Jólahátíðin nálgast óðfluga og þess sér þegar glöggt stað á miklum fjölda fagurlega skreyttra húsa. *Pjetur Sigurðsson* fór á stúfana á höfuðborgarsvæðinu og festi jólaljósadýrðina á filmu. Hann komst að því að skreytingasmekkur manna er æði misjafn.



**RAUTT OG AFTUR RAUTT** Hér í Dofraborgum er ekkert verið að flækja hlutina. Rauðar jólaseríur eru sígildar og því er um að gera að hafa bara nóg af þeim.



**Í STÍL** Í þessari nýlegu blokk í Lundi í Kópavogi ræður samræmið ríkjum. Íbúar hafa komið sér saman um að hafa hlýleg, upplýst jólatré á svölunum.

# Góðar jólagjafir...




**Sennheiser heyrnartól**
Verð 17.900 kr.
**Jólatilboð 11.900 kr.**

**Ljósakróna**
Verð 74.900 kr.
**Jólatilboð 55.000 kr.**
Einnig fáanleg í hvítu




**Sennheiser þráðlaus heyrnartól**
Verð 22.900 kr.
**Jólatilboð 17.900 kr.**

**Sennheiser heyrnartól**
Verð 5.900 kr.
**Jólatilboð 3.900 kr.**




**Husqvarna E-20**
Verð 39.900 kr.
**Jólatilboð 29.900 kr.**



**Hitapúðar í miklu úrvali**
**Verð frá 3.995 kr.**



**Singer Curvy 8763**
Verð 59.900 kr.
**Jólatilboð 49.900 kr.**




**Gólflampi**
Verð 29.900 kr.
**Jólatilboð 15.000 kr.**




**Braun hleðslurakvél**
Verð 19.900 kr.
**Jólatilboð 13.900 kr.**



**Braun handkvörn**
Verð 15.900 kr.
**Jólatilboð 9.900 kr.**




**Snyrtispegill með stækkun**
**Jólaverð 3.995 kr.**



**Borðlampi, margir litir**
Verð 6.900 kr.
**Jólatilboð 4.900 kr.**




**Blóðþrýstingsmælir**
Verð 7.480 kr.
**Jólatilboð 5.980 kr.**



**Vegglampi**, lýsir upp og niður
Verð 13.900 kr.
**Jólatilboð 7.000 kr.**

PFAFF

Pfaff • Grensásvegi 13 • Sími 414 0400 • www.pfaff.is



**SÚ STÓRA** Antonov AN-225, stærsta flugvél heims, í lendingu á Keflavíkurflugvelli 6. október.

# Hver flugvél hefur sinn sjarma

**Baldur Sveinsson** var að gefa út sína þriðju árbók um flugvélar. Hann hefur haft einlægan áhuga á flugvélum frá því hann var strákur. Í samtali við *Kristján Hjálmarsson* segir hann frá flugvélaáhuga sínum, uppáhaldsvélinni og eftirminnilegustu myndinni.

Þetta er nú bara æskudella sem hefur haldist við og aukist frekar en hitt," segir Baldur Sveinsson ljósmyndari, sem var að gefa út þriðju árbók sína um flugvélar á Íslandi. „Mér finnst svo skemmtilegt að horfa á þessa gripi og fylgjast með þeim og svo er þetta líka sögulegur áhugi."

Baldur gaf út bókina Flugvélar á og yfir Íslandi árið 2007. Að sögn Baldurs seldist sú bók vel. „Hún kom út ofan í ákveðið tómarúm. Mál og menning gaf bókina út og auglýsti hana mikið og fyrir vikið seldist hún vel. Í kjölfarið fékk ég svo þessa hugmynd að búa til árbók og félagar mínir í flugklúbbunum hvöttu mig áfram."

Baldur byrjaði að mynda flugvélar árið 1964 en ekki þó af krafti fyrr en 1970. „Ég á því safn sem nær þangað aftur. Þetta hefur gengið í bylgjum. Ég hafði til dæmis mjög gaman af því að fara upp á Keflavíkurflugvöll og fylgjast með flugvélunum þar."

Baldur segir að töluvert af flugmönnum sé til í að fljúga með hann í ljósmyndaleiðangra og enn aðrir sem vilji fljúga módelunum – það er vélunum sem hann síðan myndar.

„Í 99 prósent tilvika þarf ég ekki að greiða fyrir flugið, annars stæði þetta ekki undir sér," segir Baldur. „Þetta eru fimm hundruð bækur sem ég læt prenta og ef þær seljast allar er ég á þokkalega réttu róli, rétt ofan við plúsinn."

Baldur segir að á ýmsu hafi gengið við útgáfu nýjustu bókarinnar. „Það má segja að þessi Murphy, sem lögmálið er kennt við, sé orðinn góður vinur minn. Það hefur allt gengið á afturfótunum. Þetta eru öflugar og góðar vélar sem bókin er prentuð í. Þetta er mjög fullkomin litaljósmyndatækni sem er við að eiga en fyrst fóru valsar í prentsmiðjunni og svo spennuvírar. Svo fór þetta í límingu uppi í Odda og þá hrundu fræsarinn og límarinn þar. Þá tafðist útgáfa bókarinnar um viku," segir Baldur hlæjandi.

Þótt á ýmsu hafi gengið getur Baldur farið að brosa út í annað því bókin var væntanleg úr límingu sama dag og hann ræddi við Fréttablaðið og hún ætti því að vera komin í flestar betri bókabúðir.

Á þeim tæplega fimmtíu árum sem Baldur hefur verið að mynda flugvélar hefur safnast upp gríðarlega stórt myndasafn sem hleypur á tugum þúsunda mynda.

Af þessum þúsundum er ein mynd í uppáhaldi hjá Baldri en sú mynd birtist í stóru bókinni sem hann gaf út árið 2007. „Það var mynd sem ég tók úr Phantom-vél af tveimur öðrum Phantom-vélum og einni Awacs-ratsjárvél. Myndina tók ég við Stokksnes við Eystrahorn árið 1979. Þessi mynd fer ekki úr minninu enda hef ég bara tvisvar flogið með Phantom-vélum," segir Baldur. En hver ætli sé uppáhaldsflugvélin hans?

„Ég hef alltaf verið hrifinn af aflinu og kraftinum í orrustuþotum. Allar flugvélar hafa samt sinn sjarma. Það gerist til dæmis varla betra en að vera í lítilli vél með opinn glugga og með aðra vél sveimandi í kring."



**UPPÁHALDSMYNDIN** Tvær F-4E Phantom-vélar frá 57. flugsveit sem var á Keflavíkurflugvelli frá 1954 til 1995 fylgja E-3A Sentry Awacs-ratjárvél yfir ratsjárstöðina á Stokksnesi við Eystra-Horn. Tekin í maí 1979. MYNDIR/BALDUR SVEINSSON

> Mér finnst svo skemmtilegt að horfa á þessa gripi og fylgjast með þeim og svo er þetta líka sögulegur áhugi.




**BÓKIN** Cessna 172 Skyhawk yfir gosstöðvunum á Fimmvörðuhálsi prýðir kápu nýjustu bókar Baldurs Sveinssonar.



**BALDUR SVEINSSON** Hann hefur haft gríðarlegan áhuga á flugvélum frá því hann var smástrákur.



**TF-GNÁ** Gæsluþyrlan TF-GNÁ fer á loft á flughátíðinni á Akureyri 19. júní 2010 undir styrkri stjórn Sigurðar Ásgeirssonar flugstjóra.




**GÍTARAR** Douglas Dakota TF-NPK sést hér þegar 70 tölvuleikjagíturum var kastað úr henni í gíginn Rauðuskál við Heklu um klukkan 23.00 hinn 3. júlí 2010.




# Svefn & heilsa

★★★★★

## Sofðu vel um jólin

## Gerið gæða- og verðsamanburð

# IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi



**IQ-Care heilsudýnur.** Gerð úr svæðisskiptu þrýstijöfnunar-efni frá Belgíu. Fæst í öllum stærðum og tveim stífleikum.

**Queen 153x203 cm á íslenskum botni 179.900 kr.**

**Íslenskur höfuðgafl 84.900 kr.**
(Sé keypt rúm fæst **20%** afsláttur af höfuðgafli og fylgihlutum.)

**20% afsláttur**

**Vinsælasta jólagjöfin, IQ-Care heilsukoddar. 3 stærðir.**





**S-cape Wallhugger stillanlegt rúm.** Eitt vinsælasta stillanlega rúmið. Fæst í nokkrum stærðum

**2x90x200 cm með okkar bestu IQ-care heilsudýnu**
**649.000 kr.**

**BOAS leður hægindastóll.**
Nokkrir litir
**79.900 kr.**

**BOAS rafmagns lyftu stólar.**
**129.900 kr.**



**Saga heilsudýna.** Gerð úr svæðisskiptu pokagormakerfi með þrýstijöfnunarefni. Fæst í flestum stærðum.

**Queen 153x203 cm á íslenskum botni 129.900 kr.**

**Þór heilsudýna.** Gerð úr tvöföldu svæðisskiptu pokagorma-kerfi með þrýstijöfnunarefni. Fæst í flestum stærðum.

**Queen 153x203 cm á íslenskum botni 149.900 kr.**





**Proflex stillanlegt rúm.** Gott stillanlegt rúm á frábæru verði. Fæst í nokkrum stærðum.

**2x90x200 cm með okkar bestu IQ-care heilsudýnu 349.900 kr.**



**BOAS leður sjónvarpssófi 3 sæta**
**Frá 169.900 kr.**
**Svefnsófi frá 169.900 kr.**

**20% afsláttur**

**Hágæða Damask sængurverasett í miklu úrvali.**
**Frá 8.900 kr.**
**Nokkrar stærðir**





**Íslenskir svefnsófar.** Heilsudýna með þrýstijöfnunarefni. Fæst í mörgum litum. Framleitt eftir pöntunum.

**Svefnflötur 140x200 cm. 264.900 kr.**

**6 mánaða vaxtalausar greiðslur**

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**

www.svefn.is



**ÓLÍKIR SVEINKAR** Vinstra megin má sjá mann í gervi „Ded Moroz", rússneska jólasveinsins og svo annan í hefðbundnara gervi, þar sem þeir skoða sig um á jólamarkaði í Strassborg í Frakklandi. NORDICPHOTOS/AFP



**JÓLUM FAGNAÐ Í AMERÍKU** Á laugardaginn síðasta var haldin „Santacon"-hátíðin í borgum víða um Bandaríkin. Þá fjölmennir fólk í jólasveinabúningum út á götur til að fagna því að jólin séu í nánd. Hér að ofan má sjá stemninguna á litlum bar í New York.



**HJÓLASVEINAR** Starfsmenn póstsins í Seúl, höfuðborg Suður-Kóreu, klæddu sig í byrjun vikunnar upp sem jólasveina og færðu fátækum gjafir. Með þessu var hafið sérstakt átak til styrktar fátækum í landinu sem nær til níu borga í landinu og varir til ársloka.



**RISAJÓLI** Þessa risastóru ljósastyttu af jólasveininum er að finna við Tauenzienstrasse, sem er fjölfarin verslunargata í vesturhluta Berlínar. Þar í grennd hefur verið haldinn jólamarkaður í fjölda ára.



**GLEÐILEGAR SKOTFLAUGAR** Flugeldar lýstu upp himininn þegar ljósin voru kveikt á jólatré í miðbæ Beirút, höfuðborgar Líbanons, fimmtudaginn 9. desember síðastliðinn.

# Jólin víða undirbúin

Allur gangur er á því hvernig fólk fagnar og undirbýr jólahátíðina. Þess má engu að síður víðast hvar sjá merki að hátíð ljóss og friðar sé á næsta leiti. Í þeim efnum gildir nær einu hvar borið er niður í heiminum, víðast hvar getur að líta einhvern jólaundirbúning. Fréttablaðið kíkti á myndir af undirbúningi frá hinum og þessum löndum.



**JÓLASÝNING Í JAPAN** Höfrungur kastar þjálfara sínum í loft upp á sérstakri jólasýningu í sýningarsal vatnagarðs í Shinagawa Prince hótelinu í Tókýó. Sýningar hófust í desember og standa fram á jóladag.



**GLUGGASKRAUT Í PARÍS** Barn lítur aðdáunaraugum skraut í „jólaglugga" stórverslunarinnar „Grands Magasins" í París, rétt um viku fyrir jól.



**LITLI OG STÓRI** Hann lætur ekki mikið yfir sér en laðar að fjölda gesta, litli jólamarkaðurinn sem stendur fyrir framan stórverslun Karstadt í miðbæ Berlínar.


VANDAÐAR GJAFAVÖRUR Á GÓÐU VERÐI
Þú finnur jólagjöfina
Í ORMSSON
CASIO EX-H5
· 12,1 milljón pixlar
· 10x aðdráttarlinsa (27-240mm)
· Super Clear 2,7" TFT LCD skjár
· 14 myndstillingar – Auto bestshot
· Hristivörn - CCD Shift stabilization
· Videoupptaka með hljóði 16:9
· Háskerpu upplausn(1280x780)
· Lithium rafhlaða endist allt að 1000 myndir
· Hleðslutæki og hleðslurafhlaða fylgi
Verð: 35.900 kr.
OLYMPUS FE 4050
· 12 milljón pixlar
· 4x(wide) aðdraáttur
· Linsa 27-108mm
· Skjár LCD 6,9cm (2,7")
· 14 handhægar tökustillingar
· Face Detection
· Videoupptaka með hljóði
· Lithium hleðslu rafhlaðahlaða í vél
Verð: 18.900 kr.
Nintendo SNERPA·SPENNA·SNILLD
Wii -LEIKJATÖLVAN SEM SLEGIÐ HEFUR ÖLL SÖLUMET
Verð frá kr. 39.900,-
Nintendo SNERPA·SPENNA·SNILLD
DS Lite - LEIKJATÖLVAN
EIN ALLRA VINSÆLASTA LEIKJATÖLVA HEIMS
Verð kr. 24.900,-
Wii Fit Plus BOARD
Taktu líkamsræktina heima í stofu
Wii Fit Plus
Verð: 22.900,-
CASIO EX-Z350
· 12.1 milljón pixlar
· 4x aðdráttarlinsa (27-108mm)
· Stór 6,9cm (2,7") LCD skjár
· 23 myndstillingar – Auto bestshot
· Videoupptaka með hljóði
· Hleðslutæki og hleðslurafhlaða fylgir
Verð: 27.900 kr.
TILBOÐ: 22.900 kr.
OLYMPUS E-PL1
12.3 milljón pixlar · Hraður 11 punkta sjálfvirkur fókus · 3,0 rammar á sekúndu – allt að 5 myndir í RAW á buffer · Sjö upplausnarmöguleikar á mynd · Hristivörn í vél · "Dust Reduction System" rykfríar myndir · HD upptaka 720 p · HDMI tengi · Lithium rafhlaða og hleðslutæki fylgir · Linsa fylgir 14-42 mm
Verð: 84.900 kr.
SANGEAN
GÖNGUÚTVÖRP
Mikið úrval af útvörpum fyrir útiveruna
Verð frá: 4.990,-
SCOTT RX19RD
VANDAÐ OG FLOTT ÚTVARP
TILBOÐ: 7.900 kr.
Verð: 9.900 kr.
CMX118
VEKJARAKLUKKA
Verð: 4.990,-
SCOTT
FRÁBÆR FERÐATÆKI
Verð frá: 10.900,-
OLYMPUS MJU TOUGH 3000
· 12 milljón pixlar · 3,6 x aðdraáttur
· Linsa 28-102mm · Skjár LCD (Hyper Crystal III)
· 19 handhægar tökustillingar
· Höggheld 1,5m · Vatnsheld 3m dýpi · Frostþolin 10°
· Face Detection· Videoupptaka með hljóði
· Hristivörn · Macro stilling · Notar SD og SDHC minniskort · 1GB innra minni · Lithium hleðslurafhlaða
Verð: 29.900 kr.
Verbatim VE47512
FÍNN FLAKKARI
· 1TB geymsluminni · USB 2
· Nero backup hugbúnaður fylgir
TILBOÐ: 15.900 kr.
Verð: 18.900 kr.
Verbatim VE47540
SJÓNVARPSFLAKKARI MEÐ UPPTÖKU · 1TB
Verð: 39.900 kr.
Skullcandy
Mikið úrval af heyrnatólum
Verð frá: 3.990,-
DMTECH LW19LE-HD/B
SJÓNVARP +DVD spilari
19" LCD-SJÓNVARP
með innbyggðum DVD spilara og DVB-T móttakara · FULL HD 1920x1080
TILBOÐ: 59.900 kr.
Verð: 69.900 kr.
SHARP
LED SJÓNVÖRP
HÁSKERPU UPPLAUSN 1920 x 1080 100 Hz
FRAMÚRSKARANDI MYND- OG HLJÓMGÆÐI
• 32" kr. 149.900,-
• 37" kr. 199.900,-
• 42" kr. 259.900,-
SHARP XL-UH1H
HLJÓMTÆKJASTÆÐA
Geislaspilari · Spilar MP3, CD-R/RW · Magnari: 2x10 W RMS · AM/FM útvarp/RDS/40 stöðva minni · Vekjaraklukka · USB tengi
Verð: 28.990,-
SHARP XL-DH320
FRÁBÆR HLJÓMTÆKJASTÆÐA
i-Pod vagga
Magnari: 2x50 W RMS · AM/FM útvarp
TILBOÐ: 45.900,-
SHARP XL-HF100H
MJÖG FLOTT STÆÐA
Geislaspilari · Spilar MP3, CD-R/RW · Magnari: 2x50 W RMS USB afspilun · AM/FM útvarp
Verð frá: 54.990,-
SAMSUNG R530-JA06SE
VÖNDUÐ FARTÖLVA Á MJÖG FÍNU VERÐI
15,6" LED glossy · 1366 x 768 · Celeron T3300 · Intel GMA 4500 dual core · Vinnslum: 2GB · Harð: 250GB · DVD-RW · Windows 7 Home
Verð: 89.900,-
SAMSUNG ML-1660
LIPUR OG GÓÐUR LASER-PRENTARI
TILBOÐ: 15.900 kr.
Verð: 23.900 kr.
hama
FARTÖLVUTÖSKUR
Mikið úrval af fartölvutöskum fyrir flestar stærðir fartölva.
Verð frá: 3.990,-
Pioneer DCS-202K
5.1 rása með DVD spilara · HDMI útgangur gefur stafrænt hljóð og mynd alla leið · Spilar alla DVD og CD diska, MP3, WMA, JPEG og DivX ·USB tengi til að spila tónlist og sýna ljósmyndir af hörðum diskum, minniskubbum, MP3 spilurum o.fl. · Styður Dolby Digital, DTS, Pro Logic og Pro Logic II surround-kerfi · Karaoke möguleiki · FM útvarp með RDS
HEIMABÍÓKERFI
með öllu - þau gerast ekki betri!
Verð kr. 69.900,-
SAMSUNG FX-2490
24" LED SJÓNVARP
HD Háskerpa: 1920 x 1080 p · Skerpa dynamic: 5.000.000:1 · Mynd í mynd (1 tuner ) · Afspilun úr USB; bíómyndir, ljósmyndir, tónlist · Tengi: HDMI, CI slot, Comp, Scart, VGA
Verð: 89.900,-
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
KVIKA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvaða ferski andblær fylgdi Bezta flokknum við gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar?

## Leiðinlegt

Bezti flokkurinn komst til valda í borgarstjórn Reykjavíkur af því að fólk var orðið þreytt á gömlu pólitíkusunum. Bezti flokkurinn lofaði því að það yrði skemmtilegra að búa í Reykjavík og framan af, að minnsta kosti eitthvað fram eftir sumri, leit út fyrir að flokkurinn nálgaðist ýmis viðfangsefni með nýjum og hressilegum hætti.

Það var áður en kom að stóra viðfangsefninu, sem var að fást við fjármál borgarinnar. Þá kom í ljós að Bezti flokkurinn og Samfylkingin áttu ekki fyrir mörgum af skemmtilegu loforðunum.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

„Ég vildi óska þess að hún væri skemmtilegri, að við gætum boðið öllum borgarbúum ókeypis í strætó og ókeypis í sund og ókeypis handklæði. Kannski náum við að gera það næst. Það væri gaman," sagði Jón Gnarr borgarstjóri þegar hann mælti fyrir fjárhagsáætluninni í fyrradag. Og gaf svo í skyn að það hefði bæði verið erfitt og leiðinlegt að ná saman þessari fjárhagsáætlun.

Staðreyndin er sú að við gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar örlaði ekki á nýrri hugsun eða vinnubrögðum. Þetta var gert með gamla laginu; gatinu lokað með því að hækka skattana og gjaldskrár borgarinnar.

Sú leið er alltaf auðveldari fyrir stjórnmálamennina en að skera niður kostnað. Þá þarf að segja upp fleira fólki. Þá rísa upp sérhagsmunahópar, sem missa spón úr aski sínum. Það er svo miklu þægilegra að dreifa skaðanum á sem flesta, þannig að hagsmunirnir séu ekki eins afmarkaðir og engir augljósir talsmenn, sem geta farið að berja á pólitíkusunum. Þetta er þekkt leið, margreynd og henni fylgir enginn ferskur andblær hressleika.

Niðurskurðurinn krefst hins vegar pólitísks hugrekkis og sömuleiðis frumleika og útsjónarsemi. Það getur þurft að breyta því hvernig hlutirnir hafa lengst af verið gerðir. Ekkert af þessu virðist Bezti flokkurinn hafa átt til hjá sér. Í reynsluleysi sínu og hugmyndaleysi virðist hann bara hafa afhent embættismönnum borgarinnar og samstarfsfólkinu í Samfylkingunni stjórnvölinn og leyft þeim að ráða ferðinni við gerð fjárhagsáætlunarinnar.

Embættismenn vilja aldrei skera niður kostnað; það eru ekki þeirra hagsmunir. Og það hefði auðvitað ekki litið vel út fyrir Samfylkinguna í ríkisstjórn ef það hefði komið í ljós að í borgarstjórn væri áfram hægt að lækka kostnað í opinberum rekstri og komast hjá því að hækka skatta.

Skatta- og gjaldahækkanir Bezta flokksins og Samfylkingarinnar koma verst niður á barnafjölskyldum í borginni. Hér í Fréttablaðinu var á dögunum tekið dæmi af fimm manna fjölskyldu með meðaltekjur, tvö börn í leikskóla og það þriðja í skóla. Skatta- og gjaldahækkanir borgarinnar kosta þessa fjölskyldu tæplega 150.000 krónur á ári og til að eiga fyrir þeim útgjaldaauka getur þurft hálfs mánaðar aukavinnu – ef hún er þá í boði.

Ætli fólkinu sem þannig er ástatt um þyki skemmtilegt að borga meira? Eða ætli því finnist bara frekar leiðinlegt að borgarstjórnarmeirihlutinn sé ekki betur starfi sínu vaxinn en raun ber vitni?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

SKEMMTILEG TRÖLLASAGA
fyrir börn og foreldra




Sagan er góð og fróðleg. Lýsingarnar á Grýlu eru afar skemmtilegar, hún verður ljóslifandi í lýsingum Steinars og ekki skemma myndir Brians fyrir.

★★★★

Birta Björnsdóttir Mbl.
14.12

FOSSATÚN

SÍMI 433 5800 WWW.FOSSATUN.IS

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fagurt

Heiti lagafrumvarpa og þingsályktunartillagna eru yfirleitt heldur þurr og leiðinleg. Dæmi: Reglur um verkferla og hæfnismat við opinberar embættisveitingar, Olíu- og gasrannsóknir á landgrunni Íslands undan Norðausturlandi, og Ákvörðun nr. 17/2009 um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn. Snöggtum fallegri eru heiti tillagnanna Staðgöngumæðrun og Þríhnjúkagígur en fegurðarverðlaunin þetta árið fær Guðmundur Steingrímsson fyrir klukkutillöguna sína. Hún heitir „Þingsályktunartillaga um seinkun klukkunnar og bjartari morgna" og er fegurðin ein.



### Ha?

Eygló Harðardóttir Framsóknarflokki skrifaði nýlega grein í Fréttablaðið um ágæti frjálsra félagasamtaka og mikilvægi þess að skattleggja þau ekki um of. Í greininni nefndi hún dæmi um félagsamtök, „sem snerta líf okkar allra". Meðal slíkra samtaka er, að sögn Eyglóar, Kvenfélagasamband Íslands. Hér verður ekki gert lítið úr starfsemi þess en er ekki full djúpt í árinni tekið að segja Kvenfélagasambandið „snerta líf okkar allra"?



### I told you so

Óráðsían sem viðgekkst árum saman í Menntaskólanum Hraðbraut er „í besta falli óheppileg" að mati Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, sem var menntamálaráðherra nær allan tímann sem ósköpin gengu á. Hún segir málið hins vegar ekki mega verða til þess að vinstri menn segi „I told you so". Þá hlýtur að mega spyrja: Af hverju ekki? Hafi einhverjir varað við rekstrarforminu, mega þeir þá ekki benda á að þeir höfðu rétt fyrir sér? **bjorn@frettabladid.is stigur@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Nærþjónustan og velferðin

Velferðarkerfið



Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri BSRB

Fjárhagsáætlanagerð stendur nú yfir hjá sveitarfélögum landsins. Þar á bæ, líkt og annars staðar, býður fjárhagsleg staða ekki upp á annað en aðhaldssemi og sparsemi. Það skiptir hins vegar öllu máli hvar er sparað þegar kemur að þjónustu sveitarfélaga.

BSRB hefur undanfarið brýnt þingmenn til að minnast þess fjöreggs sem þeir hafa í höndum sér; velferðarkerfis þjóðarinnar. Sú brýning á engu að síður erindi til sveitarstjórnarmanna. Þeir bera jafn mikla ábyrgð á því að ekki sé höggvið að rótum þess velferðarkerfis sem íslensk þjóð hefur byggt upp síðustu áratugi, oftar en ekki við kröpp kjör.

> Krafan er hins vegar skýr: Verjum velferðina. Þetta þurfa allir sveitarstjórnarfulltrúar að hafa í huga.

Ákvarðanir kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnum hafa áhrif á þá þjónustu sem börn og fjölskyldur viðkomandi sveitarfélags treysta á. Nærþjónustan er ysti hringur velferðarkerfisins. Börn eiga að njóta þess að lifa áhyggjulausu lífi, stunda sínar tómstundir og geta treyst á það öryggisnet sem nærþjónustan er þeim, óháð efnahag foreldranna. Velferð barna og fjölskyldna hvílir því á herðum kjörinna fulltrúa sveitarstjórna.

Sveitarfélög eru mislangt á veg komin með sínar fjárhagsáætlanir og til að mynda samþykkti Reykjavíkurborg sína á þriðjudag. Sé hún skoðuð má sjá að útgjöld til menntasviðs og íþrótta- og tómstundasviðs dragast saman. Þjónusta þessara sviða er sú sem stendur næst börnum borgarinnar. Á sama tíma láta stjórnendur borgarinnar undir hælinn leggjast að nýta sér að fullu heimild til hækkunar útsvars. BSRB telur að velferðarkefið eigi að greiða úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Útsvarstekjur eru hluti þeirra sjóða og þjónusta við börn er hluti velferðarkerfisins.

Enginn þarf að velkjast í vafa um þörf á samdrætti útgjalda. Það er enginn að stinga hausnum í sandinn og heimta allt fyrir alla. Krafan er hins vegar skýr: Verjum velferðina. Þetta þurfa allir sveitarstjórnarfulltrúar að hafa í huga, þeir sem hafa samþykkt áætlanir, en ekki síst hinir sem eiga það eftir.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Bréfberinn og skáldið

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
Prófessor

Pablo Neruda elskaði lífið. Sumir segja, að hann hafi dáið úr sorg.

Hann fæddist í Síle 1904, hóf snemma að yrkja kvæði og flæktist um heiminn, fór víða, því að í huga hans var lífið samfelld leit að ævintýrum eins og hann lýsir vel í viðburðaríkri sjálfsævisögu sinni (Memoirs, 1974). Hann var um skeið konsúll í Búrmu, Seylon og Austur-Indíum, löndin heita nú Mjanmar, Sri Lanka og Indónesía, og hann varð með tímanum eitt dáðasta ljóðskáld heimsins. Hann var sæmdur Nóbelsverðlaunum 1971, tveim árum fyrir andlátið. Ástarkvæði hans eru mikil að vöxtum, þar á meðal eru ástarkvæðin til ættjarðarinnar, en auk þeirra orti hann um næstum allt, sem heiti hefur, jafnvel sokkana sína. Tungan lék í höndum hans: þegar við tölum um líf og dauða, talaði hann um líf og gröf. Hann orti um sofandi hendur og um úrið, sem brytjaði tímann. Hann orti ekki um fúin fiskinet, heldur sorgum vafin veiðarfæri. Heildarútgáfa á kvæðum hans spannar 3.500 síður, og fáein þeirra eru til í íslenzkri þýðingu. Til dæmis hefur Guðrún H. Tulinius menntaskólakennari þýtt tvö verk eftir Neruda, Tuttugu ljóð um ást og einn örvæntingarsöngur (2001) og Hæðir Machu Picchu (2005). Kvæði hans hafa verið þýdd á mörg tungumál, trúlega langt umfram flest önnur ljóðskáld. Tónskáld semja sönglög við ljóðin hans. Hér má nefna frábæran lagaflokk eftir bandaríska tónskáldið Peter Lieberson við fimm ástarkvæði eftir Neruda. Eiginkona tónskáldsins, Lorraine Hunt Lieberson, söng lögin inn á disk (Neruda Songs, 2006) með miklum brag undir stjórn James Levine, aðalhljómsveitarstjóra Metropolitanóperunnar í New York og sinfóníuhljómsveitarinnar í Boston.

> Forsetinn svipti sig lífi frekar en að falla í hendur hersins, og Neruda dó tólf dögum síðar, bugaður af sorg.

### Útlegð á Ítalíu

Um Pablo Neruda hafa verið skrifaðar skáldsögur. Þeirra þekktust er sagan, sem síðar var gerð að ítölsku kvikmyndinni Bréfberinn (Il postino, 1994). Myndin segir frá útlegð skáldsins á eynni Kaprí utan við Napólí 1952. Síleski kommúnistaflokkurinn, sem hann sat á þingi fyrir, hafði verið bannaður með lögum 1948, svo að Neruda neyddist til að flýja land árið eftir. Hann komst við illan leik á hestbaki yfir ísi lögð landamærin til Argentínu og þaðan áfram til Evrópu. Bréfberinn, sem færir útlagaskáldinu póst með reglulegu millibili, reynist sjálfur vera skáld og skerpir skáldgáfuna á fundum sínum með Neruda. Hann dreymir um að vinna hylli stúlkunnar, sem hann elskar, með því að yrkja til hennar. Þetta tókst, en þó ekki betur en svo, að Massimo Troisi, leikarinn og skáldið, sem fór með hlutverk bréfberans og uppskar heimsfrægð, dó aðeins rösklega fertugur að aldri tólf klukkustundum eftir að tökum myndarinnar lauk. Hann hafði frestað hjartaaðgerð til að tefja ekki tökurnar. Myndin var útnefnd til Óskarsverðlauna sem bezta mynd ársins 1995, en hún laut í lægra haldi fyrir Braveheart með Mel Gibson.

Myndin um bréfberann og skáldið lifir. Óperuhúsið í Los Angeles fékk mexíkóska tónskáldið Daniel Catan til að semja óperu eftir myndinni. Óperan var frumflutt nú í haust þar vestra með Placido Domingo í hlutverki Pablos Neruda. Verkið mælist vel fyrir og verður sýnt í París og Vín á nýju ári. Sagt er, að óperugestirnir hafi margir gengið syngjandi út úr salnum að lokinni sýningu. Þetta var 132. sviðshlutverk Domingos á löngum og glæsilegum ferli. Domingo er nú 69 ára eins og Neruda var, þegar hann féll frá.

### Skáldskapur og stjórnmál

Neruda tók sér stöðu með kommúnistum gegn þeim, sem héldu Síle í sárri fátækt. Stjórnvöld voru öll á bandi landeigenda. Fátækt almennings lýsti sér í því, að 1960 gátu nýfædd börn vænzt þess að ná 57 ára aldri í Síle borið saman við 70 ár í Bandaríkjunum og 71 ár hér heima. Marxistinn Salvador Allende vann sigur í forsetakosningum 1970. Þrem árum síðar gerði herinn loftárás á forsetahöllina. Forsetinn svipti sig lífi frekar en að falla í hendur hersins, og Neruda dó tólf dögum síðar, bugaður af sorg. Herinn var síðan við völd í 15 ár undir stjórn Augustos Pinochet hershöfðingja. Hann reyndist ekki aðeins vera mannréttindabrjótur og morðingi, heldur einnig mútuþegi og þjófur. Slíkum mönnum ber að óska langlífis, svo að þeir megi heyra dóm sögunnar. Pinochet varð nógu gamall til að fá að heyra sannleikann um sjálfan sig í sjónvarpinu innan lands og utan. Nýfædd börn í Síle geta nú vænzt þess að lifa lengur (79 ár) en bandarísk börn (78). Neruda getur tekið gleði sína aftur.

## AF NETINU

### Hraðbraut



Umfjöllunin um málefni Hraðbrautar staðfesta bara það sem ýmsa innan opinberra skóla grunaði, eða töldu sig vita, fyrir margt löngu. Ég fékk ábendingu sem fréttastjóri fyrir nokkrum árum um að þarna væri eitthvað undarlegt í gangi en einhverra hluta vegna leiddi það ekki til fréttaskrifa. Kannski vegna þess að fámennir fjölmiðlar þar sem vinnuálag er mikið missa oft af góðum fréttum þó þeir viti af þeim. Vitneskjan var alla vega til staðar fyrir löngu síðan. En mér var sagt að um þetta þýddi ekkert að ræða við menntamálaráðuneytið. Það passaði ekki inni í heimsmyndina að benda á að fyrirmyndarskóli þeirra sem vilja einkarekstur í mennta- og heilbrigðiskerfinu væri með allt niðrum sig.
Svo fáum við fréttir eins og þær sem fluttar hafa verið undanfarnar vikur. Og sýna hversu galið þetta var.

Miðjan.is

**Brynjólfur Þór Guðmundsson**

### Þingheimur hló



Jóhanna Sigurðardóttir sagði á þingi áðan að réttast sé að hæla ríkisstjórninni og stjórnarflokkunum fyrir hvernig staðið hefur verið að fjárlagavinnunni.
Þingheimur hló.

Miðjan.is

**Sigurjón M. Egilsson**


# ÞÓRSMÖRK

parka

**Þórsmörk parka úlpurnar eru komnar í allar verslanir 66°NORÐUR.**

- 70/30 gæsadúnfylling.
- Þolir frost niður í – 25°C.
- Þvottabjarnaskinn á hettu sem hægt er að smella af.
- Þrenging um snúrugöng í mitti og faldi.
- 5.000 mm vatnsheldni.
- Tveggja sleða rennilás að framan með ytri stormlista.

**Verð: 69.800 kr**



66° NORÐUR

markhonnun.is

netto
gleðjumst saman um jólin

# Meiriháttar tilboð á bókum!




33% afsláttur

**ÉG MAN ÞIG**
Yrsa Sigurðardóttir
**3.946kr**
áður 5.890 kr




35% afsláttur

**GUÐRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR**
Halla Gunnarsdóttir
**4.219kr**
áður 6.490 kr




35% afsláttur

**STELPUR**
Kristín og Þóra Tómasdætur
**3.244kr**
áður 4.990 kr




39% afsláttur

**ÁRNI MATT**
Þórhallur Jósepsson
**3.959kr**
áður 6.490 kr




35% afsláttur

**HRINGNUM LOKAÐ**
Michael Ridpath
**3.699kr**
áður 5.690 kr




40% afsláttur

**MAÐURINN SEM VAR EKKI...**
Hjorth Rosenfeldt
**3.408kr**
áður 5.680 kr




35% afsláttur

**NÝJA DRAUMARÁÐNINGABÓKIN**
Símon Jón Jóhannsson
**4.219kr**
áður 6.490 kr




40% afsláttur

**AÞENA**
Margrét Örólfsdóttir
**2.388kr**
áður 3.980 kr

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær




**GJAFAKORT NETTÓ**
GÓÐ GJÖF FYRIR ALLA




40% afsláttur

**ÞAÐ SEM MÁLI SKIPTIR**
Pétur Guðjónsson
**1.794kr**
áður 2.990 kr




40% afsláttur

**BÓKIN UM HAMINGJUNA**
Pétur Guðjónsson
**1.794kr**
áður 2.990 kr




40% afsláttur

**ÁFRAM AFRÍKA**
Páll Stefánsson
**4.794kr**
áður 7.990 kr




35% afsláttur

**SNJÓBLINDA**
Ragnar Jónasson
**3.699kr**
áður 5.690 kr




38% afsláttur

**FYRIRGEFNING**
Lilja Sigurðardóttir
**3.522kr**
áður 5.680 kr




37% afsláttur

**ÞAÐ REDDAST**
Inga Rósa Þórðardóttir
**3.767kr**
áður 5.980 kr




37% afsláttur

**HVER ER ÉG?**
Gunnlaugur Guðmundsson
**4.404kr**
áður 6.990 kr




40% afsláttur

**STELPUROKK**
Bryndís Jóna Magnúsdóttir
**2.394kr**
áður 3.990 kr




30% afsláttur

**JÓNÍNA BEN**
Sölvi Tryggvason
**2.786kr**
áður 3.980 kr




30% afsláttur

**STORMURINN**
Björgvin G. Sigurðsson
**2.786kr**
áður 3.980 kr




37% afsláttur

**ÚTKALL**
**PABBI, HREYFLARNIR LOGA**
Óttar Sveinsson
**3.774kr**
áður 5.990 kr

Birt með fyrirvara um prentvillur

GILDIR **16. – 19.** DESEMBER

# Átta hugmyndir um að efla norrænt samstarf

Norðurlönd

Svavar Gestsson

fyrrv. þingmaður, ráðherra og sendiherra



Síðasta þing Norðurlandaráðs, sem haldið var í Reykjavík, var merkilegt fyrir margra hluta sakir. Umræðan á þinginu var málefnaleg og fjölmiðlar sáu ástæðu til að fjalla um annað en pappírshauga og móttökur. Eitt af því sem kom til umræðu var sú ákvörðun dönsku stjórnarinnar að vísa úr landi fólki frá öðrum Norðurlöndum sem þarf félagslega aðstoð enda hafi viðkomandi búið í Danmörku skemur en þrjú ár. Ekkert annað ríki á Norðurlöndunum framkvæmir norræna félagsmálasáttmálann með þessum hætti. Það er með öðrum orðum ekkert í norrænum sáttmálum sem bannar ríkjunum að framkvæma þennan sáttmála öðru vísi en Danir gera. Þetta er spurning um pólitískan vilja.

**Pólitískara samstarf**

Umræðan um brottvísun fólks frá Danmörku kallar á aðra umræðu, þá, hvort á að gera norræna samstarfið pólitískara en það er. Hversu langt á að ganga í norrænu samstarfi? Það fer ekki fram hjá neinum að norrænt samstarf er sumpart stirt og þungt í vöfum, breytingar taka langan tíma og það þarf greinilega að hrista upp í norrænu samstarfi.

Á að gera norrænt samstarf pólitískara en það er? Einn af leiðtogum Norðmanna í Norðurlandaráði, Dagfinn Hoybråten, hefur sett fram þá hugmynd en hún er enn ekki útfærð heldur er hún til umræðu. Í þeirri umræðu finnst mér að það mætti skoða eftirfarandi þætti:

1. Að auka samstarf og jafnvel stuðla að samruna ráðherranefndanna og þingmannastarfsins. Venjan er sú í norrænu samstarfi að þingmennirnir eiga að mynda eins konar stjórnarandstöðu við ríkisstjórnirnar. Þetta er oft hrein gervistjórnarandstaða vegna þess að oft eru þingmennirnir líka stuðningsmenn ríkisstjórna í landi sínu. Auðvitað!

2. Á hluti af starfsliði ráðherranefndanna í dag að flytjast til landanna, vitaskuld þannig að kostnaðurinn yrði áfram borinn uppi af sameiginlegum sjóðum. En tilgangurinn væri meðal annars sá að færa verkefni Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndanna nær þjóðunum.

3. Öll Norðurlöndin eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Á að stofna sameiginlega Evrópunefnd á vettvangi norræns samstarfs sem sinnir aðlögun Evrópureglna að norrænum reglum þannig að ekki verði til gjár misskilnings og togstreitu að óþörfu við framkvæmd reglnanna? Karin Elleman Jensen hefur sett fram þessa hugmynd en hún er samstarfsráðherra Dana.

> Það fer ekki fram hjá neinum að norrænt samstarf er sumpart stirt og þungt í vöfum, breytingar taka langan tíma og það þarf greinilega að hrista upp í norrænu samstarfi.

4. Sjálfsagt er að auka norrænt samstarf í öryggis- og varnarmálum. Ekki aðeins á milli landanna á norrænu landsvæði heldur við verkefni á alþjóðlegum vettvangi.

5. Hið sama er að segja um samstarf Norðurlandanna við verkefni í þróunarlöndunum. Þar er mikið verk að vinna sem gæti skilað öllum, ekki síst þeim sem taka við aðstoð, mikilvægum ávinningi.

6. Á að stofna samstarfsnefnd á vettvangi Norðurlandaráðs sem hefur formlega yfirsýn yfir norrænt samstarf á alþjóðavettvangi eins og hjá Sameinuðu þjóðunum, Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, Alþjóðavinnumálastofnuninni, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Alþjóðaviðskiptastofnuninni svo nokkuð sé nefnt?

7. Á að opna fyrir aðild norrænu félaganna að hinu formlega opinbera norræna samstarfi með beinum hætti? Norrænu félögin eru veik, félagsmenn eru fáir. Það þarf að efla félögin. Hér er nefnd hugmynd sem gæti hleypt lífi í þau.

8. Skipulega hefur verið unnið að því á undanförnum árum að rífa niður landamærahindranir milli Norðurlandanna. En sú starfsemi hefur eingöngu beinst að hinu opinbera. Hvað með fyrirtækin? A) Símafyrirtækin þar sem hvert land hefur sitt landsnúmer? B) Hvað með bankana sem tekur þrjá sólarhringa að millifæra fjármuni fólks sem þarf á yfirfærslum að halda? C) Hvað með bílasölur og bílaskráningar? D) Hvað með fasteignaskipti? Þúsundir Dana vinna á Skáni en búa í Danmörku. Þetta fólk þarf að klífa himinbjörg af eyðublöðum við koma sér fyrir. E) Og loks: Hvað með ríkin sjálf eins og í ákvörðunum um óbeina skatta?

Hér hafa verið settar fram átta hugmyndir til að hrista upp í norrænu samstarfi til að gera það skilvirkara gagnvart fólkinu. En líka til að gera Norðurlönd sterkari í heiminum – enn sterkri en þau eru í dag.

### AF NETINU

**Sjálfstæði þjóðar**

Svo kom stríð og við ákváðum að verða sjálfstæð, en næstum því daginn eftir báðum við guð að hjálpa okkur eða réttara sagt guðs útvöldu þjóð, BNA. Þeir komu í hvelli með sitt „varnarlið“ og við einbeittum okkur að fjölbreytni tegunda í spillingu og einokun, eins og hermangi fyrir verktaka og innflytjendur og verðbólgu fyrir útgerð og útflytjendur og Sambandinu fyrir Framsókn.

Menn töluðu mikið um sjálfstæðisbaráttu, rugluðu henni saman við fullveldisbaráttu, höfðu uppi alls kyns fullyrðingar um frábæra eiginleika þjóðar okkar sem risu hæst fyrir 700 árum, með stórkostlegri sagnaritun, sem eiginlega bara einn maður hefur getað leikið eftir síðan, og svo voru það rímurnar sem enginn kann lengur að meta, ekki einu sinni við.

Það verður þó ekki af okkur skafið að drukkin af fornri frægð sagna og rímna gefum við enn út fleiri bækur hlutfallslega en nokkur önnur þjóð, nema ef vera skyldu Færeyingar.

Þjóð undir „hervernd“ annars þjóðríkis er auðvitað bara sjálfstæð á öðru glasi, ekki í alvörunni.

Sannleikurinn er að við urðum fyrst sjálfstæð í október 2006 þegar „herinn“ fór. En við urðum meira en sjálfstæð, við urðum heimilislaus, vegalaus vissum ekki hvaðan við komum né hvert við ætluðum. Tveimur árum seinna höfðum við sett alla okkar banka á kyrfilega á hausinn og sönnuðum með eftirminnilegri hætti en þekktist áður að við kunnum alls ekki að standa á eigin fótum, nema með utanaðkomandi stuðningi.

Herdubreid.is

Stefán Benediktsson



# AFGREIÐSLUTÍMI UM HÁTÍÐARNAR

## Vínbúðirnar á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, í Reykjanesbæ og á Selfossi.

| | | |
|---|---|---|
| Mánudagur | 20. des. | kl. 11.00 - 18.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 20.00 |
| Þriðjudagur | 21. des. | kl. 11.00 - 18.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 20.00 |
| Miðvikudagur | 22. des. | kl. 11.00 - 20.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 20.00 |
| Fimmtudagur | 23. des. | kl. 11.00 - 22.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 22.00 |
| Föstudagur | 24. des. | kl. 10.00 - 13.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 13.00 |
| Laugardagur | 25. des. | Lokað |

| | | |
|---|---|---|
| Mánudagur | 27. des. | kl. 11.00 - 18.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 20.00 |
| Þriðjudagur | 28. des. | kl. 11.00 - 18.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 20.00 |
| Miðvikudagur | 29. des. | kl. 11.00 - 18.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 20.00 |
| Fimmtudagur | 30. des. | kl. 11.00 - 20.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 20.00 |
| Föstudagur | 31. des. | kl. 10.00 - 13.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 13.00 |
| Laugardagur | 1. jan. | Lokað |

Nánari upplýsingar um afgreiðslutíma er að finna á **vinbudin.is**

VÍNBÚÐIN

# Sex fjárfestingarboðorð fyrir lífeyrissjóði

Lífeyrissjóðir

Hans Guttormur Þormar
framkvæmdastjóri



Á Íslandi er skylduaðild að lífeyrissjóðum. Þegar stjórnarmenn í lífeyrissjóðum segjast standa vörð um hagsmuni sjóðfélaga sinna eru þeir í raun og veru að segja að þeir séu að gæta að hagsmunum íslensku þjóðarinnar.

**Ábyrgð, völd og fjárfestingarstefna**

Þær eignir sem íslenska þjóðin á í lífeyrissjóðunum eru af stærðargráðunni 1.500 til 2.000 milljarðar, allt eftir því hvernig eignir þeirra eru metnar. Þessu fjármagni fylgir bæði ábyrgð og völd. Þrátt fyrir að lífeyrissjóðakerfið hafi tapað miklu við fall bankanna hefur lítið farið fyrir því að forsvarsmenn stærstu lífeyrissjóðanna láti völdin í hendur annarra, hvað þá að þeir ætli sér að taka upp öðruvísi fjárfestingarstefnu.

Þar sem ég er einn af eigendum þessara sjóða vil ég hafa eitthvað um það að segja í hverju er fjárfest og í hverju er ekki fjárfest. Það er nefnilega ekki nægjanlegt að hugsa þröngsýna skammtímahugsun um arðvænlegar fjárfestingar heldur þarf líka að hugsa fjárfestingar til framtíðar með hagsæld og eðlilega uppbyggingu íslensks samfélags í huga. Þjóðin er enda eigandi þessara lífeyrissjóða sem eru langáhrifamestu fjárfestingaraðilarnir á Íslandi. Völd okkar til að segja til um hvernig hagkerfið á að byggjast upp og hvernig upplýsingastreymi fyrirtækja á að vera liggja meðal annars í þessu fjármagni.

Hér fyrir neðan eru nokkrar einfaldar leikreglur fyrir þá sem sjá um fjárfestingar fyrir lífeyrissjóði. Þeir sem halda því fram að ekki sé hægt að framfylgja þessum reglum vilja í raun og veru viðhalda því bóluhagkerfi, væntingagróða og sjálftökukapítalisma sem tröllriðið hefur heiminum síðustu áratugi. Þeir ganga þá erinda annarra fjárfesta en ekki íslensku þjóðarinnar. Því verður að linna.

> Þær eignir sem íslenska þjóðin á í lífeyrissjóðunum eru af stærðargráðunni 1.500 til 2.000 milljarðar, allt eftir því hvernig eignir þeirra eru metnar. Þessu fjármagni fylgir bæði ábyrgð og völd.

1. Ef lífeyrissjóður fjárfestir í fyrirtæki ber honum að tilkynna það opinberlega. Lífeyrissjóðurinn er þá jafnframt búinn að gefa út það vottorð að þetta fyrirtæki sé í eðlilegum rekstri á sínu sviði og öll uppbygging þess, framtíðarmarkmið og skipulag sé eins gott og kostur er. Eftirlit með því að þessu sé fylgt eftir til framtíðar er á ábyrgð stjórnarmanna frá lífeyrissjóðunum. Með þessu ákvæði þrýstir fjármagnið á að rekstur fyrirtækja sé á faglegum grunni reistur og það sé eftirsóknarvert fyrir hvert fyrirtæki að fá þessa fjárfestingu inn í félagið. Jafnframt þrýstir það á stjórnarmenn lífeyrissjóðanna að standa faglega að öllum fjárfestingum.

2. Ekki er fjárfest í fyrirtækjum sem eru að einhverju leyti í eigu skúffufyrirtækja, óþekktra erlendra/innlendra aðila eða með öðrum hætti þannig að eignarhald sé ógegnsætt. Ekki er fjárfest í fyrirtækjum sem nota pappírsfyrirtæki um heim allan til að koma hagnaði undan skatti (t.d. þó varan berist beint frá A til Ö en greiðslan frá A gegnum allt stafrófið til Ö). Fjárfesting ofangreindra aðila í þessum fyrirtækjum í framtíðinni er einnig bönnuð. Með þessu tryggir fjármagn lífeyrissjóðanna það að enginn möguleiki sé á að tengdir hagsmunaaðilar geti bakstýrt eða mokað peningum út úr fyrirtækjunum í formi þjónustugjalda, fyrirgreiðslna eða annarra fjármagnsaðgerða. Fjárfestingar eru gerðar vegna þess að fyrirtækið er í eðlilegum rekstri og eðlilega fjármagnað. Þetta eru miklu strangari fjárfestingarkröfur til fyrirtækja en kauphallir hafa gert, en gæti í framtíðinni orðið til þess að kauphallir yrðu að gera þessar sömu kröfur. Sérstaklega ef samvinna næðist við lífeyrissjóði annarra landa um svipaðar reglur.

3. Ekki er fjárfest í fyrirtækjum sem framleiða efni eða áhöld sem skaðað geta náttúruna, þ.m.t. lífverur (eiturefni, stríðstól o.s.frv.). Með þessu tekur fjármagnið að sér að þrýsta á um aukna samfélagsábyrgð fyrirtækja.

4. Ekki er fjárfest í fyrirtækum á Íslandi sem koma sér undan skattgreiðslum með því að greiða afborganir lána til tengdra aðila/eigenda (t.d. móðurfélaga) erlendis. Með þessu er þrýst á að fyrirtæki greiði sína skatta og skyldur í því landi sem þau starfa. (Ath.: Þetta getur verið mjög erfitt að meta.)

5. Lífeyrissjóðir skulu á hverjum tíma nota ákveðna prósentu af sínu fjármagni til að fjárfesta í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum auk óskráðra félaga svo lengi sem þau uppfylla ofangreindar kröfur. Með þessu tryggir fjármagnið aukna fjölbreytni í hagkerfinu og fjölda nýrra starfa og framgang hugmynda og nýjunga.

6. Lífeyrissjóðir skulu aðstoða við fjármögnun og rekstur elli- og hjúkrunarheimila eftir því sem þörf er á. Með þessu tryggir fjármagnið, sem við eigum, Íslendingum öllum áhyggjulaust ævikvöld.

Er það ekki málið?

## AF NETINU

### Lífshættulegar ráðningar

Sannleikurinn er sá, að til viðbótar við þær ógeðslegu pólitísku, klíku- og frændsemisráðningar, sem tíðkuðust og tíðkast hjá ríkinu allt fram á þennan dag, var það landlægt – og er kannski enn – að útiloka kandídata til starfa bæði hjá einkafyrirtækjum og hjá ríkinu. Sósíalistar fengu t.a.m. ekki vinnu hjá Varnarliðinu eða fyrirtækjum tengdum þeim – ekki einu sinni við að naglhreinsa. Þannig fékk föðurbróðir minn heitinn, dr. Ólafur Jensson, prófessor, ekki stöðu hjá ríkinu, þrátt fyrir að vera sá maður sem best var fallinn til starfa sökum menntunar og reynslu. Það var ekki fyrr en samflokksmenn hans komust að völdum, að hann naut sannmælis innan heilbrigðiskerfisins. Ég á heldur ekki von á að sjálfstæðismenn hafi átt neinn möguleika að sækja um á móti Ólafi frænda mínum. Þannig var allt gjörsamlega smitað af pólitík, jafnvel ráðningar á fólki til æðstu metorða innan heilbrigðisþjónustunnar, þar sem pólitískar ráðningar geta verið lífshættulegar í bókstaflegum skilningi þeirra orða!

blog.eyjan.is/gudbjorn

**Guðbjörn Guðbjörnsson**

### Svíar og evra

Um 58 prósent Svía hafna því í skoðanakönnun að landið fórni krónunni fyrir evru. Innan við þriðjungur Svía er hlynntur upptöku evru. Svíar höfnuðu í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2003 að taka upp evru. Aðeins einu sinni á liðnum sjö árum hafa mælingar sýnt að Svíar hafi hug á evruvæðingu.

pallvil.blog.is

**Páll Vilhjálmsson**




Tryggjum öllum börnum gleðileg jól

Taktu þátt í Pakkajólum Bylgjunnar við jólatréð í Smáralind

Gefðu eina aukagjöf um jólin og leggðu góðu málefni lið. Fjölskylduhjálp Íslands, Mæðrastyrksnefnd og Hjálparstarf kirkjunnar koma pökkunum til þeirra sem á að gleðja.

Pósturinn kemur pökkum utan af landi til skila endurgjaldslaust, þú þarft bara að fara með pakkann á næsta pósthús.

**Gefðu eina gjöf og vertu með í Pakkajólum Bylgjunnar.**

Við óskum öllum gleðilegra jóla

BYLGJAN 989

Smáralind

PÓSTURINN allur pakkinn

# JÓLAGJAFIR



FULLT VERÐ: 29.950,-

**14.950,-**

SPARIÐ 15.000

**PAUL skrifborðsstóll**
Glæsilegur skrifborðsstóll með innbyggðri gaspumpu.

FLOTT JÓLAGJÖF!



ÁÐUR: 2.495,-

**1.995,-**

20% AFSLÁTTUR

**Dömusloppar**
Efni: 100% polyester.
4 tegundir.



SETTIÐ ÁÐUR: 12.950,-

**9.950,-**

SPARIÐ 3.000

**Ferðatöskur**
Fást í 3 stærðum.
Einnig fáanlegar í stöku.

FLOTT JÓLAGJÖF!



Koddi
50 x 70 sm.
5.995,-

KRONBORG
OF DENMARK

SÆNG: 135 X 200 SM.

**16.950,-**

**KRONBORG DREAMER lúxus gæsadúnssæng**
Þyngd: 900 gr. Vandað ver úr 100% bómull.
Má þvo við 60°C. Fæst einnig extra löng og tvíbreið.
Koddi: 50 x 70 sm. **5.995,-** Sæng: 135 x 220 sm. **19.950,-**
Sæng: 200 x 220 sm. **29.950,-**

FLOTT JÓLAGJÖF!



SPARIÐ 500

ÁÐUR: 3.495,-

**2.995,-**

**ROVENA sængurverasett**
Efni: 100% gæðabómull. Tölur að neðan.
Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.

FLOTT JÓLAGJÖF!



SNJÓBUXUR FRÁ:

**4.995,-**

**KIND úlpa og snjóbuxur**
Barnastærðir:
Úlpa140 - 170 **7.995,-**
Buxur120 -170 **4.995,-**
Fullorðinsstærðir:
Úlpa S-XXL **9.995,-**
Snjóbuxur S-XXL **5.995,-**

FLOTT JÓLAGJÖF!



STÆRÐ: 160 X 220 SM.

**2.995,-**

**Velourteppi**
Mjög falleg og mjúk velourteppi með fallegri hvolpa-, hesta- eða kisumynd. Stærð: 160 x 220 sm. Efni: 100% polyester.

FULLT VERÐ: 12.995,-

**9.995,-**

SPARIÐ 3.000

**Gönguskór úr leðri**
Vandaðir og góðir gönguskór úr vatnsheldu NUBUCK leðri.
Millistífir. Tveir flottir litir.



33% AFSLÁTTUR



ÁÐUR: 1.490,-

**995,-**

**Verkfærasett**
Tilvalið fyrir heimilið, í bílinn eða í sumarbústaðinn!

FLOTT JÓLAGJÖF!



STÆRÐ: 40 X 60 SM.

**499,-**

**KRONBORG GRANDE RIB handklæði**
Flott handklæði með RIB áferð úr 100% bómull. Fáanleg í nokkrum litum. Stærðir: 40 x 60 sm. **499,-** 50 x 100 sm. **795,-** 70 x 140 sm. **1.695,-** 100 x 150 sm. **2.995,-**



NUDDKÖNGULÓ

**795,-**

**Nuddkönguló**
Sniðugt lítið nuddtæki með LED ljósi á frábæru verði!

Birt með fyrirvara um prentvillur.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

TILBOÐIN GILDA 16.12 - 18.12

# Rangfærsluruna Ragnars

Orkumál


Bergur Sigurðsson
framkvæmdastjóri þingflokks VG



Einar Ó. Þorleifsson
náttúrufræðingur




> Verkefnið í Helguvík hefur á engum tímapunkti verið raunhæft og á það hefur verið bent allan tímann.

Það er lengra mál en svo að rúmist í einni grein að fjalla um allar rangfærslurnar sem áliðnaðurinn teflir fram til þess að fegra verkefni sín og ginna samfélög til þess að kosta þau. Áróðursmaskínurnar ganga svo langt að halda því fram að ál sé á einhvern hátt jákvætt fyrirbæri í umhverfislegu tilliti. Sannleikurinn er sá að áliðnaðurinn er námuiðnaður sem veldur verulegu umhverfisálagi, eyðir regnskógum og samfélögum frumbyggja og spillir vatnalífi og vistkerfum. Hvort heldur sem álið er notað í farartæki, umbúðir eða byggingarefni er í flestum tilvikum hægt að nota vistvænni efni.

Af nógu er að taka þegar kemur að rangfærslum iðnaðarins en í þessari grein verður látið duga að rekja helstu rangfærslur Ragnars Guðmundssonar, forstjóra Norðuráls, í Fréttablaðinu 2. des.

Ragnar talar sjálfur um „ýmsar rangfærslur“ og segir þá vera á villigötum sem halda því fram að „áliðnaðurinn ógni annarri atvinnuuppbyggingu með því að taka til sína alla fáanlega orku“. Gott og vel, forstjórinn getur afneitað því. Í ársskýrslu Hitaveitu Suðurnesja hf. 2007 kemur hins vegar berlega í ljós að áliðnaðurinn ógnar annari atvinnuuppbyggingu. Þar segir að: „Mikil ásókn hefur verið í raforku til notenda sem þurfa 10-50 MW fyrir sína starfsemi. Ljóst er að ekki verður hægt að verða við óskum þessara aðila nema að litlu leyti eins og staðan er í dag þar sem undirbúningur og skipulagsvinna fyrir nýjar virkjanir er alltaf að lengjast.“ Auk þess segir að „allt þurfi að ganga upp“ til þess að Hitaveitan geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart Norðuráli. Árið 2007 gat Hitaveita Suðurnesja með öðrum orðum ekki annað „mikilli ásókn“ fjölbreytts atvinnulífs vegna skuldbindinga gagnvart álveri í Helguvík. Hér er á ferð nokkuð góður rökstuðningur fyrir því sem Ragnar kallar rangfærslu. Það væri því líkast til blómlegra atvinnulíf og minna atvinnuleysi á Suðurnesjum ef Hitaveita Suðurnesja hefði kosið að anna þessari eftirspurn í stað þess að binda sig á dauðaklafa Norðuráls.

Í beinu framhaldi heldur Ragnar því fram að næga orku sé að finna á suðvesturhorninu og talar í því sambandi um 1400 til 1500 MW. Ef marka má heimasíðu fyrirtækisins vísar hann hér til upplýsinga þar sem gengið er út frá því að virkjanir á Reykjanesi, Hellisheiði og í Þjórsá muni skila 760 MW, Norðlingaölduveita gæti aukið orku til virkjana Landsvirkjunar í Þjórsá um 80 MW, Gráuhnjúkar og Eldvörp geti skilað a.m.k. 100 MW og að í Krýsuvík séu fimm jarðhitasvæði sem hvert um sig gefi 100 MW. Margt er við þessa framsetningu að athuga og nánari skoðun sýnir að varla er til aðgengileg orka í fyrsta áfangann, hvað þá meira, eins og rakið verður hér að neðan.

Ef til Þjórsár er litið er staðreyndin sú að af 80-85 MW Búðarhálsvirkjun eru 75 MW frátekin fyrir álverið í Straumsvík. Um Urriðafossvirkjun 130 MW, Hvammsvirkjun 82 MW og Holtavirkjun 53 MW neðar í Þjórsá segir á heimasíðu Landsvirkjunar: „Ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist fyrr en fyrir liggur raforkusamningur við kaupanda sem nýtir alla vega eina virkjun af þeim þremur nýju virkjunum sem stefnt er að því að byggja í Þjórsá“. Þar að auki liggur fyrir þriggja ára stjórnarsamþykkt Landsvirkjunar um að ekki verði samið um orkusölu til nýrra álvera á Suður- eða Vesturlandi. Þessu til viðbótar má benda á að í umræðum á Alþingi um heimild til samninga um álver í Helguvík þann 17. apríl 2009, sagði þáverandi iðnaðarráðherra Össur Skarphéðinsson: „það er algjörlega klárt og kvitt að í Neðri-Þjórsá verður ekki farið vegna þessara framkvæmda.“ Í ljósi alls þessa verður ekki séð að þau 265 MW sem fást úr þessum virkjunum, verði af byggingu þeirra, fari til álvers í Helguvík.

Samkvæmt matsskýrslu fyrir litla 250 þúsund tonna álverið sem fyrst var talað um í Helguvík stóð til að HS Orka útvegaði 260 MW og Orkuveita Reykjavíkur 175 MW eða samtals 435 MW. Eins og rakið verður hér að neðan bendir ekkert til þess að það geti gengið eftir og enn síður er raunhæft að afla orku fyrir 460 þúsund tonna álverið sem Norðurál vill nú reisa.

Í frumvarpi til laga um heimild til samninga um álver í Helguvík er meðfylgandi tafla með áætluðum afhendingartíma raforku til álvers í Helguvík frá „líklegustu“ virkjunarkostum HS og OR samkvæmt upplýsingum frá HS og OR þann 17. febrúar 2009:

Ef þessir „líklegustu“ virkjanakostir eru skoðaðir kemur eftirfarandi í ljós.

1. Reykjanesvirkjun – stækkun: Orkustofnun hefur enn ekki getað mælt með stækkun Reykjanesvirkjunar og því ekki gefið leyfi.

2. Krýsuvík: Umdeilt er hversu mikla orku þar er að finna, Sigmundur Einarsson jarðfræðingur hefur til að mynda talið að hugsanlega sé þar aðeins að finna 120 MW.

3. Hverahlíðarvirkjun og Bitra: Samkvæmt nýrri fjárhagsáætlun Orkuveitu Reykjavíkur sem gerð er til 5 ára (2012-2016) verður ekki farið í nýjar virkjanaframkvæmdir.

4. Bitra, sbr. einnig lið 3: Hugmyndir um virkjun við Ölkelduháls eru mjög umdeildar og nýlega frestaði settur umhverfisráðherra, Guðbjartur Hannesson, staðfestingu á breytingu skipulagsins vegna Bitruvirkjunar vegna óljósra áhrifa á jarðhita á svæðinu.

Það ætti því að liggja ljóst fyrir, að verkefnið í Helguvík hefur á engum tímapunkti verið raunhæft og á það hefur verið bent allan tímann. Aðstandendur hafa hins vegar þráast við og brugðið á loft blekkingarmyndum hagsmunum sínum til framdráttar en gegn almannahag.

**Nýtanlegur jarðhiti á Suðvesturlandi**

| Virkjun | Skýring | (MW) |
|---|---|---|
| **Hitaveita Suðurnesja:** | | |
| Reykjanesvirkjun, 3. túrbína | Stækkun | 50 |
| Reykjanesvirkjun<br>Eldvörp/Svartsengi | 20-35 MW frá hvorri virkjun | 50 |
| Eldvörp/Svartsengi<br>Krýsuvík I a. | 20-40 MW frá hvorri virkjun | 50 |
| Eldvörp/Svartsengi<br>Krýsuvík | Orkumagn frá hvoru svæði ræðst af reynslu úr fyrri áfanga | 110 |
| **Orkuveita Reykjavíkur:** | | |
| Hverahlíð<br>Bitra | 25 MW frá hvorri virkjun | 50 |
| Hverahlíð<br>Bitra | 25 MW frá hvorri virkjun | 50 |
| Hverahlíð<br>Bitra<br>Hellisheiðarvirkjun (stækkanir) | Orkumagn frá hverju svæði ræðst af reynslu úr fyrri áfanga<br>Orkumagn frá hverju svæði | 75 |
| | Samtals | 435 MW |

# Ríkisútvarpið 80 ára: Ákall til eigenda

Ríkisútvarpið


Hjálmar Sveinsson
borgarfulltrúi og útvarpsmaður




Um daginn var fluttur þáttur á rás eitt í Ríkisútvarpinu um skáldið og prestinn Matthías Jochumsson. Ég var eitthvað að bauka heima hjá mér þegar útvarpsraddir, lágvær söngur og píanóleikur fönguðu athyglina. Úr þessu varð dýrmæt útvarpsstund því þátturinn var svo fræðandi og fallega settur saman. Svona þáttur fyllir mann fögnuði yfir því að vera til og vera hluti af íslenskri sögu. Ekki sakar að vera meðeigandi að þessari stofnun, Ríkisútvarpinu, sem fagnar nú í desember 80 ára afmæli sínu. Heiðurinn að þættinum, og fjölmörgum öðrum frábærum útvarpsþáttum, á dagskrárgerðarfólkið á rás eitt.

Þetta er rifjað hér upp til að minna á það sem er vel gert í Ríkisútvarpinu og óska því til hamingju með afmælið. Ríkisútvarpið er fjölmiðill mannúðarstefnu, húmanisma. Einmitt þannig var útvarpsþátturinn um Matthías Jochumsson og þannig var fallegi þátturinn um Reyni Pétur sem sýndur var í sjónvarpinu fyrir fáeinum dögum.

> Ríkisútvarpið er fjölmiðill mannúðarstefnu, húmanisma.

Á dögunum fékk Ríkisútvarpið viðurkenningu EBU – Sambands evrópskra útvarpsstöðva – fyrir bestu sjónvarpsfréttaumfjöllun ársins 2010. Viðurkenningin var veitt fyrir fréttaumfjöllun um eldgosið í Eyjafjallajökli og um afleiðingar fjármálahrunsins. Þessi viðurkenning vakti ekki verðskuldaða athygli hér á landi. Það breytir ekki því sem kemur fram í skoðanakönnunum aftur og aftur að Ríkisútvarpið nýtur langmestrar virðingar íslenskra fjölmiðla.

Þessi góði árangur byggir umfram allt á þeim starfsháttum sem hafa þróast á Ríkisútvarpinu í 80 ár og á kunnáttu og menntun starfsfólksins. Það þýðir ekki að Ríkisútvarpið sé hafið yfir gagnrýni. Um daginn skrifuðu á annað á annað þúsund manns nafn sitt á lista þar sem mótmælt var „skoðanakúgun undir yfirskini hlutleysis“. Margir þekktir rithöfundar fylgdu listanum úr hlaði. Tilefnið var fyrirvaralaus uppsögn pistlahöfundarins Láru Hönnu og fréttamannsins Þórhalls Jósepssonar. Inn í þetta blandaðist einnig pirringur yfir því að Ríkisútvarpið virtist lengi vel ætla algjörlega að hunsa kosningar fyrir stjórnlagaþingið og bera við hlutleysisstefnu.

Það er jafnvægislist að stjórna Ríkisútvarpinu og hefur ekki alltaf tekist vel. Það er heldur ekki von. Íslenska flokkapólitíkin lá í áratugi eins og mara yfir útvarpinu, starfsfólki þess og stjórnendum. Það var hlutskipti útvarpsstjóra að reyna að standa vörð um sjálfstæði útvarpsins. Strax í árdaga varð útvarpsráð mjög flokkspólitískt. Ráðið samþykkti í júlí 1931 að fréttamenn og útvarpsstjóri skyldu bera allar fréttir og frásagnir fyrir útvarpsráð sem kynnu að valda gremju eða hneykslun. Útvarpsstjórinn, Jónas Þorbergsson, neitaði að hlíta þessum fyrirmælum en óskaði þess í stað eftir almennum vinnureglum fyrir fréttamenn til að vinna eftir.

Síðustu stóru flokkspólitísku atlögunni að sjálfstæði útvarpsins var einnig hrundið af starfsfólki þess árið 2005. Þá neyddi þáverandi formaður útvarpsráðs útvarpsstjórann til að taka mann, sem sáralítið hafði starfað við fréttamennsku, fram yfir nokkra af reyndustu fréttamönnum landsins og skipa hann í stöðu fréttastjóra. Það snerist í höndunum á formanninum en fljótlega eftir það var ákveðið að breyta Ríkisútvarpinu í einkahlutfélag í opinberri eigu. Sú ráðstöfun er umdeild.

Útvarpsráð var lagt niður en í stað þess skipar Alþingi stjórn Ríkisútvarpsins ohf., sem virðist eingöngu hafa það hlutverk að fylgjast með rekstrinum. Í Ríkisútvarpinu ohf. hefur útvarpsstjórinn nánast alræðisvald yfir dagskránni og mannaráðningum. Það fyrirkomulag kallar á lóðrétta forstjórastjórnun en gott útvarp byggir fyrst og fremst á láréttu samráði dagskrárgerðarfólks um áherslur, áferð, efnistök og stefnu. Hættan við hina lóðréttu stjórnun er meðal annars sú að hún getur drepið niður frumkvæði starfsfólksins og um leið ánægju þess af starfinu.

Önnur hætta sem núverandi fyrirkomulag felur í sér er sú ráðstöfun að afnema afnotagjöld og hafa þess í stað nefskatt. Við það missir Ríkisútvarpið fjárhagslegt sjálfstæði. Alþingi getur tekið sér það vald að ráðskast með þennan skatt nokkurn veginn eins og það vill, jafnvel þótt í lögunum standi að skatturinn sé tekjustofn Ríkisútvarpsins. Alþingi hefur nú lífæð útvarpsins í höndum sér.

Hlutafélagavæðing útvarpsins hefur kosti og galla. Nú hlýtur að vera komið að því að ræða það opið og fordómalaust með það fyrir augum að draga úr göllunum eins og hægt er. Minna má á að við eigendur Ríkisútvarpsins erum oft tilætlunarsöm og megum líka að vera það. En okkur ber einnig skylda til að gera eitthvað fyrir afmælisbarnið. Annars veslast það bara upp.





máltíð
mánaðarins
á kfc
Gamli
góði
kjúklinga
borgarinn
899
kr.
svooogott í 30 ár™
www.kfc.is
0gr.
trans-
fita
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ • REYKJANESBÆ • SELFOSSI

# Endurskoðun verksviða í heilbrigðiskerfinu

Heilbrigðismál



Katrín Sigurðardóttir
formaður Félags geislafræðinga

Undanfarið hefur verið í umræðunni að aðrar heilbrigðisstéttir en læknar sjái um hluta þeirra verka sem eingöngu læknar hafa sinnt hingað til á Íslandi.

Fulltrúar hjúkrunarfræðinga hafa greint frá hvernig þeir sjá sína fagstétt inni í þeirri mynd og fulltrúar sjúkraþjálfara hafa bent á hvað tíðkast í öðrum löndum varðandi þeirra stétt.

Sem fulltrúi geislafræðinga vil ég koma því á framfæri að geislafræðingar í ýmsum löndum í heiminum sjá um úrlestur tiltekinna rannsókna sem hér á landi eru í höndum lækna. Einnig sjá geislafræðingar um klíníska skoðun sjúklinga sem orðið hafa fyrir minni háttar áverkum, meta hvort þurfi röntgenrannsókn, veita þá meðferð sem þarf eða vísa sjúklingum áfram til læknis ef áverkar kalla á það. Þar sem slíkt fyrirkomulag er, hafa mælingar sýnt að þjónusta við sjúklinga hefur orðið skilvirkari og öruggari. Á Íslandi þarf lítið til að geislafræðingar geti tekið að sér slík verk og er það því raunhæfur möguleiki.

> Geislafræðingar í ýmsum löndum í heiminum sjá um úrlestur tiltekinna rannsókna sem hér á landi eru í höndum lækna.

Í gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu er hugsunin að nýta heilbrigðisstofnanir í samræmi við þá tækni og getu sem þær búa yfir. Þannig er ætlunin að hátæknisjúkrahúsið sé notað til flóknari verka sem eru í samræmi við getu þess og svo framvegis. Sama á að gilda um fagstéttir innan heilbrigðiskerfisins, beina á til þeirra verkefnum sem eru í samræmi við þekkingu og getu þeirra. Slík ráðstöfun myndi dýpka þekkingu og auka gæði þjónustu.

Langt er síðan aðrar heilbrigðisstéttir en læknar breyttust úr því að vera lítt menntaðir aðstoðarmenn lækna yfir í að vera vel menntaðar fagstéttir sem vinna sjálfstætt. Áratugir eru síðan menntun þeirra þróaðist yfir í að vera háskólamenntun sem lýkur með háskólagráðum. Það er því löngu orðið tímabært að endurskoða þessi mál með það í huga að nýta fjárfestingu menntunar á sem bestan hátt með gæði og örugga þjónustu við sjúklinga að leiðarljósi.

Sé okkur á Íslandi alvara með að gera heilbrigðiskerfið skilvirkara og verja gæði þjónustu við sjúklinga, á að endurskoða það út frá þessum sjónarmiðum. Mikilvægt er að heiðarlega og faglega sé staðið að endurskoðun sem þessari og að allar fagstéttir séu hafðar með í ráðum. Hagur sjúklinga verður að vera hafður að leiðarljósi en ekki baráttan um völd sem lengi hefur loðað við heilbrigðiskerfið.

## AF NETINU

### Hraðbraut og aðrir skólar

Menntamálanefnd Alþingis telur að skýrsla Ríkisendurskoðunar kalli á að gerð verði úttekt á framkvæmd allra þjónustusamninga mennta- og menningarmálaráðuneytisins um rekstur einkaskóla. Telur nefndin nauðsynlegt að í slíkri skýrslu komi fram hvort og í hve miklum mæli það hafi viðgengist að fjárframlög hafi verið ofgreidd úr ríkissjóði án þess að til endurgreiðslu þeirra hafi komið. Jafnframt komi fram samanburður við opinbera framhaldsskóla í þessu sambandi.

Pressan.is

Skúli Helgason




Sparaðu með Miele

Miele þvottavélar hafa verið framleiddar í yfir hundrað ár.
Miele þvottavélar og þurrkarar eru framleidd til að endast.

Íslenskt stjórnborð - Stórt hurðarop
Íslenskar leiðbeiningar - 20 ára ending

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# Eru lífsgildi öfgatrúleysishópa leiðarljós Mannréttindaráðs?

Skóli og kirkja



Fjalar Freyr Einarsson
grunnskólakennari

Umræða um tillögu Mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar (MR) hefur ekki verið hávær eftir breytingar sem ráðið gerði á tillögunum. Telja margir að þar hafi ráðið tekið af alla annmarka tillagnanna. En því fer fjarri. Vissulega hefur verið tekið tillit til margra ábendinga en eftir stendur sami grautur í nýrri skál.

Meirihluti MR hefur varið tillögur sínar og segir að tillögurnar séu samstíga leiðbeinandi reglum þjóðkirkjunnar í öllum atriðum nema einu. Slíkur rökstuðningur lýsir óbilgirni og rökleysi meirihlutans í undarlegum tillögum. Í því sambandi vil ég spyrja meirihlutann hvaða liður það sé sem er svona mikið samstíga þjóðkirkjunni.

Er það að:

Kirkjan megi ekki heimsækja grunnskóla eða kynna gott starf kirkjunnar?

Ekki megi hengja upp auglýsingar um kristilegt æskulýðsstarf?

Nemendur mega ekki þiggja Nýja testamentið að gjöf?

Nemendur megi ekki syngja eða taka annan þátt í kirkjuheimsóknum?

Prestar komi ekki að áfallahjálp nema með sérstöku samþykki allra hlutaðeigandi barna?

Trúar- og lífsskoðunarfélög skipuleggi ekki fermingar- og barnastarf á skólatíma en íþróttafélögum og tómstundastarfi utan kirkju sé það heimilt?

Tónmenntakennarar megi ekki syngja sálma með nemendum?

Í grunnskólum landsins er litið á nemendur sem einstaklinga með mismunandi þarfir sem þarf að mæta. Þar er meðal annars að finna nemendur sem þurfa sérstaka fæðu, hafa ofnæmi, fara í viðtal til námsráðgjafa eða fara í aðrar stofur að læra. Sumir hafa röskun á einhverfurófi, aðrir eru með tourette og enn aðrir eru á lyfjum. Mín reynsla sem kennari er að ef sérstakar aðstæður nemanda eru útskýrðar vel fyrir öðrum nemendum eykur það skilning þeirra gagnvart nemandanum og breytir neikvæðum viðhorfum þeirra í jákvæð. Það sama tel ég eiga við þegar nemendur hafa aðra trúar- eða lífsskoðun. Því er afar misráðið að útiloka svo mikilvægt atriði í lífi einstaklinga og þjóðar.

> Slíkt „trúboð“ verður að stöðva ef Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar ætlar að vera samkvæmt sjálfu sér.

Skólastarf á Íslandi markast af stefnu sem kallast „Skóli fyrir alla“. Er hún talin auka skilning barna á félagslegri blöndun nemenda og undirbúningi þeirra fyrir þátttöku í samfélaginu í fullu jafnræði. MR telur þetta ekki gilda um trúar- og lífsskoðanir, sem er mjög undarlegt og fer gamaldags leið í ætt við þá að loka þroskahefta á sér stofnun svo hinir „heilbrigðu“ þurfi ekki að sjá þá í stað þess að leyfa fjölbreytileika manna að vera á yfirborðinu. Það er kjörið tækifæri fyrir kennara að þjálfa nemendur í umburðarlyndi og skilningi á því að lífsviðhorf fólks sé mismunandi.

Ætli MR sér að fara þá grýttu leið að hafa lífsgildi öfgatrúleysishópa að leiðarljósi verður ráðið að gera sér grein fyrir því að aðrir lífsgildishópar hafa sama rétt og að fara yrði því alla leið. Það fer til dæmis gegn lífsskoðunum Votta Jehóva að halda hátíðir eins og jól og afmæli. Ætlar MR að beita sér fyrir því að afnema litlu jólin og banna skólunum að halda slíkar hátíðir á skólatíma eða banna nemendum að syngja afmælissönginn til að gæta jafnræðis? Fræðsla á kynlífi og notkun smokka fer gegn lífsskoðunum kaþólikka. Þróunarkenning Darwins fer gegn trúarskoðunum strangtrúaðra. Hópar trúaðra telja samkynhneigð synd. Slíkt „trúboð“ verður að stöðva ef MR ætlar að vera samkvæmt sjálfu sér.

Meirihluti MR reynir að bakka út úr ógöngum sínum með því að taka það fram að hefðir í skólastarfi sem teljist hluti af gamalgrónum hátíðum þjóðarinnar séu í lagi. Ég spyr þá MR hvort það sé skilningur meirihlutans að það sé í lagi að brjóta „mannréttindi“ barna á gamalgrónum hátíðum en ekki aðra daga? Það sér það hver sem vill sjá að tillögur MR eru rökleysa og þegar á heildina er litið er ekki verið að verja mannréttindi heldur ráða annarlegir hagsmunir för. Það er óeðlileg stjórnsýsla sem á ekki að sjást í höfuðborg okkar.

# Stjórnvöld misnota Framkvæmdasjóð aldraðra

Aldraðir



Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur

Það hefur lengi verið vandamál að fá nægilegt fjármagn í byggingu hjúkrunarheimila fyrir aldraða svo og til byggingar annarra öldrunarstofnana. Þetta mál var eitt aðaldeilumálið í borgarstjórn Reykjavíkur þann tíma sem ég sat þar á tímabilinu 1970-1982. Alþýðuflokkurinn flutti margar tillögur í borgarstjórn um byggingu hjúkrunarheimila fyrir aldraða og um byggingu langlegudeilda fyrir aldraða (B-álmu Borgarspítala). En fjárskortur hamlaði framkvæmdum þá eins og nú. Á meðan deilur um þetta mál stóðu sem hæst í borgarstjórn Reykjavíkur gerðist það, að Albert Guðmundsson, þá borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins,lagði til, að sérhver gjaldþegi í landinu greiddi ákveðið gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra til þess að kosta byggingar aldraðra, hjúkrunarheimili og aðrar öldrunarstofnanir. Þessi tillaga Alberts vakti þegar mikla athygli og þótti snjöll lausn á framkvæmdavanda aldraðra. Tillaga Alberts náði fram að ganga og varð til þess að Framkvæmasjóður aldraðra var stofnaður.

Það hefur alla tíð verið skýrt tekið fram í lögum, að Framkvæmdasjóður aldraðra væri eins og nafn sjóðsins bendir til eingöngu ætlaður til þess að kosta framkvæmdir í þágu aldraðra. Og þannig var það lengi vel en síðan var sjóðurinn einnig opnaður til þess að kosta rekstur öldrunarstofnana í vissum tilvikum. Það var slæm breyting, þar eð eins og nafn sjóðsins bendir til átti sjóðurinn eingöngu að kosta framkvæmdir aldraðra en ekki rekstur. En nú keyrir um þverbak: Núverandi ríkisstjórn hefur gripið til þess ráðs að seilast í Framkvæmdasjóð aldraðra til þess að kosta sjúkrahúsrekstur almennt vítt um landið.

Þetta er algert lögbrot, þar eð ekki er að finna neitt ákvæði í lögum um Framkvæmdasjóðinn sem heimilar að ráðstafa fé úr sjóðnum til reksturs sjúkrahúsa almennt. Framlög til sjúkrahúsa voru skorin svo harkalega niður í frumvarpi til fjárlaga, að mikil mótmælaalda braust út. Ríkisstjórnin gaf þá eftir og dró úr niðurskurðinum. Fram kom, að af 1700 milljóna króna minni niðurskurði hjá sjúkrastofnunum yrði verulegur hluti kostaður með framlögum úr Framkvæmdasjóði aldraðra!

> Ekki er að finna neitt ákvæði í lögum um Framkvæmdasjóðinn sem heimilar að ráðstafa fé úr sjóðnum til reksturs sjúkrahúsa.

Kjaramálanefnd Landssambands eldri borgara tók þetta mál fyrir og gagnrýndi þá ráðstöfun heilbrigðis- og félagsmálaráðherra að seilast í Framkvæmdasjóð aldraðra, þegar fjármuni vantaði í rekstur sjúkrastofnana almennt. Engin heimild væri fyrir því í lögum. Ungir stjórnmálamenn dagsins í dag vita ekki að Framkvæmasjóður aldraðra var einmitt stofnaður til þess að kosta framkvæmdir fyrir aldraða. Sjóðurinn var einmitt stofnaður, þar eð illa gekk að fá fjármuni frá fjárveitingavaldinu til þess að kosta hjúkrunarheimili og aðrar stofnanir fyrir aldraða. Það er því fáheyrt að stjórnvöld skuli nú taka sjóðinn til þess að nota í rekstur almennt, þ.e. almennan rekstur sjúkrahúsa. Þessi ráðsmennska samrýmist ekki nýjum vinnubrögðum stjórnmála, sem boðuð hafa verið. Þessi vinnubrögð samrýmast ekki tillögum Samfylkingarinnar um umbætur og endurbætur í kjölfar hrunsins. Samkvæmt þeim ber stjórnmálamönnum að ástunda heiðarleika og gegnsæi. Það eru ekki heiðarleg vinnubrögð að taka fjármuni, sem almenningur greiðir til framkvæmda í þágu aldraða og nota þá til annarra þarfa.

Ég skora á stjórnvöld að leiðrétta þessi mistök og falla frá því að taka fjármuni úr Framkvæmdasjóði aldraðra í almennan sjúkrahúsrekstur.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.


netto
2 fyrir 1
Stuðningssokkabuxur
Le Carezze
1.198 kr/2 stk
L'ELLEDUE

# Að kaupa og selja ríkisstyrki

Landbúnaður
Haukur Eggertsson
viðskiptafræðingur



Jóni Bjarnasyni landbúnaðarráðherra er margt til lista lagt. Með því að koma á „mjólkurkvótakauphöll“ er nú komið markaðsvirði á þau réttindi og skyldur að framleiða mjólk ofan í landsmenn. Niðurstaðan er sú að bændur eru tilbúnir að kaupa réttinn til ríkisstyrks fyrir 280 kr. á mjólkurlítrann. Á árinu 2010 mun ríkið verja um 5,5 ma. kr. í stuðning til mjólkurbænda.

Hafa ber í huga að það sem ræður kvótaverðinu er samspil kostnaðar bónda við framleiðslu, verðs mjólkurinnar til heildsala og styrkja ríkisins. Samkvæmt upplýsingum af vef Bændasamtakanna eru beingreiðslur til bænda á hvern mjólkurlítra 31,54 kr. (A+B) og geta verið hærri á vissum álagstímum (C).

Þessu til viðbótar koma svokallaðar gripagreiðslur sem eru ígildi um 4 kr. styrks á lítra. Til einföldunar skulum við gefa okkur að greiðslur á mjólkurlítra séu að meðaltali 40 kr. Samkvæmt þessu virðist vera sem árlegir styrkir séu um 14% af markaðsvirði mjólkurkvótans.

Þetta verðmætamat bændanna sjálfra bendir til þess að styrkirnir séu of háir. Þannig er ljóst að væru beingreiðslur hækkaðar um 1 kr. á mjólkurlítrann, yrðu áhrifin þau að hækka kvótaverðið um 10 til 20 kr. Slíkt myndi eingöngu til skamms tíma bæta stöðu landbúnaðarins, þar sem handhafi kvótans myndi núvirða krónuna inn í verðmat sitt, og þegar hann selur kvótann, sem hann hefði nú aukinn hvata til, mun arftaki hans þurfa að borga þessa sömu 1 kr. meira í vexti til lánastofnana. Það er því landbúnaðinum til framtíðar vont að virði kvótans skuli vera svona hátt, því þó að hátt kvótaverð nýtist vissulega núverandi handhöfum kvótans, þá eru það peningar sem vísir eru til að fara út úr greininni þegar eldri bændur bregða búi, minnka við sig, eða safnast til feðra sinna og deila arfi á milli fleiri en arftaka sinna í búrekstri. Framtíð greinarinnar liggur nefnilega ekki í gömlum bændum, heldur ungum bændum, sem í dag verða að taka himinhá lán til að kaupa sig inn í greinina. Skattborgarar landsins verja svo of háum fjármunum í niðurgreiðslur sem hafa þá nytsemi eina að hækka kvótaverð án þess að lækka mjólkurverð.

Bóndi sem kaupir í dag mjólkurkvóta á 280 kr. og tekur til þess verðtryggt lán á kjörvöxtum bankanna (5%) þarf árlega að greiða 14 kr. í vexti til þess að halda í horfinu. Ef hann ætlar að greiða upp lánið á 30 árum, þarf hann að greiða árlega 18 kr. af lítranum, fyrir það að fá 40 kr. ríkisstyrk. Bændur þurfa nefnilega ekki nema 22 kr. í styrki til að reka sín bú þegar ekki þarf að borga af mjólkurkvótaskuldum.

> Samkvæmt þessu virðist vera sem að árlegir styrkir séu um 14% af markaðsvirði mjólkurkvótans.

Af þessu má ljóst vera að ríkið er í dag að eyða á þriðja milljarð króna í greiðslur sem gera ekkert annað en að halda uppi kvótaverði. Hér er þeirri tillögu varpað fram að stjórnvöld hefjist handa við að vinda ofan af þessu óheilbrigða kerfi og lækki styrkveitingar árlega um 5% eða þar til markaðsvirði kvótans verður komið niður í eins árs niðurgreiðslur. Miðað við 5% arðsemiskröfu og 30 ára uppgreiðslutíma myndi jafnvægi myndast við 24 kr. niðurgreiðslur, 24 kr. verðmæti mjólkurkvótans og árlegan sparnaði ríkisins upp á 2 milljarða kr. eftir 10 ár, miðað við óbreytt mjólkurverð og framleiðslukostnað.

Ég vil hjálpa með 100 krónum á mánuði.
Ég skrái mig með SMS- skilaboðunum FHI í síma 1900 og eftir það styrki ég Fjölskylduhjálp Íslands með 100 krónum á mánuði.
Viðkomandi fær svo sent eitt SMS á mánuði sem kostar 100 krónur sem færist á símareikning um hver mánaðarmót.
Öll símafyrirtækin gefa sína þjónustu.




FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
STÝRÐU UMRÆÐUNNI Í ÁTT TIL ÞÍN
Meiri Vísir.
vísir.is

# Hjúkrunarþjónusta heilsugæslu

Heilsugæsla
Hrönn Håkansson
Ingrid Svensson
fyrir hönd Fagdeildar heilsugæsluhjúkrunarfræðinga





Undanfarið hefur talsvert borið á umræðu um læknaskort og langan biðtíma til lækna á heilsugæslustöðvum. Fagdeild heilsugæsluhjúkrunarfræðinga vill í ljósi þess minna á og upplýsa notendur um greiðan aðgang að skjótri þjónustu hjúkrunarfræðinga á heilsugæslustöðvum.

Hjúkrunarvaktin tekur á móti erindum sem ekki þola bið og veitir þjónustu við hæfi. Á hjúkrunarvaktinni er einnig boðið upp á símaráðgjöf. Hjúkrunarfræðingar á vakt sinna jafnframt bókaðri móttöku þar sem eftirliti, ráðgjöf, forvörnum og meðferð er sinnt. Má þar til dæmis nefna bólusetningar, lífsstílsráðgjöf, blóðþrýstingseftirlit og sárameðferð.

Erindi sem leitað er með til hjúkrunarvaktarinnar eru margvísleg og úrlausnirnar að sama skapi líka. Algengt er að fólk leiti aðstoðar eða ráðgjafar þegar um er að ræða veikindi, vanlíðan, óþægindi, slys eða óljós einkenni. Til dæmis er algengt að aðstandendur veikra barna eða aldraðra foreldra fái aðstoð við að meta ástandið og þörf fyrir frekari þjónustu. Öllum erindum er sinnt og viðeigandi úrlausn fundin, annaðhvort með því að veita þjónustuna á staðnum eða vísa í þann farveg sem við á í hverju tilviki.

> Hjúkrunarþjónusta heilsugæslunnar er fjölbreytt, aðgengileg og hagkvæm heilbrigðisþjónusta.

Hjúkrunarfræðingar á heilsugæslustöðvum eru í nánu samstarfi við aðra heilbrigðisstarfsmenn innan veggja hverrar heilsugæslustöðvar. Þetta eru einkum ljósmæður og heimilislæknar. Víða starfa auk þeirra sálfræðingar, barnalæknar og fleiri fagstéttir. Einnig er hjúkrunarvaktin í nánu samstarfi við hjúkrunarfræðinga sem hafa umsjón með öðrum heilsuverndarþáttum í starfsemi heilsugæslunnar eins og ungbarnavernd, heilsuvernd eldri borgara og heilsuvernd skólabarna.

Hjúkrunarfræðingar eru jafnframt í aðstöðu til að leita ráða hjá og hafa samráð við þá starfsmenn heilsugæslunnar sem sinna sérhæfðum málum eða starfa á sérstökum miðstöðvum sem starfræktar eru innan og utan heilsugæslunnar. Má þar nefna þroska- og hegðunarstöð, göngudeild sóttvarna og heimahjúkrun. Þjónustu þeirra er til dæmis hægt að nálgast með tilvísunum hjúkrunarfræðinga.

Hjúkrunarþjónusta heilsugæslunnar er fjölbreytt, aðgengileg og hagkvæm heilbrigðisþjónusta með það að leiðarljósi að koma til móts við þarfir notendanna.

# Kraftaverk íslenskra Heimsforeldra

Barnahjálp
Svanhildur Konráðsdóttir
stjórnarformaður UNICEF á Íslandi



22.000 börn deyja á degi hverjum af orsökum sem einfalt og ódýrt er að koma í veg fyrir. Við hjá Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, trúum því að þessi tala geti verið núll. Á Degi rauða nefsins – söfnunarátaki Barnahjálparinnar hinn 3. desember síðastliðinn – bættust hátt í 2.000 Íslendingar í ört stækkandi hóp heimsforeldra UNICEF sem deila þessari sannfæringu með okkur.

Hvergi í heiminum styður jafn hátt hlutfall heillar þjóðar við Barnahjálpina með reglulegum hætti og á Íslandi – eða 5% landsmanna. Það er því rík ástæða til að þakka öllum þeim sem lögðu þessu mikilvæga málefni lið; heimsforeldrum sem hafa stutt við bakið á UNICEF í langan tíma, nýjum heimsforeldrum og þeim fjölmörgu sem tóku þátt í söfnuninni með einstökum framlögum.

Það var einnig einbeitt og gjafmilt lið sem lagði hönd á plóg við að gera framkvæmd Dags rauða nefsins mögulega. Án stuðnings fjölda frábærra listamanna, tæknifólks, fyrirtækja og annarra samstarfsaðila hefði þessi árangur ekki náðst. Það er því öllum ofangreindum að þakka að UNICEF getur bætt líf og aðstæður enn fleiri nauðstaddra barna í heiminum.

Í söfnuninni hækkaði jafnframt meðalframlag hvers heimsforeldris til UNICEF og er það verulega ánægjuleg þróun – ekki síst í ljósi þess að margir hafa nú minna á milli handanna en oft áður. Það sýnir svo ekki verður um villst að í samhengi við viðfangsefni Barnahjálparinnar erum við mörg aflögufær og tilbúin að leggja okkar lóð á vogarskálarnir til hjálpar þeim sem verr eru settir.

Margir spyrja þeirrar réttmætu spurningar hve miklu máli þróunaraðstoð skipti og hvort hún virki í raun og veru. Í 64 ár hefur UNICEF verið leiðandi í heiminum í hjálparstarfi fyrir börn. UNICEF starfar á vettvangi í 156 löndum og svæðum og stendur vörð um líf barna frá fæðingu til fullorðinsára. Sem dæmi um dýrmætan árangur í þróunarmálum á síðustu tveimur áratugum má nefna þrennt: Með samstilltu átaki hefur tekist að fækka um þriðjung þeim börnum í heiminum sem deyja áður en þau ná 5 ára aldri. Hér spila margir þættir inn í s.s. bólusetningar og bætt heilsugæsla, malaríuvarnir og bætt menntun mæðra. Í annan stað fjölgar þeim sem hafa aðgang að hreinu vatni því nú þurfa um 2 milljörðum færri manneskjur að drekka mengað og óhreint vatn en raunin var árið 1990. Í þriðja lagi hefur mikilvægur árangur náðst hvað varðar aðgengi barna að menntun – því þrátt fyrir að börnum í heiminum, sem þurfa á grunnmenntun að halda hafi fjölgað í heild, voru 86 milljónir árið 2008 án grunnmenntunar samanborið við 106 milljónir árið 1990.

Það er erfitt að ná utan um svo stórar tölur og sjá í þeim árangur. UNICEF einsetur sér að standa vörð um réttindi sérhvers barns – hvar sem það kann að finnast og við hvers kyns aðstæður það kann að búa. Það er vissa okkar hjá UNICEF að með samskonar samtakamætti og Íslendingar sýndu á Degi rauða nefsins sé hægt að vinna kraftaverk og að framlag hvers einasta heimsforeldris skiptir þar sköpum.

# MORFÍS-keppni um börnin

Forsjármál
Kristinn Þór Sigurjónsson
véltæknifræðingur og forsjárlaust foreldri



Skilnaður eða sambúðarslit eru víst seint talin til þess besta sem fólk almennt fer í gegnum, en ljótasta mynd þessa ferlis kemur fram þegar upp koma deilur um forsjá barna. Undanfarin ár hefur sú jákvæða þróun verið að oftar en ekki semja foreldrar um sameiginlega forsjá og þó svo að Þjóðskrá bjóði ekki upp á tvískiptingu lögheimilis eru þetta allt skref í rétta átt. En ástæða þessara skrifa nú er þau tilvik þar sem ekki reynist unnt hjá foreldrum að semja um forsjá án aðstoðar dómstóla.

Í dag er ferli forsjármála sams konar og í öðrum einkamálum fyrir dómi. Oftar en ekki ráða foreldrar til sín lögfræðinga til að sjá um málaundirbúning og málflutning – og þessir lögfræðingar fara síðan í MORFÍS-keppni um börnin. Ég líki þessu ferli saman við þann málflutning, þar sem markmiðið er að vinna með öllum tiltækum ráðum – án þess að horfa í hvað sé rétt og/eða satt. Samkvæmt barnalögum er litið svo á að dæmt sé í forsjármálum samkvæmt því sem sé börnunum fyrir bestu. Þrátt fyrir það hafa börnin engan lögfræðing og í raun engan talsmann fyrir dómi. Fyrirkomulagið í dag er þannig að lögfræðingur (A) reynir að draga fram allt það neikvæða í fari skjólstæðings (B), hvort sem það sé sannleikanum samkvæmt eða stórkostlega ýkt. Þannig gengur þetta í báðar áttir þannig að fyrir dómara situr eftir vitnisburður um hversu óhæf bæði eru. Fyrir dómara liggur þá það verkefni að velja það foreldri sem hann metur minna vanhæft til að bera ábyrgð á barninu.

Núverandi kerfi getur aðeins kallað fram það neikvæðasta sem hægt er að finna upp eða skálda um málsaðila, nema barnið sem virðist sitja eftir sem aukaaðili málsins. Sönnunarfærsla í málum sem þessum er flókin ef ekki ómöguleg – því oft eru þetta frásagnir af sama atburði frá sitthvoru sjónarhorni sem almennt er ekki skjalfest með formlegum hætti. Það sem slær höfund í slíku ferli er skortur á réttum og sanngjörnum málflutningi frá báðum aðilum málsins (miðað við núverandi fyrirkomulag). Er það virkilega þannig að við sambúðarslit breytist foreldrar úr ástríku foreldri í óhæfa og sjálfhverfa eiginhagsmunaseggi sem eiga helst ekki að koma nálægt uppeldi barna?

> Núverandi kerfi getur aðeins kallað fram það neikvæðasta sem hægt er að finna upp eða skálda um málsaðila.

Þessi tilhögun mála er að mati höfundar vægast sagt röng. Réttara væri ef foreldrum væri óheimilt að ráða til sín lögfræðinga, og þannig draga úr líkum á að betri lögfræðingur sé ávísun á að verða dæmt minna vanhæft foreldri. Þess í stað verði barninu skipaður lögfræðingur sem vinnur samkvæmt barnalögum og tekur skýrslu af þeim aðilum sem hann telur til þess fallna að gefa sem réttustu mynd. Þessi lögfræðingur gefur síðan hlutlausa skýrslu til dómara sem úrskurðar svo hvort foreldrið sé hæfara, ekki minna vanhæft. Síðan fellur kostnaður við þennan lögfræðing jafnt á foreldrana, ólíkt þeirri venju að dæma allan lögfræðikostnað á meira vanhæfa foreldrið. Það tekur jú tvo til að deila í þessum málum sem öðrum.

# NÝTT Á ÍSLANDI




**NAVIGON**
And the world is yours

### MyRoutes
Snertiskjár og raddleiðsögn.
Götukort af Íslandi og Vestur-Evrópu.
MyRoutes möguleikinn gefur þér þrjár mismunandi leiðir til að komast á áfangastað og muninn á þeim.

### TMC
Tækið lætur vita hvar vegaframkvæmdir eru og velur betri leiðir eftir því (virkar ekki á Íslandi). Tækið tilbúið til notkunar með kortum og öllu.

### Active Lane
Tækið sýnir nákvæmlega á hvaða akrein þú skalt vera þegar ekið er.

### Point Of Interest
Sýnir þér áhugaverða staði.



**Navigon 20EASY**
3,5" snertiskjár

**VERÐ 19.990**
KYNNINGARTILBOÐ



**Navigon 40EASY**
4,3" snertiskjár og Sightseeing möguleiki

**VERÐ 24.990**
KYNNINGARTILBOÐ



**Navigon 70PLUS**
5,0" snertiskjár og hreyfiskynjari fyrir valmyndir

**VERÐ 39.990**
KYNNINGARTILBOÐ

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

NAVIGON And the world is yours
Á ÍSLANDI

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▷ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. Snerpa Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**SIR NOEL COWARD** (1899-1973) leikskáld, leikari og tónskáld fæddist þennan dag.

*„Ég hef stundum hugsað um að kvænast, en svo hef ég hugsað mig um."*

## Merkisatburðir 16. desember

**1431** Hinrik VI. Englandskonungur er krýndur konungur Frakklands í Notre Dame-kirkjunni í París.

**1707** Síðasta skráða eldgos verður í Fuji-eldfjallinu í Japan.

**1916** Framsóknarflokkurinn er stofnaður. Hann er frá upphafi tengdur búnaðarsamtökum og samvinnuhreyfingunni.

**1942** Utanþingsstjórn Björns Þórðarsonar tekur við völdum. Hún situr í tæp tvö ár.

**1950** Harry S. Truman Bandaríkjaforseti lýsir yfir neyðarástandi eftir að kínverskar hersveitir ganga til liðs við Norður-Kóreumenn í Kóreustríðinu.

**1991** Lýðveldið Kasakstan öðlast sjálfstæði.

**ÞETTA GERÐIST:** 16. DESEMBER 1997

## *Pokémon veldur fjaðrafoki*

Þáttur úr teiknimyndaseríunni Pokémon olli flogaköstum hjá 685 börnum í Japan þegar hann var sendur út í fyrsta og eina skiptið þann 16. desember 1997. Þetta var 38. þátturinn í fyrstu seríu Pokémon og þar voru notaðar tæknibrellur sem ollu því að börnin fengu alvarleg flogaköst. Mörg þeirra voru flutt á sjúkrahús og tvö þeirra lágu á sjúkrahúsi í rúmar tvær vikur.

Mikil reiði greip um sig í Japan og í kjölfar atburðarins var þátturinn bannaður alls staðar í heiminum og framleiðslu þáttanna hætt í fjóra mánuði. Sýningar hófust þó að nýju í Japan í apríl 1998.

Margar teiknimyndaseríur hafa síðan skopstælt þennan fræga þátt, eða vísað til hans á einn aða annan hátt, þar á meðal The Simpsons og South Park.

*Heimild: www.wikipedia.org*





✝

*Innilegar þakkir til þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra*

**Inga Þórs Jóhannssonar**

útgerðarmanns frá Keflavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sjúkrahúss Keflavíkur, Garðvangs Garði og Útfararþjónustu Suðurnesja fyrir einstaka umhyggju og hvers konar veitta aðstoð.

**Aðstandendur.**



✝

*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Guðrún Ingibjörg Oddsdóttir**

frá Siglufirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni í Reykjavík þriðjudaginn 7. desember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Ólafur Jónsson**
**Sigríður Ólafsdóttir** **Sunna Lind Sigríðardóttir**
**Bryndís Ólafsdóttir** **Sigurður Björnsson**
**Ólafur Hákon Sigurðarson**



✝

*Innilegar þakkir fyrir samúð og vinarhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Hannesar Flosasonar**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Líknardeildarinnar í Kópavogi, Heimahjúkrunar, deildar 11-G á Landspítala og Heimahlynningar.

**Kristjana Pálsdóttir**
**Páll Hannesson** **Sarah Buckley**
**Haukur F. Hannesson** **Jörgen Boman**
**Elín Hannesdóttir**
**Ingibjörg Hannesdóttir**
**og barnabörn.**



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Marinó Þórðarson**

Þelamörk 1, Hveragerði,

lést þann 9. desember á H.S.S. Selfossi. Útförin verður gerð frá Hveragerðiskirkju mánudaginn 20. desember klukkan 14. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Bæjarás Ása Hveragerði.

**Halldóra Þórðardóttir, börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



**VINIR DÓRA** „Óhætt er að segja að þetta sé ein vinsælasta neðanjarðarhljómsveit landsins," segir Halldór Bragason. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

VINIR DÓRA Í TUTTUGU OG EITT ÁR: JÓLABLÚSGJÖRNINGUR Í KVÖLD

# Kannski slæðist inn eitt jólalag

„Þetta verður í tuttugasta og annað skiptið," segir Halldór Bragason blúsari um Jólablúsgjörning Vina Dóra sem fram fer í Rúbín í Öskjuhlíðinni í kvöld. „Við byrjuðum á þessu 1989 og höfum haldið þetta um víðan völl síðan. Þetta er alltaf jafn vinsælt og skemmtilegt og þess eru dæmi að fólk hafi komið á alla Jólablúsgjörningana."

Tónleikarnir í kvöld eru ólíkir flestum öðrum tónleikum á þessum árstíma að því leyti að þar verður ekki spiluð nein jólamúsík. „Í mesta lagi getur slæðst inn eitt jólalag. Kannski í uppklappinu," segir Halldór. En hvaða músík má fólk þá eiga von á? „Við spilum bara blús og reyndar tónlist úr öllum áttum. Aðallega blús auðvitað, en annars fer lagavalið mikið eftir stemningunni."

Halldór er auðvitað Dóri og vinirnir eru Guðmundur Pétursson gítarleikari, Ásgeir Óskarsson trommuleikari, Davíð Þór Jónssson á Hammondorgel og Jón Ólafsson bassaleikari. Hafa vinirnir alltaf verið þeir sömu? „Gummi og Ásgeir hafa verið með mér frá upphafi. Jón er nýi strákurinn í bandinu, ekki nema átján ár síðan hann byrjaði," segir Halldór. „Davíð Þór er svo sérstakur gestur okkar. Stundum hafa verið með okkur söngkonur, en við ákváðum að vera bara strákarnir núna. Svo syngjum við allir og höfum þetta bara gaman." Og engir leynigestir? „Það er leyni, kemur bara í ljós," segir Halldór leyndardómsfullur og harðneitar að ræða það frekar.

Blúsáhugi hefur aukist mikið undanfarin ár og að sögn Halldórs eru nú um eitt þúsund meðlimir í Blúsfélagi Reykjavíkur. „Þetta er fólk sem er mjög duglegt að sækja tónleika og margir koma á alla viðburði sem Blúsfélagið stendur fyrir," segir hann. „Og fylgjendur Vina Dóra eru harður kjarni sem hleður stöðugt utan á sig. Ég held mér sé óhætt að segja að þetta sé ein vinsælasta neðanjarðarhljómsveit landsins."

Gjörningstollur er 2.500 krónur og hægt er að panta miða með tölvupósti á bluesfest@blues.is þar sem kemur fram nafn og sími og fjöldi miða. Miðar eru seldir við innganginn frá klukkan 19 og tónleikarnir hefjast klukkan 21.

fridrikab@frettabladid.is



✝

*Hjartans þakkir færum við öllum þeim fjölmörgu sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,*

**Kolbeins Inga Kristinssonar**

Háengi 3, Selfossi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Suðurlands fyrir einstaka aðhlynningu og umönnun. Guð blessi ykkur og gefi gleðilega jólahátíð.

**Þorbjörg Sigurðardóttir**
**Sigurður K. Kolbeinsson og fjölskylda.**



✝

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Jóhannes R. Bergsteinsson**

múrarameistari,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju 17. desember kl. 13.00.

**Sigurbjörg Jóhannesdóttir** **Örlygur Geirsson**
**Ragnhildur Jóhannesdóttir** **Sveinn Sigurkarlsson**
**Guðbjörg Jóhannesdóttir**
**Sjöfn Jóhannesdóttir** **Gunnlaugur Stefánsson**
**afa- og langafabörn**



**Mikið var um dýrðir** á Hollywood Style-verðalaunaafhendingunni á dögunum. Leikkonan Lea Michelle úr Glee hafði sannarlega ástæðu til að brosa þar sem yfirbúningahönnuður þáttanna vann til verðlauna fyrir bestu búninga í sjónvarpi.
















Elísabet Björgvinsdóttir hannar og framleiðir skóhlífar:

# Sit við sauma

„Ég er að springa úr hugmyndum og sit við saumavélina allan daginn við borðstofuborðið mitt heima," segir Elísabet Björgvinsdóttir en hún hannar og saumar skóhlífar undir heitinu Babette, sem er nafnið hennar á frönsku. Elísabet lærði saumaskap í Hússtjórnarskóla Reykjavíkur en hún hefur alltaf haft áhuga á tísku og hönnun.


;TÍSKA | 4





**Vaxmyndastytta** af Lady Gaga var afhjúpuð við hátíðlega athöfn á vaxmyndasafni Madame Tussaud í New York fyrir stuttu. Alls voru búnar til átta styttur af söngkonunni og verða þær til sýnis í London, Berlín, Sjanghæ og Hong Kong auk New York.



# Hlýjar tær á ferðalagi

**Vinkonurnar Ingibjörg Þóra Gestsdóttir fatahönnuður og Kristín Unnur Þórarinsdóttir flugfreyja hafa hannað lopapeysu sem nýtist líka sem hlýtt teppi. Peysan nýtist sérlega vel á löngum ferðalögum.**

„Hún Kristín vinkona mín er flugfreyja og hugmyndin að teppapeysunni vaknaði hjá henni á löngum flugferðum þar sem hún fylgdist með því hvernig farþegar reyndu að koma sér þægilega fyrir undir litlu teppi,“ segir Ingibjörg Þóra Gestsdóttir fatahönnuður, sem hefur hannað skemmtilega peysu í samvinnu við vinkonu sína Kristínu Unni Þórarinsdóttur.

„Stína kom til mín með þá hugmynd að hanna flík sem gæti gert fólki lífið auðveldara á ferðalögum,“ útskýrir Ingibjörg. Þær stöllur hófu að gera nokkrar tilraunir í febrúar. Þær veltu hugmyndinni á milli sín og fengu meðal annars vini og ættingja til að leggja höfuðið í bleyti. Einn þeirra kom með þá hugmynd að nota ull. „Við hönnuðum mynstur, létum prjóna efni fyrir okkur í Glófa og létum bursta það bæði að utan og innan svo það stingi ekki,“ segir Ingibjörg en þær Kristín saumuðu síðan peysuna úr vélprjónuðu efninu.

En hvernig virkar peysan? „Hún virkar í fyrsta lagi sem utanyfirflík sem rennt er upp með rennilás. Þá er neðri hluti hennar hnepptur upp. Í öðru lagi er flíkin teppi. Þá eru hnapparnir losaðir og til verður teppapeysa þar sem hægt er að stinga tánum ofan í prjónaðan poka,“ segir Ingibjörg og áréttar að peysan sé mjög hlý enda fjórföld í bakið þegar neðri hluta hennar er hneppt upp. „Hún vegur þó aðeins rúmt kíló og því ekki þungt að vera í henni,“ segir hún og bendir á að hægt sé að rúlla peysunni allri inn í hettuna. Þannig verði til koddi auk þess sem auðvelt sé að ferðast með hana.

Nánar má fræðast um peysuna á www.koffort.is en peysuna má fá í Ísbirninum á Laugaveginum, Hrím hönnunarhúsi á Akureyri og í Leifsstöð.

*solveig@frettabladid.is*



Ingibjörg hefur það notalegt með góða bók og vafin inn í teppapeysuna notalegu.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


**Tilvalin jólagjöf**

Ný sending af vinsælu hringtreflunum - mjúkir, hlýir og flottir. Einnig mikið úrval af húfum, treflum, vettlingum, grifflum, hnésokkum og legghlífum.
Verð frá kr. 2990



SKARTHÚSIÐ
LAUGAVEGI 44
SÍMI 562 24 66



Fallega jólaskeiðin frá Ernu
Verð 17.600

ERNA
Skipholti 3, s. 552 0775, www.erna.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI FRÉTTIR
vísir.is

TRIND
Avallt No 1



Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM



20% afsláttur af öllum vörum

Opið Laugardaga frá 11–20 Sunnudaga frá 13-20

MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073

FJÖRÐUR
www.fjordur.is

asa

Skreyttu þig skarti



Íslensk hönnun

**Sölustaðir:**
**Meba** Kringlunni og Smáralind | **Michelsen úrsmiðir,** Laugavegi 15 | **Kraum** Aðalstræti 10
**Gullsmiður Dýrfinna Torfadóttir**, Akranesi | **Halldór Ólafsson**, Glerártorgi Akureyri
**Klassík**, Egilsstöðum | **Karl R. Guðmundsson**, Selfossi | **Palóma föt og skart**, Grindavík





# *Listfengur Lagerfeld*

**Frá árinu 2003 hefur Karl Lagerfeld árlega hannað línu fyrir Chanel sem kallast Metiers d'Art og er á öðrum meiði en hátískulína og Prêt-à-porter lína tískumerkisins. Í ár hét línan Paris-Byzance og fékk Lagerfeld innblástur frá stíl austrómverska ríkisins forna en Coco Chanel sjálf var ákaflega hrifin af skartgripum sem vísuðu til þess tímabils. Konunglegir litir á borð við grænan, brons og gull voru áberandi í flíkunum, sem þóttu munúðarfullar.**


Mjúka jólagjöfin




Lín Design | Laugavegi 176 | Sími 533 2220 | www.lindesign.is

NÝ SKÓSENDING
Í GYLLTA KETTINUM,



Allir skór á
12.800 kr.
stærð 36-41

Opið til 22
öll kvöld til jóla

GYLLTI KÖTTURINN

AUSTURSTRÆTI 8-10 • SÍMI 534 0005

**Hátíðarskófatnaður vandlátra herramanna**



Vandaðir herraskór úr mjúku leðri, skinnfóðraðir.

Tegundir: 22101 og 23007
Stærðir: 40 - 47
Verð: 16.975.-

Misty skór Laugavegi 178
Sími 551 2070.
Fram til jóla verður opið:
virka daga: 10 - 18
laugard. 18. des. 10 - 18
Þorláksmessu: 10 - 20
Aðfangadag: 10 - 12
Gleðileg jól !
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur






DS PODIUM BIG SIZE
WWW.CERTINA.COM
CERTINA

Útsölustaðir:
GÞ skartgripir og úr, Bankastræti 12
Georg V Hannah, Keflavík
Gullúrið, Mjóddinni, Reykjavík
JB úr&skart, Akureyri



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki















Elísabet saumar skóhlífarnar sjálf og skreytir með borðum, slaufum, blúndum og kanínuskinni. Verslunin GK á Laugavegi hefur falast eftir skóhlífunum og munu þær fást í versluninni til jóla. Nánar má forvitnast um hönnun Elísabetar á www.babette.is

Framhald af forsíðu

„Ég fór að sauma skóhlífar fyrir hálfu ári en mig hafði alltaf dreymt um að eiga svona sjálf. Skóhlífar voru notaðar kringum 1900 til að hlífa skóm. Hermenn notuðu skólhlífar og einnig voru börn sett í skóhlífar fyrir skrúðgöngur og annað. Í raun er ekki þörf á skóhlífum í dag því skór eru svo sterkir. Þetta er meira fallegt skraut.“



Elísabet býr til sniðin sjálf. Hún notar bæði ný efni og gömul sem hún hefur safnað sér gegnum árin og skreytir skóhlífarnar með borðum og slaufum. „Ég á lager af efnum sem ég hef safnað og nota mörg dýrmæt „vintage“ efni í skóhlífarnar eins og blúndur og kanínuskinn sem ég keypti í Portúgal þar sem ég bjó þegar ég var yngri. Eins kaupi ég efni í búðunum hér heima.

Ég saumaði líka herðaslár áður en ég fór að sauma skóhlífarnar og þegar ég hef meiri tíma þá mun ég halda áfram með þær, en skóhlífarnar hafa tekið allan minn tíma undanfarið. Ég sit bara og sauma daginn út og inn við borðstofuborðið mitt heima,“ segir hún hlæjandi en skóhlífarnar hafa rokið út hjá henni eins og heitar lummur. Fyrir jólin munu þær svo fást í versluninni GK. „Ég er alveg himinlifandi með það, en þau föluðust eftir línuni minni núna fyrir jólin. Draumurinn er auðvitað að stækka við mig en þetta hefur gengið vel, ég er þakklát fyrir það. Góðir hlutir gerast hægt.“

Nánar má forvitnast um skóhlífar Elísabetar á heimasíðunni www.babette.is

heida@frettabladid.is


Barnafatnaður frá *Ej sikke lej*, *Mini A Ture*, *Bifrost* og *Danefae*. Sokkabuxur frá Melton og íslensku merkin *Rendur* og *Sunbird*.

*20% afsláttur á öllum vörum frá Ej sikke lej, Mini A Ture og Bifrost.*

Rumputuski
Laugavegi 61 - 101 Reykjavík - S: 552 7722



**Tískuverslun**
fyrir stelpur og konur.



Flott föt, skór og skart á frábæru verði.
Stærðir 34–52.

**Opið mán.föstud.**
**Laug og sund.**
Suðulandsbraut 50
Bláu húsin við Faxafen
108 Reykjavík
Tel: 5884499
mostc@mostc.is
Möst.C



Auglýsingasími
512 50 50




Allt sem þú þarft...



KAOLIN
Ingólfsstræti 8 •101 Reykjavík
• listmunir án milliliða •




• OPIÐ ALLA DAGA TIL KL. 22 FRAM AÐ JÓLUM •



gling gló
...fullkomin jólagjöf
Zirkon hringarnir



Fást nú hjá Korneliusi,
Bankastræti 6, 101 Rvk. s: 660 8919.
Einnig til sölu hjá Mýrinni og Kraum.



# Hátíðarmatur

FIMMTUDAGUR 16. DESEMBER 2010 • KYNNING

Hollur, sykurlaus og lífrænn gosdrykkur um jólin




Jóla gosið er engifer öl

Engiferöl er frábær lífrænn gosdrykkur fyrir alla fjölskylduna. Hann er sættur með eplasafa og því laus við allan viðbættan sykur. Milt engiferbragð gerir drykkinn einstaklega bragðgóðan og því kjörinn yfir hátíðarnar.

Þú verður að prófa!

Fæst í verslunum um allt land

# Hnetur í hátíðabúningi

**Á hverjum jólum stækkar hópur þeirra sem þykir hnetusteik ómissandi á veisluborðið, en það eftirsótta sælkerafæði má panta hjá Manni lifandi.**



Arndís Thorarensen með unaðslega hnetusteik sem nýtur vaxandi vinsælda og lesendum gefst nú færi á að útbúa sjálfir með fágætri uppskrift hússins. Útkoman fer svo eftir natni, ást og umhyggju hvers þess sem við steikina nostrar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Hnetusteik er mesti hátíðarréttur grænmetisætunnar, en hátíðleikinn felst ekki síst í því hversu langan tíma tekur að undirbúa hana og elda. Það getur verið dálítill galdur að láta hana heppnast vel og margar uppskriftir í gangi, en uppskrift Hrafnhildar yfirkokks hefur yfir sér rómað orðspor enda dýrindis réttur sem sannir sælkerar njóta að upplifa á jólum,“ segir Arndís Thorarensen, framkvæmdastjóri Manns lifandi, þar sem biðlisti eftir hnetusteik Hrafnhildar lengist ár frá ári.

„Jólamatur Íslendinga ræðst af hefðum, og víst vil ég fá hangikjötslykt í húsið líka. Hins vegar þurfti að salta gamla jólamatinn fram úr hófi svo hann geymdist vel og markmiðið ekki endilega besta bragðið eða gæðin. Síðan hafa tímarnir breyst og nú geta landsmenn eldað allan mat úr fersku hráefni frá grunni, öfugt við þá tíð þegar grænmeti þekktist varla og ávextir sáust bara á jólum. Við þurfum því að upphugsa jólamatinn á ný og festast ekki í hefðum hefðanna vegna,“ segir Arndís sem ávallt hefur hnetusteik á aðfangadagskvöld, sem og hægeldaða nautalund í ár, ásamt fullt af girnilegu, heimagerðu meðlæti.

„Fjölskyldan tekur öll þátt í matseld jólanna og krakkarnir eru duglegir að skera, blanda og smakka. Samverustundir jólanna snúast svo mikið um veislumat og þeirrar fyrirhafnar ber að njóta með hægð og í stemningu. Íslendingar eru dálítið snöggir með jólamatinn sem er skiljanlegt með litla krakka sem vilja drífa sig í pakkana, en okkur finnst mikilvægt að elda hægt, borða hægt, tala um matinn og njóta til hins ítrasta,“ segir Arndís sem leggur til æfingamatseld á nýjum jólamat áður en hann er borinn fram í fyrsta sinn.

„Ávísun á vel heppnaða hnetusteik er að hún sé stökk og „crunchy“, því hún missir marks ef hún verður mjúk eins og slátur í miðjunni. Sá galdur kostar undirbúning og ég mundi hiklaust gera hnetusteik frá grunni áður en ég byði stórfjölskyldunni í slíkt sælkerafæði á jólum,“ segir Arndís og bætir við að besta meðlætið sé sætkartöflustappa, Waldorfsalat, heimagert rauðkál og sveppasósa.



„Best er að áætla hnetusteik ríflega því hún er fljót að klárast og jafnvel þeir sem voru efins geta ekki annað en fengið sér aftur þegar þeim komast á bragðið.“

## Hnetusteik Manns lifandi að hætti Hrafnhildar Sigurðardóttur matreiðslumeistara

*fyrir sex (2 steikur eða 2,5 kg)*

**olía**
**2 stk (300 g) laukur, saxaður**
**2 stk (800 g) kúrbítur, skorinn í litla ferninga**
**5 stk. (600 g) gulrætur, skornar í litla ferninga**
**2 tsk paprikukrydd**
**½ tsk eða ¼ tsk (eftir smekk) cayenne-pipar**
**½ tsk. pipar**
**2 tsk basil**
**1½-2 dl (150-200 ml) Tamari-sojasósa**
**½ dl (50 ml) chilimauk (Sambal olek)**
**250 g möndlur, hakkaðar og ristaðar**
**250 g heslihnetur, hakkaðar og ristaðar**
**400 ml kókosmjólk**
**300-350 g tómatar í dós, hakkaðir (krydd- og aukaefnalausir)**
**150 g haframjöl**

*Steikið lauk og krydd í olíu á pönnu þar til hann hefur mýkst vel, setjið þá í djúpan pott. Steikið gulrætur og kúrbít á sömu pönnu þar til fengið á sig fallega steikarskán og bætið í pottinn. Ristið hnetur í ofni á bökunarpappír við 200°C þar til gullinbrúnar. Bætið þeim í pottinn og blandið öllu vel saman. Hafið meðalhita undir pottinum, bætið við kókosmjólk og tómötum og þykkið maukið með haframjöli í restina. Setjið hnetudeig í form, sirka 1 kíló fyrir hvora steik og þjappið vel. Bakið í ofni við 150-160°C í 60 mínútur, dreifið þá hnetum og möndluflögum yfir og bakið áfram í 10 mínútur eða þar til falleg steikarhúð hefur myndast og hnetur og möndlur eru fallega gylltar á lit. Njótið með sveppasósu og jafnvel Jólachutney frá Manni lifandi.*

## Villisveppasósa

**1 stk meðalstór laukur, saxaður**
**3 stk skalottlaukar, saxaðir**
**200 g sveppir, skornir í sneiðar**
**100 g villisveppir (látnir liggja í bleyti í klukkustund)**
**½ tsk. oreganó**
**½ tsk pipar**
**¼ tsk cayenne-pipar**
**1 tsk basil**
**½ dl Tamari-sojasósa**
**2 dl grænmetissoð (eða vatn og grænmetiskraftur frá Himneskri hollustu)**
**grænmetiskraftur eftir smekk**
**2–3 dl rauðvín, eða Amé-vatn (villiberja)**
**rjómi eða kókosmjólk eftir smekk**
**Má þykkja með Kuzu, fyrir þá sem vilja (fæst í Manni lifandi)**

*Aðferð: Setjið olíu í pott og steikið lauk ásamt kryddum. Bætið þá sveppum og villisveppum í pottinn (sigtið vatnið frá áður). Bætið við rauðvíni og sjóðið niður um 20 prósent; bætið þá við rjóma eða kókosmjólk eftir smekk. Ekki er þörf á að salta sósuna.*

# Betri heilsa er góð jólagjöf



Gjafakörfurnar frá Manni lifandi eru fullar af jákvæðum skilaboðum um mikilvægi þess að láta sér umhugað um heilsu okkar nánustu og vellíðan. Ýmsar samsetningar eru í boði en einnig er hægt er að fá þær sérsniðnar að þörfum hvers og eins. Úrvalið af lífrænni matvöru er fjölbreytt; þurrkaðir ávextir, gourmet-kex, hágæða súkkulaði, snyrtivörur, heilsudrykkir, vítamín og bætiefni, svo fátt eitt sé nefnt. Að auki er í boði úrval bóka, lífsklukkna og heilsudýna. Það er vissulega sælla að gefa en þiggja en ánægjan felst ekki síður í því að vera ábyrgur neytandi og kaupa vörur sem eru framleiddar eftir lífrænum stöðlum.

Með því að velja lífrænt ertu ekki einungis að stuðla að betri heilsu og vellíðan hjá sjálfum þér heldur einnig að styðja mikilvæga þætti eins og umhverfisvitund og dýraverndunarsjónarmið. Einnig eru öll lífræn matvæli laus við herta fitu og önnur umdeild aukaefni eins og aspartam, tartrazine og MSG. Vert er að taka fram að öll erfðabreytt matvælaframleiðsla er bönnuð samkvæmt lífrænum stöðlum. Þetta og margt fleira mælir með því að velja lífrænt.

# Hátíðakjúkling á jólaborð

**Reykjagarður hóf framleiðslu á hátíðakjúklingi árið 1990. Hátíðakjúklingurinn nýtur nú vinsælda á jólaborðum landsmanna sem léttari kostur.**



Léttreyktur hátíðakjúklingur Reykjagarðs er góður kostur á móti þyngri mat sem við innbyrðum yfir hátíðarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Hátíðakjúklingurinn er tveggja kílóa léttreyktur fugl, framleiddur að amerískri fyrirmynd. Margir bjóða upp á hann á jóladag eða annan í jólum eftir að hafa haft þyngri matinn á aðfangadag,“ útskýrir Kristján Þór Hlöðversson, rekstrarstjóri framleiðslueldhúss Reykjagarðs, en Reykjagarður hefur framleitt sérstakan hátíðakjúkling í 20 ár.

Framleiðslan fer fram á Hellu. Í hátíðakjúklinginn fer tveggja kílóa fugl sem lagður er í pækil, þá reyktur og frystur. Kristján segir einfalt að elda hátíðakjúklinginn. Best sé að hægelda hann í ofni á lágum hita svo hann verði mjúkur.

„Í heildina er eldunartíminn um þrír tímar. Lærin og leggirnir þurfa lengri eldunartíma en bringan en með löngum eldunartíma á lágum hita verða þau mjúk eins og bringan,“ útskýrir Kristján.

Kjúklingurinn er seldur frosinn og segir Kristján best að láta hann þiðna inni í kæli í tvo daga. Gott sé að taka hann út um morguninn svo hann hafi náð stofuhita áður en hann fer í ofninn en það flýtir fyrir eldun. Ef það er ekki hægt má láta hann þiðna á borði yfir nóttina. „Besta aðferðin að mínu mati er að setja fuglinn inn í 200 gráðu heitan ofn í 10 mínútur en lækka þá ofninn niður í 80 gráður. Bómullarstykki, eins og viskustykki eða bleiutuska, vætt í íslensku smjöri er þá lagt yfir kjúklinginn í ofninum og öðru hvoru þarf svo að væta tuskuna aftur úr smjörinu og leggja yfir kjúklinginn yfir eldunartímann,“ segir Kristján. Hann mælir með því að nota smjör án salts þar sem fuglinn sé reyktur.



„Til að fylgjast með eldunartímanum er gott að nota kjarnhitamæli og stinga honum aftan í bringuna á fuglinum. Þegar hann mælirinn sýnir 68 gráður er hátíðakjúklingurinn fulleldaður en til að fá hann brúnan í lokin er bómullartuskan tekin af og yfirgrillið í ofninum sett á 200 gráður í fimm mínútur. Þá verður hátíðakjúklingurinn fallega glansandi.“

Kristján segir fyllinginguna í hátíðakjúklinginn geta farið eftir smekk hvers og eins. Hægt er að kaupa tilbúnar fyllingu í verslunum en auðvelt sé að búa til fyllingu frá grunni.

„Sjálfum finnst mér gott að nota sellerírót, lauk, græna papriku, hvítlauk, matarsalt, salvíu, hvítan pipar, strásykur, kartöflumjöl, rjóma, fransbrauð og vatn. Grænmetið er skorið smátt og rifið innan úr brauðinu. Rjóma og vatni hellt yfir og kartöflumjölið notað til að þykkja. Þegar fyllingin er komin í fuglinn má sauma fyrir gatið en einfaldast er að loka því bara með álpappír. Muna þá bara eftir því að taka hann af í lokin þegar kjúklingurinn er brúnaður svo hún fái líka á sig brúnan lit.“

Kristján leggur áherslu á að hreinlæti sé haft í huga þegar kjúklingurinn er eldaður. Einfaldast sé að vinna að kjúklingnum, koma honum í ofninn og þrífa strax öll áhöld og bretti. „Eftir það er hægt að snúa sér að meðlætinu með hátíðakjúklingnum. Ég mæli með kartöflumús úr venjulegum og sætum kartöflum, léttsoðnu brokkólíi og rjómalagaðri sveppasósu. En grænar baunir og rauðkál eiga líka vel við hátíðakjúklinginn, allt eftir smekk.“

# Áhersla lögð á ferskleika

Reykjagarður er markaðsdrifið framleiðslufyrirtæki og stærsti kjúklingaframleiðandi landsins. Vörumerki Reykjagarðs er HOLTA kjúklingur og segir Ragnar Hjörleifsson, sölu- og markaðsstjóri fyrirtækisins, mikla áherslu lagða á gæði og ferskleika við framleiðslu vörunnar.

Eldi fyrirtækins er að Ásmundarstöðum, í Hvalfirði, Hrútafirði, Grindavík, Vatnsenda, svo einhverjir staðir séu nefndir en Reykjagarður framleiðir bæði ferskar og eldaðar kjúklingaafurðir og einnig kjúklingaálegg og kjúklingapylsur.




Ragnar Hjörleifsson segir gæði og ferskleika aðalatriði hjá Reykjagarði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Allur fugl hjá Reykjagarði er rannsakaður fyrir slátrun með tilliti til sýkinga. Stuðst er við HACCP-gæðakerfi og eftirlit á vegum MAST. Reykjagarður byggir á 30 ára reynslu sem tryggir hámarksgæði en öll vara Reykjagarðs er með rekjanleikanúmer með tilvísun í vinnsludag, eldishús og útungunardag, ásamt rekjanleika til foreldrafugls. Fagfólk vinnur á öllum stigum framleiðsluferilsins. Dýralæknir, sem er sérfræðingur alifugla, stjórnar öllu eldi Reykjagarðs og unnið er náið með fóðurframleiðanda fuglafóðursins með tilliti til hollustu fóðursins sem fuglarnir eru aldir á.

Mikil reynsla við að uppfylla þarfir viðskiptavinarins tryggir hátt þjónustustig Reykjagarðs.




VELDU
JÓLASTEIKINA
AF KOSTGÆFNI




Hamborgarhryggur
Hagkaups



Veislulæri
Hagkaups



Smjörsprautað kalkúnaskip
tilbúið beint í ofninn




Fyllt úrbeinað lambalæri
að hætti Jóa Fel

HAGKAUP
Ein ferð betra verð







Leifur með fjóra forrétti sem nýlega eru komnir á markað. Tveir þeirra, grafið lambafilet og sveitapaté, hlutu gullverðlaun í fagkeppni kjötiðnaðarmeistara. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Mælt með hryggnum af matreiðslumönnum

**Hamborgarhrygg Hagkaups þarf ekki að sjóða heldur aðeins stinga inn í ofn. Honum fylgja einnig ítarlegar matreiðsluleiðbeiningar.**

„Sérstaða hamborgarhryggsins liggur í fyrsta lagi í því að hann er sérvalinn og saltaður minna en aðrir hryggir. Því þarf ekki að sjóða hann í vatni heldur er hægt að setja hann beint í ofn og elda.“ Þannig lýsir Leifur Þórsson kjötiðnaðarmeistari hamborgarhryggnum sem Ferskar kjötvörur framleiða fyrir Hagkaup. „Þetta er eini hryggurinn á markaðnum sem er framleiddur með þessari aðferð,“ segir Leifur og vill meina að með því að sleppa því að sjóða hrygginn verði hann mun safaríkari fyrir vikið. Ferskar kjötvörur þróuðu aðferðina og hafa notað í fjögur ár við góðan orðstír. „Þetta er eini hryggurinn sem landslið matreiðslumanna setur nafn sitt við og mælir með.“

En hvað tekur langan tíma að verka hvern hrygg? „Fyrst er hryggurinn léttsaltaður, látinn hvíla og moðna yfir nótt og síðan volgreyktur við beykisag daginn eftir. Það tekur því tvo til þrjá daga að búa til svona hamborgarhrygg,“ svarar Leifur og bætir við að svínakjötið sem komi frá Stjörnugrís á Kjalarnesi sé ávallt ferskt og alíslenskt.




Hryggurinn er gríðarvinsæll að sögn Leifs en hann gerir ráð fyrir að um fimmtíu þúsund Íslendingar leggi sér hann til munns yfir hátíðarnar. Því má ætla að mikil vertíð ríki nú í fyrirtækinu. „Já, það er gríðarmikil vinna að koma öllu þessu hangikjöti, hamborgarhryggjum og öðrum jólamat í búðirnar. En þetta er alltaf jafn skemmtilegt,“ segir Leifur og hlær. Hann er því næst inntur eftir matreiðsluleiðbeiningum. „Aðalatriðið er að fara eftir matreiðsluleiðbeiningunum sem eru á miðanum,“ svarar Leifur en uppskriftina má finna hér að neðan.

Ferskar kjötvörur hafa nýlega sett á markað nýja vöru. Það eru fjórir forréttir sem koma nánast tilbúnir í pökkum. „Þetta eru taðreykt lambainnralæri, sveitapaté, grafið lambafillet og nautavöðvi en hann kemur þó ekki í verslanir fyrr en milli jóla og nýárs,“ segir Leifur. Sósur fylgja öllum réttunum sem eru ætlaðir fjórum til fimm en það eru til dæmis piparrótarsósa og hindberjasósa.

Gæðin eru ekki af verri endanum. „Fyrir grafna lambafilletið og sveitapatéið fengum við gullverðlaun í fagkeppni kjötiðnaðarmeistara og fyrir patéið fengum við bikar fyrir bestu vöruna í flokki paté og kæfa,“ segir Leifur en smekklegar framreiðslutillögur er að finna utan á pakkningunum.

**ELDUNARAÐFERÐ**

*Setjið 5 dl af köldu vatni í ofnskúffu í miðjum ofni. Hryggurinn er settur í ofnskúffuna og eldaður við 160°C í 90 mínútur. Þá er hryggurinn penslaður með sykurgljáa og settur aftur inn í ofn í um 15 mínútur við 220°C. Látið hrygginn standa í 10 mínútur áður en hann er skorinn.*

# Ferskt borð á fjórum stöðum

Ferskt kjötborð er að finna í fjórum verslunum Hagkaups: á Akureyri, Eiðistorgi, Garðabæ og í Kringlunni.

„Þar erum við með allar tegundir af kjöti og fiski sem hugsast getur,“ segir Leifur Þórsson kjötiðnaðarmeistari. „Helsta nýjungin er sú að fólk getur nú sent tölvupóst til okkar og lagt inn fyrirspurn um nánast hvað sem því dettur í hug á netföngin kjotbordkri@ferskar.is og kjotbordgbr@ferskar.is,“ upplýsir Leifur en fólk fær þá svar til baka um hvort hægt sé útvega vöruna, hvenær hún verði tilbúin og hvað hún kosti. Og er hægt að nálgast hvað sem er? „Já, því sem næst, ef það er leyfilegt á Íslandi,“ segir Leifur glaðlega. Hann bætir við að milli jóla og nýárs verði boðið upp á ferskan túnfisk og ostrur í kjötborðinu.



Boðið verður upp á ferskan túnfisk og ostrur í kjötborðinu milli jóla og nýárs. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



„Við leggjum mikla áherslu á fagmennsku bak við afgreiðsluborðið,“ segir Jón Örn í Kjötkompaníinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Allur matur á jólaborðið á einum stað

**Kjötkompaní-verslanirnar við Dalshraun 13 í Hafnarfirði og á Grensásvegi 48 í Reykjavík, leggja áherslu á fjölbreytt framboð af úrvalskjöti og leggja mikið upp úr heildarlausnum fyrir hátíðamatinn.**

„Við leggjum áherslu á gott íslenskt kjöt, lambakjötið okkar kemur til dæmis beint frá bónda í Öxnadal, og einnig að fólk geti stólað á að kaupa hjá okkur kjöt í hæsta gæðaflokki. Við erum með allt þetta hefðbundna fyrir hátíðarmatinn eins og til dæmis grísahamborgarhrygginn, tvítaðreykt hangikjöt og úrval af hátíðarlambi ásamt gæða nautakjöti þar sem fylltu nautalundirnar „Wellington“ eru mjög vinsælar,“ segir Jón Örn Stefánsson matreiðslumaður, einn af eigendum Kjötkompanís. „Einnig bjóðum við upp á úrval af villibráð eins og til dæmis dádýralundir, krónhjört, antilópu og fleira.“

„Við erum með úrval forrétta eins og gæsa-, hreindýra- og sveitapaté, grafið nautafillet og grafið lamb ásamt grafinni gæs, heitreyktum andabringum og heitreyktum gæsabringum, meðlæti með þessum forréttum eins og til dæmis piparrótarsósu, jarðarberjasósu, bláberja-vinaigrette, rauðlaukssultu, koníaksrúsínusósu og fleira.“

„Við erum með úrval af köldum sósum ásamt heitum sósum til dæmis rauðvínssósu, villibráðarsósu og villisveppasósu,“ segir Jón Örn. „Af eftirréttum erum við með nokkrar tegundir af ostakökum, ekta franska súkkulaðimús og tiramisu ásamt okkar vinsæla sælkeradraumi sem er brownies-kaka með kókosrjóma og súkkulaðikremi.

Einnig erum við með fullt af öðru meðlæti eins og kartöflurétti og fleira.“

„Við leggjum mikla áherslu á fagmennsku bak við afgreiðsluborðið þar sem við njótum þess að veita faglega ráðgjöf varðandi jólamatinn og svo erum við með vínráðgjöf á staðnum alla daga fyrir jólin,“ segir Jón Örn. „Og gjafakortin okkar eru vinsæl jólagjöf fyrir einstaklinga og fyrirtæki.“



## Karmellugljáður hamborgarhryggur

**2,5 kg hamborgarhryggur**
*(Kjötkompaní)*

*Hryggurinn er soðinn rólega í um 60 mínútur, gott er að nota kjarnhitamæli og sjóða hrygginn í 65°C í kjarna. Síðan er vatninu hellt af og gljáinn og ananashringir settir á hrygginn og hann bakaður í 72°C í kjarna.*



Mörgum þykir rauðkálið ómissandi með.

**Karmellugljái:**
1 bolli sykur
½ bolli vatn
¼ bolli rjómi
2 msk. rauðvín

*Sykur og vatn hitað saman á pönnu, látið sjóða þar til sykurinn er orðinn ljósbrúnn að lit, þá er rjóma og rauðvíni bætt saman við.*



Í Kjötkompaníinu er fjölbreytt framboð af úrvalskjöti.

**Rauðvínssósa:**
150 g smjör
½ tsk. pipar
1½ l soð af hamborgarhryggnum
1 bolli rauðvín
1 bolli rjómi
kjötkraftur
2 tsk. púðursykur
smjörbolla (um 110 g hveiti/ 75 g smjör)

*Soðið af hryggnum er sett í pott. Rjóma, rauðvíni og kryddi bætt saman við og þykkt með smjörbollu.*

Kjötkompaní
forréttir + aðalréttir + meðlæti + eftirréttir = ALLT TIL ALLS
Kjötkompaní
forréttir + aðalréttir + meðlæti + eftirréttir = ALLT TIL ALLS
Kjötkompaní
forréttir + aðalréttir + meðlæti + eftirréttir = ALLT TIL ALLS
Kjötkompaní
forréttir + aðalréttir + meðlæti + eftirréttir = ALLT TIL ALLS
Kjötkompaní
forréttir + aðalréttir + meðlæti + eftirréttir = ALLT TIL ALLS
Kjötkompaní
forréttir + aðalréttir + meðlæti + eftirréttir = ALLT TIL ALLS
Kjötkompaní
forréttir + aðalréttir + meðlæti + eftirréttir = ALLT TIL ALLS
Kjötkompaní
forréttir + aðalréttir + meðlæti + eftirréttir = ALLT TIL ALLS
Kjötkompaní
forréttir + aðalréttir + meðlæti + eftirréttir = ALLT TIL ALLS
Kjötkompaní
forréttir + aðalréttir + meðlæti + eftirréttir = ALLT TIL ALLS





Ólafur Júlíusson, kjötiðnaðarmaður og innkaupastjóri Nóatúns.


Í kjötborði Nóatúns færðu persónulega þjónustu og ráðleggingar um hvernig best sé að elda jólamatinn.

# Þegar vanda skal valið

**Nóatúns hamborgarhryggur hefur verið á jólaborðum Íslendinga í nær 25 ár og nýtur hann alltaf jafn mikilla vinsælda. Um 80.000 Íslendingar kjósa þessa hátíðarsteik á hverjum jólum.**

Hamborgarhryggurinn hefur verið framleiddur undir merkjum Nóatúns í nærri þrjá áratugi og hefur vinnsluaðferð hans ekkert breyst í gegnum árin. „Við höldum í hefðirnar og meðhöndlum hrygginn á sama hátt ár eftir ár. Þess vegna hefur Nóatúns hamborgarhryggurinn alltaf gengið svona vel,“ segir Ólafur Júlíusson, kjötiðnaðarmaður og innkaupastjóri hjá Nóatúni. „Viðskiptavinir okkar geta treyst því að fá alltaf sömu góðu vöruna.”

### HAMBORGARHRYGGURINN SAGAÐUR EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

„Við höfum lagt upp úr því að nota einungis sérvalda, holdmikla hryggi sem eru vel snyrtir. Við erum alltaf með nýreykta hryggi í verslunum okkar, og síðustu dagana fyrir jól koma hryggirnir daglega. Nóatúns hamborgarhryggirnir eru mildir með passlegu reykjarbragði og rýrna lítið við eldun,“ útskýrir Ólafur, sem segir að vinsældirnar stafi af gæðum hryggsins en einnig vegna þeirrar persónulegu þjónustu sem er veitt í kjötborðum Nóatúns. „Viðskiptavinurinn getur valið sér hamborgarhrygg úr kjötborði og látið saga hann eftir eigin þörfum. Einnig er hryggjarsúlan söguð frá ef þess er óskað. Síðustu dagana fyrir jól er Nóatúns hamborgarhryggurinn afgreiddur í sérhönnuðum öskjum sem passa beint í ísskápinn.“

### MARGVERÐLAUNAÐUR HAMBORGARHRYGGUR

„Nóatúns hamborgarhryggir hafa fengið verðlaun í óháðum bragðkönnunum á nánast hverju ári þegar þær hafa verið framkvæmdar,“ segir Ólafur með stolti. „Það má því alltaf ganga að því vísu að Nóatúns hamborgarhryggurinn sé fyrsta flokks.“

### NÝJUNGAR Í KJÖTBORÐI NÓATÚNS FYRIR ÞESSI JÓL

Nóatún býður upp á fjölda gómsætra hátíðarrétta þessi jólin. „Við bjóðum upp á ýmsar spennandi nýjungar í ár, þar má nefna hátíðarlæri Nóatúns, sem er úrbeinað lambalæri, fyllt með Camembert-osti, trönuberjum og villisveppum, lambafilet með fitu sem fyllt er mintu, grænum eplum og kanil að ógleymdum smjörsprautuðum kalkúnaskipum með ekta íslensku smjöri,“ segir Ólafur og bætir við að auðvitað sé hægt að fá ófrosinn heilan kalkún í kjötborðum Nóatúns.

### HÚSAVÍKURHANGIKJÖTIÐ VALIÐ BEST ÞRIÐJA ÁRIÐ Í RÖÐ

Hangikjöt er líka alltaf góður kostur á jólahátíðinni. „Við erum einstaklega stolt af Húsavíkurhangikjötinu sem við höfum selt í yfir tuttugu ár við miklar vinsældir. Það var verið að velja það enn og aftur besta hangikjötið árið 2010 samkvæmt bragðkönnun DV, þriðja árið í röð. Fyrir lengra komna erum við svo með úrvals sauðahangikjöt frá Húsavík sem við seljum í lærum eða frampörtum og fólk getur fengið bita hjá okkur eftir óskum,“ segir Ólafur, sem óskar öllum landsmönnum gleðilegra jóla.

### NÝR UPPSKRIFTABÆKLINGUR Í NÆSTU NÓATÚNSVERSLUN

Viðskiptavinir geta nálgast glæsilegan bækling í öllum verslunum Nóatúns með uppskriftum sem hinn landskunni matreiðslumeistari Friðrik V samdi. Klassískur hátíðarmaturinn verður ómótstæðilegur í meðförum Friðriks og hin fullkomna máltíð fær nú nýja merkingu.

Meðfylgjandi er uppskrift Friðriks að Nóatúns hamborgarhryggnum.

## Hamborgarhryggur með Pepsi Cola sósu *fyrir 6*

**2,5 kg Nóatúns hamborgarhryggur á beini**
**1-2 lárviðarlauf**
**kalt vatn**
**3-5 svört piparkorn**

*Setjið hrygginn í pott ásamt lárviðarlaufum og piparkornum. Hellið köldu vatni yfir þannig að fljóti vel yfir. Látið suðuna koma hægt upp og sjóðið við væga suðu í um það bil 40 mínútur. Takið þá af hitanum og látið standa í soðinu í 30 mínútur áður en hryggurinn er skorinn af beininu. Setjið hrygginn í eldfast mót. Hellið karamelluhjúpnum yfir og bakið í 170 °C heitum ofni í um það bil 30 mínútur eða þar til karamellan er fallega gullin.*



### KARAMELLUHJÚPUR:

**1 bolli sykur**
**2 msk. sítrónusafi**
**2 msk. tómatsósa**
**1 msk. sætt sinnep**
**½ dl rjómi**

*Bræðið sykur og sítrónusafa á heitri pönnu þar til blandan fer að brúnast. Þá er tómatsósu, sinnepi og rjóma blandað saman við og allt soðið saman í nokkrar mínútur eða þar til að blandan er orðin hæfilega teygjanleg eins og karamella. Athugið að nota ekki allan hjúpinn á kjötið þar sem þörf er á um það bil 2/3 desilítra í sósuna.*



### PEPSI COLA SÓSA:

**2/3 dl karamelluhjúpur**
**1 lítil Pepsi í gleri**
**4 dl soð af hamborgarhryggnum**
**svínakjötskraftur (Oscar)**

*Setjið karamelluhjúpinn og Pepsíið út í soðið og sjóðið vel niður áður en sósan er smökkuð til, lituð og þykkt. Bætið kjötkrafti við eftir smekk. Þegar það er búið er rjóminn settur saman við og sósan soðin í 5 til 10 mínútur við væga suðu eða þar til fallegum gljáa er náð.*

*Nýsoðið grænmeti, rauðkál og pönnusteiktar kartöflur henta vel sem meðlæti en síður sykurbrúnaðar kartöflur enda er bæði sósan og hjúpurinn sætur. Sams konar aðferð má nota við að elda bayonne-skinku.*



„Við reynum að hafa hollustuna í fyrirrúmi við verkunina," segir Jóhann Ólafur um jólasteikurnar í Til sjávar og sveita.

# Íslenskt og ósvikið kjöt afgreitt beint úr borðinu

**Til sjávar og sveita nefnist matarverslun í Ögurhvarfi 2 í Kópavogi. Kaupmaður þar er Jóhann Ólafur Ólason. Sem jólamat leggur hann áherslu á íslenskt eðalkjöt, laust við aukaefni.**

„Við erum með okkar eigin vinnslu á kjöti og fersku sjávarfangi og reynum að bjóða upp á holla vöru beint úr borðinu. Af hátíðakjöti má þar nefna sykursaltaða skinku sem oft er líkt við sænska jólaskinku, hægreyktan hamborgarhrygg sem er án aukaefna og svo bláberjakryddað lambalæri. Auk þess erum við með íslenska aliönd, villigæsabringur og fleira sem telst heppilegt á hátíðaborðið," segir Jóhann kaupmaður í versluninni Til sjávar og sveita í Ögurhvarfinu.

Fyrst er forvitnast frekar um hina sænsku jólaskinku sem Jóhann verkar úr íslenskum svínslærum. Hver er galdurinn við hana? „Við tökum lærið sundum og skiptum því í fjóra væna vöðva þannig að hvert stykki getur verið frá einu kílói upp í tvö og öll eru þau með puru," byrjar hann sínar skýringar og segir vinnsluna taka um fjóra sólarhringa. Skinkan er látin liggja í léttum saltpækli með náttúrulegu sætuefni þannig að hún verður sykursöltuð. „Skinkan er óreykt og ekki með neinum aukabindiefnum eins og fosfati eða slíku," tekur Jóhann fram. „Sumir vilja sjóða hana en okkur finnst bara fínt að skella henni beint í ofninn, hún er svo léttsöltuð og með sætum keim. Puran verður stökk en það er best að skera í hana áður en hún er steikt til að fá hana í teninga."

Jóhann segir hamborgarhrygginn lagðan í sams konar pækil og sænsku skinkuna og unninn á sama hátt nema hvað hann sé hægreyktur líka. Þannig verði hann bæði bragðmildur og safaríkur.

Kaupmaðurinn er inntur eftir hvort hann fari sjálfur í berjamó á haustin til að ná sér í krydd á lambalærin. Því svarar hann neitandi en í glaðlegum tón. „Ég fæ eðalbláberjasaft frá fyrirtæki sem nefnist Íslensk hollusta. Innihaldið í henni er safi úr aðalbláberjum og krækiberjum, hrásykur og vatn. Þetta notum við sem kryddblöndulög og látum lærin liggja í honum, ásamt bláberjasultu." Skyldi hann svo selja lærin í lofttæmdum umbúðum? „Já," svarar hann. „En fyrst og fremst verður þetta allt í kjötborðinu hjá okkur."



Safaríkt bláberjakryddað lambalæri.

# Hentar vel með hátíðamat

Jóhann kaupmaður í versluninni Til sjávar og sveita framleiðir sitt eigið Waldorfsalat sem passar prýðilega með öllum þeim kjötttegundum sem að ofan er lýst og einnig villibráð svo sem rjúpum, gæs, önd og hreindýri. Hann gefur lesendum fúslega uppskriftina að því ef þeir skyldu vilja búa það til sjálfir. Hún ætti að nægja fyrir sex til átta manns.

**Waldorfsalat**

**1 peli rjómi**
**2 dósir sýrður rjómi 10%**
**250 g saxaðar döðlur**
**400 g vínber skorin í tvennt**
**100 g valhnetukjarnar saxaðir**
**2 epli skorin í teninga**
**100 g sellerí saxað**
**2 msk. appelsínuþykkni**
**2 msk. koníak (alls ekki nauðsynlegt)**
**2 msk. flórsykur**

*Þeytið rjómann. Hrærið sýrða rjómann og blandið flórsykri, koníaki og appelsínuþykkni út í og hrærið vel.*

*Blandið þeytta rjómanum saman við og hrærið saman við salatið.*



Jónína Björg Ström með Waldorfsalatið góða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





LÁTTU EFTIR ÞÉR ÞAÐ ALLRA BESTA

Íslenskt og ósvikið kjötmeti afgreitt beint úr borðinu

Hamborgarahryggur, jólaskinka, berjakryddað lambalæri og Waldorfsalat. Þetta er lítið dæmi um glæsilegt úrval kræsinga fyrir gleðilega hátíð. Kjötiðnaðarmenn okkar leggja metnað í að velja aðeins besta mögulegt hráefni. Láttu sjá þig í Ögurhvarfinu og njóttu aðstoðar okkar varðandi hráefni og matreiðslu.

*Hlökkum til að sjá þig Gleðilega hátíð*

STOFA 53




TIL SJÁVAR OG SVEITA
VIÐ VERSLUNARKJARNANN ÖGURHVARFI 2, KÓPAVOGI, SÍMI 566 5052

*Jóla opnunartímar: Sun. 19/12: 13-20 • Mán. 20/12: 11-20 • Þrið. 21/12: 11-21 Mið. 22/12: 11-21 • Fim. þorláksm. 23/12: 11-23 • Fös. aðfangad. 24/12: 09-13*



Hangikjöt hefur verið á borðum landsmanna síðan land var numið og því er óhætt að segja að það sé löngu búið að festa sig í sessi sem þjóðarréttur Íslendinga.

# Hátíðarréttur Íslendinga

**Hvort sem það er kalt eða heitt, með uppstúf eða á laufabrauði, á fjöllum eða í jólaboði stendur hangikjötið alltaf fyrir sínu. En það er ekki sama hvernig það er verkað.**

Jólatörn kjötiðnaðarmanna er nú í algleymingi en þeir hafa reykt og hengt upp kjöt síðan í lok október. Eftirspurnin er mikil ef marka má sölutölur nóvembermánaðar og fyrri hluta desembermánaðar.

„Sala á hangikjöti fyrir jólin hefur stóraukist hin síðari ár,“ segir Auðjón Guðmundsson hjá Kjarnafæði og bætir við að kofareykta hangikjötið njóti hvað mestra vinsælda. „Það hefur verið í sókn á liðnum árum, en við hjá Kjarnafæði höfum lagt áherslu á að reykja kjöt með gömlum aðferðum.“

Auðjón vill meina að kofareykingin skili bragðmeira kjöti, þrátt fyrir að vera léttsaltaðara en gengur og gerist og virðist það falla fólki vel í geð. „Raunin er sú að nú vill fólk fá eitthvað ekta og gamaldags. Það hefur orðið mikil vakning meðal almennings varðandi hollustu matvæla og okkar fyrirtæki hefur lagt kapp á að mæta þeim kröfum.“

Auðjón er lítið fyrir að flækja hlutina er kemur að hangikjötinu. Svo lengi sem hangikjötið er alvöru hangikjöt, kofareykt eða taðreykt, verður útkoman góð. Sjálfur hefur hann tvíreykt læri hangandi neðan úr lofti á skrifstofu sinni og stelst annað veifið til að skera sér flís að hætti heimamanna. „Annars stendur hangikjötið með uppstúf alltaf fyrir sínu sem hátíðarmatur Íslendinga. Maður ólst náttúrulega upp með þessu og hangikjöt með uppstúf er einfaldlega ómissandi meðan haldin eru heilög íslensk jól.“

### 1 hangilæri eða -frampartur

*Setjið hangikjötið í stóran pott. Hellið köldu vatni yfir þar til það hylur kjötið. Látið suðuna koma rólega upp. Slökkvið á hellunni þegar suðan kemur upp.*

*Látið ekki bullsjóða í pottinum. Látið kjötið kólna í pottinum undir loki.*

*Berið hangikjötið fram með uppstúf, soðnum kartöflum, grænum Orabaunum og laufabrauði.*

### Uppstúf

**50 g smjör**
**50 g hveiti**
**1 l mjólk**
**½ tsk. salt**
**1-3 msk. sykur**
**ögn hvítur pipar**

*Bræðið smjörið í potti, hrærið hveitinu saman við þannig að úr verði smjörbolla.*

*Bætið mjólkinni varlega í og hrærið uns kekkjalaust. Látið sjóða í nokkrar mínútur og hrærið vel í á meðan.*

*Kryddið með salti, sykri og pipar.*



Auðjón Guðmundsson gæðir sér hér á húskarlahangikjöti sem hangir á skrifstofu hans.

# Hin íslenska hráskinka

Tvíreyktu húskarlahangikjöti frá Kjarnafæði hefur verið vel tekið síðan það kom á markað fyrir rúmum tíu árum, enda þykir bragðið afar sérstætt. „Fyrir svona rúmum áratug fór hráskinka að verða vinsælli hérlendis og þá fór fólk að beina sjónum sínum að hangikjötinu og hvernig hægt væri að nýta það á svipaðan hátt,“ segir Eðvald Sveinn Valgarðsson, gæðastjóri Kjarnafæðis. „Það mætti eiginlega kalla tvíreykta kjötið hina íslensku hráskinku.“

Í kjölfar aukins áhuga tóku Kjarnafæði og Jólagarðurinn í Eyjafirði upp samstarf og hófu framleiðslu á tvíreyktu hangikjöti. Kjötinu var vel tekið enda mikill áhugi á gömlum verkunaraðferðum. Kjötið er kofareykt með taði og veljast frekar lítil læri til þess svo reykurinn nái inn að beini og kjötið verði vel reykt. Kjötið er bragðmeira en hefðbundið hangikjöt en um leið minna saltað. Það er þurrara, geymist betur í hita og auðveldara að skera það hrátt.

„Húskarlahangikjötið hentar vel sem forréttur, smáréttur á hlaðborði eða smábiti milli mála. Það fylgir því sérstök jólastemming að fá sér húskarlahangikjöt í upphafi aðventu, hengja það upp heimavið og skera sér flís af og til. Af því leggur einnig sérstakan jólailm sem mörgum þykir ómissandi á aðventunni,“ segir Eðvald.



Hér gæðir starfsmaður Jólagarðsins í Eyjafirði sér á húskarlahangikjötinu.




Nýi hringurinn er eins og blóm í laginu.


Upphaflega armbandið í línunni.


Hálsmen eftir Brynju úr línunni Umvafin trú.

# Nýr hringur í skartgripalínunni Umvafin trú

**Skartgripahönnuðurinn Brynja Sverrisdóttir hefur sent frá sér nýjan hring í skartgripalínu sinni Umvafin trú eða Embracing Faith eins og línan heitir á ensku.**

„Þetta eru raunar tvær gerðir af hring,“ segir Brynja. „Ein standardtegund sem er hringur sem er eins og blóm í laginu, tilvaldir trúlofunarhringir og hægt að panta í 18 karata gulli en afgreiðslutíminn er þrír mánuður, og svo er ég með spinnerversjón af þeim hring. Sá er öllu meiri um sig og fer ekkert öllum, en það er mjög skemmtilegur mekanismi í honum.“

Skartgripalínan Umvafin trú endurspeglar drauminn um friðsamlega sambúð allra jarðarbúa af mismunandi kynflokkum á ólíkum menningarsvæðum. Trúartáknin fimm sem snúast á Bænahjólshringnum eru táknmyndir fyrir hin ótalmörgu trúarbrögð mannkynsins. Öll trúartáknin fá sama rúm og hafa sama gildi á hringnum sem tákn jafnréttis og samhljóms allra trúarbragða.


Brynja Sverris

Hluti ágóðans af skartgripalínunni Umvafin trú rennur til Íslandsdeildar Amnesty International en gripirnir eru unnir í Bretlandi og á Ítalíu. Brynja segir það vera draum sinn að geta látið vinna skartgripina á Íslandi en tæknin sé því miður ekki enn fyrir hendi. Hún hefur þó náið samband við Gullsmíðaverkstæði Hjálmars Torfasonar sem er þjónustuaðili skartgripanna á Íslandi.

Brynja hefur að vanda mörg járn í eldinum. Hún er með innsetningu á sýningu eiginmanns síns, ljósmyndarans Brians Griffin, í St. Bernadines kirkjunni á Rue Poissy í París auk þess sem sýning á skartgripalínunni Embracing Faith stendur yfir í Magill‘s of London í Beckenham á Englandi.

Hún segir líka ýmislegt annað í bígerð en er ekki tilbúin til að upplýsa hvað það er. „Það eina sem ég get sagt er að það eru spennandi tímar núna, nýir tímar,“ segir hún leyndardómsfull.

*fridrikab@frettabladid.is*

## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

**Bergþór Bjarnason skrifar frá París**



# Gull og gersemar fyrir jólin

Á dögunum þegar ég flaug frá Nice til Parísar fletti ég tímariti franska flugfélagsins, Air France. Við lesturinn hugsaði ég hvort það væri nálægð jólanna eða hvort meirihluti ferðalanga væri í leit að rándýrum úrum, svo mikið var af auglýsingum í ritinu. Reyndar, þegar betur er að gáð, má segja það sama um tískublöðin sem eru full af auglýsingum tískuhúsanna og annarra sem hanna skart og auglýsa stíft sínar dýrustu vörur, úr og skart úr eðalmálmum skreytt demöntum eða öðrum eðalsteinum.

Það er sérkennileg mótsögn að á meðan Frakkar eru almennt heldur niðurdregnir og reyna að skera niður ýmsan aukakostnað þegar hátíðir nálgast, án þess þó að það komi niður á börnunum, skuli fínu tískuhúsin ganga betur en nokkru sinni og virðast hafa gleymt kreppunni sem skall hér á haustið 2008 eins og víða annars staðar. Úraverksmiðjur fínu merkjanna hafa vart undan að framleiða, svo mikil er eftirspurnin. Reyndar eru það sjaldnast Frakkar sem kaupa þessa dýru vöru þó þeir finnist auðvitað og milljónamæringar hafa aldrei verið fleiri hér eins og víða annars staðar. Kúnnarnir koma oft frá Kína, Brasilíu, Rússlandi og víðar; þeim löndum þar sem kreppan hefur haft lítil sem engin eða mjög tímabundin áhrif eða þar sem að milljarðamæringar eru fleiri en tölu verður á komið.

Þegar betur er að gáð er þó ekki alltaf um frumlega hönnun að ræða sem prýðir síður blaðanna. Oft er þetta endurútgáfa á þekktum munum enda einfalt að bæta við nokkrum demöntum á þekkt og vinsælt úr og margfalda svo verðið. Það hefur Chanel gert með því að endurgera fyrsta úr Coco Chanel sem er áttkanta eins og Vendôme-torgið í París og er nú alsett demöntum. Hjá Dior er það svarta úrið með demöntum en Mont Blanc selur úr með nærri 200 ára svissnesku úrverki. Úrið er því mikilvægari fylgihlutur en nokkru sinni áður, einkum hjá körlum sem bera minna af skarti. Um leið er úrið stöðutákn sem nýríkir Kínverjar og Rússar keppast um að eignast til að staðfesta nýfengna félagslega stöðu sína. Fyrir konur er það meira skart eins og hringir, hálsmen eða eyrnalokkar sem eru áberandi og kosta sitt, þó auðvitað séu úrin líka vinsæl. Merkilegt hversu vissir skartsalar eru um fjárhag jólasveinanna í ár.

*bergb75@free.fr*

ÓTRÚLEGT ÚRVAL
AF JÓLAKJÓLUM
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
OPIÐ TIL KL 22.00 Í KVÖLD

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Vetrarkápur
GLÆSILEG JÓLAGJÖF

skoðið yfirhafnir á heimasíðu www.laxdal.is
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • s: 551 4422

Vantar þig hlýlega jólagjöf?
20% afsláttur af gjafakortum!
Tilboðið gildir til 20.desember 2010
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
Dong Fang Salon Hótel Loftleiðir
Sími: 444-4085 / 662-0485 massage@dongfang.is www.dongfang.is

## Til byggingga

IN SINK ERATOR
20% AFSLÁTTUR TIL ÁRAMÓTA
SORPKVARNIR Í HEIMILISVASKA
KVARNIR
SALA LEIGA
Tunguháls 15
Sími: 564 6070
www.kvarnir.is

PLANKA PARKET
Aðeins kr. 6.930
PARKET VERKSMIÐJAN
Síðumúla 31, Reykjavík
Símar: 581 2220 - 840 0470




# HEILSA

## Heilsuvörur

Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Þú nærð góðum árangri með Herbalife
FYRIR EFTIR
Bergrún Ingimarsdóttir
Sími: 861 5512
beco@simnet.is / www.bergrun.is
Sjálfstæður dreifingaraðili

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betr-iheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**Nudd**

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**TANTRA MASSAGE**

Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtöku-próf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

20% Afsláttur af öllum hamstrabúrum og fylgihlutum fyrir hamstra fram að jólum. Dýragarðurinn Síðumúla. S:517-6525

## Hestamennska

HESTAR & MENN

**Í jólapakkann.**

Taumar frá kr. 1950 Hestar og menn. Ögurhvarfi 1, 203 Kópavogi.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?
Stærsti frétta- og afþreyingarvefur landsins.
vísir.is

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

Leiguliðar ehf
Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

## Húsnæði í boði

GÓÐ GISTING Í MIÐBÆNUM
Dags, viku og mánaðarleiga.
GISTIHÚSIÐ EGILSBORG
sími 896 4661

# Þjónustuauglýsingar

**Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.**
- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

K2 Náttúruvæn Loftstokkahreinsun
Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða
www.K2.is

CMT ORANGE TOOLS
CMT sagarblöð og fræsitennur
Ásborg vélar verkfæri
Smiðjuvegi 11 S 5641212

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn-verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

SMURSTÖÐIN EHF.
„Sá smurði gengur"
Smurþjónusta og smáviðgerðir
Dalvegi 16a • 201 Kópavogi • Sími 554 3430

PÚST Hjá Einari
Setjum pústkerfi í allar gerðir bíla
Ef við eigum það ekki til þá bara búum við það til!
Smiðjuvegur 50 rauð gata, Kóp. SÍMI: 564 0950

Allt á einum stað
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

CARGO sendibílaleiga
566 5030
www.cargobilar.is
Sendibílar til leigu
Þú leigir hann.
Krefst ekki meiriprófs réttinda

WWW.DEKKJABAER.IS
DEKKJABÆR
DEKKJAÞJÓNUSTA
DEKKJASALA
SMURÞJÓNUSTA
VIÐGERÐIR
ÞJÓNUSTUBÍLL
10% AFSLÁTTUR
HRAUNBÆR 131, 110 REYKJAVÍK
VIRKA DAGA: 9-19 LAUGARDAGA: 10-16 UPPLÝSINGAR Í SÍMA: 661 6460

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI GRAFARVOGS
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

Bílaþjónustan Bilaði Bíllinn
ERUM FLUTT Á SKÓGARHLÍÐ 10, 105 RVK • S. 445-5562 • GSM. 615-2562
Bremsuviðgerðir • Bón og þvottur • Bremsuklossar • mössun • Spindilkúlur • Stýrisenda • Rafgeyma • allar perur.
Bjóðum einnig upp á aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.
ÓDÝR OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
OPIÐ FRÁ 10:00-22:00 ALLA DAGA

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

[ AIS Fyrir Báta og Skip ]
AIS Class – A AIS Class – B AIS Class – B með skjá
Betri búnaður - Betra verð
Elcon ehf • sími 5529510 • elcon@simnet.is

# Færa fjölskyldum 100 hamborgarhryggi

Hjónin Margrét Beta Gunnarsdóttir og Benedikt Eyjólfsson, eigendur Bílabúðar Benna, gáfu á dögunum 100 hamborgarhryggi til sameiginlegrar jólaaðstoðar Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur, Hjálparstarfs kirkjunnar og Reykjavíkurdeildar RKÍ. „Við tökum ofan fyrir því fólki sem hefur staðið að óeigingjörnu hjálparstarfi í áravís og viljum leggja málefninu lið, það er því miður ekki vanþörf á,“ segja þau.

Í stað þess að senda viðskiptavinum sínum jólagjafir var ákveðið að endurtaka leikinn frá í fyrra og gefa 100 Ali hamborgarhryggi til fjölskyldna og einstaklinga sem eru í neyð.




**VIÐ AFHENDINGU** Margrét Beta Gunnarsdóttir og Benedikt Eyjólfsson frá Bílabúð Benna og Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, Steinunn V. Jónsdóttir og Margrét K. Sigurðardóttir frá Mæðrastyrksnefnd.



**ÍSLENSKUR MATUR** Konurnar í Mömmueldhúsi fengu að smakka á íslenskum mat. MYND/HREINN MAGNÚSSON



**LJÓÐ Á TÁKNMÁLI** Boðið var upp á ljóðaupplestur á táknmáli. MYND/HREINN MAGNÚSSON

# Byggja brýr milli menningarheima

Heyrnarhjálp og hópur erlendra kvenna sem standa að veitingahúsinu Veröldin okkar – Mömmueldhús á Akranesi sameinuðust nýlega í áhugaverðu verkefni. Saman héldu þau námskeið þar sem fólk frá ólíkum menningarheimum fékk tækifæri til að hittast og deila reynslu, skemmtun og fræðslu sín á milli.

Hugmyndin að verkefninu spratt frá því að hópur frá Heyrnarhjálp var viðstaddur opnun Mömmueldhússins. Samdi þeim afar vel enda hittust þar tveir hópar sem eiga það sameiginlegt að þurfa að kljást við ákveðna hindrun í samskiptum.

Ákveðið var að halda tvö námskeið. Fyrst fór tuttugu manna hópur frá Heyrnarhjálp upp á Akranes í lok nóvember. Námskeiðið var rittúlkað en einnig voru táknmálstúlkar á staðnum fyrir þá sem þurftu á því að halda. Rittúlkun snýst um túlkun í rituðu máli og hentar þeim sem misst hafa heyrn síðla á ævinni og kunna því ekki táknmál. Það er baráttumál Heyrnarhjálpar að þeir sem þurfa á rittúlkun að halda hafi sama rétt til túlka og þeir sem fá þjónustu táknmálstúlka. Á námskeiðinu voru því tveir skjávarpar, annar fyrir fyrirlesarann og hinn fyrir rittúlkunina.

Amal Tamimi, sem er í forsvari fyrir Mömmueldhúsinu, tók vel á móti hópnum frá Heyrnarhjálp. Hún hélt erindi um íslam þar sem margir fengu svör við spurningum sem lengi hafði verið ósvarað. Á námskeiðinu var sagt lítillega frá matarhefð ólíkra landa og síðan boðið upp á glæsilegt hlaðborð þar sem réttirnir voru bæði frá Mið-Austurlöndum og Póllandi. Í lok námskeiðsins stigu liðugar meyjar fram og sýndu Rakse sharki, eða magadans.

Seinni hluti námskeiðsins var haldinn miðvikudaginn 8. desember. Þá kom hópur erlendra kvenna ofan af Akranesi til að kynnast íslenskri matarhefð. Nanna Rögnvaldardóttir matgæðingur fræddi konurnar um matinn en Amal Tamimi þýddi yfir á arabísku. Boðið var upp á upplestur og ljóðaflutning á táknmáli. Konunum var síðan boðið að smakka íslenska matinn. Kvöldinu lauk með því að konurnar úr Mömmueldhúsinu kenndu Íslendingunum í Heyrnarhjálp að dansa Rakse sharki.

Bæði Heyrnarhjálp og Mömmueldhúsið hlutu verkefnastyrk frá Evrópuári 2010 – gegn fátækt og félagslegri einangrun og voru námskeiðin hluti af verkefni beggja félaga. - sg



*Ástkær faðir okkar,*

**Magnús Gunnarsson**

vélvirki, Ölduslóð 14, Hafnarfirði,

lést að morgni 14. des. 2010. Jarðarförin auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Kári Magnússon.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Svanlaug Ester Kláusdóttir**

Fjarðargötu 17, Hafnarfirði,

sem lést á heimili sínu aðfaranótt 8. des. verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju föstudaginn 17. desember kl. 13.30. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Slysavarnafélag Íslands og Minningarsjóð Önnu Pálínu Árnadóttur 0334-13-554646 kt. 430805-0880.

| | |
|---|---|
| **Ásgeir Árnason** | **Sigríður Jóhannesdóttir** |
| **Páll Árnason** | **Bryndís Skúladóttir** |
| **Kristín Árnadóttir** | **Einar Sindrason** |
| **Hólmfríður Árnadóttir** | |
| **Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson** | |

**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



*Einlægar þakkir færum við öllum þeim fjölmörgu sem sýndu okkur vináttu, hlýhug og samúð í veikindum og við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðrúnar H. Ólafar Ólafsdóttur Benitez**

Svölutjörn 48, Innri Njarðvík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Garðvangs og allra þeirra sem önnuðust hana í veikindum hennar fyrir ómetanlega umönnun, stuðning og kærleika. Einnig Sinawik-klúbburinn Vík fyrir stuðning og kærleika. Guð blessi ykkur öll.

| | |
|---|---|
| **Robert Eugene Benitez** | |
| **Stefán Karl Jónsson** | **Helga Róbertsdóttir** |
| **Sigríður E. Jónsdóttir** | **Ólafur Reynir Svavarsson** |
| **Friðrik Jónsson** | |
| **Árni Jónsson** | **Christine Jónsson** |
| **Clara L. Benitez Róbertsdóttir** | |
| **Christine Lynn Moore** | **John Moore** |
| **Kimberly Ann Lynch** | **Matthew A. Lynch** |

**barnabörn og barnabarnabörn**

# Valdimar og Kalli í Frumleikhúsinu

Hljómsveitin Valdimar og Kalli, sem stundum er kenndur við Tenderfoot, halda tónleika í Frumleikhúsinu í Keflavík í kvöld klukkan 20.30. Tilefni tónleikanna er að fagna próflokum og jólafríi.

Hljómsveitin Valdimar er nýtt afl á íslensku tónlistarsenunni. Tónlist sveitarinnar spannar allan tilfinningaskalann og eru blásturshljóðfæri áberandi í lögum hennar. Búast má við miklu fjöri því hljómsveitarmeðlimir eru allt upp í níu á sviðinu í einu. Sveitin gaf nýverið út frumraun sína Undraland, sem hlotið hefur góðar viðtökur. Titillag plötunnar, Undraland, nýtur vinsælda á öldum ljósvakans og situr nú í 3. sæti vinsældarlista Rásar 2. Kalli er nýbúinn að gefa út sína aðra sólóplötu, sem fengið hefur góða dóma. Hljómur Nashville er áberandi á plötunni, enda naut Kalli aðstoðar sögufrægra hljóðfæraleikara við gerð plötunnar þar í borg. - fsb



**TÓNLIST** Karl Henry Hákonarson, Kalli, kemur fram á tónleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Venjulegt fólk

Sniglar, bifhjólasamtök lýðveldisins, hafa gefið út dagatal fyrir árið 2011. Dagatalið prýða myndir eftir þá Jón Lindsay og Gunnar Gunnarsson en þemað að þessu sinni er venjulegt fólk.

Dagatalið verður selt til styrktar Ási, styrktarfélagi og umferðarnefnd Snigla. Allur ágóði mun renna til þessara aðila.

Ás styrktarfélag var stofnað 23. mars 1958 og hefur síðan barist fyrir mannréttindum og þjónustu við fatlaða. Félagið rekur starfsemi í Reykjavík og Kópavogi á sviði búsetu-, hæfingar- og dagþjónustustaða sem eru Bjarkarás, Lækjarás og Lyngás auk Áss vinnustofu sem er verndaður vinnustaður. Innan Sniglanna starfar umferðarnefnd sem stendur fyrir forvarnarstarfi og fræðslu fyrir bifhjólamenn sem og aðra vegfarendur.

Þess má geta að árlegt jólaball Snigla verður haldið á Classic Rock hinn 11. desember 2010.




**GOTT MÁLEFNI** Allur ágóði af dagatalinu rennur til Áss styrktarfélags og umferðarnefndar Snigla.



**Kristjana Höskuldsdóttir**

í Melaleiti

verður jarðsungin frá Neskirkju mánudaginn 20. desember kl. 11. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Jón Kr. Magnússon**

| | |
|---|---|
| **Solveig K. Jónsdóttir** | **Sigurður Á. Þráinsson** |
| **Salvör Jónsdóttir** | **Jón Atli Árnason** |
| **Áslaug Jónsdóttir** | **Vilhjálmur Svansson** |
| **Védís Jónsdóttir** | **Jón Erlingur Jónasson** |

**og barnabörn.**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Sigurbjörg Sigríður Jónsdóttir**

Dvalarheimilinu Höfða, áður Háholti 33, Akranesi,

lést miðvikudaginn 8. desember. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 17. desember kl. 11.00.

| | |
|---|---|
| **Guðný Guðjónsdóttir** | |
| **Rúnar Guðjónsson** | **Ágústa Einarsdóttir** |
| **Hugrún Guðjónsdóttir** | **Pálmi Jónsson** |
| **Kristín Guðjónsdóttir** | **Guðmundur Smári Guðnason** |

**og fjölskyldur.**


JÓLAFÖT
Á KÁTA KRAKKA
20%
AFSLÁTTUR AF
VÖLDUM
SPARIFATNAÐI
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** góna, 6. eftir hádegi, 8. sarg, 9. skammstöfun, 11. ekki, 12. tólf tylftir, 14. beikon, 16. í rö_, 17. mánu_ur, 18. skelfing, 20. átt, 21. útungun.

**LÓ_RÉTT**
**1.** klöpp, 3. tvíhljó_i, 4. fjölmi_lar, 5. regla, 7. spörfuglstegund, 10. eldsneyti, 13. er, 15. ávöxtur, 16. stal, 19. átt.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. gapa, 6. eh, 8. urg, 9. rek, 11. ei, 12. gross, 14. flesk, 16. tu, 17. maí, 18. ógn, 20. nv, 21. klak.
**LÓ_RÉTT:** 1. berg, 3. au, 4. pressan, 5. agi, 7. herfugl, 10. kol, 13. sem, 15. kíví, 16. tók, 19. na.

# „Klisjurnar eru allar sannar, það skiptir ekkert í lífinu jafn miklu máli og börnin manns.“

**Ása Ninna Pétursdóttir er nýr eigandi tískuverslunarinnar GK Reykjavík ásamt sambýlismanni sínum.**






föstudagur
fylgir Fréttablaðinu á morgun


# Nýbakað úr búðinni

**BAKÞANKAR Ragnheiðar Tryggvadóttur**

Ég sýg upp í nefið og keyri höfuðið á kaf ofan í trefilinn. Bæli niður hóstann af tillitssemi við fólkið sem ég mæti á ferð minni og arka áfram. Ég hef krækt mér í kvef og sár hóstinn rífur í hálsinn. Nefið finnur enga lykt og ég get ekki notið piparkökuilmsins sem leggur út um opinn glugga hjá nágrannakonu minni þar sem hún stendur í eldhúsinu við bakstur. Það er móða á glugganum hjá henni, svo mikill er atgangurinn.



**ÞETTA** haust hefur verið hinn mesti pestartími. Magakveisur af öllum sortum hafa gengið yfir leikskóla, skóla og vinnustaði undanfarnar vikur og annar hver maður liggur heima með stíflað nef og beinverki. Sjálf hef ég náð mér bæði í kveisu og kvef, af öllum sortum, eins og aðrir á mínu heimili. Kvefið sem situr í mér núna er þó óvenju lífseigt. Það situr sem fastast og ætlar ekki að gefa sig, þó ég lepji heitt í lopasokkum og bryðji bláan brjóstsykur. Engifer, chili-pipar og sítróna krauma í pottum hjá mér en allt kemur fyrir ekki.

**ÞAÐ** er hrollur í mér.

Hausinn hvílir eins og blautur moðpoki á herðunum, pakkstíflaður eyrna á milli og heilastarfsemin eftir því, í hægagangi. Ástæða þess að ég er á ferðinni úti, svona seint um kvöld, er lítill skór úti í glugga sem ekki má vera tómur í fyrramálið. Ég þakka í huganum kaupmanninum á horninu hjá mér fyrir að hjá honum er alltaf opið fram eftir og að hjá honum fáist ekki bara mjólk og brauð heldur líka smádót sem fer vel í skó.

**ÞAÐ** er óheppilegt að vera lasinn svona í jólamánuðinum. Ég hugsa að desember sé óheppilegasti mánuðurinn af öllum til að leggjast í veikindi og í dag eru átta dagar til jóla! Ekki ein einasta jólagjöf er komin í hús, ekkert jólakort hefur verið sent og smákökubaukurinn galtómur svo glymur í.

**Á** bakaleiðinni sé ég hvar nágrannakonan hefur pakkað sortunum nýbökuðu í myndarlega kökudunka. Ég tel þá fimm á borðinu hjá henni og dauðöfunda hana af dugnaðinum. Hún er sjálfsagt búin að pakka öllum gjöfum inn og senda jólakortin fyrir löngu.

**ÉG** herði gönguna og þakka kaupmanninum á horninu aftur í huganum fyrir að hjá honum fæst ekki bara mjólk og brauð og smádót í skó, heldur líka nýbakaðar smákökur í bauk.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




DESEMBER TILBOÐ
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í ALLT AÐ 6 MÁNUÐI
8BLS
BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF GLÆSILEGUM TILBOÐUM
SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND
LACIE
4GB MINNISLYKILL
Minnislykill sem er svo örsmár að þú þarft að passa þig að týna honum ekki
2.990
8GB 4.990 • 16GB 9.990
HVERGI BETRA VERÐ
BenQ
24"BENQ LCD SKJÁR
BENQ G2420HDB FULL HD 1080P er einn mest seldi skjár á Íslandi og á ótrúlegu tilboðsverði
34.900
HVERGI BETRA VERÐ Á 24"
USB GLINGUR
ÓTRÚLEGT ÚRVAL AF STÓR-SKEMMTILEGU USB GLINGRI FRÁ SATZUMA
BLING MÚS OG PENNI
Glæsileg Diamente skreytt mús og penni í stíl, einnig mikið úrval af USB glingri frá Satzuma
3.490
GEFÐU GLINGUR Í ÁR
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
ALLA DAGA TIL JÓLA
10:00 - 19:00
AÐFANGADAG
LOKAÐ
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

**! NYKUR Á AFTURHÓFUNUM** Skálda- og útgáfufélagið Nykur efnir til upplestrarkvölds á morgun undir yfirskriftinni Allt á afturhófunum á Súfistanum fyrir ofan Bókabúð Máls og menningar, Laugavegi 18. Þrír höfundar koma fram: Ævar Þór Benediktsson les upp úr nýútkomnu smásagnakveri sínu, Sverrir Norland les ljóð og Emil Hjörvar Petersen les upp úr skáldsögu sinni Sögu eftirlifenda. Dagskráin hefst klukkan 20 og eru allir velkomnir.

# Snorrastyrkir veittir

Þremur var úthlutað styrkjum til þriggja mánaða úr rannsóknarsjóði Snorra Sturlusonar árið 2011. Daisy Neijmann, við University College London, hlaut styrk til að rannsaka íslenskar bókmenntir sem fást við seinni heimsstyrjöldina og hernámið hér á landi. Seiichi Suzuki, prófessor við Kansai Gaidai-háskóla í Japan, fær styrk til að rannsaka á fornnorræna bragarhætti. Giorgio Vasta, rithöfundur í Torino á Ítalíu, hlaut styrk til að vinna að skáldsögu sem að hluta mun gerast hér á landi. Styrkir Snorra Sturlusonar eru árlega boðnir erlendum rithöfundum, þýðendum og fræðimönnum til að dveljast á Íslandi.


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

08.12.10 - 14.12.10



1 Furðustrandir
Arnaldur Indriðason



2 Ég man þig
Yrsa Sigurðardóttir



3 Svar við bréfi Helgu
Bergsveinn Birgisson



4 Gunnar Thoroddsen
Guðni Th. Jóhannesson



5 Stelpur! - Þóra Tómasdóttir og Kristín Tómasdóttir



6 Lífsleikni Gillz
Egill Einarsson



7 Sumarlandið - Framliðnir lýsa andláti... Guðmundur Kristins.



8 Ljósa
Kristín Steinsdóttir



9 Eldað með Jóa Fel
Jóhannes Felixson



10 Hreinsun
Sofi Oksanen

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872




**ÞÓRÐUR GRÍMSSON** Óráð er önnur einkasýning Þórðar en fyrsta sýningin þar sem hann fæst við blekteikningar og prent.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Óráð, ónáttúra og einúlfar

**Galleríið Kaolin er nýtt gallerí sem opnað verður annað kvöld með tveimur nýjum sýningum. Þórður Grímsson skoðar drauma og draumfarir og Ólöf Björg Björnsdóttir veltir fyrir sér ferðalagi sjálfsnándarinnar.**

„Ég var búin að búa til verk í huganum fyrir rýmið sem nú er Kaolin, fyrir mörgum árum þegar það hýsti Gallerí 8. Það verk var afskaplega litað af þeim tíma og allt öðruvísi en það sem ég endaði á að gera nú, en tilfinningin er sú sama nú og þá er ég gekk inn í rýmið,“ segir Ólöf Björg Björnsdóttir sem er annar þeirra listamanna sem opna sýningu í nýju galleríi, Kaolin, í Ingólfsstræti 8 í kvöld. Ólöf skilgreinir sýningu sína sem innsetningu, en sýningin er sköpuð sérstaklega með sýningarrýmið í huga.

### Litað af óskráðum reglum

Ólöf segir að rétt eins og við litumst af umhverfi okkar, litast verkin hennar af sínu umhverfi. „Það eru engir sólóistar og það á líka við um list og listamenn þó þeir nálgist hlutina oft frá öðum sjónarhornum en aðrir. Við erum í senn einangruð í okkur sjálfum en tengjumst samt sem áður öllu í veröldinni. Þetta er það sem ég er að vinna með og nota til að hleypa upp verkum mínum. Við erum oft svo lituð af öllum þeim óskráðu reglum sem samfélagið og við sjálf setjum okkur, reglum sem verða að stjórnarskrá sem blindar sýn okkar á möguleika vaxtarsprota okkar og þar með vaxtar veraldarinnar sem við lifum í.“

### Draumar og draumfarir

„Óráð“ er fyrsta sýning Þórðar Grímssonar á blekteikningum og prentum, en hann hefur áður fengist við vídeólist og gerð tónlistarmyndbanda fyrir hljómsveitir eins og The Brian Jonestown Massacre, Singapore Sling, The Virgin Tongues og The Go-Go Darkness.

Í verkum sínum fæst Þórður gjarnan við drauma og draumfarir og mörk þess raunverulega og óraunverulega. „Þessi sýning er framhald af því sem ég hef verið að gera, bara í öðrum miðli,“ segir Þórður. „Minningar, tákn, svipbrigði, tími, tilfinningar, náttúra, ónáttura og það sem Freud kallaði „Das Unheimliche“ eru viðfangsefni mín, en verk Edgars Allans Poe hafa haft mikil áhrif á mig, sem og myndlist Alfreðs Flóka og rit Thomasar De Quincey.“

### Verk rík af symbólisma

Ástæður þess að Þórður flutti sig yfir í prentið er tvíþætt. „Ég hef verið í grafíkvinnslu undanfarið og hannaði meðal annars útlit nýju plötunnar með Third Sound sem var að koma út. Svo áskotnuðust mér fallegar arkir sem eru 60-70 ára, vel lifaðar, á góðum prís. Þetta tvennt tengdist svo symbolismanum sem ég hef verið að vinna með, en hann er sóttur að stórum hluta til fornrar táknfræði dauðabóka Egypta og Tíbeta, draumfara Carlos Castenada og galdraskræðu Skugga, og niðurstaðan varð þessi sýning.“

Opnun Nándarnálgunar einúlfa fer fram milli 18 og 20 á föstudag en Þórður opnar Óráð klukkan 20 síðar um kvöldið.

tryggvi@frettabladid.is

## LISTAGALLERÍIÐ KAOLIN VIÐ INGÓLFSSTRÆTI

Listagalleríið Kaolin var opnað í nýuppgerðu húsnæði að Ingólfsstræti 8 hinn 26. nóvember. Kaolin er rekið af átta faglærðum myndlistarmönnum sem hafa það sameiginlegt að vera menntaðir í leirlist. Þeir eru: Arnlaug Borgþórsdóttir, Ása Tryggvadóttir, Bjarni Sigurðsson, Guðrún Ólöf Gunnarsdóttir, Gegga – Helga Birgisdóttir, Jóna Thors, Kolbrún Sigurðardóttir – KolSi – og María Kristín Óskarsdóttir.

„Það er draumur margra myndlistamanna að vera með eigið gallerí,“ segir Helga Birgisdóttir, Gegga, sem er ein af stofnendum Kaolin. Hún segir húsnæðið sérlega skemmtilegt en galleríið samanstendur af þremur rýmum, Kaolin sölugalleríi þar sem seld eru verk listamannanna átta og tveimur sýningarrýmum, Skotinu og Kotinu, þar sem myndlistarmönnum gefst kostur á að sýna verk sín. „Salirnir hafa þá sérstöðu af vera með minnstu sölum í Reykjavík. Það opnar möguleika listamanna til að koma verkum sínum á framfæri í miðbænum án þess að leggja í mikinn kostnað, en leigan á sölunum er fremur lág,“ segir Gegga. Í Kaolin verður lögð áhersla á fagmenntun þeirra listamanna sem halda sýningar en Gegga segir mikinn áhuga meðal listamanna á að sýna í galleríinu.

Hún er innt eftir nafni gallerísins. „Kaolin er aðaluppistöðuefni í öllum glerungum og því alþjóðlegt orð yfir leirefni,“ svarar Gegga en nafnið þótti henta vel þar sem allir listamennirnir sem koma að galleríinu tengjast leirlist á einhvern hátt.

Opnunartími Kaolin til jóla er frá 10 til 22. Annars er opið virka-daga frá 10 til 18 og laugardaga frá 10 til 15.



**ÓLÖF BJÖRG** Ólöf vill ekki gefa áhorfandanum handbók að því hvernig eigi að lesa sýningu hennar og stela því þannig frá honum að upplifa verkin á sinn eigin hátt. Hún gefur þó upp að gullfiskar spili stórt hlutverk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


„GRÍÐARLEGA ÁNÆGÐ“
„Ég er gríðarlega ánægð. Ég verð að taka undir með þeim sem segja að þetta sé besta bók Yrsu.“
– Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljunni
1. PRENTUN – UPPSELD
2. PRENTUN – UPPSELD
3. PRENTUN – Á LEIÐ Í VERSLANIR
ÉG MAN ÞIG
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
2. sæti
Bóksölulistinn – Allar bækur
2. sæti
Metsölulisti Eymundssonar – Allar bækur
„Mögnuð – Besta bók Yrsu.“
Árni Matthíasson, blaðamaður á Morgunblaðinu
„Fær hárin til að rísa.“
Kristjana Guðbrandsdóttir, DV
„Vel byggð saga og hörkuspennandi. Besta bók Yrsu.“
Hrafn Jökulsson, Viðskiptablaðinu
„Besta bók Yrsu hingað til. Fyrsta flokks skáldverk sem ómögulegt er að leggja frá sér óklárað. Óhugnanlega spennandi bók.“
Jakob Hansen, Pressunni
„Ég var því bæði sæl og glöð þegar ég hafði lokið lestrinum.“
Úlfhildur Dagsdóttir, bokmenntir.is
VERÖLD
Bræðraborgarstíg 9
DYNAMO REYKJAVÍK

# LISTIN AÐ FANGA GAMLAN BÓNDA

**Bergsveinn Birgisson er tilnefndur í annað sinn til íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir nóvelluna Svar við bréfi Helgu. Hann segir vinsældir bókarinnar hafa komið sér ánægjulega á óvart og helgist ef til vill af því að eftir hrun hafi fleiri farið að gefa gaum þeirri menningu sem við áttum fyrir.**



BERGSVEINN BIRGISSON „Ég get alveg verið ærlegur með það að mér hefur fundist ég „rangplaseraður“ í tíma. Ég hef stundum sagt í gamni að ég hefði helst viljað vera uppi á steinöld með nútímaspítölum.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Svar við bréfi Helgu fjallar um aldraðan bónda sem skrifar bréf til ástkonunnar sem honum bauðst til að fylgja til borgarinnar forðum tíð, en hann kaus heimahagana fram yfir kærleikann. Mörgum áratugum síðar veltir hann því fyrir sér hvort hann hafi valið rétt og inn í bréfin fléttast minningar úr sveitinni ásamt safaríkum frásögnum af því sem hann kallar fengitíð lífs síns.

### Að fanga bóndann í ræðu

Bókin er stutt, fyllir rétt rúmar 100 síður. Bergsveinn segir þó talsverðan tíma liggja henni að baki.

„Ég byrjaði að skrifa hana árið 2003. Ég get aftur á móti ekki sagt eins og atvinnurithöfundur hve lengi ég hef viðað að mér efni í hana og hve lengi ég hef unnið úr því. Kannski þetta hafi meira verið eins og hjá gamla fólkinu í Brekkukoti, sem aldrei var beinlínis að vinna, en alltaf að sýsla eitthvað.

Ég hef verið svo lánsamur að hafa kynnst mörgum skemmtilegum sagnamönnum í gegnum tíðina, bæði frægum og ófrægum, til dæmis gerði út bát á Norðurfirði allnokkur sumur og þar kynntist ég góðum sagnamönnum eins og Gunnsteini Gíslasyni. Afi minn, Guðjón Guðmundsson, var líka dásamlegur sagnamaður án þess að gefa sig sérstaklega út fyrir það.

Ég man að þegar ég var í sveit hjá honum kom út einhver viðtalsbók, Aldnir hafa orðið, þar sem rætt var við hann. Ég tók eftir að þar var hann svo kurteis; talaði bara um tíðina og aflabrögð í bókinni. En þegar maður sat úti með honum að skera af netum þá fór allt í gang. Þessi maður var ekki til á neinum pappír. Þetta er maðurinn sem ég hef gert mér far um fanga; bóndann í ræðu en ekki í riti; manninn sem er meira kurteis við lífið í eigin brjósti en mannfólkið.“

### Saga um horfna menningu

Bókin hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda og selst afar vel, sem kemur Bergsveini þægilega á óvart.

„Það er alltaf gaman þegar einhver nennir að lesa það sem maður er að gera,“ segir hann. „En nei, ég var ekki viðbúinn því að þessi saga yrði vinsæl. Ég er sjálfsagt síst hæfur til að greina það af hverju hún mælist svona vel fyrir en ég fór að leiða hugann að því, að eftir að peningamennirnir skildu eftir sig sviðna jörð hafi kannski myndast hérna ákveðið tómarúm.

Eftir á hafa menn ef til vill leitt hugann að því hvort það hafi verið til menning í þessu landi eftir allt saman: þessi íslenska alþýðumenning þar sem fólk talaði saman og sagði frá, verkmenning þar sem fólk skaffaði sjálft á borðið sitt, ræktaði jörðina og fór á sjó. Þetta var menning sem hafði að stóru leyti staðið óbreytt frá landnámi; að sjá inn í gamlan íslenskan bóndabæ var að sjá inn í landnámið.“

Bergsveinn kveðst hafa verið svo heppin að fá nasasjón í þennan heim hjá afa sínum og ömmu á Ströndum.

„En þetta var mjög brútal ferill, hvað þetta gerðist hratt. Maður var ekki fyrr búinn að sjá inn í þetta en það var horfið. Peningaæðið sem ríkti hér gekk mjög hart á þessa menningu. Það varð náttúrulega gríðarlegt rof þegar peningamenn fóru haga sér eins og Gottskálk biskup grimmi og sanka að sér jörðum um allar trissur. Þetta snýst nefnilega ekki bara um rolluskjátur, þetta snýst um tungumál og þar með um heilan heim. Og það er ekki hægt að skilja íslenskt tungumál í raun og veru nema í gegnum sveitabæinn. Án hans er ekkert tungumál, engar rætur.“

> Það varð náttúrulega gríðarlegt rof þegar peningamenn fóru að haga sér eins og Gottskálk biskup grimmi og sanka að sér jörðum um allar trissur. Þetta snýst nefnilega ekki bara um rolluskjátur, þetta snýst um tungumál og þar með um heilan heim.
>
> BERGSVEINN BIRGISSON
> RITHÖFUNDUR

### Að skilja hvaðan maður kemur

Svar við bréfi Helgu svipar að formi og efni til fyrstu skáldsögu hans, Landslag er aldrei asnalegt frá 2003, sem lýsti lífi trillukarla í deyjandi sjávarbyggð. Fellst hann á að vera haldinn fortíðaþrá?

„Ég get alveg verið ærlegur með það að mér hefur fundist ég „rangplaseraður“ í tíma. Ég hef stundum sagt í gamni að ég hefði helst viljað vera uppi á steinöld með nútímaspítölum. Áður fyrr var meiri nálægð milli manna, fólk lifði í hóp. Ég fékk að sjá inn í þessa menningu gegnum ömmu mína og afa en þá þegar var komin feigð í hana; bæirnir voru að leggjast í eyði og hún smám saman að láta undan.

En ég myndi samt ekki vilja stimpla þetta sem einhverja fortíðarþrá. Ég er einfaldlega einstaklingur sem er að reyna að skilja rætur sínar, hvaðan hann kemur. Eftir að hafa þvælst dálítið um heiminn eins og ég hef gert, verður það dálítið aðkallandi fyrir mann.“

### Fyrnskan er mér töm

Tungutak og orðfæri sögumanns bókarinnar er mergjað og á köflum framandi. Bergsveinn kveðst hafa þurft að setja sig í ákveðnar stellingar þegar hann skrifaði bókina en gætti þess vandlega að þær kæmu ekki fram.

„Þetta varð að koma beint úr lifrinni og án áreynslu. Ég hef nú verið kallaður forn í skapi þannig að vissu leyti var fyrnskan mér töm. Það var þó ýmislegt sem maður þurfti að setja sig inn í til að geta komið orðum að því, til dæmis fjárþuklið. Þetta er gríðarlega ríkt mál, fornt og nákvæmt. En þegar ómskoðunartækið kom til sögunnar hvarf þuklþekkingin fljótt og þar með tungumálið sem henni fylgdi. Ég þurfti því að fletta talsvert í gömlum ræktunarbæklingum, til að setja mig inn í þetta málsnið.“

Auk þess að fjalla um horfna menningu og slitnar rætur er Svar við bréfi Helgu öðrum þræði bók um mannlega nánd.

„Ég hef mikinn áhuga á tilvistarlegum spurningum. Þetta er vissulega ástarsaga, en ekki þessi hefðbundna rómantíska ástarsaga þar sem allir ná saman í lokin. Þetta fjallar um að þrá einhverja manneskju án þess að það verði nokkuð úr því; mig langaði að segja ástarsögu þar sem ástin fær ekki að blómstra.“

bergsteinn@frettabladid.is

## ÚR SVARI VIÐ BRÉFI HELGU

Bak við vélageymsluna höfðum við fundið okkur dálítið skot þar sem sólgeislar stungust gegnum sprungurnar milli plankanna svo maður gat dæmt holdafarið nákvæmlega í skininu. Þetta varð okkar litla einkaspaug. Þú baðst mig skoða þig, og ég þuklaði geislungana á þér og fann hvergi hnota á og síðan hvert rifið á fætur öðru, og fyllingu hryggjar, þá mjaðmagrindina og lærin niður á hækilinn svo þú titraðir sem ösp í vindi, þreifaði þig munúðarfingrum og kannaði nákvæmlega útlegur á brjóstkassa og bringufylling. Þú hljóðaðir af sælu. Sýnin af þér berri í sólgeislunum var frískandi fyrir augað líkt og blóm á nakinni klettasyllu.

Ég hef í raun engu að jafna saman við þessa sjón. Mér dettur helst í hug þegar Farmallinn kom. Að rífa grindina utan af vélinni og pappann og sjá þá glansandi dýrð sem átti eftir að umbylta lífinu. Sjá nú hve lítilla sanda ég er í hugsun minni, Helga mín, að líkja þér ungri og berri við dráttarvél. Ég veit að ég bara subba út fegurð þína með því að jafna þér við hluti þessa heims. Þú varst dásamleg dráttarvél. (49-50)


GJAFAKORT Á SÝNINGAR ÓPERUNNAR Í HÖRPU




TILVALIN JÓLAGJÖF!

FÁST Í MIÐASÖLU ÓPERUNNAR
OPIÐ ALLA DAGA KL. 10-18
SÍMI 511 4200

ÍSLENSKA ÓPERAN


Gyðja Collection
kynnir með stolti
E.F.J Eyjafjallajökull
by Gyðja
E.F.J er klassískur og kryddaður ilmur en um leið léttur og ferskur með anga af sítrus, vanillu, rósum og bergamot. Ilmurinn er unninn úr jökulvatni beint frá Eyjafjallajökli með áföstum hraunmola úr gosinu.
Fangaðu orku Eyjafjallajökuls úr hverjum dropa í þessu einstaka ilmvatni. Eau de Perfume 100 ml.
EFJ
EYJAFJALLAJÖKULL
by
GYÐJA
COLLECTION
HAGKAUP
Ein ferð betra verð









**EINIREYNIRYÐ** Úr Eldborgarhrauni á Mýrum. MYND/ÁSTA DAVÍÐSDÓTTIR



**HVERFISSKRÝFA** Mörkin Hallormsstað 24.8. 1988 (H.Kr).



**BERSERKJASVEPPUR** Hið óvenjulega litarfar og glæsileiki, að viðbættum vímuáhrifum, hefur skapað honum sérstöðu meðal sveppa um allan heim og um hann hafa spunnist óteljandi munnmæli og þjóðsögur. (Ólafur Jónsson, Kópavogi.)

# EINS OG Í ÆVINTÝRALANDI

**Sveppabókin – íslenskir sveppir og sveppafræði – byggir á hálfrar aldar rannsóknum Helga Hallgrímssonar náttúrufræðings á sveppum í íslenskri náttúru. Í henni er um eitt þúsund tegunda getið og 700 þeirra lýst. Bókin er ein þeirra sem tilnefndar hafa verið til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fræðirita.**

„Okkar skrautlegasti sveppur er berserkjasveppur, sem ég kalla berserk. Það er eins og að koma í ævintýraland að hitta á hann,“ segir Helgi Hallgrímsson sem hefur farið vítt og breitt um landið að rannsaka sveppaflóruna. Nú er afraksturinn kominn út á 632 síðna bók sem prýdd er ótal myndum og aðgengilegum upplýsingum. Þar eru ekki bara matsveppir heldur líka fúasveppir, ryðsveppir og fléttur, meira að segja sjálflýsandi sveppir enda á bókin eflaust eftir að verða mörgum leiðarljós.

„Ég byrjaði að fást við sveppi fyrir um fimmtíu árum en hóf ekki að skrifa þessa bók fyrr en um 1990 og tók þriggja ára hlé upp úr aldamótunum meðan ég skrifaði bók um Lagarfljót. Undanfari þessarar sveppabókar var kver um matsveppi sem Garðyrkjufélagið gaf út eftir mig og kom út 1979. Það er dálítill munur á stærð þess og nýju bókarinnar sem ég vona að auki áhuga Íslendinga á sveppum.“



**HELGI HALLGRÍMSSON**

Bókin skiptist í megindráttum í tvo hluta. Fyrri hlutinn er almennt efni um sveppi og þar er drepið á flest sem kemur þeim við, lifnaðarhætti, nýtingu og hættur en í seinni hlutanum eru lýsingar á tegundum og flokkum. „Langmest er um íslenska sveppi en fáeinar útlendar tegundir fljóta með. Þær eru frægar á einhvern hátt, annað hvort baneitraðar eða þær eru góðir matsveppir,“ útskýrir höfundurinn.



Helgi segir mikið hafa fjölgað í sveppaflórunni hér á landi síðustu ár. Það geri skógræktin. „Sveppirnir fylgja svo mikið trjánum og koma í kjölfar þeirra, sérstaklega hattsveppirnir. Okkar bestu matsveppir eru þannig tilkomnir eins og lerkisveppur og furusveppur.“

Helgi er fæddur og uppalinn á Fljótsdalshérðaði og búsettur þar eystra. Hann hlýtur því að vera í kjörlendi sveppafræðingsins. „Já, hér í meginlandsloftslaginu fyrir austan og norðan hafa fundist flestar tegundir, annars vaxa sveppir hvar sem er þegar viðrar fyrir þá. Þeir spretta bara seinni part sumars og á haustin og þá þarf helst að vera dálítið rakt og sæmilega hlýtt líka. Það geta komið ár sem lítið ber á þeim.“

Helgi hefur ekki bara þurft að finna sveppina heldur líka nöfn á þá. „Það voru afskaplega fá nöfn til á sveppum hér á landi. Mátti telja þau á fingrum annarrar handar, þannig að ég þurfti að búa til nokkur hundruð nöfn. Sum komu fram í sveppakverinu en flest eru að koma í fyrsta skipti á prenti núna. Ég er líka alltaf að breyta þeim því ég er sjaldnast alveg ánægður með þau.“

Helgi viðurkennir að dálítils tómarúms gæti nú þegar yfirlegu yfir þessu stórvirki sé lokið. Í formála bókarinnar kemur fram að upp úr 1960 ætlaði hann að taka stórsveppaflóru Íslands til doktorsprófs en kennarar hans við háskólann í Göttingen sáu ýmis tormerki á því og báru við þekkingarskorti. Dembir hann sér ekki bara í doktorinn núna? „Nei,“ segir hann og hlær við. „Ég er nú orðinn 75 ára og hef ekki mikinn áhuga á gráðum.“

**- gun**

# Leyndardómar fortíðar

Bækur ★★★

**Forngripasafnið**

Sigrún Eldjárn

Forngripasafnið er ný skáldsaga eftir Sigrúnu Eldjárn og segir af Rúnari sem flytur ásamt föður sínum út á land og inn í byggðasafn sem faðir hans hefur tekið að sér. Á safninu reynist ekki allt með felldu og smám saman afhjúpa Rúnar og vinir hans þúsund ára gamlan leyndardóm.

Dampurinn í sögunni er dálítið ójafn og ráðgátan ekki í fyrirrúmi allan tímann. Sagan af því hvernig Rúnar reynir að koma sér fyrir í nýjum landshluta er brotin upp með hugleiðingum skúrksins í sögunni, en lengi vel eru þær svo ómarkvissar að þær kveikja ekki forvitni. Umræddur skúrkur er einnig dreginn afar óljósum dráttum sem veldur því að áhuginn á gátunni verður takmarkaðri en ella.

Lausnir sögunnar eru oft með allnokkrum ólíkindum. Stundum er þetta skemmtilegt, eins og þegar hópur sænskra fornleifafræðinga finnur upp sérstakt tæki sem getur kallað fram heilmyndir af fortíðinni, með nokkrum haganlega staðsettum geislum. Langsóttara er þó að fornleifafræðingarnir sænsku ákveða á síðustu stundu, þegar tækið er einmitt nýtilbúið, að drífa sig til kollega síns á Íslandi og prufukeyra apparatið þar!



Þó er Forngripasafnið ein þeirra sagna þar sem nútímatækni er mikið til hundsuð. Það virkar þvingað og óeðlilegt í bók sem kemur út árið 2010 að piltur geti ekki náð í foreldra sína um lengri tíma vegna þess að annað þeirra „þrjóskist við“ að fá sér GSM-síma og hitt sé utan þjónustusvæðis.

Rúnar er skemmtilegur strákur og félagar hans, tveir krakkar úr næsta húsi, líka. Sigrún hefur lengi skrifað skemmtilega samsetta barnahópa – hér er til dæmis ein þriggja söguhetja nokkrum árum yngri en hinar sem eykur á fjölbreytnina án þess að virðast þvingað. Feður barnanna eru líka vel skrifaðir. Þó má setja spurningarmerki við að leyfa sjónarhorninu að flakka frá Rúnari með þeim hætti sem hér er gert – lesendur sjá nokkrum sinnum í hugskot pabba Rúnars og fleiri persóna, án þess að það virðist framvindunni nauðsynlegt.

Textinn í bókinni er brotinn upp með teikningum Sigrúnar sem lífga mikið upp á hana. Þær eru ekki jafnlíflegar og maður á að venjast frá henni, eins og til dæmis í hinum stórskemmtilegu Árstíðum sem þau Þórarinn Eldjárn sendu frá sér í haust, en þær eiga heldur ekkert að vera það – hér er textinn í aðalhlutverki.

Sigrúnu ferst raunar líka vel að lýsa með orðum – óreiðan á forngripasafninu stendur lesendum auðveldlega fyrir hugskotssjónum og maður þarf ekki að hafa ferðast víða um landsbyggðina til að brosa í kampinn þegar vinkona Rúnars leiðir hann um þorpið og segir „þetta skrýtna geimskip þarna er kirkjan“ (bls. 44).

Það er margt vel gert í þessari bók og hún er greinilega skrifuð af fagmanni – en fléttan er veikasti hlekkurinn í skáldskaparkeðju þar sem sögusvið, persónur og lýsingar eru öll með ágætum.

**Arndís Þórarinsdóttir**

**Niðurstaða:** Haganlega skrifuð saga sem líður fyrir heldur þunglamalega fléttu.

# VINSÆLUSTU ÆVISÖGURNAR

1. sæti
ÆVIMINNINGAR 6.–12.12.10
FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

2. sæti
ÆVIMINNINGAR 6.–12.12.10
FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

3. sæti
ÆVIMINNINGAR 6.–12.12.10
FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA




★★★★

Halldór Blöndal / Morgunblaðið

„Þetta er gríðarlega læsileg bók, hún er vel unnin og skrifuð af mikilli hlýju … hefur sterk áhrif á mann.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan




★★★★

Karl Blöndal / Morgunblaðið

„Bókin er bráðskemmtileg aflestrar. Sigrún er skemmtilegur stílisti með gott auga fyrir skondnum hliðum söguefnisins …“

Friðrika Benónýsdóttir / Fréttablaðið




★★★★

Agnes Bragadóttir / Morgunblaðið

„… hefur öll element sem prýða á góða sögu. Sorg, gleði og mikla sigra. Svo er hún rífandi skemmtileg.“

Kristjón Kormákur Guðjónsson / pressan.is

FORLAGIÐ
www.forlagid.is



**Í GEGNUM ELD OG ÖSKU** Eric Moody, sennilega frægasti flugstjóri samtímans (annar frá vinstri), með Patriciu, eiginkonu sinni, á Þorvaldseyri í haust. Hin hálfíslenska Hanna Lára Andrews horði á flugvél hans taka upp frá London. Vélin sú, með 263 um borð, var næstum lent í Indlandshafinu eftir að hafa verið flogið inn í öskuský. Á myndinni er Hanna Lára við hlið Erics heima hjá sér á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum. Við hlið hennar er maður hennar Páll með soninn Ólaf í fanginu. Foreldrar Páls, Ólafur Eggertsson og Guðný Andrésdóttir eru hægra megin. LJÓSMYND/ EGGERT JÓHANNESSON

# ÚTKALL: PABBI, HREYFLARNIR LOGA

**Í nýjustu Útkalls-bók sinni fléttar Óttar Sveinsson saman frásagnir af eldgosinu í Eyjafjallajökli í ár og einu sögulegasta farþegaflugi samtímans, þegar BA 009 flaug inn í öskuský og hrapaði næstum því í hafið. *Fréttablaðið* birtir kafla úr bókinni,**

Í þann mund sem risavaxin þota af gerðinni Boeing 747 hefur sig á loft frá Heathrow, einhverjum fjölfarnasta flugvelli veraldar, er lítil stúlka úti að leika sér fyrir framan húsið heima hjá sér í Hammersmith í London. Hún heitir Hanna Lára Andrews, á breskan föður en íslenska móður. Hún veltir því andartak fyrir sér hvert þessi gljáandi vél, sem er með skrokk eins og heilt fjölbýlishús, sé að fara? Eða hin fallega flugvélin, hvert fer hún? Flugvélar fara nánast jafnoft á loft á Heathrow og strætisvagnar stansa á stoppistöðvum við Oxford Street.

Það er verkfall í neðanjarðarlestarstöðvunum. Gríðarleg umferð er um götur borgarinnar. Á mánudaginn eignuðust Karl prins og Díana prinsessa af Wales son – prins William. Þetta er árið 1982.

Seinna á Hanna eftir að upplifa óvænt ævintýri, langt frá erli stórborgarinnar, í stórbrotinni og óspilltri náttúru. Þar kynnist hún fossum, fjöllum, hverum, jöklum og eldfjöllum.

### Rúmum sólarhring síðar:

Klukkan er að verða níu að kvöldi. Kolniðamyrkur er úti. Boeing 747-vélin, sem Hanna sá daginn áður í London, er nýflogin yfir eyna Jövu í Indónesíu. Nánast allir um borð, 247 farþegar og sextán manna áhöfn, horfast í augu við dauðann. Ástandið þarna uppi í háloftunum á sér enga hliðstæðu í flugsögunni.

Fyrst er eins og einhvers konar eldingar og einkennilegur ljósagangur, umljúki vélina – nokkuð sem flugmennirnir hafa aldrei áður upplifað. Svo kemur þykkur reykur upp í farþegarýminu.

Farþegarnir sjá eldblossa koma aftan úr öllum fjórum hreyflunum. Þá halda sumir að vélin muni springa. Síðan drepst á einum hreyfli, þá öðrum, síðan þeim þriðja og loks er vélin orðin afllaus með öllu. Allir fjórir Rolls Royce-hreyflarnir eru dauðir. Flugmennirnir fá með engu móti skilið hvað er á seyði. Engin tæki virðast starfa eins og þau eiga að gera. Þeir eru lentir í aðstæðum sem enginn hefur ratað í áður svo að vitað sé.

Þessi rúmlega þrjú hundruð tonna risaþota frá British Airways, BA 009, svífur nú niður í átt að hyldjúpu Indlandshafinu. Sumir farþeganna hugsa með hryllingi til hákarlanna þar niðri. Margir biðjast fyrir. Ókunnugir sessunautar haldast þétt í hendur. Fjöldi barna er um borð – þar af átta ungbörn.

Loftþrýstingur minnkar skyndilega í flugstjórnarklefanum. Flugmennirnir eiga þá að setja á sig súrefnisgrímur og björgunarvesti. En gríma eins flugmannsins virkar ekki og því verður Eric Moody flugstjóri að steypa vélinni niður í súrefnisríkara loft.

Skömmu síðar falla mörg hundruð súrefnisgrímur niður úr loftinu í farþegarýminu. Við það magnast hræðsla farþeganna og undarlegustu hugsanir leita á þá: Finnst líkið af mér? Ég gleymdi að borga rafmagnsreikninginn áður en ég fór að heiman. Amma í hópnum hugsar með trega til þess að barnabörnin hennar muni aldrei fá bolina sem hún keypti handa þeim á Oxford Street.

Yfirflugþjónninn stendur í reyknum með súrefnisgrímu á andlitinu, vasaljós í annarri hendinni og gjallarhorn í hinni. Ljósin eru slokknuð – aðeins EXIT-neyðarútgangsljósin loga. Flugliðarnir eru farnir að undirbúa neyðarlendingu á sjónum.

Flugmennirnir hafa reynt um fjörutíu sinnum að endurræsa hreyflana. Vélin er sambandslaus við umheiminn. Eitthvað í loftinu truflar talstöðvarsamskipti en enginn veit hvað það er. Svitinn rennur niður eftir andliti flugvélstjórans sem er að reyna að endurræsa hreyflana. Eftir nokkrar mínútur, kannski sekúndur, munum við farast, hugsa flestir – þar á meðal flugmennirnir. Í rauninni er fólkið orðið fullvisst um að það muni deyja, spurningin er bara hvernig. Lendir vélin utan í fjalli á Jövu eða fer hún í sjóinn? Drukkna allir eða deyja þeir strax við nauðlendinguna í öldunum?

> „Eftir nokkrar mínútur, kannski sekúndur, munum við farast, hugsa flestir – þar á meðal flugmennirnir. Í rauninni er fólkið orðið fullvisst um að það muni deyja, spurningin er bara hvernig.

Enginn um borð hefur minnstu hugmynd um að vélinni var flogið inn í öskuský frá eldfjalli sem hafði byrjað að gjósa rúmri klukkustund áður. Þetta flug á eftir að breyta flugsögunni. Og þessi saga á síðar eftir að berast til Íslands og hafa gríðarleg áhrif á umheiminn.

### Á flótta undan hamfaraflóðum

Við erum stödd í gróðursælum hvammi undir klettahömrum fyrir austan Vík í Mýrdal. Lóan syngur, birkið ilmar og þíður sjávarniður ómar í fjarska. Ferskur andvarinn leikur um andlit ungrar konu þar sem hún horfir á tært bergvatnið liðast niður eftir hvamminum.

Þetta er Hanna Lára Andrews sem var lítil stúlka í stórborginni London þegar risaþotunni BA 009 var flogið áleiðis til Ástralíu og náttúruöflin gripu í taumana yfir Indlandshafi. Flugið komst í heimsfréttirnar.

Hanna vinnur hér með nokkrum Íslendingum við hvannskurð. Það er verið að keyra uppskeruna að bæ undir Eyjafjöllum:

„Ég fann atvinnuauglýsingu á netinu. Það vantaði fólk til að skera hvönn úti í sveit. Mér leist vel á að geta notið frelsisins og ekið til Reykjavíkur um helgar.

Í stórborg sækir hugurinn ósjálfrátt út í náttúruna. Sérstaklega þegar maður hefur fengið tækifæri til að upplifa hana. Ég kom sem barn til Íslands á sumrin og um jólin, var í Hafnarfirði hjá ömmu minni og frænku. Ég elskaði landið og naut þess að geta farið nánast hvert sem ég vildi. Mér fannst alltaf erfitt að snúa aftur heim til London.

Svo ákvað ég að breyta lífi mínu og flytjast til Íslands. Ég varð bara gripin þessari löngun og sú staða hafði komið upp að ég var ekki lengur bundin London vegna vinnu. Ég var harðákveðin í að fara og læra íslensku í háskólanum. og njóta mín. Anda að mér hreinu loftinu, drekka ferskt vatn og vera úti í náttúrunni.

Það vantaði fólk í hvannskurð í sex vikur um sumarið. Þetta er gott, hugsaði ég með mér, ég hef gott af þessu. Ég var forvitin og fór austur.

„Mér fannst unaðslegt að vinna úti allan daginn, hvort sem var í sól eða rigningu. Það var líka mjög gaman að kynnast fólkinu í sveitinni. En svo var þessi tími senn á enda.“

Páll Eggert Ólafsson er sonur hjónanna Ólafs Eggertssonar og Guðnýjar Valberg Andrésdóttur á Þorvaldseyri:

„Hópurinn sem var að tína hvönnina kom gjarnan í lok dags. Við tókum á móti hráefninu sem var sett í vél og svo á þurrkbretti. Fólkið vann við að pakka og fleira, en við aðstoðuðum. Það var oft líf og fjör þarna í hlöðunni, enda var þetta ungt og skemmtilegt fólk.

Upp úr þessu þróuðust nánari kynni með Hönnu og Páli og hún fluttist síðar til hans austur að Þorvaldseyri. Þeim fæddist svo sonur þann 3. apríl 2009. Þegar leið að jólum það ár fór Hanna að kynnast því hvernig íslensk náttúra getur hagað sér:

„Ég þekkti ekkert til jarðskjálfta eða eldgosa. Slíkt gerist bara ekki í Englandi. En um jólin varð jarðskjálfti. Ég kippti mér ekkert sérstaklega upp við það og var óhrædd. Svo fór fólkið að tala um hvort gos væri í aðsigi. Það voru haldnir almannavarnafundir í sveitinni og ég fylgdist með.“

Íbúar undir Eyjafjöllum, í Fljótshlíð og Landeyjum voru æ oftar minntir á hættuna á eldgosi. […] Páll á Þorvaldseyri var við öllu búinn frá því í byrjun mars:

„Við höfðum fylgst stöðugt með skjálftamælingum á vef Veðurstofunnar í þrjár vikur. Ég vissi innst inni að eitthvað myndi gerast. Vísindamennirnir sögðu það ekki beint út en maður las milli línanna hjá þeim að þeir byggjust við eldgosi.“

[…] Komið var rétt fram yfir miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 21. mars. Poula Kristín Buch (sem á færeyska móður en er fædd og uppalin á Íslandi) er eiginkona Sigurðar Þórs Þórhallssonar bónda á Önundarhorni. Bærinn er sunnan þjóðvegarins en í sjónlínu við Þorvaldseyri og Eyjafjallajökul. Þau hjónin eiga fjórar dætur. Sú elsta býr í Reykjavík, sú næstelsta er í Menntaskólanum á Laugarvatni en þær yngstu tvær eru enn heima. Poula sat við tölvuna, klukkan var 00.22:

„Yngstu dæturnar tvær, Sylvía, sjö ára, og Andrea, níu ára, voru sofandi inni í herbergjunum sínum. Sigurður kom allt í einu til mín og hélt á báðum gsm-símunum okkar. Það hafði komið sms í þá samtímis. Ég tók minn síma og leit á skilaboðin. Þar stóð:

„Eldgos er að hefjast í Eyjafjallajökli. Rýmið samkvæmt áætlun.“

Mér brá skelfilega, varð litið á hendurnar á mér og sá að þær skulfu. Við Sigurður horfðum hvort á annað smástund. Við vissum að við áttum að rýma á sem stystum tíma.

„Ég tek Andreu og þú tekur Sylvíu,“ sagði hann.

Ég rauk inn í barnaherbergi, reif Sylvíu upp, skellti henni uppréttri á gólfið og byrjaði að klæða hana í föt þótt hún væri varla vöknuð. Var þetta virkilega svona hjá foreldrum mínum í Vestmannaeyjagosinu? hugsaði ég. Ég átti heima í Eyjum og fór með þeim og öðrum Vestmannaeyingum með báti upp á land þegar við flúðum eldgosið í Heimaey. Þá var ég sex ára. Á þessum andartökum rifjaðist þetta upp.“

Andrea litla fylgdist með foreldrum sínum:

„Mamma stóð þarna og ég skildi ekkert hvað hún var að gera. Ég spurði og spurði: „Hvað er að gerast? Pabbi, erum við að fara í heimsókn?“

Ég var í náttkjólnum en við vorum greinilega á leiðinni út. Ég klæddi mig í skó, var ekki í neinum sokkum, og pabbi setti mig í allt of litla úlpu. Og svo var ég allt í einu komin með stóra húfu. Pabbi var greinilega stressaður og klæddi mig í einhverjar snjóbuxur utan yfir allt saman. Þetta var skrýtið.“
















HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS

ÚTILÍF

Bækur ★★

**Jónína Ben**

Sölvi Tryggvason

## Málsvörn og ákæra

Það er kannski til lítils að ritdæma bók eins og Jónínu Ben eftir Sölva Tryggvason, áhugi lesenda eða áhugaleysi á bókinni ræðst fremur af viðfangsefninu en efnistökum bókarinnar eða aðferð. Auðveldlega má pirra sig á ýmsu í kringum hana, markaðssetningu og framgöngu dreifingaraðilans svo dæmi sé tekið. Jónína er býsna yfirlýsingaglöð í fjölmiðlum og sést ekki fyrir þegar hún er í vígaham eins og ótal dæmi sanna bæði gömul og ný. Ofan á allt þetta bætast svo mál eiginmanns Jónínu en hún hefur farið mikinn í málsvörn fyrir hann og missmekklegum ummælum um konur sem hafa ásakað hann um kynferðislega áreitni undanfarið. En þessi ritdómur er ekki um Jónínu sjálfa eða N1 heldur um bók Sölva Tryggvasonar um Jónínu. Bókin um Jónínu Ben er að flestu leyti hefðbundin viðtalsbók eins og lesendur þekkja. Hratt er farið yfir sögu í lífi Jónínu framan af þótt raunar sé þar ýmislegt í frásögur færandi. Jónína fer ung að heiman, fyrst til Reykjavíkur en sautján ára gömul er hún flutt til Kanada, gift kona. Þar kemst hún í kynni við líkamsrækt og eróbikk og eftir það virðist framabraut hennar í líkamsræktarbransanum greið. Hún verður frumkvöðull í uppbyggingu líkamsræktarstöðva, fyrst á Íslandi og seinna í Svíþjóð.

Lífshlaup Jónínu er alveg efni í eina viðtalsbók en þó fer fyrst að draga til tíðinda þegar hún kemst í kynni við Jóhannes Jónsson í Bónus. Sá kafli er eðlilega sá sem mesta forvitni vekur meðal þeirra sem eru á annað borð forvitnir um Jónínu. Hún virðist fyrr en flestir aðrir hafa séð í gegn um spillingu og fjárglæfra sem tíðkuðust meðal íslenskra fjárfesta og bankamanna og það virðist lítill vafi leika á því að hún fékk að gjalda fyrir það bæði fjárhagslega og persónulega.

Megintilgangur bókarinnar er að sýna fram á þetta, bæði með frásögn Jónínu sjálfrar, birtingu gagna og samráði við aðra heimildarmenn. Form bókarinnar er hið hefðbundna form viðtalsbókarinnar, Jónína hefur sjálf orðið og segir frá en skrásetjarinn birtist ekki nema í neðanmálsgreinum sem flestar hafa þann tilgang að greina frá því að leitað hafi verið staðfestinga á orðum hennar hjá öðrum, þótt þeir séu sjaldnast nafngreindir. Bókin er að flestu leyti vel unnin, þó verður sums staðar vart við flaustur í frágangi. Framsetningin verður á stöku stað óljós, samtölum er skotið formálalaust inn í frásögn án þess að alltaf sé ljóst hvenær og hvar þau eiga sér stað og tengslin milli frásagnarinnar og skjala sem birt eru í bókinni mætti vera skýrara.

**Jón Yngvi Jóhannsson**

**Niðurstaða:** Jónína Ben er málsvörn hennar og ákæruskjal á hendur andstæðingum hennar, ágætlega unnin viðtalsbók.




Jóladagatal Norræna hússins 1.-23. des. kl: 12.34



**Jólaúthlutun Fjölskylduhjálpar Íslands**
**Er sem hér segir:**

| Reykjavík | Reykjanesbær | Akureyri |
|---|---|---|
| Eskihlíð 2-4 | Hafnargötu 29 | Freyjusnesi 4 |
| S. 892 9603 | S. 697 3521 | S. 869 0820 |
| 14-15-21-22 des. | 22. des | 22. des |
| Frá kl 14:00 | | |

Fjölskylduhjálp Íslands








FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

**MEIRA AF LANDSBYGGÐINNI**

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

vísir.is


# Bland í poka og innri íhugun

Tónlist ★★

**Kínversk norðurljós**

Xu Wen sópran ásamt Örnu Rún Atladóttur píanóleikara

### Meira kínverskt takk



Kínversk þjóðlög heyrast ekki oft hér á landi. Geislaplata með sópransöngkonunni Xu Wen, sem hefur búið á hér á landi í rúm tuttugu ár, er því skemmtileg viðbót í tónlistarflóruna. Röddin er björt og hrein, og lögin eru sungin af tilfinningu og einlægni. Þetta er falleg tónlist, og það er synd að lögin eru aðeins fjögur.

Xu Wen hefur ekki verið áberandi í tónlistarlífinu, a.m.k. ekki á Íslandi. Hún ætlar greinilega að bæta úr því og kynna hlustendum sem flestar hliðar á sjálfri sér. Ég held að það séu mistök. Geislaplatan inniheldur nokkurs konar bland-í-poka-dagskrá, þarna eru fimm grísk þjóðlög í útfærslu Maurice Ravels, nokkur lög eftir Sigvalda Kaldalóns og fáeinar aríur. Það er tónlist sem passar ekkert voðalega vel saman. Þetta er ekki bara hlaup og súkkulaði, heldur líka hákarl og harðfiskur. Ef hægt er að nota þá líkingu.

Svona ósamstæð dagskrá gerir geislaplötuna í heild ekkert sérstaklega girnilega. Það er vaðið úr einu í annað. Xu Wen er samt prýðileg söngkona. En konseptið er ekki nógu skýrt. Hefði ekki verið meira spennandi að hafa eingöngu kínversk þjóðlög á plötunni? Eitthvað alveg einstætt í íslensku tónlistarlífi? Þannig plata myndi vekja mikla athygli.

**Niðurstaða:** Xu Wen er flott söngkona en lagavalið á geislaplötunni er ósamstætt.

Tónlist ★★★★

**Heilagur draumur**

Verk eftir John Tavener. Kammerkór Suðurlands syngur undir stjórn Hilmars Arnars Agnarssonar.

### Tónverk úr draumi



Geislaplata með verkum eftir John Tavener ber heitið Heilagur draumur. Platan heitir eftir einu verkinu á plötunni, en tónskáldið mun hafa dreymt það eftir messu í rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni. Tavener gekk í rétttrúnaðarkirkjuna þegar hann var rúmlega þrítugur, og dulúðin og andaktin í kirkjunni hefur einkennt tónlist hans allar götur síðan.

Einfaldleikinn er í fyrirrúmi í verkunum á geislaplötunni. Oft er einn undirliggjandi tónn út í gegn, og það gefur tónlistinni fókus, þjappar henni saman. Samt er músíkin ekki einfeldningsleg eða ódýr, það er merking í hverjum tóni. Hendingarnar eru sprottnar af íhugun og innri upplifun, og það er einfaldlega ekki hægt annað en að hrífast með.

Kammerkór Suðurlands undir stjórn Hilmars Arnar Agnarssonar syngur af mikilli tilfinningu og nákvæmni. Einsöngvararnir eiga líka góða spretti, sérstaklega Hrólfur Sæmundsson, sem ég held að hafi aldrei sungið eins vel. Hann er auðheyrilega vaxandi söngvari.

**Niðurstaða:** Falleg, stundum hugleiðslukennd tónlist. Þetta er flott plata!

Tónlist ★★★

**Kviða**

Tríó Blik

### Sumt er áhugavert



Það er sitt lítið af hverju á geislaplötunni Kviðu sem Tríó Blik hefur sent frá sér. Bland í poka, rétt eins og hjá Xu Wen.

Tríóið samanstendur af Freyju Gunnlaugsdóttur klarinettuleikara, Danielu Hlinková píanóleikara og Hönnu Dóru Sturludóttur söngkonu. Þarna eru tveir söngvar eftir Brahms op. 91, sex þýsk ljóð eftir Spohr, tvær aríur eftir Mozart og tveir ferðasöngvar eftir Atla Heimi Sveinsson.

Þessi ólíku verk passa þó betur saman en á geislaplötu Xu Wen. Dagskráin er eins og á fremur hefðbundnum kammertónleikum. Það þarf að hlusta á plötuna út í gegn og helst þegja á meðan!

Eins og gengur þegar um fjölbreytta dagskrá er að ræða, er geislaplatan hvorki skemmtileg né leiðinleg. Verkin eru misáhugaverð, en flutningurinn er alltént góður. Freyja spilar af listfengi og píanóleikurinn er tær og öruggur. Og Hanna Dóra syngur af tilfinningaþrunginni áfergju, af krafti og ástríðu. Í það heila er þetta ágæt útgáfa, en e.t.v. hefði mátt hugsa heildarsvipinn aðeins betur.

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Góður flutningur, misáhugaverð tónlist. Heildarsvipurinn mætti vera sterkari



**Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP** Flensborgarkórarnir héldu vortónleika á þessu ári þar sem þeir sungu meðal annars með Kristjáni Jóhannssyni. LJÓSMYND/LÁRUS KARL INGASON

# Flensborgarkórarnir í jólaskapi

Kór Flensborgarskólans og Flensborgarkórinn leiða saman hesta sína og syngja jólalög á svonefndum Vinakvöldum í Hamarssal Flensborgarskólans í kvöld og annað kvöld.

Kór Flensborgarskólans hefur aldrei verið fjölmennari en nú og telur 90 nemendur. Flensborgarkórinn er hins vegar skipaður 30 eldri kórsöngvurum sem allir hafa stundað nám í skólanum og voru í skólakórnum.

Samtals munu því 120 manns standa á sviðinu í Hamarssal Flensborgarskólans. Hrafnhildur Blomsterberg stjórnar báðum kórum.

Flensborgarkórinn er meðal fremstu kóra landsins og vann meðal annars til gullverðlauna í kórakeppni í Pétursborg síðastliðið sumar. Þá fór skólakórinn á kóramót til Ítalíu í haust og hélt fimm tónleika við góðar undirtektir.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 16. desember 2010**

### → Tónleikar



**20.00** Í **Vídalínskirkju** verða haldnir tónleikar í kvöld kl. 20. Fram koma **Dikta**, **Cliff Clavin** og **Daníel Jón** og **Ylfa Marín**. Miðaverð er 2.000 krónur.

**20.00** Í kvöld kl. 20 verða tónleikar í **Lágafellskirku** í Mosfellsbæ undir yfirskriftinni **Orgeljól 2010**. **Douglas Brotchie**, organisti Háteigskirkju, spilar tónlist eftir Bach og **Einar Clausen** syngur aríu eftir Bach og gamla jólasálma. Aðgangur ókeypis.

**20.30** Hljómsveitin **Valdimar** og söngvarinn **Kalli** efna til prófloka- og jólatónleika í **Fumleikhúsinu** í Keflavík í kvöld. Húsið opnar kl. 20.30 og er aðgangseyrir 1000 krónur.

**21.00** Í kvöld verða tónleikar með **Ólafi Arnalds** og **For a Minor Reflection** í **Tjarnarbíó**. Húsið opnar kl 20.30 og hefjast tónleikarnir hálftíma síðar, kl. 21. Miðaverð er 1500 krónur.

**21.00** Á **Sódóma Reykjavík** verður tónlistarmaðurinn **Steve Brodsky** með tónleika í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 21 og er miðasala á midi.is.

**22.00** **Gylfi Ægisson** verður með tónleika á **Faktorý** í kvöld. Tónleikarnir hefjast stundvíslega kl. 22 en efri hæðin opnar kl. 21. Aðgangseyrir er 1000 kr. og verða diskar með vinsælum lögum Gylfa seldir á staðnum.

### → Upplestur

**17.00** Rithöfundarnir **Anna Kristine Magnúsdóttir** og **Ragnar Jónasson** lesa upp úr nýjum bókum sínum á kaffihúsinu **Tíu dropum**, Laugavegi 27 í dag kl. 17. Allir velkomnir.

### → Dagskrá



**20.30** **Ungmennaráð Ölfuss** efnir til skemmtikvölds í **Ráðhúskaffi** á Þorlákshöfn í kvöld fyrir 16 ára og eldri. Dagskrá hefst kl. 20.30 og koma fram **Guðmundur Þorsteinsson**, **Jana Ármannsdóttir**, **Daníel Geir Moritz**, **Heiðar Snær** ásamt **Rúnari Gunnars** og dúettinn **Traktor**. Frítt inn og allir velkomnir.

### → Tónlist

**19.00** **Jólablúsgjörningur Vina Dóra** fer fram í kvöld á **Rúbín**, Öskjuhlíð við hlið Keiluhallarinnar. Húsið opnar kl. 19 og hefst jólablúsgjörningurinn kl. 21.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Ævintýraheimur barnabóka

## Skapandi bækur

sem eru þroskandi og skemmtilegar í senn




**Kanínan sem fékk ALDREI nóg**
**Aldur 2-120 ára**

Bókin er gamansöm ádeila á græðgi og kennir börnum og fullorðnum að margt skiptir meira máli í lífinu heldur en peningar!




**Ormur gutti og litli indjáninn**
**Aldur 3-11 ára**

Lesandinn kynnist því hvernig er að alast upp í framandi heimi. Ærslafull uppeldissaga sem tekur á óþekkt hvers konar.




**Lagarfljótsormurinn**
**Aldur 2-10 ára**

Ævintýri um orminn í Lagarfljóti. Í bókinni eru teikningar eftir grunnskólanemendur og ljósmynd af skepnu sem syndir ofan í fljótinu.




**Skýjahnoðrar**
**Aldur 1-7 ára**

Hér er á ferðinni hugljúft ævintýri um litlar verur sem færa börnum drauma á næturnar. Bókin ýtir undir umhverfisvitund barna.



JOHN GRANT



THE BLACK KEYS

## > Í SPILARANUM

John Grant - Queen of Denmark
Cliff Clavin - The Thief's Manual
Kanye West - My Beautiful Dark Twisted Fantasy
Ryan Adams & The Cardinals - III/IV
The Black Keys - Brothers

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Ólafur Arnalds snýr heim

Ólafur Arnalds og For a Minor Reflection munu halda sameiginlega tónleika í Tjarnarbíói í kvöld. Húsið verður opnað klukkan 20.30 og er miðaverð 1.500 krónur. Miðasala er hafin á midi.is.

Ólafur Arnalds gaf út plötuna …and They Have Escaped the Weight of Darkness í ár og fékk hún góðar viðtökur. Hann hefur verið á stífum tónleikaferðalögum til kynningar plötunni í ár og spilað víða um heim, eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu – allt frá Þýskalandi til Slóvakíu og meira að segja til Suður-Kóreu og Kína.

For a Minor Reflection sendi frá sér aðra breiðskífu sína fyrr á árinu og ber hún nafnið Höldum í átt að óreiðu. Plötuna vann hljómsveitin í Sundlauginni í Mosfellsbæ með upptökustjóranum Scott Hackwith sem hefur meðal annars unnið með goðsögnunum í The Ramones.



**LANGT FERÐALAG** Ólafur Arnalds hefur ferðast víða á árinu. Hann er nú kominn heim og kemur fram í Tjarnarbíói í kvöld ásamt hljómsveitinni For a Minor Reflection.



## > Plata vikunnar

Apparat Organ Quartet - Pólýfónía

★★★★★

„Orgelkvartettinn Apparat keyrir upp stuðið með frábærri plötu.“ - TJ



## TÓNNINN GEFINN
### Trausti Júlíusson

# *Á nýjar slóðir með Disney*

Þó að stjarna franska dúósins Daft Punk skíni kannski ekki alveg jafn skært í dag og þegar hún lagði heiminn að fótum sér með snilldarplötunum Homework og Discovery er alltaf mikill spenningur fyrir nýju efni frá þeim Thomas Bangalter og Guy-Manuel de Homem-Christo. Og þeir voru að senda frá sér nýja plötu.



**DAFT DISNEY PUNK?** Félagarnir í Daft Punk sjá um tónlistina í Disney-myndinni Tron Legacy.

Tron Legacy er samt ekki hefðbundin Daft Punk plata, heldur tónlist við samnefnda kvikmynd sem verður frumsýnd hér á landi á annan í jólum. Myndin er framhald kvikmyndarinnar Tron frá 1982. Þetta er ekta framtíðarstórmynd í leikstjórn Josephs Kosinski, en Jeff Bridges, Garrett Hedlund, Bruce Boxleitner og Olivia Wilde fara með stærstu hlutverkin. Meðlimir Daft Punk leika reyndar líka sjálfir í myndinni, tvo MP3-snúða í End of the Line klúbbnum.

Það var Kosinski sem vildi ólmur fá Frakkana til að búa til tónlistina, enda að eigin sögn búinn að vera harður aðdáandi þeirra í tíu ár þegar hann hitti þá á kaffihúsi í Hollywood í nóvember 2007. Platan hefur fengið góðar viðtökur, enda þykir þeim félögum hafa tekist frábærlega að blanda saman hefðbundinni kvikmyndatónlist og raftónlist. Hin 85 manna London Orchestra spilar á plötunni sem flakkar á milli heima kvikmyndatónlistar og danstónlistar. Sum lögin eru hefðbundin kvikmyndatónlist, en svo detta inn brjáluð sánd og gamalkunnir taktar hér og þar. Fín plata. Og svo er það bara að vona að þeir kýli á venjulega Daft Punk plötu fljótlega.


Hringdu í síma

512 50 60




ef blaðið berst ekki




## TÍMI ÁRSLISTANNA RUNNINN UPP

**METACRITIC**
1. **Kanye West - My Beautiful Dark Twisted Fantasy**
2. **Arcade Fire - The Suburbs**
3. LCD Soundsystem - This Is Happening
4. High Violet - The National
5. Janelle Monáe - The ArchAndroit

**ROLLING STONE**
1. **Kanye West - My Beautiful Dark Twisted Fantasy**
2. The Black Keys - Brothers
3. Elton John og Leon Russell - The Union
4. **Arcade Fire - The Suburbs**
5. Jamay Johnson - The Guitar Song

**MOJO**
1. John Grant – Queen Of Denmark
2. **Arcade Fire – The Suburbs**
3. MGMT – Congratulations
4. Edwyn Collins – Losing Sleep
5. The Black Keys – Brothers

**BEST** Arcade Fire og Kanye West eiga bestu plötur ársins 2010 ef marka má erlend tónlistartímarit.

# Arcade Fire og Kanye West skipta með sér toppsætinu

**Rapparinn Kanye West og kanadíska hljómsveitin Arcade Fire eiga plötur ársins samkvæmt árslistum hinna ýmsu dagblaða og tónlistartímarita.**

Árslistar helstu tónlistartímarita og dagblaða heims hafa verið að tínast inn að undanförnu. Bresku tónlistartímaritin Mojo og Q og hið bandaríska Rolling Stone hafa sent frá sér uppgjör, auk þess sem heimasíðan Metacritic.com hefur tekið hina ýmsu árslista saman og gefið flytjendum einkunnir eftir sætunum sem þeir lenda í.

Ljóst er að plöturnar The Suburbs með kanadísku hljómsveitinni Arcade Fire og My Beautiful Dark Twisted Fantasy með bandaríska rapparanum og hrokagikknum Kanye West skara fram úr þegar allt er tekið saman og hljóta því að teljast plötur ársins. Báðir flytjendurnir hafa lengi verið í hávegum hafðir hjá tónlistargagnrýnendum og ætti því að koma fáum á óvart að sjá þá í efstu sætunum. Arcade Fire fékk frábæra dóma fyrir tvær fyrstu plötur sínar, sérstaklega hina mögnuðu Funeral, á meðan Kanye sló í gegn með frumburðinum The College Dropout.

Önnur plata ofarlega á mörgum árslistum er Brothers með rokkdúóinu The Black Keys, auk þess sem bandaríski sveitasöngvarinn Jamey Johnson fær óvænta rós í hnappagatið fyrir plötuna The Guitar Song. Aðrir sem komast í mjúkinn eru rapparinn Big Boi úr hljómsveitinni Outkast sem hefur fengið fína dóma fyrir sína fyrstu sólóplötu, bandaríska sveitin LCD Soundsystem, draumpopppararnir í Beach House, John Grant og gamla kempan Robert Plant.

freyr@frettabladid.is

## LAGALISTINN
Vikuna 9. desember - 15. desember 2010

| Sæti | | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Dikta | Goodbye |
| ▲ | 2 | Hjálmar | Gakktu alla leið |
| ▼ | 3 | Páll Óskar & Memfismafían | Það geta ekki allir... |
| ▲ | 4 | Rihanna | Only Girl In The World |
| ▲ | 5 | Björgvin Halldórsson & Mugison | Minning |
| ▲ | 6 | Bruno Mars | Just The Way You Are |
| ▼ | 7 | P!nk | Raise Your Glass |
| ▲ | 8 | Robbie Williams & Gary Barlow | Shame |
| ▲ | 9 | Jón Jónsson | When You're Around |
| ▲ | 10 | Katy Perry | Firework |

## TÓNLISTINN
Vikuna 9. desember - 15. desember 2010

| Sæti | | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Baggalútur | Næstu jól |
| ▲ | 2 | Elly Vilhjálms | Heyr mína bæn |
| ▶ | 3 | Bubbi | Sögur af ást, landi og þjóð |
| ▲ | 4 | Páll Rósinkranz | Ó hvílík elska |
| ▲ | 5 | Raggi Bjarna | 75 ára afmælistónleikar |
| ▼ | 6 | Frostrósir | Hátíðin heilsar |
| ▲ | 7 | Blaz Roca | Velkomin til KópaCabana |
| ▼ | 8 | Björgvin Halldórsson | Duet II |
| ▲ | 9 | Sigurður og Memfismafían | Nú stendur mikið til |
| ▲ | 10 | Justin Bieber | My Worlds |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is.

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Smekkleysa plötubúð, Havarí, Elkó, tonlist.is

# Nikon D3100

## FRÁBÆR FJÖLSKYLDUMYNDAVÉL

– auðveld í notkun með Guide mode, tekur frábærar myndir og kvikmyndir í háskerpuupplausn

Nikon

At the heart of the image

Nú fylgir með D3100 aukahlutapakki sem inniheldur vandaða ljósmyndabók, 4 GB minniskort og Acme Made tösku að verðmæti 14.995.-

**D3100 18-55VR kit Verð 129.995.-**




Nikon SCHOOL INTRO

**Nýjung á Íslandi!**

**Nikon skólinn**

Innifalið í kaupum er 2,5 klst. byrjendanámskeið á D-SLR (verðmæti: 12.000 kr.)

# I AM YOUR BEST WINTER DEAL




## MEÐ **COOLPIX S3000** TEKUR ÞÚ BETRI MYNDIR

Nú fylgir með Nikon COOLPIX S3000 aukahlutapakki sem inniheldur 4 GB minniskort og Golla tösku að verðmæti 8.995.-

**S3000 Verð 26.995.-**

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

Tilboð gildir 26. nóvember til 31. desember eða meðan birgðir endast.

SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI

Samkaup – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ.

# bíó

bio@frett is

## > CAGE Í HASARMYND



**Nicolas Cage** mun leika aðalhlutverkið í kvikmyndinni Medallion eftir Simon West. Cage kemur til með að leika kokk sem hefur nokkrar klukkustundir til að finna dóttur sína sem hefur verið rænt.

# Colin Firth stamaði eftir Ræðuna

Breski gæðaleikarinn Colin Firth hefur viðurkennt af hafa lifað sig það mikið inn í hlutverk sitt í kvikmyndinni The King's Speech að hann var farinn að stama.

Firth leikur Georg VI. sem berst við stam en það háir honum óneitanlega í starfi enda kóngur yfir Bretlandi. „Ég stamaði í tvo mánuði og geri jafnvel enn," segir Firth þegar hann ræddi við fjölmiðla í tengslum við kvikmyndahátíðina í Dubaí. „Þetta er eins og með tónlist eða íþróttir, þetta byggist allt á innrætingu. Og þegar þú ruglar svona mikið í talfærunum og lætur það standa yfir í svo langan tíma þá er ekkert skrýtið að það skuli fylgja þér í einhverja stund á eftir."

Colin var þó ekki sá eini sem fór að stama því allt tökuliðið fór að stama á meðan á tökum stóð. „Þetta reyndist vera ótrúlega smitandi og það var ákaflega kómískt að heyra leikstjórann Tom Hooper stama þegar hann gaf frá sér einfaldar skipanir. Fólk var hætt að skilja hvort annað," segir Firth. Leikarinn hefur fengið frábæra dóma fyrir túlkun sína á hinum stamandi kóngi og er meðal annars tilnefndur til Golden Globe verðlauna en þau þykja gefa sterka vísbendingu fyrir Óskarsverðlaunin, frægustu kvikmyndaverðlaun heims. Myndin sjálf hefur einnig fengið einstaklega góðar viðtökur, hún leiðir kapphlaupið í Golden Globe tilnefningunum og er meðal annars tilnefnd í flokkunum besta myndin og besti leikstjórinn.



**ALLIR FÓRU AÐ STAMA** Colin Firth stamaði í tvo mánuði eftir að tökum á The King's Speech lauk. Tökuliðið var farið að stama meðan á upptökum stóð.

# Fór að hlæja

Angelina Jolie segist hafa farið að hlæja þegar hún heyrði að hún væri tilnefnd til Golden Globe fyrir leik sinn í hasarmyndinni The Tourist. Jolie stillti sér upp fyrir ljósmyndara á rauða dreglinum ásamt unnustanum Brad Pitt þegar myndin var frumsýnd í Þýskalandi og upplýsti nærstadda blaðamenn að þetta væri í fyrsta skipti sem hún væri tilnefnd í gaman/söngmyndaflokknum. „Þetta er eitthvað algjörlega nýtt fyrir mér, ég fór að hlæja þegar ég heyrði af þessu," sagði Jolie. Mótleikari hennar í myndinni, Johnny Depp, er hins vegar þaulreyndur í flokknum og er tilnefndur í ár fyrir leik sinn í The Tourist. Og það er sitthvað fleira sem er nýtt fyrir Jolie hvað The Tourist varðar. Því myndin hefur á engan hátt náð að heilla gagnrýnendur eða áhorfendur og þykir vera hálfgert flopp. Þau Jolie og Depp geta þó huggað sig við tilnefningarnar.



**TILNEFND** Jolie fór að hlæja þegar hún heyrði af því að hún væri tilnefnd til Golden Globe verðlauna.

# Eminem reynir við hvíta tjaldið á ný



**AFTUR** Eminem hyggst reyna við kvikmyndaleik á ný eftir átta ára fjarveru.

Eminem hyggst hasla sér völl í kvikmyndaleik á ný og hefur að sögn vefsíðunnar thewrap.com tekið að sér hlutverk hnefaleikakappa í kvikmyndinni Southpaw sem Dreamworks ætlar að framleiða. Kurt Sutter, þekktastur fyrir Sons of Anarchy, hefur tekið að sér að skrifa handritið. Myndin fjallar um hnefaleikakappa sem er á leið á toppinn þegar áfall dynur yfir fjölskylduna. Hann reynir síðan að blása nýjum glæðum í feril sinn til þess eins að vinna dóttur sína á sitt band. Ekki er enn ljóst hver muni leikstýra myndinni né hvenær myndin verður frumsýnd.


# Jólagjöfin í ár

er gjafakort í Jóga stúdíó



Jóga er gjöf sem heldur áfram að gefa

Gefum þeim sem okkur þykir vænt um, tíma til að fylla á sjálfan sig meira súrefni og tíma til að styrkja sig og slaka á.

Seljavegur 2 - 101 Reykjavík
772-1025 - Ágústa | 695-8464 - Drífa
www.jogastudio.is - jogastudio@hotmail.com

JÓGA Stúdíó


# Gullnáman í Hollywood

**Teiknimyndir eru ævintýri dagsins í dag, börnin þekkja geimlögguna Bósa og kúrekann Vidda jafn vel og foreldrarnir Hans og Grétu eða Mjallhvíti. Teiknimyndirnar eru hins vegar ekki góðverk af hendi Hollywood heldur eru háar fjárhæðir í húfi.**



## GULLNÁMA



**Shrek** hefur malað gull fyrir Dreamworks Animation sem mætir til leiks með nýja mynd, Megamind, en hún hefur fengið prýðilega dóma. Megamind mun þó sennilega ekki ná ámóta fjárhæðum í kassann líkt og Shrek hefur gert en græna tröllið kemst ekki nálægt Bósa og Vidda úr **Toy Story** ferlíkinu, sem hefur selt leikföng fyrir níu milljarða.

Megamind, nýjasta teiknimyndin frá Dreamworks, flýgur í kvikmyndahús um helgina. Myndin gerir góðlátlegt grín að frægustu ofurhetju allra tíma, sjálfum Súperman. Söguþráðurinn er á þá leið að ofurþrjóturinn Megamind er sendur frá foreldrum sínum um það leyti sem plánetan hans er að springa í loft upp. Hann er hins vegar ekki eina geimveran á leið til jarðar því Metro Man er sömuleiðis sendur til jarðar þegar foreldrar hans bjarga honum frá útrýmingu heimilisins.

Megamind og Metro Man verða fljótt erkióvinir, Megamind tekur þrjótshlutverkið að sér en Metro Man herjar á hann með ofurkröftum sínum. Eins og gefur að skilja hefur Metro Man yfirleitt betur þar til að dag einn játar hann sig sigraðan og hverfur af yfirborði jarðar. Í stað þess að kætast finnur Megamind fyrir ákveðinni tómleikatilfinningu og bregður á það ráð að skapa nýjan óvin með skelfilegum afleiðingum. Þeir sem ljá aðalpersónum myndarinnar raddir sínar eru engar smástjörnur en þetta eru þeir Jonah Hill, Seth Rogen og Brad Pitt.

Foreldrar, sem vilja kannski senda stóru kvikmyndaverunum úti í Bandaríkjunum þakkarbréf fyrir góða fjölskylduskemmtun, skyldu hafa í huga að svona teiknimynd er ekki unnin í sjálfboðavinnu, teiknimyndagerð er ekki góðgerðastarfsemi og það er síður en svo tilviljun að öll stóru kvikmyndaverin reyni að frumsýna að minnsta kosti eina slíka á hverju ári. Þetta er einfaldlega gróðafyrirtæki.

**5** Aðstandendur teiknimyndarinnar Cars græddu fimm milljarða dollara á sölu á varningi tengdum myndinni.

HEIMILD: SAN FRANCISCO CHRONICLE

Shrek 2, sem var frumsýnd fyrir sex árum aflaði 436 milljóna dollara í miðasölu í Bandaríkjunum og situr í fimmta sæti yfir mestsóttu kvikmyndir Bandaríkjanna. Miðasalan er þó bara einn hluti af teiknimyndaframleiðslunni, því ólíkt hefðbundnum myndum selja þær dúkkur, glös, diska, hnífapör, töskur og svo framvegis. Þetta er auðvitað mikill línudans, börn eru engin fífl og Shrek 3 var harðlega gagnrýnd fyrir það hvað hún var léleg og eingöngu gerð til selja vörur tengdar vörumerkinu.

Hið sama verður ekki sagt um Toy Story 3. Hún er tilnefnd til Golden Globe verðlauna sem besta teiknimyndin og náði í ár að selja miða á heimsvísu fyrir 903 milljónir dala. Hárin á höfði forráðamanna Disney-fyrirtækisins þurfa ekki að rísa því allt útlit er fyrir að vörur tengdar Toy Story 3 muni seljast fyrir 2,4 milljarða dala. Og samanlagt hafa þá myndirnar þrjár selt leikföng og aðra hluti fyrir 9 milljarða dala. Þótt Toy Story 3 ævintýrið sé nú að baki hyggjast forráðamenn Disney framleiða fjórar stuttmyndir fyrir sjónvarp og net til að halda lífi í eftirspurninni. Enda engin ástæða til að slátra gullkálfinum.

freyrgigja@frettabladid.is

# Mila Kunis á móti Mark Wahlberg

Mila Kunis hefur hreppt stórt hlutverk í kvikmyndinni Ted sem Mark Wahlberg mun leika í. Ferill Milu hefur verið að sækja á uppleið á undanförnum árum, en hún hóf störf fyrir framan kvikmyndavélarnar aðeins tólf ára að aldri. Mila er eflaust enn þá þekktust fyrir að leika Jackie Burkhart úr That ´70s Show en það gæti verið að breytast.

Á þriðjudag var upplýst hverjir hefðu verið tilnefndir til Golden Globe-verðlauna og nafn Mila Kunis var þar nefnt í flokknum besta leikkonan í aukahlutverki. Hún leikur harðsvíraðan keppinaut Natalie Portman í ballettmyndinni Black Swan og lagði mikið á sig, grennti sig ótæpilega og sagðist á tímabili hafa óttast um eigið heilsufar.

Og þegar maður er tilnefndur til Golden Globe-verðlauna eru hlutirnir fljótir að breytast. Mila Kunis virtist nefnilega vera föst í kvikmyndum sem dönsuðu á barmi þess að vera b-myndir. En það er þetta eina hlutverk sem snýr lukkuhjólinu og í gær var tilkynnt að Kunis hefði hreppt aðalkvenhlutverkið í kvikmyndinni Ted. Þá er kvikmyndin Friends with Benefits væntanleg en þar leikur hún meðal annars á móti Emmu Stone, Justin Timberlake og Woody Harrelson. - fgg



**RÍSANDI STJARNA** Mila Kunis hefur mátt hafa fyrir sínum ferli, enda verið leikkona frá tólf ára aldri.


JÓLAGJAFIRNAR!
-33%
Jóla Jóla Spilið
1.999
Verð áður: 2.999
Super Colour Case
1.999
Litasett Crayola
EYJAFJALLAJÖKULL
3.992
ELDAÐ MEÐ JÓA FEL
1.999
-30%
POPP PUNKTUR
3.999
Verð áður: 5.590
-40%
FJÖR TIL ENDA
3.999
Verð áður: 6.995
ANDRÉS ÖND
2.699
Fjölskylduspil
Sokkar og fleira
1.999
-55%
179
Fullt verð: 399
5 metrar
WASGIJ?
2799
1.000 bitar
WASGIJ?
1599
150 bitar
2299
500 bitar
maxell
DV CASSETTE
499
Upptökuspóla
DVM-60 mín.
50% AUKAAFSLÁTTUR Á KASSA AF ÖLLU Á LAGERSÖLU
Verð frá:
18
Verð með auka-
afslætti
299
Verð með auka-
afslætti
Verð frá:
9-99
Verð með auka-
afslætti
12
Verð með auka-
afslætti
OPIÐ FRÁ 10-20
SKEIFUNNI 11
GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝRARI
Auglýsingin gildir til og með 19.12.10. eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

# Fólk

folk@frettabladid.is

**3281 DAGUR** er á milli þeirra Taylor Swift og Jake Gyllenhaals í aldri, en þau eru nýjasta parið í Hollywood. Jake verður þrítugur hinn 19. desember en Taylor átti 21. árs afmæli hinn 13. desember.



## Heather Mills í skíðalandsliði fatlaðra

Hin breska Heather Mills hefur náð þeim árangri að komast í skíðalið fatlaðra í heimalandi sínu, en Mills missti hluta af fótlegg þegar lögreglumótorhjól keyrði á hana árið 1993. Hún er nú komin skrefi nær langþráðum draumi sínum um að keppa á Ólympíuleikum fatlaðra, en þeir verða haldnir í Rússlandi árið 2014. „Ég komst í breska skíðaliðið fyrir fatlaða. Ég komst að því fyrir um sex vikum og ég er mjög spennt. Það er ekki greint frá því hverjir komast í Ólympíuliðið fyrr en þremur mánuðum fyrir leikana. Ef maður er nógu heppinn að komast í landsliðið, sem ég er, þá fer maður á reynslu fyrir Ólympíuliðið.“ Mills segist hafa haft yndi af íþróttum allt sitt líf og að langþráður draumur hennar myndi rætast ef hún fengi að keppa á Ólympíuleikunum.





**MIKIÐ AÐ GERA** Mukkaló er nýkomin frá Bretlandi og er þegar farin í tónleikaferð um landið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Beint á Íslandstúr í kjölfar tónleika með Bombay Bicycle Club í London

**Hljómsveitin Mukkaló var stofnuð fyrir rúmu ári en hefur náð að afreka ýmislegt. Hljómsveitin er nýkomin heim frá Bretlandi þar sem hún kom fram með spútniksveitinni Bombay Bicycle Club.**

„Þeir voru aldrei með neina stjörnustæla og eru mjög hógværir,“ segir Þorbjörg Ósk Eggertsdóttir, söngkona hljómsveitarinnar Mukkaló.

Hljómsveitin Bombay Bicycle Club, sem kom fram á Iceland Airwaves hátíðinni í október, bauð Mukkaló að spila með sér á tvennum tónleikum í Queen Elizabeth Hall í Lundúnum á dögunum. Hljómsveitirnar kynntust í október þegar strákarnir í Bombay Bicycle Club mættu óvænt á tónleika Mukkaló í Reykjavík.

„Við keyptum flugmiðana, en þeir borguðu okkur smá pening fyrir tónleikana,“ segir Þorbjörg. „Við gerðum litla EP-plötu áður en við fórum út og gátum selt úti. Við seldum tæplega 200 diska. Þeir voru hissa á hvað við náðum að selja mikið.“

Bombay Bicycle Club nýtur vaxandi vinsælda í Evrópu, en önnur breiðskífa hljómsveitarinnar náði áttunda sæti breska vinsældalistans á árinu. Þorbjörg segir vinsældirnar ekki hafa stigið strákunum í hljómsveitinni til höfuðs, en tveir af þeim leyfðu henni og fiðluleikara Mukkaló að gista á dýnum á gólfi íbúðar sem þeir leigja í Lundúnum. Þá segir hún fólkinu í kringum bresku hljómsveitina hafa litist vel á Mukkaló. „Umboðsmaður Bombay var mjög spenntur fyrir að vinna meira með okkur,“ segir hún. „Hann vildi hjálpa okkur að halda fleiri tónleika í Englandi og svona. Þeir töluðu líka um hvað þeim fannst gaman á Íslandi, þeir elskuðu landið og langar pottþétt að koma aftur.“

Mukkaló hélt í tónleikaferð um landið í gær ásamt Júníusi Meyvant. Ferðalagið er sérstakt að því leyti að kirkjur landsins verða nýttar sem tónleikasalir. Tónleikaferðin hófst í Sauðárkrókskirkju og í kvöld koma þau fram í Siglufjarðarkirkju. Á næstu dögum koma þau svo við í Húsavíkurkirkju, Bláu kirkjunni á Seyðisfirði, Víkurkirkju og loks í Stóra-Núpskirkju í Gnúpverjahreppi.

atlifannar@frettabladid.is

HORNIÐ
Restaurant
Pizzeria
Gallerí – Café
Jólamatseðill
Humarsúpa kr. 1550.-
Andabringa kr. 3890.-
Gleðilegt Jól.
Hafnarstræti 15, sími 551 3340

Verndarengill



GULLSMIÐJAN
Guðrún Bjarnadóttir
Gullsmiður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453
GULLSMIDJAN.IS

## Klovn-myndin fær ágætis dóma

Klovn-mynd Caspers Christiansen og Franks Hvam var forsýnd dönskum fyrirmennum í Kaupmannahöfn á þriðjudagskvöld. Myndin fær prýðilega dóma í dönskum blöðum og meðal annars fjórar stjörnur af sex hjá B.T. Klovn: The Movie segir frá ferðalagi félaganna á kanóhátíð við Gudenåen-fljótið á Austur-Jótlandi. Þeir eru reyndar þar í ólíkum tilgangi; Casper er að venju á kvennafari en Frank hyggst skoða hversu hæfur hann er til að verða pabbi. Og hefur rænt tólf ára frænda Miu til að fá úr því skorið hvort það sé yfirhöfuð eitthvað fyrir hann.

Gagnrýnandi B.T. segir það augljóst að Frank Hvam og Casper séu ekki leikarar en það komi ekki að sök í myndinni. Hún sé uppfull af pínlegum atriðum eins og þeirra sé von og vísa en kannski sé „kúk og piss“-atriðum og bröndurum ofaukið. Gagnrýnandinn bætir því við að myndin sé jafngóð og meðalgóður Klovn-þáttur, hún sé ekki þeirra besta verk. „Ef þú hlóst að þáttunum áttu eftir að hlæja að myndinni,“ skrifar gagnrýnandi B.T.

Gagnrýnandi Ekstrablaðsins er hins vegar mun jákvæðari og segir Klovn-myndina vera fyndnustu mynd Dana í háa herrans tíð og skreytir dóm sinn með fimm stjörnum af sex mögulegum. Hann fer lofsamlegum orðum um myndina, segir dæmið ganga nánast fullkomlega upp og bætir því við að Klovn: The Movie sé ekki fyrir börn.



**IBEN, CASPER OG FRANK Á ÍSLANDI** Klovn: The Movie er vel heppnuð að mati dönsku blaðanna B.T. og Ekstrablaðsins. B.T. gefur henni fjórar af sex og Ekstrablaðið fimm af sex. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Beady ekki síðri en Oasis

Liam Gallagher telur að fyrsta plata nýju hljómsveitar hans Beady Eye, Different Gear, Still Speeding, sé ekki síðri en frumburður Oasis, Definitely Maybe. „Tónlistarmennirnir eru betri, engin spurning. Söngurinn minn hefur líka aldrei verið betri,“ sagði Gallagher og bætti við að platan, sem kemur út 28. febrúar, sé virkilega góð. Gallagher var einnig spurður um álit sitt á bresku hljómsveitunum The Vaccines og Brother. Hann sagði þá fyrrnefndu vera leiðinlega og að meðlimir hinnar væru litlir snobbaðir strákar með húðflúr.



**LIAM GALLAGHER** Hefur mikla trú á fyrstu plötu Beady Eye sem er væntanleg í febrúar.



Vertu með okkur á Facebook og þú getur unnið iRobot ryksuguvélmenni, drögum einn heppinn 20. desember.
JÓLABÚÐIN ÞÍN
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is Kringlunni
MAGNAÐ HELGARTILBOÐ
Cubo CD + útvarp
ÝMSIR LITIR
25%
Verð áður 59.995
Tilboðsverð 44.996
Þú sparar 14.999
Telefunken
MYNDRAMMI
21%
Verð áður 13.995
Tilboðsverð 10.995
Þú sparar 3.000
Bodum
PRESSUKANNA + FROÐUSNAKKUR
40%
Verð áður 9.999
Tilboðsverð 5.999
Þú sparar 4.000
Sódavatnstæki
WASSERMAXX
23%
Verð áður 12.990
Tilboðsverð 9.990
Þú sparar 3.000
Souffle skálar
4 stk.
50%
Verð áður 1.749
Tilboðsverð 874
Þú sparar 875
Ergorapido
SKAFT- OG HANDRYKSUGA SAMAN
20%
Verð áður 19.900
Tilboðsverð 15.900
Þú sparar 4.000
KitchenAid Jólatilboðið
HRÆRIVÉL + ÁHALDASETT
Áhaldasett + Hvít + Lituð
Verð áður 99.980 102.980
Tilboðsverð 79.990 82.990
Þú sparar 19.990 19.990
Allir hárblásarar
20%
Allir pottar
20%
Weinberger
DIGITAL BAÐVOG
50%
Verð áður 5.999
Tilboðsverð 2.999
Þú sparar 3.000
Allar jólavörur
50%
TOPP 10 GJAFIR
1 Bodum ferðapressukrús
2 iRobot ryksuguvélmenni 520
3 Garmin leiðsögutæki í bílinn
4 Íslenska pönnukökupannan
5 Sirius sería Laura hvítt hjarta
6 Eva Solo karafla
7 Sódavatnstæki
8 Cuisinart heilsugrill
9 Thermos hitakanna
10 Veðurstöð
Mamma
Afi og amma
Soffía frænka
Pabbi
Jolanta Fajkowska
pólsk vinkona
Gunna systir
Khumbo Kachali
skiptinemi frá Malavíu
Skúli elsku bróðir
Gelgjan yndislega
Turtil-dúfurnar nygiftu
TÉKKLISTI
☐ Aðventuljósaperur
☐ Sogskálar
☐ Grenilengjur
☐ Fjöltengi
☐ Kökukefli
☐ Piparkökumót
☐ Kjöthitamælar
☐ Seríufestingar
☐ Reykskynjarar
☐ Hnetubrjótar
☐ Límbönd
☐ Jólapappír
☐ Litaðar ljósaperur
ÁHUGAVERÐAR VÖRUR
Til bestu... kanna
1.499
Domo ísvél
9.999
Nordica Poppvél
9.999
Saltkristalslampi
3.999
Einstakt seríutilboð
Kauptu tvær og fáðu þá ódýrari á 50% afslætti



# Kennari óskast

**Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, óskar að ráða skipstjórnarmenntaðan einstakling, með kennsluréttindi, til kennslu við Skipstjórnarskólann.**

Nánari upplýsingar veitir Vilbergur Magni Óskarsson skólastjóri Skipstjórnarskólans í síma 514 9551 eða í tölvupósti *vmo@tskoli.is*.

**Umsóknarfrestur er til 22. desember.**
Kjör samkvæmt stofnanasamningi Tækniskólans og KÍ. Umsóknir sendist á *bg@tskoli.is*.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is



Tryggjum öllum börnum gleðileg jól

Taktu þátt í Pakkajólum Bylgjunnar við jólatréð í Smáralind




Við óskum öllum gleðilegra jóla

BYLGJAN 989


# Selur skó úr hvalsforhúð á 190 þúsund krónur parið

**Hönnuðurinn Sruli Recht vekur jafnan athygli fyrir verk sín. Fyrir skemmstu vakti regnhlíf hans deilur og nú eru erlendir fjölmiðlar áhugasamir um skó sem hann framleiðir úr hvalaforhúð.**



**VEKUR ATHYGLI** Hönnuðurinn Sruli Recht er þekktur fyrir að fara ótroðnar slóðir og hafa skórnir úr hvalsforhúð vakið athygli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Skórnir hafa vakið mikla ahygli í erlendu pressunni enda hafa ekki margir nýtt sér þennan óvanalega efnivið í hönnun. Um daginn hafði til dæmis prófessor frá Bretlandi samband við mig og vildi fá að nota myndir af skónum í fyrirlestri," segir Sruli Recht hönnuður um skó sem hann hannar úr hvalsforhúð. Hann bætir við að ekki sé aðalatriði að selja skóna því ef hönnunin nái athygli sé tilganginum náð.

„Við hönnuðir erum eins og skemmtikraftar og okkar hlutverk er að koma fólki á óvart. Maður er alltaf að leita að einhverju sem ekki hefur verið gert áður," segir Sruli um hvalsforhúðarskóna. Ekki var auðvelt verk að koma þeim í framleiðslu því það kostaði mikla rannsóknarvinnu og fyrirhöfn að nálgast hvalsreðra.

„Margir póstar og símtöl fóru fram og til baka þangað til ég fékk að lokum fullan kassa af frosnum hvalsreðrum sendan. Þá byrjaði ég að vinna leðrið í samvinnu við skósmið í Ástralíu. Forhúðin á hvölum er eina efnið á þeim sem hægt er að nota. Það er hægt að teygja hana og vinna eins og leður. Önnur húð á hvölum er eins og himnan á augum sem springur þegar hún þornar," segir Sruli en liturinn á skónum er náttúrulegur litur hvalsforhúðar. En eru skórnir vinsælir?

„Já, ég hef selt nokkur pör og á smá lager sem hægt er að nálgast í netbúðinni minni," segir Sruli. Skórnir eru ekki ódýrir því parið kostar 1.200 evrur, eða tæpar 190.000 íslenskar krónur á núverandi gengi.

alfrun@frettabladid.is



**SMART** Liturinn á skónum er hinn náttúrulegi litur hvalsforhúðarinnar.

# Reznor tilnefndur til Golden Globe

Ólátabelgurinn og snillingurinn Trent Reznor hefur verið tilnefndur til Golden Globe verðlauna. Verðlaunin verða afhent 16. janúar næstkomandi en Reznor er tilnefndur fyrir tónlistina í kvikmyndinni The Social Network ásamt samstarfsmanni sínum Atticus Ross.

Trent Reznor er þekktastur fyrir hljómsveit sína Nine Inch Nails, sem hefur sent frá sér margar frábærar plötur. Aðdáendur hans krossleggja nú fingurna og vonast til að sjá hann halda ræðu fyrir framan fína fólkið í Hollywood, enda er hann mikið ólíkindatól.

Samkeppnin er reyndar afar hörð, en í sama flokki eru einnig tilnefndir Hans Zimmer fyrir magnaða tónlist í Inception, Danny Elfman (sem á Simpsons-lagið) fyrir Alice in Wonderland, Alexandre Desplat fyrir The King's Speech og A. R. Rahman fyrir 127 Hours.



**ÓLÍKINDATÓL** Það er aldrei að vita hvað Trent Reznor segir í ræðu sinni ef hann vinnur Golden Globe.

# Á erfitt með athyglina

Keira Knightley segir að hún hafi átt í erfiðleikum með að takast á við athyglina sem fylgir því að vera fræg. Leikkonan lék nýlega í kvikmyndinni Edge of Love ásamt Siennu Miller og segir að Miller hafi átt auðveldara með að takast á við alla fjölmiðlana en hún. „Mér var sagt að ég yrði látin í friði ef ég mætti ekki á viðburði og í partí. Ég sleppti því að mæta á alla þessa viðburði en það breytti engu." Knightley segist oft klæðast algjörum lufsum og labba niðurlút um bæinn, en það sé einungis hluti feimninnar. „Ég er viss um að fólk heldur að ég sé hundleiðinleg en ég er bara mjög feimin."



**EKKI LEIÐINLEG, BARA FEIMIN**
Keira Knightley á í erfiðleikum með að takast á við athyglina sem fylgir frægðinni. Hún telur að fólk haldi sig vera leiðinlega.





Jólakaupauki
Flottur hátalari fylgir GSM tilboði á meðan birgðir endast.

Vertu með YouTube í símanum

Samsung Galaxy 5
0 kr. útborgun
m.v. 12 mánaða greiðsludreifingu eða 12x3.325 kr.*
Jólainneign 1.000 kr. á mánuði í 12 mánuði fylgir.
*Dreifingargjald 250 kr. á mánuði.

www.ring.is / m.ring.is www.facebook.com/ringjarar

ring
VERTU MEÐ

ENNEMM / SÍA / NM44690


Jólaskósprengja
í fullum gangi
Opið mánudaga til föstudaga milli kl. 11 og 18
Laugardaga milli kl. 11 og 16
Sunnudaga milli kl. 13 og 17
Nýjar vörur
LÁGMARK
50%
afsláttur
ÁSAMT ÖÐRUM TILBOÐUM
Nýtt kortatímabil
Vörur frá
STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND
ecco
Kringlunni - Smáralind
Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind
skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND
Toppskórinn
Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

# Farsímar teknir af brúðkaupsgestum

Raunveruleikastjarnan Nicole Richie og rokkarinn Joel Madden gengu í hið heilaga helgina sem leið. Samkvæmt heimildarmönnum hafði parið selt birtingaréttinn að brúðkaupsmyndum sínum og var því mjög umhugað um að engar myndir lækju á netið.

„Hún var svo hrædd um að einhver gestanna myndi fara á bak við hana og selja myndir úr brúðkaupinu að farsímar voru teknir af fólki áður en athöfnin hófst. Þetta kom fólki í vont skap því þetta sýnir augljóst vantraust,“ var haft eftir innanbúðarmanni. Richie var víst einnig mjög óákveðin um ýmis smáatriði alveg fram á síðustu stundu og breytti meðal annars matseðlinum nokkrum sinnum.

Kim Kardashian og Christinu Aguilera var báðum boðið í brúðkaupið en mættu ekki vegna vinnu. Nicky Hilton var þó viðstödd brúðkaupið en systir hennar, Paris Hilton, var aftur á móti ekki boðið þrátt fyrir að hafa verið vinkona Richie frá tveggja ára aldri.



**NÝGIFT** Gestir í brúðkaupi Nicole Richie og Joels Madden fengu ekki að vera með farsíma á sér. NORDICPHOTOS/GETTY


DÍSA LJÓSÁLFUR Í AUSTURBÆ

DÍSA ljósálfur

Sýning miðvikudag 28. desember kl. 14

Sýning sunnudag 9. janúar kl. 14

Miðasala á midi.is. Næg bílastæði í Stjörnuporti

Bryndís Schram – Pressan.is



Páll Óskar í dag!

Í verslun Eymundsson í Kringlunni kl. 17.00




1.992,-

Páll Óskar kemur í heimsókn í dag, tekur lagið og áritar nýju bókina sína *Páll Óskar eftir Oddvar*. Bókin verður á tilboði með **20% afslætti** eða á ***1.992 kr.*** á meðan á kynningu stendur og lagið ***Gordjöss*** ***fylgir með á geisladiski.***

Eymundsson Kringlunni *v. hliðina á Bónus*

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872


# Alda ástarsorgar skellur á Draumaborginni fyrir jólin

**Hvort það hafi eitthvað með afstöðu stjarnanna yfir Hollywood að gera eða tími sambandsins sé liðinn í kvikmyndaborginni þá er ljóst að sambandsslitafár ríkir í Draumaborginni.**

Fimm skilnaðir rötuðu á síður blaðanna í Bandaríkjunum í vikunni og fjölmiðlafígúrur hafa velt því fyrir sér hvort stjörnurnar hafi komið verr út úr efnahagshruninu en gert hafði verið ráð fyrir; þær tími einfaldlega ekki að kaupa jólagjafir handa hvort öðru.

Að öllu gamni slepptu er óvæntasti skilnaður vikunnar vafalítið sambandsslit Scarlett Johansson og Ryans Reynolds. Seint á þriðjudagskvöld sendu skötuhjúin frá sér fréttatilkynningu þar sem kom fram að þau hefðu ákveðið að segja þetta gott í bili. „Við gengum í hjónaband af ást og skiljum af ást og umhyggju. Þótt við vitum að það þýði ekki að biðja um frið þá væri það samt vel þegið,“ segir í sameiginlegri fréttatilkynningu sem barst fjölmiðlum um kvöldið. Scarlett og Ryan kynntust fyrir þremur árum, opinberuðu trúlofun sína í maí 2008 og gengu í hjónaband í september sama ár.

En þetta var ekki eina áfallið sem dundi yfir Hollywood þennan dag því eins og flestir fjölmiðlar greindu frá hættu þau Zac Efron og Vanessa Hudgens saman. Þau höfðu verið að hittast í fjögur ár og kynntust gegnum söng- og dansmyndirnar High School Musical. Þriðja parið sem tilkynnti um skilnað sinn um svipað leyti voru Dexter-stjörnurnar Michael C. Hall og Jennifer Carpenter. Þau höfðu verið gift í tvö ár en leika systkini í þáttunum. Parið hafði gengið í gegnum erfiða tíma og sá fram á að sambandið gæti ekki gengið lengur. Fjórða hjónabandið sem fór í vaskinn á þriðjudag var þeirra Davids Thewlis og Önnu Friel, en þau höfðu verið gift í níu ár. Thewlis er hvað þekktastur fyrir leik sinn í Harry Potter-myndunum. Fimmtu sambandsslitin í vikunni voru hjás Liz Hurley og hinum indverska Arun Nayar. Bresk blöð birtu mynd af Hurley að kyssa ástralska krikket-leikmanninn Shane Warner og þau Hurley og Nayar komu út úr skápnum; þau höfðu þá verið skilin í þrjá mánuði.

freyrgigja@frettabladid.is



**SKILNAÐARALDA**

Ryan Reynolds og Scarlett Johansson, Vanessa Hudgens og Zach Effron, Michael C. Hall og Jennifer Carpenter, Liz Hurley og Arun Nayar og David Thewlis og Anna Friel, allt pör eða hjón sem ákváðu að halda hvort í sína áttina í vikunni.

## TÍMALÍNA ÁSTARSORGAR

Janúar: Charlize Theron og Stuart Townsend

Febrúar / Mars / Apríl:
Jesse James og Sandra Bullock
**Halle Berry** og Gabriel Aubry
Mel Gibson og Oksana



Júní: Al Gore og Tipper Gore

Júlí:
Kelsey Grammer og Camille Donatacci
Sean Penn og Robin Wright

Júlí:
Kate Winslet og Sam Mendes
**Kim Kardashian** og Reggie Bush
Jennifer Love Hewitt og Jamie Kennedy



Ágúst:
Evan Rachel Wood og Marilyn Manson
Tiger Woods og Elin Nordegren



September / Október:
David Arquette og Courtney Cox
**Christina Auguilera** og Jordan Bratman
Billy Ray Cyrus og Tish



Nóvember:
Blake Lively og **Penn Badgley**

Eva Longoria og Tony Parker
Rachel Weisz og Darren Aronofsky

Desember:
Dylan Walsh og Joanna Going
Ryan Reynolds og Scarlett Johansson
Vanessa Hudgens og Zac Efron
David Thewlis og Anna Friel
Michael C. Hall og Jennifer Carpenter
Liz Hurley og Arun Nayar

# GÆÐABÆKUR





FORLAGIÐ
*www.forlagid.is*









★★★★★
PBB / Fréttatíminn

„... frábær bók í alla staði.“
IJ / Kiljan

„... snilldarbók ... ofboðslega góð skáldsaga.“
EH / Kiljan

★★★★★
PBB / Fréttatíminn

„Kræsingar fyrir hinn kröfuharða krimmalesenda“
Politiken

„Algjörlega upp á tíu í hrolli og spennu.“
JAB / eyjan.is

# Willow leitar ráða hjá Beyoncé Knowles

Leikarabarnið og ungstirnið Willow Smith hefur átt góðu gengi að fagna undanfarið og nú hefur hún sótt ráð til poppdívunnar Beyoncé um það hvernig skal tækla frægðina. „Beyoncé og Jay Z eru mjög góð að gefa mér ráð um pressuna, fjölmiðlana og sönginn. Ég nýti mér það vel," segir Willow Smith við fjölmiðla vestanhafs en bætir við að foreldrar hennar séu einnig duglegir að styðja hana en þau Will og Jada Pinkett Smith ættu að luma á góðum ráðum fyrir dóttur sína.

Hin tíu ára gamla söngkona hefur slegið í gegn með lagið Whip My Hair og er á leiðinni í tónleikaferðalag með Justin Bieber á næsta ári.



**RÁÐGJAFI** Poppdívan Beyoncé miðlar af reynslu sinni við ungstirnið Willow Smith. Hin tíu ára gamla söngkona er á leið í tónleikaferðalag með Justin Bieber eftir áramót.



**SÆLGÆTISGRÍS** Leikarinn Mark Wahlberg nýtur þess að borða kexkökur og annað sælgæti. NORDICPHOTOS/GETTY

# Gott að borða nammi

Leikarinn Mark Wahlberg fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni The Fighter þar sem hann leikur hnefaleikakappa. Wahlberg þurfti að fylgja ströngu mataræði og stunda líkamsrækt af kappi í heil fjögur ár fyrir hlutverkið.

Eftir frumsýninguna var leikarinn feginn að geta aftur borðað allt það sem hann langaði til. „Ég borða allt þessa dagana. Ég varð háður súkkulaðibitakökum og öðrum sætindum, ég hef nú í raun aldrei borðað mikið af slíku fyrr en núna," sagði leikarinn í nýlegu viðtali við tímaritið People.

Eiginkona Wahlbergs var þó ekki jafn ánægð með sælgætisátið. „Hún sagði að fyrst ég væri kominn í svo gott form þá ætti ég ekki að sleppa mér í óhollustunni. En ég þarf að taka mér pásu. Þegar henni lýkur fer ég aftur í ræktina."



**ÓFRIÐUR** Slegist var í brúðkaupi glímukappans Hulks Hogan í vikunni. Hér er Hogan ásamt fyrrverandi eiginkonu sinni og börnum.

# Slegist í brúðkaupi

**Hulk Hogan kvæntist kærustunni sinni, hinni snoppufríðu Jennifer McDaniel, fyrr í vikunni. Athöfnin átti að vera friðsæl og fór fram á strönd í Flórída.**

**En veislan fór öðruvísi en ætlað var. Ljósmyndari mætti óboðinn á svæðið og ætlaði að ná myndum af brúðkaupinu en starfsmaður Hogans sagði honum að hypja sig. Ljósmyndarinn lét sig ekki og slagsmál brutust út þegar Hogan og McDaniel voru að fara með brúðkaupsheitin. Lögreglan var kölluð á svæðið, en enginn var handtekinn.**






# Jennifer ólétt á ný

Leikkonan Jennifer Connelly og eiginmaður hennar, Paul Bettany, eiga von á sínu öðru barni. Leikkonan fertuga á nú þegar einn son með eiginmanni sínum, hinn sjö ára Stellan, en hún eignaðist líka soninn Kai fyrir þrettán árum, með fyrrverandi kærasta, David Dugan.

Jennifer og Paul kynntust við tökur á kvikmyndinni „A Beautiful Mind“ árið 2001 og giftu sig á nýársdag 2003. Jennifer segir að móðurhlutverkið hafi breytt lífi sínu. „Ég hef lært að taka ábyrgð á sjálfri mér og á mínu lífi eftir að ég varð móðir.“



**HAMINGJUSÖM** Jennifer Connolly og Paul Bettany eiga von á barni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Portman átti erfitt í Harvard

Natalie Portman viðurkennir að hún hafi átt í persónulegum erfiðleikum á meðan á háskólanámi hennar stóð.

Leikkonan, sem útskrifaðist með gráðu í sálfræði frá Harvard-háskóla árið 2003, viðurkennir að hún hafi átt erfitt og að námið hafi tekið mikið á hana. Í viðtali við tímaritið Vogue sagði leikkonan: „Ég þyngdist um 6-9 kíló og var þunglynd um tíma.“

Portman fer með hlutverk ballettdansarans Ninu Sayers í kvikmyndinni „Black Swan“, en dansarinn þjáist af átröskun og þurfti leikkonan að létta sig töluvert fyrir hlutverkið. „Ég elska ánægju og hamingju. Ég myndi aldrei ganga svo langt að svelta mig eða slasa mig viljandi, eins og Nina gerir.“



**VAR ÞUNGLYND** Natalie Portman þyngdist um nokkur kíló þegar hún var við háskólanám í Harvard. NORDICPHOTOS/AFP



**TILNEFND** Poppbloggið Scandipop kann að meta framlag Heru í Eurovision.

# Hera tilnefnd af Scandipop

Söngkonan Hera Björk er tilnefnd til tveggja verðlauna á tónlistarblogginu Scandipop, sem veitir nú verðlaun þriðja árið í röð.

Hera er tilnefnd fyrir plötu ársins í flokki kvenna fyrir plötuna Je Ne Sais Quoi, sem kom út í kjölfarið á þátttöku Heru í Eurovision. Þá er Eurovision-lagið Je Ne Sais Quoi tilnefnt sem lag ársins í kvennaflokki.

Scandipop fjallar, eins og nafnið gefur til kynna, um skandinavíska popptónlist. Á meðal þeirra sem eru einnig tilnefndir eru sænska poppprinsessan Robyn og Ace of Base. - afb



**GYLFI ÆGISSON** Gylfi stígur á svið á Faktorý í kvöld og spilar sín vinsælustu lög.

# Gylfi Ægis stígur á svið

**Gylfi Ægisson verður með tónleika á Faktorý í kvöld. Þar ætlar hann að spila mörg af sínum vinsælustu lögum, þar á meðal Stolt siglir fleyið mitt, Minningu um mann og Í sól og sumaryl. Gylfi fæddist og ólst upp á Siglufirði í umróti síldaráranna. Hann hafði þegar samið mörg lög þegar Hljómsveit Ingimars Eydal tók lag hans Í sól og sumaryl til flutnings árið 1972. Það lag varð sumarsmellurinn það árið og í kjölfarið kom Minning um mann, flutt af Logum frá Vestmannaeyjum. Tónleikarnir í kvöld hefjast kl. 22. Aðgangseyrir er 1.000 kr. og verða plötur Gylfa til sölu á staðnum.** - fb



# David Arquette stýrir skemmtiþætti



David Arquette, fyrrverandi eiginmaður Courteney Cox, er kominn með nýja vinnu. Hann stýrir skemmtiþætti að japanskri fyrirmynd sem gengur út á að keppendur gera sig að fíflum.

Þátturinn kallast Ranking the Stars og hópur keppenda, sem samanstendur af frægu fólki, mætir og metur hversu líklegt það er að þeir geri hitt eða þetta. Sem dæmi að taka er sennilegt að fræga fólkið þurfi að meta hvort það sé líklegt til að senda frá sér kynlífsmyndband og láta ljósmyndara vita af ferðum sínum til að komast í blöðin.

„Þessi þáttur snýst um að fræga fólkið hangi saman og taki niður grímurnar,“ segir framleiðandi þáttarins. „David er fullkominn í það. Einlægni hans skín í gegn og það hefur meira að segja komið honum um koll einstaka sinnum.“

**NÝ VINNA** David Arquette ætlar að stýra nýjum skemmtiþætti.



**BORGARDÆTUR Í STUÐI** Berglind, Ellen og Andrea sungu jólalögin af innlifun á Café Rosenberg á þriðjudagskvöldið.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# BORGARDÆTUR SUNGU INN JÓLIN

**Árleg jólatónleikaveisla Borgardætra hófst á þriðjudagskvöldið á Cafe Rosenberg. Þetta voru fyrstu tónleikarnir af fimm og að vanda gerðu gestir góðan róm að söng Borgardætranna.**



Anna og Hrafnhildur.



Málfríður og Sigurþór.



Anna, Harpa og Bylgja.



Áslaug, Kristín, Kristinn og Svava.

# Biffy Clyro-drengir tjá sig um X-Factor

Breskir fjölmiðlar hafa fjallað um sigur Matts Cardle í breska X-Factor á dögunum. Flutningur Cardle á Biffy Clyro-laginu Many of Horror tryggði honum sigur, en margir hafa beðið eftir viðbrögðum frá hljómsveitinni sem hefur ekki litið á verðlaun frá X-Factor sem merkilegasta pappír heims hingað til.

Viðbrögðin komu loksins í vikunni þegar Biffy Clyro mætti í viðtal á ástralskri útvarpsstöð. Meðlimir hljómsveitarinnar telja að Simon Cowell sjálfur hafi valið lagið fyrir Cardle. „Þetta er allt mjög súrrealískt, en okkur finnst þetta frekar fyndið,“ sagði Ben Johnston, trommari Biffy Clyro, en hljómsveitin er stödd í Ástralíu að hita upp fyrir Muse. „Þetta er ekki stór bransi í Bretlandi. Allir þekkja alla og sérstaklega í tónlistarbransanum. Cowell hefur sagt að þetta sé frábært lag þannig að hann hefur örugglega mælt með því.“

Spurður hvernig honum líst á útgáfuna á laginu gaf hann einfalt svar: „Þetta er X-Factor-útgáfa af laginu.“



**Í X-FACTOR** Lag Biffy Clyro tryggði Matt Cardle sigur í X-Factor.






# Miley Cyrus sparkar bestu vinkonu sinni

Það vakti nokkra athygli þegar myndband af söngkonunni Miley Cyrus lak á netið en þar sést stúlkan reykja það sem talsmaður hennar vill meina að sé salvía. Stúlkan er augljóslega í annarlegu ástandi enda er áhrifum salvíu líkt við þau sem fást af skynörvandi lyfjum á borð við LSD.

Samkvæmt Eonline.com var það Anna Oliver, besta vinkona Cyrus, sem setti myndbandið á netið og talast þær stöllur ekki lengur við vegna þessa. „Miley er mjög reið því þær voru afskaplega nánar. Þær höfðu meira að segja rætt það að leigja saman en nú er Miley hætt við þau áform,“ var haft eftir heimildarmanni. Oliver eyddi Twittersíðu sinni um helgina eftir að aðdáendur Cyrus hótuðu henni líkamsmeiðingum í gegnum samskiptasíðuna.

Cyrus virðist þó ekki hafa látið málið á sig fá því hún sást skemmta sér ásamt Kelly Osbourne í New Orleans. Stúlkurnar dönsuðu næturlangt á skemmtistað og virtust þær vera hinir bestu mátar.



**LÉTT Í LUND** Miley Cyrus er ekki mikið að velta sér upp úr myndbandi af henni sem sett var á netið í síðustu viku. Hún skellti sér út á djammið með Kelly Osbourne.
NORDICPHOTOS/GETTY



# Jólagjafir fyrir skíðafólk!
# FRÁBÆRT VERÐ!



**19.990**
(fullt verð 22.990)

Fyrir hana

**MCKINELY BELU SKI JACKET**
Skíðaúlpa úr EXODUS útivistarefni með 5.000 mm vatnsheldni. Límdir saumar og góðir öndunareiginleikar.
Litir: Túrkisblá, hvít. Dömustærðir.



**19.990**
(fullt verð 23.990)

Fyrir hann

**MCKINLEY FALCON SKI JACKET**
Skíðaúlpa úr EXODUS útivistarefni með 5.000 mm vatnsheldni. Límdir saumar og góðir öndunareiginleikar.
Litir: Svört, hvít. Herrastærðir.




**2.990**

**INTERSPORT ALPINE FODRAL**
Skíðapoki. Litir: Grænn, svartur, bleikur.



**4.490**

**TECHNO PRO VECTOR**
Skíðastafir.



**44.990**

**TECHNO PRO SAFINE CANDY**
Dömuskíði með bindingum.
Stærðir: 144, 152 og 160.




**44.990**

**TECHNO PRO FLYTE GT**
Skíði með bindingum.
Stærðir: 152 og 160



**4.490**

**MCKINLEY SENTO GLOVE**
Skíðahanskar með hlýju THINSULATE-fóðri.




**15.990**

**CÉBÉ SPYNER FLEX**
Skíðahjálmur. Litir: Svartur, hvítur, blár, svartur með bleiku.




**1.290**

**MCKINLEY SKI SOCK** Skíðasokkar
úr 56% ull, 24% akrýl, 18% polyamid og 5% elastan.
Dömu- og herrastærðir.

**OPIÐ TIL 22:00**
alla daga til jóla
Á BÍLDSHÖFÐA
Í LINDUM OG
SMÁRALIND

INTERSPORT

**AKUREYRI** SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - sun. 10 - 18 **BÍLDSHÖFÐA** SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - lau. 10 - 22. sun. 12 - 22 **LINDUM** SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - lau. 11 - 22. sun. 12 - 22
**SELFOSSI** SÍMI 480 4611 OPIÐ: mán. - sun. 10 - 18. **SMÁRALIND** SÍMI 585 7240 OPIÐ: mán. - lau. 11 - 22. sun. 13 - 22

Vöruúrval er misjafnt eftir verslunum. Allar vörur fáanlegar í LINDUM og á BÍLDSHÖFÐA!

EXPO - www.expo.is

# Vill ekki vera sett undir einn hatt

**Ólöf Arnalds er nýkomin til landsins eftir langa og stranga tónleikaferð um Evrópu og Bandaríkin. Hvíldin verður stutt því í janúar fer hún til Ástralíu þar sem hún hitar upp fyrir hljómsveitina Grinderman.**



**ÓLÖF ARNALDS** Tónlistarkonan hefur haft í nógu að snúast undanfarna mánuði við að kynna plötu sína Innundir skinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tónlistarkonan Ólöf Arnalds er stödd hér á landi í jólafríi eftir langa og stranga tónleikaferð. Hún spilaði á 32 tónleikum í Evrópu og Bandaríkjunum frá september fram í desember bæði sem aðalnúmerið og sem upphitunaratriði fyrir hljómsveitirnar Air og Blonde Redhead. „Þetta var mikil áskorun vegna þess að fólk var komið til að heyra eitthvað sem er mjög ólíkt því sem ég er að gera,“ segir Ólöf um upphitunaratriði sitt sem fékk fín viðbrögð áheyrenda.

Ólöf er að fylgja eftir sinni annarri sólóplötu, Innundir skinni, sem hefur fengið frábæra dóma, bæði hér heima og erlendis. Breska tímaritið Uncut valdi hana eina af fimmtíu bestu plötum ársins, Mojo gaf henni fjórar stjörnur af fimm mögulegum og blöðin The Guardian og The Wall Street Journal skrifuðu heilsíðu greinar um Ólöfu. Einnig spilaði hún í útvarpi bæði hjá BBC og á tveimur stærstu almenningsútvarpsstöðvum Bandaríkjanna. Að auki var lag hennar Madrid valið lag ársins í flokki söngvaskálda á iTunes. „Það er frábært að fá viðurkenningu fyrir það sem maður er að gera og það er mjög hvetjandi. Ég reyni samt að halda mig á jörðinni í sambandi við þessa dóma en vona að þeir hjálpi til við að gera mér kleift að halda áfram að gera það sem ég er að gera,“ segir hún.

Eftir að hafa stundað nám í Listaháskóla Íslands og unnið með múm, Skúla Sverrissyni og fleiri tónlistarmönnum gaf Ólöf út sína fyrstu sólóplötu, Við og við, árið 2007. Þjóðlagaskotin tónlistin þar sem kassagítarinn og óhefðbundinn söngur Ólafar var í aðalhlutverki féll í góðan jarðveg og platan hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin. Sjálf lítur Ólöf ekki á sig sem þjóðlagaflytjanda. „Það að ég skuli spila á órafmögnuð hljóðfæri veldur því að ég fell í þennan flokk. Það verður alltaf að setja allt í bása en ég væri mjög til í að sprengja það upp,“ segir hún ákveðin og hefur lítinn áhuga á að festa sig við eina tónlistarstefnu.

Innundir skinni er nokkuð frábrugðin Við og við. Hljómurinn er stærri, enda hljóðfærin og samstarfsmennirnir fleiri en áður. Lögin eru bæði á íslensku og ensku. „Ég var að prófa svolítið að víkka allt út. Ég myndi segja að lögin væru fjölbreyttari og ólíkari hvert öðru heldur en á Við og við, sem var meira eitt þema,“ útskýrir Ólöf. „Ég lagði upp í vinnuferli að Innundir skinni með átján lög, tók upp tólf lög og svo fóru bara níu á plötuna. Hún varð kannski heilsteyptari en ég bjóst við miðað við hvað ég var úti um allt með hugmyndir og hvað það var mikill tilraunahugur í mér.“

> Ég er ekki til í að láta neitt of mikið að stjórn.
>
> **ÓLÖF ARNALDS** SÖNGKONA

Björk syngur í laginu Surrender. Spurð út í samstarf þeirra segir Ólöf: „Ég var að spila fyrir hana plötuna þegar ég var að „mixa“ hana og langaði að fá viðbrögð. Þá fékk hún hugmynd að stefi og sagði mér að hún gæti tekið þetta upp og látið mig hafa. Ég gæti notað þetta hvernig sem ég vildi. Ég tók ákvörðun um að hafa þetta óbreytt sem hún sendi mér.“ Björk var þá stödd í Púertó Ríkó á meðan Ólöf var í Reykjavík. „Ég var búin að taka upp lagið í heild sinni áður en röddin hennar bættist við. Svo kom þetta góða boð og þetta fallega innlegg frá henni og ég var mjög ánægð með það.“

Myndband við lagið má sjá á heimasíðu Ólafar og er það djarfara en fólk á að venjast frá tónlistarkonunni. Leikstjórar voru þeir Árni og Kinski sem hafa áður unnið fyrir Jónsa, Sigur Rós, Snow Patrol og Placebo. Myndbandið var tekið á Þingvöllum þar sem Ólöf dansar við hinn fransk-belgíska Damien Jalet, sem hefur unnið með Íslenska dansflokknum og Ernu Ómarsdóttur. Hugmyndin sem lögð var upp með var líkamleg togstreita milli karls og konu. „Við unnum þessar hreyfingar og það var ótrúlega gaman fyrir mig því ég hafði aldrei dansað neitt áður. Við höfðum bara einn dag í tökur og það var hellirigning, alveg ískalt. Þetta var alveg svakalegt og við vorum ansi hrakin eftir þetta,“ segir hún og hafði gaman af erótískum dansinum. „Ég held að þetta snúist líka um að þegar það er búið að setja á mann ákveðinn hatt kemur þessi tilhneiging að sprengja sig út úr því. Eins og þegar ég var búin að gera heila plötu á íslensku [Við og við] og það var búið að setja á mig íslenskrar-tungu-geislabaug. Annar hver íslensku kennari í menntaskóla var að hringja og biðja mig um að syngja á degi íslenskrar tungu. Þá kom bara upp einhver mótþrói í mér. Þetta er kannski þetta ungæðislega í manni. Ég er ekki til í að láta neitt of mikið að stjórn.“

Fram undan hjá Ólöfu er tónleikaferð um Ástralíu um miðjan janúar þar sem hún spilar á tónlistarhátíð í Sydney. Síðan fer hún til Tasmaníu og hitar upp fyrir Grinderman á einum tónleikum. „Það er frábært að fá að spila á undan Nick Cave í hans heimalandi. Þetta er flottur listamaður og mikið skáld líka. Þetta verður mjög spennandi,“ segir hún. „Út af því að það var ljóst að ég yrði í Ástralíu á þessum tíma var ég eitt af þeim atriðum sem komu til greina. Mér skilst að þeir hafi valið mig úr þeim hópi.“

Tónleikaferð um Evrópu er síðan fyrirhuguð í febrúar og í mars spilar Ólöf á tónlistarhátíðinni South By Southwest í Texas. Hún er einnig að vinna að sinni þriðju plötu sem hún vonast til að komi út fyrri hluta ársins 2012. Það er því nóg fram undan hjá Ólöfu á nýju ári. „Þetta lítur mjög spennandi út. Ég vona bara að ég uppskeri eins og ég er búin að sá.“

freyr@frettabladid.is

## PLÖTUR ÓLAFAR

**Við og við - 2007**



★★★★

„Gríðarlega vel heppnuð plata sem inniheldur undurfögur lög með ævintýralegum blæ.“ **SHA**

**Innundir skinni - 2010**



★★★★

„Ólöf Arnalds heldur áfram að fullkomna stílinn sinn á fínni plötu.“ **TJ**



# „ALVEG MAGNAÐ VERK“

HRAFN JÖKULSSON / KILJAN

**Skáldsagan *Ljósa* eftir metsöluhöfundinn KRISTÍNU STEINSDÓTTUR er hrífandi saga sem hreyfir við lesendum**



4. sæti

ÍSLENSK SKÁLDVERK, 29.11.–5.12.10
FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

★★★★

„Saga sem spannar allan tilfinningaskalann og ómögulegt er að leggja frá sér.“

FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„Gríðarlega falleg bók … listilega vel gert.“

ÞORGERÐUR SIGURÐARDÓTTIR / KILJAN

★★★½

„… vel skrifuð saga sem kemur við hjartað …“

KRISTÍN HEIÐA KRISTINSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

„… einstæð frásögn af veröld, sem áður var lokuð og fæstir vissu mikið um.“

STYRMIR GUNNARSSON / MORGUNBLAÐIÐ

„… áhrifamikil og falleg.“

ÚLFHILDUR DAGSDÓTTIR / BOKMENNTIR.IS




3. PRENTUN VÆNTANLEG

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is



**2003 Erró:** 2 málarar



**2004 Ólafur Elíasson:** Augað



**2005 Rúrí:** Án upphafs - án endis



**2006 Gabríela Friðriksdóttir:** Salt jarðar



**2007 Eggert Pétursson:** Hringur



**2008 Gjörninga-klúbburinn:** Allt sem andann dregur



**2009 Hreinn Friðfinnsson:** Snerting





## ALHEIMUR Í SJÁLFU SÉR

„Þegar ég horfði inn í kúluna í fyrstu, þá sá ég fyrir mér þekkt minni; lítinn heim innan í kúlunni og endamörk hans, glerið sjálft eins og sjóndeildarhring þess sem horfir innan úr miðju hans. Kúlan er alheimur í sjálfum sér, en í hönd manns er þessi litla veröld bara ögn í stærri alheimi – sem kannski er líka ögn í enn stærri alheimi, lítill viðkvæmur hlutur í hönd einhvers sem starir inn í hann. Fjöllin sem prentuð eru á kúluna eru dregin upp af ljósmyndum sem ég tók eða safnaði af íslenskum fjöllum á árinu 2010," segir listamaður kærleikskúlunnar í ár, **Katrín Sigurðardóttir.**

Katrín er fædd í Reykjavík en býr og starfar í New York og Reykjavík. Hún stundaði nám við San Francisco Art Institute og Mason Gross School of the Arts í Rutgers-háskóla. Katrín hefur vakið athygli fyrir skúlptúra sína og innsetningar. Hún sýnir um þessar mundir í Metropolitan-safninu í New York.

# Landslið listamanna gerir kærleikskúlur

**Kærleikskúla Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra hefur verið árviss jólaboði síðan 2003. Þá fékk Eva Þengilsdóttir þá hugmynd að fá listamann til að gera jólakúlu og reið Erró á vaðið. Í ár hannar Katrín Sigurðardóttir kúluna.**

„Kærleikskúlan er kærleiksríkt verkefni," segir Berglind Sigurgeirsdóttir hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra. „Kúlan hefur verið fjáröflunarleið fyrir okkur en allur ágóði sölunnar rennur til Reykjadals þar sem Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra rekur sumarbúðir og helgardvöl yfir vetrartímann. Starfsemin í Reykjadal hlaut hvatningarverðlaun Öryrkjasambands Íslands nú 4. desember á alþjóðadegi fatlaðra fyrir ötult starf í þágu fatlaðra barna og ungmenna."

Berglind segir hugmyndina að kærleikskúlunni hafa kviknað árið 2003 hjá Evu Þengilsdóttur þáverandi starfsmanni félagsins. „Fyrsta kærleikskúlan kom svo út fyrir jólin 2003 og hún var verk Errós. Síðan má segja að landslið íslenskra listamanna hafi komið að gerð kærleikskúlnanna."

Það eru orð að sönnu hjá Berglind en listamennirnir sem hafa gert kúlurnar síðan 2003 eru Ólafur Elíasson, Rúrí, Gabríela Friðriksdóttir, Eggert Pétursson, Gjörningaklúbburinn, Hreinn Friðfinnsson og í ár er kúlan verk Katrínar Sigurðardóttur. „Þess má geta að við höfum fengið ráðgjöf hjá Listasafni Reykjavíkur og Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar um val á listamönnum," segir Berglind og bætir við að allir gefi vinnu sína í tengslum við kúluna, listamenn, verslanir og þeir sem hafa aðstoðað við verkið á einn eða annan hátt.

Kúlurnar eru seldar í takmarkaðan tíma ár hvert og lýkur sölutímabili á kúlu ársins á laugardag. Upplýsingar um sölustaði er að finna á heimasíðu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, slf.is.

sigridur@frettabladid.is.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT 2 INNIHELDUR SPORT 2 SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5 SPORT 6
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## LJÓSAKRÓNUR

LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN
VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK



**4995**
HANGANDI LJÓS



**9995**
5 LJÓSA
**7990**
3 LJÓSA



**19.995**
5 LJÓSA
**12.995**
3 LJÓSA



**7495**
5 LJÓSA
**5995**
3 LJÓSA



**7495**
5 LJÓSA
**4995**
3 LJÓSA



**5995**
3 LJÓSA



**18.495**
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA



**19.995**
LJÓSAKRÓNA, 9 ARMA



**9995**
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA



**12.495**
LJÓSAKRÓNA, 6 ARMA, GYLLT OG STÁL



**14.995**
LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, STÁL



**11.995**
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST



**5995**
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA, RUST



**11.995**
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST



**14.995**
LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, RUST

Gildistími er tvær vikur. Vörur geta verið uppseldar. Birt með fyrirvara um prentvillur.

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

**OPIÐ ALLA DAGA**
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

# FAGRIR KJÓLAR Á FRUMSÝNINGU Í HOLLYWOOD

**Það er mikið um frumsýningar í Hollywood þessa dagana. Í vikunni var myndin Country Strong frumsýnd en aðalhlutverkið er í höndum leikkonunnar Gwyneth Paltrow.**

Leikkonan Gwyneth Paltrow var afar fersk í hvítum síðum kjól með hárri klauf upp annan fótlegginn á frumsýningunni á Country Strong. Einnig fer leikkonan Leighton Meester, sem er hvað þekktust fyrir leik sinn í Gossip Girl-sjónvarpsþáttunum, með hlutverk í myndinni en hún er talin vera að fikra sig frá sjónvarpsskjánum yfir á hvíta tjaldið. Hún var einnig sumarleg í ferskjubleikum kjól og skóm í stíl.

Myndin Country Strong er dramamynd um hinn erfiða skemmtanabransa þar sem Paltrow leikur fallna stjörnu. Hún hefur fengið ágætisdóma vestanhafs.



**FERSK** Gwyneth Paltrow var í vægast sagt umdeildum kjól sem vakti athygli pressunnar.

**EKKI NÓG GOTT** Raunveruleikastjarnan Kristen Cavallari var í flottum kjól sem þó fór hennar ljósu lokkum ekki nógu vel.

**LEIKSTÝRAN** Shana Feste var glæsileg í síðum svörtum kjól.

**HJÓNASVIPUR** Tobey Maguire var mættur ásamt konu sinni.

**STUTTUR OG MUNSTRAÐUR** Leikkonan Minka Kelly var í húðlituðum skóm með tösku í stíl.






## Oprah lýgur ekki

Spjallþáttadrottningin Oprah Winfrey sagðist ekki vera samkynhneigð í nýlegu sjónvarpsviðtali sem birtist á ABC-sjónvarpsstöðinni. Fjölmiðlakonan Barbara Walters hafði þá spurt Opruh hvort hún og vinkona hennar, Gayle King, væru ástkonur.

Gamanleikkonan Rosie O'Donnell tjáði sig um málið í vikunni og sagðist trúa því að Oprah væri í raun ekki samkynhneigð. „Fólk virðist ekki skilja að konur geti átt jafn gott vináttusamband og þær gera. Ég hef átt sömu vinkonuna frá því ég var þriggja ára gömul og það eru mikil forréttindi að eiga slíka vinkonu að. Ég held að Oprah hafi ekki verið að verja sig fyrir þessum ásökunum í viðtalinu, ég held að henni hafi þótt móðgandi að almenningur teldi hana vera að ljúga," sagði O'Donnell í samtali við fréttastofu ABC.



**LÝGUR EKKI** Oprah Winfrey segist ekki vera samkynhneigð líkt og sumir hafa haldið fram. Gamanleikkonan Rosie O'Donnell trúir henni. NORDICPHOTOS/GETTY

## Gosling og Blake Lively eru ekki par

Leikarinn Ryan Gosling þvertekur fyrir það að hann og Gossip Girl-stjarnan Blake Lively séu par. Þau séu einfaldlega góðir vinir. Leikararnir sáust fyrst saman í október, stuttu eftir að Lively hætti með mótleikara sínum úr Gossip Girl, Penn Badgley. Þá sáust Gosling og Lively saman í Disneylandi og einnig í eftirpartíi kvikmyndarinnar Blue Valentine, en það er nýjasta kvikmynd Goslings. Hann neitar öllum orðrómi um ástarsamband en hrósar Lively fyrir mikla hæfileika á hvíta tjaldinu. „Hún er frábær leikkona og góður vinur," segir Gosling.



**BARA GÓÐIR VINIR** Ryan Gosling blæs á allar kjaftasögur um ástarsamband hans og Blake Lively.

*Jólin koma...*

**OPIÐ TIL 22:00**

**40% AFSLÁTTUR af ÖLLU jólaskrauti**

**HÚSGAGNAHÖLLIN**

# Hlýleg jólatilboð

## Hafðu það notalegt um jólin!



*Jólatilboð* 40% AFSLÁTTUR

**BODUM** Bistro Nouveau, 3 bolla. Kr. **2.990** fullt verð kr. ~~4.290.~~ **BODUM** Bistro Nouveau, 8 bolla. Kr. **3.990** fullt verð kr. ~~6.999.~~

**BODUM** Chambord pressukanna með ventli. 3 bolla. Kr. **3.990** fullt verð kr. ~~6.990.~~



*Gott verð!*

**BODUM** Bistro espresso bolli. Kr. **490** fullt verð kr. ~~599.~~



**20% AFSLÁTTUR af BE ON FIRE kertum til jóla**



**SPIZY** diskamottur. Fást í mörgum litum. Kr. **390** fullt verð kr. 490.



*Jólatilboð* 30% AFSLÁTTUR

**SPIZY** thermo glös. 2 stk. Hvít og svört. Kr. **2.990** fullt verð Kr. 4.490.



*Jólatilboð* 35% AFSLÁTTUR





*Jólatilboð* 35% AFSLÁTTUR

**MARTINI** La-z-boy stóll, svart áklæði. B:84 D:80 H:101 cm. Kr. **69.990** fullt verð kr. ~~109.990.~~
**1900 ARINN** Meridith, mahogany. B:112 D:26 H:100 cm. Kr. **69.990** fullt verð kr. ~~119.980.~~

**ARINN** eldsneyti í dós. Kr. **599** fullt verð kr. ~~799.~~

**MEGAN** borðstofustóll, fæst með brúnu og svörtu leðurlíki og gráu áklæði. Kr. **14.990** fullt verð kr. ~~23.990.~~



*Jólatilboð* FLOTT Í UNGLINGA-HERBERGIÐ



*Jólatilboð* 30% AFSLÁTTUR

**LINLEY** hægindastóll, fæst með gráu og orange áklæði og svörtu leðurlíki. B:64 D:65 H:79 cm. Kr. **17.990** fullt verð kr. ~~29.990.~~

**BUFF** 3 sæta sófi, svart leður. B:210 D:88 H:85 cm. Kr. **159.990** fullt verð kr. ~~229.990.~~
**BUFF** 2 sæta sófi, svart leður. B:170 D:88 H:85 cm. Kr. **139.990** fullt verð kr. ~~199.990.~~

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** Virka daga 10 - 22, laugard. 12 - 22, sunnud. 13 - 22.



**ARNÓR DAN** Söngvari Agent Fresco lofar klassísku, sexí jólalagi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Rokkarar komnir í jólastuð

**Rokksveitirnar Endless Dark og Agent Fresco eru önnum kafnar við að æfa jólalög fyrir hina árlegu X-mas tónleika.**

Hinir árlegu X-mas tónleikar X-ins 977 fara fram á Sódómu Reykjavík á föstudagskvöld. Fimmtán hljómsveitir stíga á svið, þar á meðal Dikta, Endless Dark, Ensími, Cliff Clavin, Bloodgroup og Jónas Sigurðsson. Aðgangseyrir er 977 krónur og rennur hann óskiptur til Stígamóta. Húsið verður opnað klukkan 20 og fer fyrsta band á svið hálftíma síðar.

Endless Dark hafði ekki ákveðið hvaða jólalag hún ætlaði að taka í gær en tvö sígild koma til greina, „Þú komst með jólin til mín“ með Björgvini Halldórssyni og „Ég hlakka svo til“ með dóttur hans Svölu. „Við erum vanir því að setja lög í nýjan búning en við höfum aldrei þurft að spila jólalag,“ segir gítarleikarinn Atli Sigursveinsson, sem hlakkar mikið til tónleikanna.

Söngvarinn Arnór Dan Arnarson vildi ekkert gefa upp um hvaða lag Agent Fresco ætlaði að spila en tók fram að það væri erlent. „Þetta er klassískt og mjög sexí lag, það er það eina sem ég get sagt,“ segir hann. Agent Fresco hefur áður spilað á X-mas og spilaði þá Ég sá mömmu kyssa jólasvein, þar sem Arnór söng á dönsku. „Það gekk vel, held ég.“

freyr@frettabladid.is

### HLJÓMSVEITIRNAR SEM TAKA ÞÁTT Í X-MAS

- Dikta
- Endless Dark
- Ensími
- Cliff Clavin
- Agent Fresco
- XIII
- Bloodgroup
- 59´s
- Jónas Sigurðsson og Ritvélar framtíðarinnar
- Sing for Me Sandra
- Hoffman
- Bárujárn
- Króna
- Noise
- High Class Monkey

# Tuttugu tilnefndar til Kraums

Tilnefningar til hinna árlegu Kraumstónlistarverðlauna hafa verið tilkynntar. Tuttugu plötur eru í pottinum en úrslitin verða tilkynnt síðar í desember.

Þetta er þriðja árið í röð sem Kraumsverðlaunin eru afhent. Þau eru veitt þeim verkum í íslenskri plötuútgáfu sem þótt hafa framúrskarandi og spennandi á árinu. Sex plötur urðu fyrir valinu í fyrra, með flytjendunum Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur, Bloodgroup, Helga Hrafni Jónssyni, Hildi Guðnadóttur, Hjaltalín og Morðingjunum.

Framkvæmd Kraumslistans er með þeim hætti að nú þegar dómnefnd hefur tilnefnt plöturnar tuttugu heldur hún áfram við að velja sjálfan Kraumslistann 2010. Þar verða fimm plötur af umræddum úrvalslista verðlaunaðar sérstaklega. Síðustu tvö ár urðu verðlaunaplöturnar reyndar sex talsins en samkvæmt reglum Kraumslistans hefur dómnefnd leyfi til að fjölga verðlaunaplötum ef sérstakt tilefni þykir til.



**APPARAT** Hljómsveitin Apparat Organ Quartet er ein þeirra sem eru tilnefndar til Kraumsverðlaunanna.

### TILNEFNINGAR TIL KRAUMSVERÐLAUNANNA 2010

- Agent Fresco - A Long Time Listening
- Amiina - Puzzle
- Apparat Organ Quartet - Pólýfónía
- Daníel Bjarnason - Processions
- Ég - Lúxus upplifun
- Jónas Sigurðsson - Allt er eitthvað
- Kammerkór Suðurlands - Iepo Oneipo
- Miri - Okkar
- Momentum - Fixation, at Rest
- Moses Hightower - Búum til börn
- Nolo - No-Lo-Fi
- Ólöf Arnalds - Innundir skinni
- Prinspóló - Jukk
- Retro Stefson - Kimbabwe
- Samúel Jón Samúelsson Big Band - Helvítis Fokking Funk
- Seabear - We Built a Fire
- Sóley - Theater Island
- Stafrænn Hákon - Sanitas
- Valdimar - Valdimar
- Quadruplos - Quadruplos


MIÐASALA Á SAMbio.is

ÓHUGNALEG SPENNUMYND SEM FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA OG BRETLANDI!
Frá Íslandsvininum Eli Roth sem færði okkur Hostel ásamt framleiðendum Dawn of the Dead.
THE LAST EXORCISM

Harry Potter, Hermione Granger, Ron Weasley og Voldemort eru komin aftur í magnaðasta ævintýri allra tíma

DUE DATE — LEAVE YOUR COMFORT ZONE — COMING SOON

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE LAST EXORCISM | kl. 6 - 8 - 10:10 | 16 |
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| HARRY POTTER | kl. 5:30 - 7 - 8:30 - 10 | 10 |
| HARRY POTTER | kl. 5:30 - 8:30 | |
| DUE DATE | kl. 8 - 10:10 | 10 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 8 - 10:10 | L |
| HARRY POTTER | kl. 6 - 9 | 10 |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| NARNIA-3D | kl. 5.30, 8 og 10.30 | L |
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 5.30, 8 og 10.30 | L |
| HARRY POTTER | kl. 5, 8 og 10.10 | 10 |
| DUE DATE | kl. 8 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE LAST EXORCISM | kl. 6 - 8 - 10:10 | 16 |
| THE JONESES | kl. 8 | 12 |
| HARRY POTTER | kl. 5:30 - 8:30 | 10 |
| RED | kl. 10:10 | 12 |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

MIÐASALA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ — FULLKOMIN GÆÐI! 5%

HEIMSFRUMSÝNING Í 3-D

Hann leitar hefnda á þeim sem sviku hann. Frábær hasarmynd!

"MYND SEM HITTIR Í MARK!" -H.H, MBL

ÍSL. TAL

SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| NARNIA 3 3D | kl. 4 - 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| NARNIA 3 3D LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| FASTER | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| PARANORMAL ACTIVITY 2 | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| THE NEXT THREE DAYS | KL. 10.10 | 12 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 4 - 6 | L |
| JACKASS 3D ÓTEXTAÐ | KL. 5.50 - 8 | 12 |
| ARTHÚR 3 | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| NARNIA 3 3D | kl. 6 - 9 | 7 |
| FASTER | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| AGORA | KL. 6 - 9 | 14 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 6 | L |
| UNSTOPPABLE | KL. 10.10 | L |
| EASY A | KL. 6 | L |
| YOU WILL MEET A TALL DARK STRANGER | KL. 8 | L |

BORGARBÍÓ — Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| NARNIA 3 3D | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| UNSTOPPABLE | kl. 8 | 12 |
| PARANORMAL ACTIVITY 2 | kl. 10 | 16 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 5.45 | L |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is

facebook./smarabio • Sími 564 0000

NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁS BÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| NARNIA 3D | 7 og 10 | 7 |
| PARANORMAL ACTIVITY 2 | 8 og 10 | 16 |
| THE NEXT THREE DAYS | 8 og 10.20 | 12 |
| NIKO OG LEIÐINN TIL STJARNANNA | 6 - ISL TAL | L |
| ARTÚR 3 | 6 - ISL TAL | L |

CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| RARE EXPORTS(16) | 18:00, 20:00, 22:00 |
| TOOTSIE(16) | 20:00 |
| FRIED GREEN TOMATOES(L) | 21:30 |
| THE FISHER KING(16) | 22:10 |
| IN THE LINE OF FIRE(L) | 20:10 |
| GNARR(L) | 18:00, 22:30 |
| ÓRÓI(L) | 17:50 |

MUNIÐ AÐGANGSKORTIN! Allt að 37% afsláttur

EKKI KYSSA ÞENNAN JÓLASVEIN! RARE EXPORTS

NÝKLASSÍK: 10.-22. DES.

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR

# Telur sig næsta Jackson

Söngvarinn Usher fer langleiðina með að segja að hann eigi að hljóta nafngiftina „poppkóngurinn“ sökum þess að Michael Jackson er látinn. „Við misstum Michael Jackson og það er pressa á mér sem ég vil standast. Ég vil vera viss um að fólk sjái að ég er virkilega að stíga upp og vonandi fer fólk að líkja mér við Michael Jackson.“ Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Usher talar um að taka við sem hinn næsti Jackson. „Ég er búinn að vera í bransanum í átján ár. Michael var fimmtíu ár í poppinu og ég stefni að því sama. En á sama tíma er ég einstakur.“



**NÆSTI POPPKÓNGURINN?** Usher finnst að fólk eigi að líkja honum við Michael Jackson.

# Afþakkar hlutverk fíkils

Leikkonan Lindsay Lohan hafði verið ráðin til að leika klámmyndastjörnuna Lindu Lovelace í kvikmyndinni Inferno en fyrir stuttu var hætt við þau áform. Sögusagnir voru uppi um að leikstjóri kvikmyndarinnar hafi ekki viljað ráða Lohan vegna slæmrar ímyndar hennar.

Dina Lohan, móðir Lindsay, segir þó í viðtali við vefsíðuna RadarOnline.com að dóttir hennar hafi sjálf ákveðið að draga sig úr verkefninu því hún hafi ekki getað hugsað sér að leika fíkil eftir öll vandræði sín. „Myndin fjallar um klámmyndaleikkonu sem er háð eiturlyfjum. Eftir allt það sem Lindsay hefur gengið í gegnum þá væri mjög erfitt fyrir hana að demba sér í slíkan karakter. Henni þótti mjög erfitt að hætta við því þetta er frábært hlutverk,“ sagði móðir leikkonunnar sem segir hana þó hafa úr nægum verkefnum að velja.



**AFÞAKKAR VINNU** Lindsay Lohan afþakkaði hlutverk Lindu Lovelace því hún gat ekki hugsað sér að leika fíkil. NORDICPHOTOS/GETTY

# Heimakær leikkona

**Leikkonan Nicole Kidman hefur mikla unun af því að eyða tíma heima í faðmi fjölskyldunnar. Hún segist velja kvikmyndahlutverk sín vel, enda vilji hún ekki dvelja löngum stundum að heiman.**

**„Ég er í þeirri stöðu í lífinu núna að mig langar ekki að vinna of mikið. Ég hef svo gaman af því að eyða tíma heima hjá mér. Eiginmaður minn og móðir vilja þó ekki að ég sitji aðgerðalaus heima og hvetja mig til þess að taka að mér einstaka verkefni. Ég veit innst inni að þau hafa rétt fyrir sér en hluti af mér vill helst bara vera heima öllum stundum,“ sagði leikkonan, sem á dótturina Sunday Rose með eiginmanni sínum, sveitasöngvaranum Keith Urban.**



**HEIMAKÆR** Nicole Kidman vill helst eyða öllum sínum stundum heima hjá sér. NORDICPHOTOS/GETTY

# Lopez kærð af fyrrverandi

**Söngkonan og dívan Jennifer Lopez hefur verið kærð af konu fyrrverandi eiginmanns síns Ojani Noa, Claudiu Vazquez. Hún vill meina að Lopez hafi logið fyrir réttinum en söngkonan hefur verið að stöðva Noa og Vazquez í að dreifa kynlífsmyndböndum af henni. Noa og Lopez voru gift í stuttan tíma árið 1998 og hræðist Lopez mjög að hann muni dreifa þessum myndböndum á netið.**

**Miklir peningar eru í húfi fyrir Noa og Vazquez, sem höfðu þegar selt réttinn að myndböndunum og freista þess því að leita réttar síns í þessu máli.**






# sport

sport@frettabladid.is

**28 DAGAR** **SVÍAR** hafa unnið til flestra verðlauna í sögu HM í handbolta eða 11 alls. Svíar hafa fjórum sinnum orðið heimsmeistarar rétt eins og Rúmenía. Rúmenar hafa þó aðeins unnið til 6 verðlauna í heildina rétt eins og Þjóðverjar sem hafa þrisvar orðið heimsmeistarar. Frakkar hafa einnig unnið þrjá heimsmeistaratitla. Ísland bíður enn eftir sínum fyrstu verðlaunum á HM.

# Landsliðið alltaf í forgangi hjá mér

**Aldrei fyrr hefur 21 árs gamall leikmaður leikið jafn marga A-landsleiki og Aron Einar Gunnarsson hefur gert. Leikirnir eru orðnir 21 talsins hjá Aroni, sem leggur ríka áherslu á að spila alla leiki með landsliðinu.**

**FÓTBOLTI** Samkvæmt úttekt Fréttablaðsins hefur Aron Einar Gunnarsson brotið blað í sögu íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu. Aldrei áður hefur 21 árs gamall leikmaður náð meira en 20 landsleikjum. Það hefur Aron Einar gert en hann lék í Ísrael í síðasta mánuði sinn 21. landsleik á ferlinum.

Eins og sjá má á meðfylgjandi töflu átti Ásgeir Sigurvinsson gamla „metið“ en hann hafði á sínum tíma leikið 17 landsleiki þegar hann var 21 árs gamall. Rúnar Kristinsson og Arnar Grétarsson koma næstir með sextán leiki hvor en sá fyrrnefndi er leikjahæsti leikmaðurinn í sögu íslenska landsliðsins með 104 leiki. Hann er reyndar sá eini sem rofið hefur hundrað leikja múrinn.

„Ég var búinn að leiða hugann eitthvað að þessu en það er óneitanlega gaman að heyra þessa tölfræði,“ segir Aron Einar við Fréttablaðið. Hans fyrsti A-landsleikur var á æfingamóti á Möltu í byrjun febrúar árið 2008. Þá var hann átján ára gamall og var í byrjunarliðinu í leik gegn Hvíta-Rússlandi.

„Ég, Bjarni Viðarsson og Theódór Elmar Bjarnason vorum allir valdir í A-landsliðið úr U-21 liðinu. Næsti leikur á eftir var svo æfingaleikur gegn Færeyjum í Kórnum og gerði ég allt sem ég gat til að komast í þann leik. Liðið mitt á þeim tíma, AZ Alkmaar í Hollandi, ætlaði ekki að leyfa mér að fara í leikinn þar sem varaliðið var að spila á sama tíma. Ég sagði þeim einfaldlega að það kæmi ekki til greina hjá mér að spila þennan varaliðsleik hvort eð er og því fékk ég að fara,“ rifjar Aron Einar upp.

„Ég held að ég hafi stimplað mig inn í landsliðið í þeim leik. Þetta var besti leikur ferilsins til þessa, hvort sem er með landsliði eða félagsliði. Ég átti mjög góðan leik.“

Flestir þeirra sem sáu þennan leik eru sjálfsagt sammála þessu mati Arons. Fram að því höfðu fáir Íslendingar séð hann spila, þar sem hann fór ungur til Hollands og spilaði aðeins örfáa leiki með Þór í 1. deildinni áður en hann hélt í atvinnumennskuna.

En í áðurnefndum leik í Kórnum vakti hann gríðarlega mikla athygli og hefur síðan þá varla misst úr landsleik.

„Ég hef alltaf lagt ríka áherslu á að spila með landsliðinu. Það er gott að koma heim og hitta strákana og fá að spila fyrir hönd þjóðarinnar. Það er í raun það besta sem ég geri. Ég set landsliðið í forgang og geri allt sem ég get til að vera í bestu formi fyrir landsleiki.“

Aron segir að fólk vilji kannski gleyma hversu ungur hann er. Það er þó ef til vill ekki skrítið þar sem hann hefur verið fastamaður í landsliðinu í tæp þrjú ár og spilað næstum hundrað deildarleiki með Coventry í ensku B-deildinni.

„Ég hlýt að mega líta á það sem hrós. Ég er alltaf að heyra hvað hinir og þessir leikmenn eru efnilegir en þá er ég jafngamall eða yngri en þeir. Fólk lítur greinilega á mig sem fullorðinn mann,“ segir hann og hlær.

Aron Einar er enn gjaldgengur í U-21 landsliðið og verður sjálfsagt í liðinu sem fer til Danmerkur í úrslitakeppni EM næsta sumar. Hann hvetur Íslendinga til að fjölmenna á mótið.

„Ég held að þeir sem koma eigi ekki eftir að gráta ferðakostnaðinn. Við munum skrifa enn stærri kafla í sögu U-21 landsliðsins en áður hefur verið gert. Það er pottþétt,“ segir Aron.

eirikur@frettabladid.is



**FASTAMAÐUR** Aron Einar Gunnarsson er löngu búinn að festa sig í sessi á miðju íslenska landsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Leikjahæstu ungliðarnir**

| Nafn | Fæðingarár | Leikir* |
|---|---|---|
| Aron Einar Gunnarson | 1989 | 21 |
| Ásgeir Sigurvinsson | 1955 | 17 |
| Rúnar Kristinsson | 1969 | 16 |
| Arnar Grétarsson | 1972 | 16 |
| Árni Sveinsson | 1956 | 14 |
| Sigurður Jónsson | 1966 | 13 |
| Arnór Guðjohnsen | 1961 | 12 |
| Guðmundur Þorbjörnsson | 1957 | 12 |
| Arnar Gunnlaugsson | 1973 | 12 |
| Atli Eðvaldsson | 1957 | 11 |
| Sigurður Grétarsson | 1962 | 11 |
| Pétur Pétursson | 1959 | 11 |

*hjá leikmönnum við 21 árs aldur.



**SÝNDI LISTIR SÍNAR** Ásgeir Sigurvinsson er næstur á listanum en hér er hann tvítugur að aldri að leika listir sínar á æfingu með íslenska landsliðinu í maí 1975.



**BARÁTTA UM BOLTANN** Helena sést hér í leik með TCU á móti Texas A&M. MYND/AP

## Helena Sverrisdóttir hjá TCU:

# Valin sú besta í síðustu viku

**KÖRFUBOLTI** Helena Sverrisdóttir var valin besti leikmaður síðustu viku í Mountain West-deildinni en hún var þó sjóðheit í tveimur leikjum TCU-liðsins í vikunni.

Helena skoraði 30 stig í 81-39 sigri á UT Arlington og fylgdi því eftir með því að skora 23 stig í tapi fyrir Texas A&M, sem er með sjöunda besta skólalið landsins. Helena hefur aldrei skorað meira í einum leik og hún hefur líka aldrei verið send eins oft á vítalínuna og í seinni leiknum, alls 14 sinnum.

Helena var með 26,5 stig, 6,0 fráköst og 4,0 stoðsendingar að meðaltali í þessum leikjum en hún hitti þar úr 60 prósentum skota sinna (15 af 25), setti niður 67 prósent þriggja stiga skota sinna (8 af 12) og hitti úr 88 prósentum vítanna (15 af 17). - óój

## Samir Nasri, Arsenal:

# Valinn bestur í Frakklandi

**FÓTBOLTI** Arsenal-maðurinn Samir Nasri hefur verið valinn knattspyrnumaður ársins í Frakklandi af tímaritinu France Football.

Nasri hafði nauman sigur en þeir Florent Malouda hjá Chelsea og markvörðurinn Hugo Lloris komu næstir.

Nasri hefur spilað vel með Arsenal á árinu, sérstaklega í haust. Hann var ekki valinn í HM-hóp Frakka í sumar en það kom honum sjálfsagt til tekna þar sem Frakkar lentu í miklum vandræðum á mótinu, bæði innan vallar sem utan.

Didier Deschamps, þjálfari Marseille, var valinn þjálfari ársins og Yann M'Vila hjá Rennes besti ungi leikmaðurinn. - esá

Aðventuleikur blaðbera



Pósthúsið, dreifingaraðili Fréttablaðsins og annarra dreifinga, hefur sett í gang skemmtilegan aðventuleik fyrir blaðbera sína.

Einu sinni í viku út aðventuna verða nöfn duglegra blaðbera dregin út og fá þeir í verðlaun nýju DVD myndina með Audda og Sveppa eða PS3 leik frá Elko.

Tilkynnt verður um vinningshafa alla þriðjudaga fram að jólum á heimasíðu Pósthússins www.posthusid.is

Póst húsið

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | www.posthusid.is

## Hrafnhildur Lúthersdóttir úr SH varð í fjórtánda sæti í 50 metra bringusundi:

# Setti tvö Íslandsmet í Dubai í gær

**SUND** Hrafnhildur Lúthersdóttir úr SH byrjaði mjög vel á HM í 25 metra laug sem hófst í Dubai í gær. Hrafnhildur tvíbætti Íslandsmetið í 50 metra bringusundi og varð fyrst íslenskra sundkvenna til þess að synda undir 31 sekúndu. Hrafnhildur synti á 30,82 sekúndum í undanúrslitasundinu og náði fjórtánda besta tímanum.

Hún gerði því gott betur en að synda undir 31 sekúndu því í lok dagsins hafði hún bætt sinn besta árangur um 58 hundraðshluta úr sekúndu og Íslandsmetið um 39 hundraðshluta úr sekúndu, sem er mjög mikil bæting í 50 metra sundi. Hrafnhildur synti á 30,97 sekúndum í undanrásum en gamla metið átti Erla Dögg Haraldsdóttir, sem hafði synt 50 metrana á 31,26 sekúndum í fyrra.

Með þessu sundi stendur Hrafnhildur í níunda sæti í Evrópu og átjánda sæti í heiminum í 50 metra bringusundi kvenna, sem er glæsilegur árangur. Fyrst í undanúrslitum varð kínverska stúlkan Jin Zhao á tímanum 29,96 sekúndum og var hún því 0,86 sekúndum fljótari en Hrafnhildur.

Hrafnhildur var 36 hundraðshlutum frá því að komast inn í úrslitin en áttunda kona inn var Ástralinn Sarah Katsoulis á 30,46 sekúndum.

Hrafnhildur endaði síðan daginn á því að vera fánaberi íslenska liðsins á opnunarhátíðinni en hún á eftir að keppa í þremur greinum til viðbótar á mótinu, 100 og 200 metra bringusundi og 100 metra fjórsundi.

Jakob Jóhann Sveinsson úr Ægi varð í 25. sæti í 100 metra bringusundi en hann synti á 59,80 sekúndum. Jakob var skráður með 37. besta tímann og hoppaði því upp um tólf sæti. - óój



**FYRST UNDIR 31 SEKÚNDU** Hrafnhildur Lúthersdóttir úr SH byrjaði frábærlega á HM í 25 metra laug. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Heilsudagar til jóla
20% afsláttur af Mizuno, Gasp og Better Bodies
BETTER BODIES
Flott föt í rætina
GASP
Fatnaður fyrir alvöru karlmenn
GASP INC.
ITEM 22050
WWW.GASP.NU
MIZUNO
Hágæða hlaupaskór, gaddaskór, handboltaskór og hlaupafatnaður
Wave Rider m
Verð nú 23.992 kr.
Wave Rider w
Verð nú 23.992 kr.
20% AFSLÁTTUR
Mizuno Wave Rider
Léttur og þægilegur hlutlaus skór með frábæra dempun. Ótrúlega þægilegur hlaupaskór sem hefur verið einn vinsælasti hlaupaskórinn víða um heim undanfarin ár
Wave Nirvana m
Verð nú 27.192 kr.
Wave Nirvana w
Verð nú 27.192 kr.
20% AFSLÁTTUR
Mizuno Wave Nirvana
Innanfótarstyrktur skór (stability) með frábæra dempun undir hæl og tábergi. Veitir góðan stuðning og hentar þeim sem hafa flatan fót eða ilsig.
Wave Ascend m
Verð nú 19.192 kr.
Wave Ascend w
Verð nú 19.192 kr.
20% AFSLÁTTUR
Mizuno Wave Ascend
Léttur og þægilegur utanvega skór með grófum skóla. Frábær dempun og loftar vel. Stöðugur skór og með botn sem grípur vel í bleytu.
Tempo s og md
Verð nú 15.992 kr.
20% AFSLÁTTUR
Mizuno gaddaskór
Wave lightning 6
Verð nú 23.992 kr.
20% AFSLÁTTUR
Mizuno handboltaskór
Extra góð „bónus“ tilboð á undirfatnaði og „Breath Thermo“ hlaupafatnaði frá Mizuno
20% AFSLÁTTUR
T-Back bolur
Verð nú 4.792 kr.
20% AFSLÁTTUR
LSB Hoodie
Verð nú 20.792 kr.
Soft Hoodie
Verð nú 11.192 kr.
20% AFSLÁTTUR
Deep V singlet
Verð nú 6.392 kr.
Arizona Hood Jacket
Verð nú 11.992 kr.
20% AFSLÁTTUR
Straight soft pant
Verð nú 7.192 kr.
20% AFSLÁTTUR
Arizona soft pant
Verð nú 7.992 kr.
Cherry Hill Jazzpant
Verð nú 8.792 kr.
20% AFSLÁTTUR
SPORTLAND
Grensásvegur 11 | 108 Reykjavík | Sími: 571-1000 | www.sportland.is
16. des. 10-20 17. des. 10-20 18. des. 11-22 19. des. 11-22 20. des. 10-22 21. des. 10-22 22. des. 10-22 23. des. 10-23 24. des. 10-12

Ray Anthony Jónsson og félagar í filippseyska landsliðinu gera það gott:

# Gæti eytt jólunum í Asíu í ár


**SÖGULEGT** Ray Anthony Jónsson (nr. 27) fagnar ásamt félögum sínum. MYND/AFP

**FÓTBOLTI** Ray Anthony Jónsson, knattspyrnumaður úr Grindavík, gæti þurft að eyða jólunum með félögum sínum í filippseyska landsliðinu, því það er komið alla leið í undanúrslit Suður-Asíukeppninnar sem stendur nú yfir. Ray Anthony er að spila sína fyrstu landsleiki á þessu ári en hvort sem innkoma hans á mikinn eða lítinn þátt í því er liðið að endurskrifa knattspyrnusögu þjóðarinnar í fyrsta landsliðsverkefni hans.

Ray á að baki leiki með 21 árs landsliði Íslands en faðir hans er íslenskur og móðir hans frá Filippseyjum sem gerir hann gjaldgengan í landsliðið.

Filippseyjar tryggðu sér sæti í undanúrslitum með því að gera markalaust jafntefli í lokaleik riðilsins á móti Mjanmar. Liðið gerði tvö jafntefli við Mjanmar og Singapúr en það var glæsilegur 2-0 sigur liðsins á heimamönnum í Víetnam sem skilaði því sæti meðal þeirra fjögurra bestu.

Þetta er áttunda skiptið sem Suður-Asíubikarinn í fótbolta er haldinn og í fyrsta sinn sem filippseyska landsliðið kemst upp úr sínum riðli og í undanúrslitin.

Ray Anthony hefur spilað alla þrjá leikina frá upphafi til enda en hann leikur í stöðu vinstri bakvarðar.

Filippseyska landsliðið mætir Indónesíu í undanúrslitunum en leika á þau heima og að heiman. Filippseyjar hafa engan löglegan leikvang og því verður að leika báða leikina í Indónesíu.

Komist landslið Filippseyja áfram í úrslitaleikinn spilar það við annaðhvort Malasíu eða Víetnam í tveimur leikjum 26. og 29. desember. - óój


**Í KLÍPU** Lætin í Tevez hafa ekki skilað miklu. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Carlos Tevez:

## Fundar með City á morgun

**FÓTBOLTI** Carlos Tevez er byrjaður að æfa á ný með Manchester City eftir að hafa lagt fram beiðni um að verða seldur frá félaginu. Beiðninni var hafnað en Tevez mun á morgun funda með Roberto Mancin knattspyrnustjóra um framtíð sína hjá félaginu.

Tevez mun ekki spila með City gegn Juventus í Evrópudeild UEFA í kvöld en Mancini mun hafa tekið þá ákvörðun fyrir síðustu helgi enda er leikurinn í kvöld merkingarlaus.

Kia Joorabchian, umboðsmaður Tevez, sagði við enska fjölmiðla í gær að Tevez myndi haga sér fagmannlega þrátt fyrir allt og spila áfram með liðinu yrði þess óskað.

Það verður því framhald á þessari jólasögu Tevez en forráðamenn Man. City hafa sýnt mikla hörku í málinu. Neita að selja leikmanninn og hafa jafnvel hótað lögsókn ef leikmanninum dettur í hug að leggja skóna á hilluna eins og einhverjir fjölmiðlar hafa haldið fram. Málið þarf þó að leysa og vilja forráðamenn City leysa það fyrr frekar en síðar. - esá

# Höfum getuna til að vinna öll lið

**Fram er á mikilli siglingu í N1-deild karla og hefur lagt öll lið deildarinnar í beit. Fram hefur unnið leikina með tæplega átta marka mun að meðaltali og skorað 36 mörk að meðaltali í leik.**

**HANDBOLTI** Heitasta handboltalið landsins í dag er Fram. Liðið er búið að vinna sjö leiki í röð í deildinni og tíu í röð ef leikirnir í bikarnum eru taldir með.

Fram tapaði síðast leik 16. október og hefur síðan unnið alla andstæðinga sína í deildinni í röð. Nú síðast vann Fram góðan útisigur á Akureyringum, sem höfðu ekki tapað leik þar til þeir lentu í Frömurum.

„Ég held að það megi þakka meiri samstöðu innan hópsins þennan árangur. Menn eru mjög samtaka og allir að labba í sömu átt. Það er meiri liðsheild núna hjá okkur en var. Þessi góða samstaða í hópnum skilar sínu og það eru allir að vinna saman að einu markmiði,“ segir Reynir Þór Reynisson, þjálfari Fram, hógvær.

Hann tók við ekkert sérstöku búi í sumar þar sem mikill vandræðagangur var á Fram-liðinu á síðustu leiktíð. Þessi magnaði árangur í vetur kemur því nokkuð á óvart.

„Það voru ákveðnir hlutir þarna sem ég vildi sjá breytast. Mér, Einari aðstoðarþjálfara og stjórninni hefur tekist að breyta þessu. Ég vil ekkert tala nákvæmlega um hvaða hlutir þetta voru en þeim þurfti að breyta svo liðsheildin færi að virka. Eins og staðan er í dag gengur þetta vel en mótið er bara hálfnað og við erum ekkert farnir að fagna.“


**MARKVÖRÐUR Í SÓKNARHUG** Reynir Þór Reynisson er fyrrverandi landsliðsmarkvörður og það vekur áhuga hversu góðan sóknarleik Fram spilar undir stjórn markvarðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Viljum spila hraðan bolta

Framarar hafa ekki bara verið að vinna leiki heldur hafa þeir valtað yfir andstæðinga sína.

Í síðustu sjö leikjum sínum í deildinni hefur liðið skorað tæplega 36 mörk að meðaltali í leik og unnið leikina með 8 marka mun að meðaltali, sem segir sína sögu.

Reynir Þór er fyrrverandi markvörður og menn spyrja sig að því hvernig markvörður fari að því að láta sitt lið spila svona góðan sóknarleik.

„Ástæðan fyrir þessum markafjölda er að við spilum gríðarlega hraðan bolta. Lengi framan af vorum við einnig að fá mikið af mörkum á okkur en það hefur verið að breytast. Við reynum að halda uppi miklum hraða og keyrum miskunnarlaust í bakið á andstæðingum okkar. Hraðaupphlaupin hafa gengið vel og það er vissulega vel af sér vikið að skora þetta mörg mörk að meðaltali í leik,“ segir Reynir Þór en breiddin er augljóslega mikil líka því í þessum sjö sigurleikjum hafa fimm mismunandi leikmenn verið markahæstir.

Handboltaspekingar vissu vel að það bjó mun meira í þessu liði en það sýndi á síðustu leiktíð. Reyndari menn hafa stigið upp í vetur og ungir leikmenn félagsins hafa algjörlega blómstrað, sérstaklega þeir Einar Rafn Eiðsson og Róbert Aron Hostert.

„Við erum með nokkra mjög efnilega leikmenn og ekki bara þessa tvo. Fleiri ungir leikmenn hafa látið að sér kveða hjá okkur í vetur. Allir þessir strákar hafa tekið miklum framförum og blandan í hópnum er rosalega góð. Við erum með reynda menn sem þekkja þetta allt og svo þessa ungu stráka sem geta náð langt ef þeir halda sér á jörðinni og æfa vel. Þessir ungu strákar eru líka með mikið sjálfstraust.

Þeir fara ekki inn á völlinn til þess að vera farþegar heldur vilja þeir láta til sín taka. Þeir eru algjörlega óhræddir við að taka af skarið ef á þarf að halda,“ segir Reynir.

### Líður vel með Halldór á vellinum

Jóhann Gunnar Einarsson hefur komið með mikinn kraft í liðið og svo hefur leikstjórnandinn Halldór Jóhann Sigfússon gengið í endurnýjun lífdaga í vetur eftir að hafa lítið getað síðan hann kom aftur heim frá Þýskalandi.

„Mér hefur alltaf fundist Halldór mjög góður leikstjórnandi. Hann hefur mikinn skilning á leiknum og maður hefur aldrei áhyggjur af honum. Hann er líka farinn að spila vörn, sem er ánægjulegt. Mér finnst alltaf gott að hafa hann á vellinum. Halldór hefur æft vel og svo hefur hann kannski fundið fyrir trausti því hann er einn með stöðuna þar sem Siffi er meiddur. Okkar bolti hentar honum líka vel,“ segir Reynir en hversu langt getur Fram farið í vetur?

„Fyrsta markmiðið er að vera meðal bestu liðanna og komast í úrslitakeppnina. Við vitum samt að við höfum getuna til þess að vinna öll lið í deildinni. Samt getur margt gerst áður en yfir lýkur og við ætlum að halda okkur á jörðinni,“ segir Reynir og bætir við: „Við höfum siglt undir radarnum hingað til en nú erum við að fá athygli og það verður gaman að sjá hvernig menn höndla það,“ segir Reynir Þór Reynisson.

henry@frettabladid.is



# JÓLA BOMBA



## TIL JÓLA!
## 20% AFSLÁTTUR
### AF OUTLETVERÐUM*

- Fatnaður fyrir alla fjölskylduna
- Íþróttafatnaður
- Skór
- Skartgripir
- Málverk
- Húsgögn
- DVD-diskar

FÁÐU SKIPTIMIÐA Á ALLAR JÓLAGJAFIR

* Afslátturinn gildir ekki af DVD-diskum og húsgögnum

**Stærsti lagermarkaður landsins**

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • S. 578 9400

Opið: Mánudag - föstudags frá 11 til 22 • Sunnudag frá 12 til 22

KORPU OUTLET

# Með sálartetrið í rússibanareið

**Landsliðskonan Dóra Stefánsdóttir hefur neyðst til að hætta í fótbolta aðeins 25 ára gömul vegna þrálátra hnémeiðsla. „Minn stærsti sigur var að geta hreyft mig aftur eðlilega,“ segir Dóra í samtali við Fréttablaðið.**

**FÓTBOLTI** Dóra Stefánsdóttir hefur ákveðið að leggja skóna á hilluna vegna þrálátra hnémeiðsla. Hún er aðeins 25 ára gömul en á glæsilegan feril að baki.

Dóra varð Íslandsmeistari með Val árið 2004 og tvívegis bikarmeistari, 2001 og 2003. Hún fór svo árið 2006 í atvinnumennsku til Malmö í Svíþjóð þar sem hún hefur verið síðan. Liðið varð meistari í haust en Dóra náði ekkert að spila með í ár vegna meiðslanna.

Dóra á að baki 47 leiki með A-landsliði Íslands og skoraði í þeim þrjú mörk. Síðast lék hún með landsliðinu gegn Króatíu í mars á þessu ári en hnémeiðslin versnuðu til muna eftir þann leik.

„Ég var draghölt og það small ítrekað í hnénu næstu vikurnar,“ segir Dóra við Fréttablaðið. „Ég gat mjög lítið gert. Ég gat ekki einu sinni farið út í búð og borið pokana heim. Það tók tíma að jafna sig á því.“

Dóra segir að ákvörðunin nú hafi verið tekin með það í huga að hún geti lifað eðlilegu lífi.

„Minn stærsti sigur var að geta hreyft mig aftur eðlilega í hversdagslegu lífi. Aðalmarkmiðið var að komast aftur í fremstu röð í fótboltanum en stundum fer lífið svona með mann.“

Dóra segir að ákvörðunin hafi verið erfið og ekki tekin á einum degi. „Þetta er búið að vera langt ferli og lengi í gerjun. Ég var að hjakkast í því allt árið að koma mér aftur í form. En það gefur bara ekkert eftir, þetta blessaða hné,“ segir hún.



**LYKILMAÐUR MEÐ LANDSLIÐINU** Missirinn er mikill fyrir íslenska landsliðið en Dóra Stefánsdóttir, til hægri, hefur verið lykilmaður á miðjunni undanfarin ár. Hér er hún með Margréti Láru Viðarsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Dóra hitti Sveinbjörn Brandsson landsliðslækni tvisvar á þessu ári vegna meiðslanna. „Hann sagði að hnéð væri einfaldlega búið að taka sitt í gegnum árin. Brjóskskemmdin gengur aldrei til baka. Það kostar sitt að spila í jafn sterkri deild og sænsku úrvalsdeildinni og það væri ekki hægt að sjá fyrir hvernig það myndi enda fyrir hnéð. En þetta var mín ákvörðun og ég gerði mér grein fyrir því að ég hefði aldrei getað treyst hnénu.“

Hún segir að hún hafi eytt miklum krafti í endurhæfinguna í ár. „Ég æfði 8-10 sinnum í viku, oftast ein, og hélt alltaf í vonina um að koma til baka. Síðan fór ég að efast um hvort það væri virkilega þess virði að taka þessa áhættu. Auðvitað er þetta hræðilega erfið ákvörðun og ég hefði ekki trúað því að ég hefði þurft að taka hana 25 ára gömul. En ég hef verið með sálartetrið í rússibanareið og því fór þetta svona.“

Dóra hefur verið í námi með boltanum í Svíþjóð og ætlar nú að hella sér í það af fullum krafti. „Ég hef aðeins getað verið í hálfu námi með boltanum en ætla að einbeita mér að því nú og bæta jafnvel einhverju við mig,“ segir hún en félagið hennar, Malmö, virðist vera reiðubúið að bjóða henni starf innan sinna vébanda.

„Ég hef rætt lauslega við þá um það. Ég ætla að gefa mér tíma og leyfa sárunum mínum að gróa áður en ég helli mér aftur í fótboltann, hvort sem það er í þjálfun eða eitthvað annað. Þetta er stórt félag og mikið af verkefnum í gangi þar. Ég er ekki að kveðja fótboltann fyrir fullt og allt og ætla ekki að henda skónum – þeir verða geymdir á góðum stað,“ segir Dóra í léttum dúr.

eirikur@frettabladid.is



**LANDSLIÐSÞJÁLFARINN** Sigurður Ragnar Eyjólfsson sér mikið á eftir Dóru Stefánsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/

Sigurður Ragnar Eyjólfsson:

## Landsliðið mun sakna hennar

**FÓTBOLTI** „Þetta er mikil synd og mikill missir fyrir kvennalandsliðið,“ segir landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson um ákvörðun Dóru Stefánsdóttur um að hætta í knattspyrnu vegna meiðsla.

„Ég vona að þetta sé ekki endanleg ákvörðun og að hnéð jafni sig með nokkurra mánaða hvíld en læknar eru ekki bjartsýnir á það og hafa ráðlagt henni að hætta,“ bætir hann við.

„Við munum sakna hennar mikið. Hún er frábær karakter, mikill leiðtogi í okkar liði og var ávallt byrjunarliðsmaður þegar hún var heil. Hún var örfáum leikjum að ná 50 landsleikjum og það er synd að hún náði því ekki,“ segir Sigurður Ragnar, en hann hefur hvatt hana til að hætta ekki alfarið afskiptum af fótbolta.

„Ég hef rætt við hana um að fara út í þjálfun en hún er enn að melta allt slíkt enda er stutt síðan allt þetta gekk yfir hana.“ - esá

N1 DEILDIN

UPPHITUN FYRIR HM Í JANÚAR!

N1 DEILD KARLA

| | | |
|---|---|---|
| Haukar – Akureyri | Ásvellir | í kvöld kl. 18:30 |
| Afturelding – Selfoss | Varmá | í kvöld kl. 19:30 |
| FH – HK | Kaplakriki | í kvöld kl. 19:30 |
| Valur – Fram | Vodafonehöll | í kvöld kl. 19:30 |

Næsta umferð N1 deildarinnar býður upp á frábæra leiki; spennandi grannaslagir eru á dagskrá auk þess sem toppliðið sækir meistarana heim. Mætum á völlinn og styðjum okkar menn!

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni



**9.900,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Örbylgjuofn,**
hvítur, 20 ltr., 800WM
1840909



**Kenwood matvinnsluvél**
450W,með blandara
1840473

**9.990,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

# JÓLAGJAFIR

## Á LÆGRA VERÐI



**7.995,-**

**Skrúfvél, BLACK&DECKER**
hleðsla 3,6V, lithium rafhlaða
5246007



**2.595,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Höggborvél**
Power Plus, 580W
0-2800 sn/mín
13mm flýtipatróna
5245308



**2 RAFHLÖÐUR**

**3.980,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Borvél, POWER PLUS**
14,4V
5245309



**Dúnúlpa**
Herra/dömu, ekta andardúnn.
5869816-34

**SÉRTILBOÐ**

**7.990,-**
~~12.990,-~~



**4.990,-**

**Hárblásari**
2100W
1804502



**Blandari BOMANN**
stál, 550W
1850036

**5.990,-**
~~7.990,-~~

**STÁL, GLERKANNA**



**Brauðgerðarvél,**
1841103

**TEKUR 750-1000gr**

**12.990,-**

*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma.
Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

HÚSASMIÐJAN

## ÚRSLIT

*Evrópudeild UEFA:*

**D-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Club Brugge-Villarreal | 1-2 |
| Dinamo Zagreb-Paok Salonika | 0-1 |

**Staðan**: Villarreal 12 stig, PAOK 11, Dinamo 7, Brugge 3.

**E-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| AZ Alkmaar-BATE Borisov | 3-0 |
| Kolbeinn Sigþórsson skoraði tvö fyrstu mörk AZ Alkmaar í leiknum. | |
| Dynamo Kiev-FC Sheriff | 0-0 |

**Staðan:** Dynamo 11 stig, BATE 10, AZ 7, Sheriff 5.

**F-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Lausanne-Palermo | 0-1 |
| Sparta Prag-CSKA Moskva | 1-1 |

**Staðan**: CSKA 16 stig, Sparta 9, Palermo 7, Lausanne 1.

**J-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Karpaty-PSG | 1-1 |
| Sevilla-Dortmund | 2-2 |
| Ndri Romaric, Freddie Kanoute - Shinji Kagawa, Neven Subitic. | |

**Staðan**: PSG 12 stig, Sevilla 10, Dortmund 9, Karpaty 1.

**K-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Liverpool-Utrecht | 0-0 |
| Napoli-Steaua Búkarest | 1-0 |

**Staðan**: Liverpool 10 stig, Napoli 7, Steaua 6, Utrecht 5.

**L-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Besiktas-Rapid Vín | 2-0 |
| Porto-CSKA Sofia | 3-1 |

**Staðan**: Porto 16 stig, Besiktas 13, Rapid 3, CSKA 3.

*Þýski bikarinn:*

| | |
|---|---|
| Emsdetten-Magdeburg | 25-40 |
| Fannar Friðgeirsson skoraði 2 mörk fyrir Emsdetten en Sigfús Sigurðsson komst ekki á blað. | |
| Gensungen-Rhein Neckar Löwen | 29-47 |
| Róbert Gunnarsson skoraði 5 mörk fyrir Löwen og Guðjón Valur Sigurðsson 4. | |
| Bergischer-Göppingen | 28-30 |
| Rúnar Kárason skoraði 5 mörk fyrir Bergischer sem tapaði í framlengingu. | |
| TuS N-Lubbecke-Kiel | 29-30 |
| Aron Pálmarsson skoraði 2 mörk fyrir Kiel. | |

*IE-deild kvenna:*

| | |
|---|---|
| Njarðvík-Haukar | 47-75 |
| Hamar-Grindavík | 78-71 |
| Keflavík-Fjölnir | 79-39 |
| Snæfell-KR | 56-79 |



**FAGNAÐ** Norsku stelpurnar fögnuðu innilega. NORDIC PHOTOS/AFP

EM kvenna:

# Gestgjafarnir mætast næst

**HANDBOLTI** Eftir úrslit gærdagsins á EM í handbolta er ljóst að gestgjafaþjóðirnar báðar, Danmörk og Noregur, mætast í undanúrslitum EM í handbolta á laugardaginn.

Keppni í milliriðli 2 lauk í Lillehammer í Noregi í gær og voru úrslitin öll eftir bókinni.

Svíþjóð og Noregur voru nánast örugg með tvö efstu sæti riðilsins, og þar með sæti í undanúrslitunum, og unnu báða sína leiki í dag. Svíar lögðu Ungverja, 24-19, og Norðmenn slátruðu Hollendingum, 35-13. Frakkar tryggðu sér þriðja sæti riðilsins með sigri á Úkraínu, 31-19.

Bæði lið fengu átta stig en þar sem Svíar unnu nokkuð óvæntan sigur í innbyrðisviðureign liðanna fara þeir áfram sem sigurvegarar og mæta Rúmenum í undanúrslitunum á laugardaginn.

Danir eru búnir að tryggja sér sigri í milliriðli 1 þrátt fyrir að lokaumferðin eigi enn eftir að fara fram. Rúmenar eru að sama skapi öruggir með annað sæti riðilsins.

Það má búast við hörkuviðureignum á laugardaginn, þá sérstaklega rimmu gestgjafanna. Danmörk er eina ósigraða lið keppninnar en Norðmenn hafa unnið fimm af sex leikjum sínum til þessa í keppninni. - esá

Líf og fjör í þýska bikarnum í gærkvöldi:

# Aron var hetja Kiel

**HANDBOLTI** Sigfús Sigurðsson og félagar í Emsdetten féllu úr leik í sextán liða úrslitum þýsku bikarkeppninnar í gær. Liðið steinlá þá á heimavelli, 25-40, gegn Magdeburg sem Sigfús lék með áður.

Fannar Friðgeirsson skoraði tvö mörk fyrir Emsdetten og Hreiðar Guðmundsson stóð á milli stanganna hjá þessum lærisveinum Patreks Jóhannessonar.

Róbert Gunnarsson skoraði fimm mörk og Guðjón Valur Sigurðsson fjögur þegar Rhein-Neckar Löwen valtaði yfir Gensungen, 29-47. Ólafur Stefánsson fékk að hvíla lúin bein í liði Löwen en mikið álag hefur verið á honum í vetur.

Aron Pálmarsson tryggði Kiel sigur á Lubbecke með marki sex sekúndum fyrir leikslok en Kiel stóð illa að vígi er skammt var eftir. Þá kom Aron til skjalanna og bjargaði leiknum fyrir meistarana.

Rúnar Kárason skoraði svo fimm mörk fyrir neðrideildarlið Bergischer sem tapaði í framlengingu fyrir úrvalsdeildarliði Göppingen. - hbg



**BRJÁLAÐ AÐ GERA** Hreiðar Guðmundsson stóð í marki Emsdetten í gær og hafði nóg að gera.

# Finnst að KR ætti varla að tapa leik

**Fréttablaðið fékk Friðrik Ragnarsson til þess að spá í síðustu umferð Iceland Express deildar karla. Hann spáir Grindvíkingum og KR-ingum sigri í stórleikjum kvöldsins sem eru á milli fjögurra efstu liðanna.**

**KÖRFUBOLTI** Körfuboltamenn komast í jólafrí annað kvöld eftir 11. umferð Iceland Express deildar karla en um leið klárast fyrri umferðin og öll liðin hafa þar með mæst í deildinni. Flestra augu verða á innbyrðisviðureignum fjögurra efstu liðanna. Topplið Snæfells tekur á móti KR (4. sæti) í Stykkishólmi og Grindvíkingar (2. sæti) taka á móti nágrönnum sínum úr Keflavík (3. sæti).

Fréttablaðið fékk Friðrik Ragnarsson, fyrrverandi þjálfara Grindavíkur og Njarðvíkur, til þess að spá fyrir um hvernig þetta fer allt saman í kvöld.

Íslandsmeistarar Snæfells geta náð fjögurra stiga forskoti verði úrslitin liðinu hagstæð en það er þegar öruggt að meistararnir verða á toppnum yfir jólin. Þeir fá KR-inga í heimsókn til sín í Stykkishólm.

„Þetta verður svakalegur leikur því bæði liðin eru gríðarlega vel mönnuð. Mér finnst aðdáunarvert hvað Snæfellsliðið hefur náð að klóra sig áfram og vera ennþá í toppsætinu miðað við allar breytingarnar sem það fór í gegnum. Það verður segja Inga Þór til hróss að hann er búinn að ná alveg ótrúlega miklu út úr þessu liði," segir Friðrik.

„Að sama skapi finnst mér miðað við mannskapinn sem KR-ingar eru með að þeir ættu varla að tapa leik. Það kemur mér því gríðarlega á óvart að þeir séu búnir að tapa þremur leikjum. Þeir eru með frábærlega mannað lið og með einn besta leikstjórnanda sem hefur spilað í deildinni hérna heima að mínu mati," segir Friðrik, sem hefur trú á KR-ingum í kvöld þrátt fyrir að liðið hafi aðeins unnið einn af fjórum útileikjum sínum í deildinni.

„Það er illskiljanlegt því þeir eru það vel mannaðir að þeir ættu ekki að stíga mörg feilspor. Þrír tapleikir hjá þeim eru allt of mikið og ég trúi ekki öðru en að þeir leggi allt í sölurnar fyrir vestan. Fjórir tapleikir fyrir áramót eru með öllu óviðunandi með þennan mannskap og ég spái því að KR vinni þennan leik," segir Friðrik.



**EINN BESTI LEIKSTJÓRNANDINN FRÁ UPPHAFI** Friðrik Ragnarsson hefur mikið álit á Pavel Ermolinskij, leikstjórnanda KR-inga, sem hann telur vera einn af þeim bestu sem hafi leikið hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Grindvíkingar fá Keflvíkinga í heimsókn og geta tekið af þeim annað sætið með sjöunda sigri sínum í röð. „Það verður hörkuleikur enda tvö lið sem hafa verið að spila mjög vel. Grindvíkingar eru orðnir mjög öflugir varnarlega í teignum eftir að þeir fengu Ryan Pettinella og hann hefur skipt gríðarlega miklu máli fyrir þá varnarlega. Ég leyfi mér að spá Grindavík sigri í þessum leik," segir Friðrik.

„Keflvíkingar eru gríðarlega sterkir og hafa verið að spila mjög vel. Þeir duttu í lukkupottinn með þennan Bosman-leikmann sem þeir eru með. Hann gjörbreytti Keflavík jafnmikið og Pettinella breytti Grindavík," segir Friðrik og er þar að tala um Lazar Trifunovic sem er með 26,5 stig og 11,5 fráköst að meðaltali í fyrstu sex deildarleikjum sínum, en Keflavík hefur unnið þá alla.

„Maður skilur ekki af hverju svona gæðaleikmaður endar uppi á Íslandi fyrir sennilega lítinn pening. Hann er frábær leikmaður sem hefur spilað gríðarlega vel fyrir Keflvíkinga en á sama tíma hafa þeir fengið lítið út úr hinu ígildinu sínu finnst mér. Þeir eru búnir að vera gríðarlega sterkir þrátt fyrir það," segir Friðrik en Valentino Maxwell er með 16,0 stig og 3,0 stoðsendingar að meðaltali.

Fjórir aðrir leikir fara fram í kvöld. Friðrik hefur trú á Njarðvík á Króknum. „Tindastóll hefur verið á góðu skriði en mér finnst Njarðvík vera að bæta í núna og ég spái því að Njarðvíkingar fari norður og nái sannfærandi í tvö stig," segir Friðrik.

Stjarnan tekur á móti Hamri í Garðabænum. „Þetta er mjög jafn leikur en ég tippa á Hamar í þessum leik miðað við hvernig Stjarnan hefur verið að spila," segir Friðrik og bætir við að Stjörnuliðið hafi verið að spila illa að undanförnu enda sé það aðeins með einn sigur í síðustu fimm leikjum.

Friðrik telur að Fjölnir vinni ÍR í Seljaskólanum og endurtaki því leikinn frá því í bikarnum á dögunum. „Fjölnismenn voru mun sterkari í bikarleik liðanna um daginn og þá áttu ÍR-ingarnir fá svör. Ég held að eðlilegum degi eigi Fjölnir að vinna," segir Friðrik, sem býst einnig við að Haukarnir vinni á Ísafirði. „Ég leyfi mér að spá Haukum sigri. Ég sá KFÍ spila um daginn og ég er búinn að sjá Hauka líka. Haukar eru mun sterkari og eiga að vinna þennan leik," segir Friðrik.

Friðrik segir að leikirnir í kvöld geti haft mikið um það að segja hvort liðin fari í að styrkja sig fyrir átökin eftir áramót. „Við sáum það í fyrra að allt gjörbreyttist um miðbik móts þegar liðin fóru að bæta við sig. Það verður því spennandi að sjá hvað þau gera í framhaldinu," segir Friðrik að lokum.

Allir leikir kvöldsins hefjast klukkan 19.15 og liðin eru síðan í jólafríi til 6. janúar þegar tólfta umferðin fer fram. ooj@frettabladid.is

Kolbeinn Sigþórsson kvaddi Evrópudeildina með stæl en Liverpool gerði jafntefli í sínum leik:

# Kolbeinn afgreiddi BATE með tveimur mörkum

**FÓTBOLTI** Hollenska liðið AZ Alkmaar gerði sér lítið fyrir og rúllaði yfir hið sterka hvít-rússneska lið, BATE Borisov, í Evrópudeildinni í gær. Alkmaar vann 3-0 en sigurinn skipti engu máli þar sem BATE var komið áfram í keppninni en Alkmaar átti ekki möguleika á því að komast áfram. Maður leiksins var landsliðsmaðurinn Kolbeinn Sigþórsson sem skoraði tvö glæsileg mörk.

Eftir aðeins fimm mínútna leik kom Kolbeinn AZ yfir. Markvörður liðsins tók þá langt útspark. Kolbeinn hoppaði hæst allra á miðjunni og skallaði boltann út á kantinn til félaga síns. Sá stakk boltanum inn fyrir vörnina þar sem Kolbeinn var á auðum sjó.

Strákurinn var pollrólegur og yfirvegaður fyrir framan markið. Lét svo vaða frá vítateig og boltinn fór í slána og inn. Stórkostlegt mark.



**SJÓÐHEITUR** Kolbeinn sækir hér að marki BATE í gær en hann skoraði tvö mörk í leiknum. NORDIC PHOTOS/AP

Seinna markið var íslensk samvinna af bestu gerð. Jóhann Berg Guðmundsson fékk þá stungusendingu inn fyrir vörn BATE. Hann stakk varnarmann BATE af og lagði svo boltann á Kolbein sem mokaði honum inn fyrir línuna. Smekklega gert hjá þeim félögum.

Kristinn Jakobsson dæmdi á Anfield í gær þar sem Utrecht sótti Liverpool heim. Kristinn stóð sig vel og komst vel frá verkefninu. Má í raun segja að hann hafi staðið sig betur en leikmenn enda leikurinn hundleiðinlegur.

Nákvæmlega ekki neitt gerðist í fyrri hálfleik og síðari hálfleikur var litlu skárri. Markalaust jafntefli því sanngjörn niðurstaða. - hbg

# HEIMILISTÆKI Á FRÁBÆRU VERÐI!

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum



Gjafaaskja með kakóhaldara, kakói og 1 pakka af kaffi fylgir

**Senseo**

**Kaffivél með gjafapakka**
HD7810S
- 1450w Senseo kaffivél
- Hellir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu

**14.990kr**
GOTT VERÐ



**Grundig MP3 spilari** MPAXX920
- Nettur MP3 spilari
- Innbyggt 2GB Minni
- Spilar MP3/WMA
- Heyrnartól og USB snúra fylgir

**5.990kr**
~~6.990~~



**Dantax**
**DVD spilari** DVDP7X
- 7" LCD breiðtjaldsskjár
- S-Video/USB inn/útgangur
- Hleðslurafhlaða fylgir
- Spennir fyrir 110-240V - 50/60Hz og tengi í bíl fylgir
- Fjarstýring

**22.990kr**
~~24.990~~



**PHILIPS**
**Hárblásari** HP8180
- 2100w
- 6 hita og hraðastillingar
- Mjór haus fyrir nákvæmari blástur
- Túrbo blástur án þess að auka hita

**4.990kr**
GOTT VERÐ



**PHILIPS**
**Útvarpsvekjari** AJ3121
- FM/AM útvarp
- Vekjari með útvarpi
- Svefnrofi

**3.990kr**
~~4.490~~



**UNITED**
**22" LCD sjónvarp** 22DD92HD
- 22" FHD 1080p LCD 16:9 breiðtjaldsjónvarp
- Innbyggður fjölkerfa DVD spilari
- 12v - 230v kerfi
- Borðstandur, fjarstýring, 12v/5A spennubreytir og 12v tengi fyrir bíla fylgir

**59.990kr**
~~69.990~~

**Melissa**
**Hársett** 635104
- 5 mismunandi krullujárni 19mm til 25mm
- Sléttujárni með tveimur plötum

**3.990kr**
GOTT VERÐ





**Intenso MP3 spilari** MUSICWAVER2GB
- MP3 spilari með 2GB minni
- Spilar: MP3, WMA og ASF
- Útvarp með stöðvaminni
- Innbyggð hleðslurafhlaða
- Heyrnartól, USB kapall og klemma fylgja

**7.990kr**
GOTT VERÐ

*frábært verð!*



**Dantax**
**32 LCD sjónvarp** 32LCDVD92
- 332" 16:9 LCD HD sjónvarp
- Skerpa: 10.000:1
- Svartími: 6ms
- 40w stereó hljóðkerfi
- VGA(PC) tengi - Auðvelt að tengja við tölvu
- 2x HDMI, 2x scart og VGA

**79.990kr**
GOTT VERÐ

**PHILIPS**
**Sléttujárn** HP8309
- Keramic plötur
- Aðeins 30 sekúndur að hitna

**4.990kr**
GOTT VERÐ



Gildir til 23. desember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# golf

golfogveidi@frettabladid.is

**747** **GOLFHOLUR** eru á 66 golfvöllum á Íslandi.

**48** **VELLIR** eru níu holur, 16 eru átján holu vellir. Einn er fjórtán holur og annar þrettán.

Jaðarsvöllur á Akureyri:

## Klúbburinn fær 10,3 hektara

Bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt tillögu skipulagsnefndar bæjarins um að opið svæði til sérstakra nota fyrir Jaðarsvöll verði stækkað um 10,3 hektara. Tillögu um að nýta svæðið við golfvöllinn undir íbúðabyggð var hafnað.

Í bókun skipulagsnefndar segir að vegna mikillar fjölgunar golfiðkenda sé nauðsynlegt að stækka umráðasvæði vallarins. Stækkun svæðisins muni gera forráðamönnum Golfklúbbs Akureyrar kleift að auka nýtingu hans í þágu golfiðkenda. Golfvallarsvæðið verður því stækkað úr 80 hekturum í 90,3 hektara. - th



**HVALEYRARVÖLLUR** Tekjur vegna æfingasvæðisins hjá Keili eru að aukast. Í ár námu þær 22,6 milljónum samanborið við 20 í fyrra.

Góð fjárhagsstaða hjá Keili:

## 27 milljóna hagnaður í ár

Golfklúbburinn Keilir skilaði 27 milljóna króna hagnaði á árinu. Þetta kemur fram í reikningum klúbbsins sem lagðir voru fyrir aðalfund fyrr í vikunni en þar var Bergsveinn Hjörleifsson jafnframt endurkjörinn formaður.

Í reikningum kemur fram að tekjur klúbbsins námu 175 milljónum króna en rekstrargjöld um 135 milljónum. Skuldir klúbbsins nema rúmum 150 milljónum, þar af eru um 104 milljónir langtímaskuldir. Eigið fé er um 390 milljónir.

Í rekstrarreikningi kemur meðal annars fram að tekjur vegna félagsgjalda námu 86 milljónum í ár samanborið við 78 milljónir í fyrra. Þar kemur einnig fram að tekjur vegna móta eru hærri en tekjur vegna flatargjalda eða 12,7 milljónir samanborið við 11,7. - th



**GOLFKLÚBBURINN Í SETBERGI** Formaður klúbbsins segir að gera eigi völlinn að skemmtilegum sveitavelli þar sem stemningin ráði ríkjum.

# Golfvöllur í Setbergi næstu tíu ár

**Golfklúbburinn Setberg (GSE) hefur gert samning um leigu á Setbergsvelli til tíu ára en völlurinn hefur verið í umsjón Golfklúbbs Oddfellowa síðustu þrjú ár með samstarfi við GSE síðastliðið ár.**

„Setbergsvöllur var leigður til bráðabirgða síðustu þrjú ár en nú liggur fyrir að fyrirhuguð íbúðabyggð á svæðinu mun ekki rísa á komandi árum og þess vegna var þessi nýi samningur gerður. Hugmynd okkar í GSE er að bæta völlinn, sem var orðinn nokkuð góður síðasta sumar, enn frekar. Við erum ekki að fara að keppa



**HÖGNI FRIÐJÓNSSON**

við stóru vellina í gæðum heldur ætlum við að reyna að skapa skemmtilega stemningu í klúbbnum. Það eru ansi margir sem hafa byrjað í golfi á þessum velli og bera því hlýjar tilfinningar til hans. Nú eru um 150 félagar í klúbbnum en við stefnum á að ná fjöldanum upp í þrjú hundruð á næstu árum.“ segir Högni Friðþjófsson, formaður GSE.

### Engar stórframkvæmdir

Högni segir að klúbburinn hyggi ekki á stórframkvæmdir á vellinum. „Hjá okkur snýst þetta aðallega um að búa til skemmtilegan klúbb og spila á góðum velli. Við munum þó væntanlega reyna að laga göngustíga, gera teiga snyrtilegri og huga betur að níu holu par 3 æfingavellinum ásamt æfingasvæðinu. Þá hefur verið rætt um að breyta æfingasvæðinu þannig að hægt verði að slá frá skálanum, sem myndi meðal annars nýtast þeim sem bíða eftir að komast á teig. Það var gríðarlega mikil aðsókn á völlinn síðasta sumar og á álagstímum var spilahraðinn óviðunandi. Við munum leggja mikið upp úr því að bæta leikhraðann á vellinum.“

### Sama rástímakerfi

Á Setbergsvelli hefur ekki verið notast við rástímabókanir heldur þurfa kylfingar að mæta á völlinn til að skrá sig. „Við munum halda okkur við það kerfi áfram. Jana og Tommi, sem sáu um að reka skálann síðasta sumar og áttu stóran þátt í að skapa skemmtilegan anda meðal kylfinga, munu sjá um rekstur skálans áfram. Stjórn klúbbsins ákvað að halda árgjöldum óbreyttum fyrir næsta ár og við bjóðum nýja félaga velkomna í klúbbinn,“ segir formaðurinn.

Högni og félagar í stjórn golfklúbbsins hafa boðað til félagsfundar í golfskálanum í kvöld klukkan átta. Þar verður farið yfir samninginn og framtíðaráform klúbbsins rædd. Allir núverandi félagar í GSE eru velkomnir á fundinn. kristjan@frettabladid.is

**AF GREENINU**

## Kylfusveinninn hefur fulla trú á Tiger

Steve Williams, kylfusveinn Tigers Woods, er fullviss um að Tiger muni ná sér á strik á nýju ári. Í samtali við AP-fréttastofuna sagði hann síðastliðið ár hafa verið erfitt. „Það hefur öllum verið ljóst að Tiger hefur ekki verið einbeittur. Eftir skilnaðinn var hann ekki með hugann við golfið – eðlilega,“ sagði Williams. Hann sagði að ofan á allt saman hefði Tiger ákveðið að breyta sveiflunni hjá sér sem hefði ekki auðveldað honum að ná stöðugleika. Hins vegar sagðist Williams vera viss um að sveiflan yrði komin í lag á næsta ári og einbeitingin sömuleiðis.

## Bestu nýju golfvellirnir valdir

Vefsíðan golf.com hefur valið tíu bestu nýju golfvellina fyrir utan Bandaríkin. Í efsta sæti er Diamante-völlurinn í Cabo San Lucas í Mexíkó. Völlurinn er hannaður af Davis Love III. Á listanum eru fjórir evrópskir vellir. Verðura-golfvöllurinn á Sikiley er í 6. sæti. Hann er hannaður af Kyle Philipps. The Scandanavian-völlurinn í Farum í Danmörku er í 8. sæti. Þetta er mikill vatnavöllur, hannaður af Bruce Charlton. Í 9. sæti er Elea-völlurinn á Kýpur sem Nick Faldo hannaði og í 10. sæti er Rowallan Castle-golfvöllurinn í Kilmaurs í Skotlandi. Colin Montgomerie og Ross McMurray hönnuðu hann.

**GOLF & HEILSA**



**Magni M. Bernhardsson**, kíróprakto með sérhæfingu í golfmeiðslum og öðrum íþróttameiðslum.

## Styttri fótur

Að vera golfari með annan fótinn styttri en hinn getur haft ýmislegt í för með sér, þreytu í baki og mjöðmum, sem hefur áhrif á golfleik og sérstaklega á seinustu holurnar þegar þreytan er farin að segja til sín, segir **Magni M. Bernhardsson**, kíróprakto með sérhæfingu í golfmeiðslum og öðrum íþróttameiðslum,

„Rannsóknir hafa sýnt fram á að golfari með annan fótinn styttri nær ekki að færa líkamsþungann rétt í golfsveiflunni og þar af leiðandi eru meiri líkur á að tímasetning golfsveiflunnar verði ekki rétt.

Einkennin eru margvísleg ef annar fóturinn er styttri, til dæmis bakverkur, hnéverkur, verkur í mjöðm og þótt ótrúlegt virðist vera þá getur fólk upplifað verk í miðbaki og hálsi vegna þess að leiðrétting á rangri líkamsstöðu kemur oft fram þar. Miklar líkur eru á því að líkamsþungi verði mismikill milli hægri og vinstri fótar og þar af leiðandi skapist óstöðugleiki til lengri tíma. Stytting í vöðvum sem hafa áhrif á mjaðmasnúning og of mikið álag á hné kemur oft fram ef ekkert er gert.

Fæstir hafa alveg jafnlanga fætur en þegar mislengd fóta er orðin til vandræða verður eitthvað að gera svo að heilsunni hraki ekki meira og líkaminn geti mögulega náð stöðugleika á ný. Prófaðu að setjast með hælinn upp á hnéð, ýttu á hnéð, hallaðu þér fram og finndu teygju í mjöðminni. Endurtaktu hinum megin og sjáðu hvort það er mikill munur.“

Hvað getum við gert til að finna og leiðrétta þessa skekkju?

„Sem kíróprakto tek ég stafræna röntgenmynd í standandi stöðu til að komast að því hversu miklu styttri fóturinn er og hversu mikil mjaðmaskekkjan er, því þessi tvö atriði er nauðsynlegt að skoða á sama tíma. Hægt er að kaupa hæl í skóinn sem nemur skekkjunni og ráðlegg ég fólki að nota hann samhliða kírópraktískri meðferð og teygjum til að ná sem mestri leiðréttingu.“

*Höfundur starfaði með PGA-golfkennaranum Justin Stout í Bandaríkjunum árið 2007 við að hreyfi- og styrktargreina nemendur hans.*

## Hollráð Hinna

### Agaleysi 3

Eitt af þeim vandamálum sem tengjast agaleysi eru hegðunarvandamál á golfvelli, að sögn Hinriks Gunnars Hilmarssonar, sem annast hefur eftirlit, vallarvörslu og dómgæslu hjá Golfklúbbi Reykjavíkur.

1. Við sem störfum við eftirlit á golfvöllum verðum oft varir við slæma hegðun kylfinga. Má þar nefna m.a. háværr öskur hjá kylfingum sem hefur mistekist ætlunarverk sitt, kylfukast (þar sem aðrir kylfingar geta verið í hættu), boltakast, spark í bekki og ruslafötur og kylfingar láta sem sagt öllum illum látum. Gætið að því, að þetta einskorðast ekki við keppnisgolf. Þá er því ekki alltaf vel tekið þegar eftirlitsmenn gera athugasemdir við slíka hegðun.
2. **ANDI ÍÞRÓTTARINNAR** Golf er að mestum hluta leikið án umsjónar dómara til úrskurðar eða eftirlits. Íþróttin byggist á réttsýni einstaklingsins og að taka tillit til annarra og hlíta reglunum. Allir leikmenn ættu alltaf að sýna yfirvegaða framkomu dæmigerða fyrir kurteisi og íþróttaanda, án tillits til þess hve keppnisinnaðir þeir eru. Þetta er andi golfíþróttarinnar. *(Úr golfreglubók R&A 2008-2011)*
3. **LOKAORÐ: REFSINGAR FYRIR BROT** Ef leikmaður ítrekað skeytir engu um þessar leiðbeiningar við leik umferðar eða um einhvern tíma, öðrum til óþurftar, er mælt með því að nefndin meti hvort hann skuli sæta tilhlýðilegum refsiaðgerðum. Slík aðgerð getur t.d. falið í sér leikbann á vellinum í ákveðinn tíma eða í ákveðnum fjölda kappleikja. Slíkt er talið réttlætanlegt í því markmiði að gæta hagsmuna alls þorra kylfinga sem vilja leika í samræmi við þessar leiðbeiningar. Sé um alvarlegt brot á siðareglum að ræða má nefndin beita frávísun samkvæmt reglu 33-7. *(Úr golfreglubók R&A 2008-2011)*



# Sláðu þrjár flugur í einu höggi

Nú er kjörið tækifæri til þessa að uppfæra stýrikerfi og hugbúnað á heimilistölvunum.
**Windows 7** og **Office 2010 pakkar** með **3 leyfum** fást nú hjá söluaðilum.

Office pakkinn inniheldur eftirfarandi hugbúnað: Word 2010, Excel 2010, PowerPoint 2010, OneNote 2010 og má setja hann upp á þrjár tölvur á heimilinu.






**Windows 7**
**Home Premium**
3 leyfi í sama pakka

**Office Home and Student 2010**
3 leyfi í sama pakka

Microsoft®

OPIN KERFI
25 ára
Innflutnings- og dreifingaraðili Microsoft á Íslandi

Fæst hjá eftirfarandi söluaðilum:

Tæknibær · TÖLVUTÆKNI · EJS · NetHEIMAR · TÖLVUVIRKNI · OK búðin · ELKO · NÝHERJI · et · BT · start · omnis · TÖLVULISTINN

> **LL Cool J**

„Ég held að þegar við komumst yfir hræðslu okkar og höldum á eftir draumum okkar, þá verðum við frjáls. Skilurðu það sem ég segi? Ef þú kemst yfir hræðsluna getur þú allt.“

*LL Cool J fer með hlutverk lögreglufulltrúans Sam Hanna í spennuþáttaröðinni NCIS: Los Angeles sem er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld kl. 21.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR FYLGIST MEÐ FJÖLSKYLDUM Á SKJÁNUM

# *Þorláksmessukvöld er (stress)hátíð út af fyrir sig*

Aðventan er dásamlegur tími og tilvalin til þess að njóta lífsins, fara á tónleika og baka smákökur. Eða svo segir fólk sem hefur nægan tíma á aðventunni til þess arna, einhvern vegin flýgur tíminn alltaf svo hratt hjá mér að áður en ég veit af er komin Þorláksmessa, ég ekki búin að kaupa gjafirnir, heimatilbúnu gjafirnar enn á hugmyndastiginu, heimilið smákökulaust og enn ein aðventan er liðin án þess að jólatónleikar hafi komist á dagskrá.



Það má svo sem segja að því að vaka fram eftir á Þorláksmessu fylgi ýmsir kostir, til dæmis þá heyrir maður allar jólakveðjurnar í Ríkisútvarpinu, líka þær sem eru lesnar klukkan þrjú að nóttu til. Ég var einmitt svo heppin í fyrra að vera vakandi meiripart aðfaranætur aðfangadags og fékk því kveðju vinkonu minnar sem hafði lent á þessum undarlega tíma til jólakveðjulesturs. Ég var vakandi því að enn átti eftir að pakka, þrífa og föndra þegar allt viti borið fólk er búið að þessum hlutum.

Í ár hef ég heitið því að hafa annan háttinn á og er því búin að viða að mér flestum gjöfum, jólakortin bíða eftir að lenda í umslagi og föndur er ekki á dagskránni.

Eina sem vantar er að ég komi mér að þessu verki, kveiki á rás eitt og eigi notalega jólastund í streitulausu umhverfi. Enn hefur það þó ekki tekist. Kannski vegna þess að ég leggst frekar í sófann þegar friður hefur færst yfir heimilið og rækta sambandið við sjónvarpsfjölskyldurnar mínar heldur en að pakka inn gjöfum. Hver vill missa af nýjustu flækjum Pritchett-fjölskyldunnar (Modern family) og ferskasta dramanu hjá Walker-fjölskyldunni (Brothers and Sisters), ekki ég að minnsta kosti.

Öðrum þræði óttast ég að það stefni í að enn eina Þorláksmessuna verði ég vakandi fram eftir, en á hinn bóginn kemst ég kannski ekki í jólaskap ef ég fer að sofa á mínu græna klukkan tíu.

## SJÓNVARPIÐ

**14.10 Kiljan** (e)
**15.05 Jóladagatalið - Jól í Snædal** (e)
**15.35 EM kvenna í handbolta** Bein útsending frá leik í milliriðli.
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Heilabrot** (6:8)
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.25 Jóladagatalið - Jól í Snædal**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Bræður og systur** (84:87) (Brothers and Sisters) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.
**21.00 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives)
**21.45 Tíu mínútna sögur – Falli snjór** (4:11) (Ten Minute Tales) Flokkur þögulla breskra stuttmynda þar sem úrvalsleikarar og leikstjórar leiða saman hesta sína.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Sporlaust** (16:24) (Without a Trace) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
**23.05 Dorrit litla** (1:8) (Little Dorrit) (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.25 Fréttir** (e)
**00.35 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.25 Analyze This**
**08.05 The Baxter**
**10.00 Draumalandið**
**12.00 Zoolander**
**14.00 The Baxter**
**16.00 Draumalandið**
**18.00 Zoolander**
**20.00 Analyze This**
**22.00 The Hoax**
**00.00 Superbad**
**02.00 The U.S. vs. John Lennon**
**04.00 The Hoax**
**06.00 The Thomas Crown Affair**

## STÖÐ 2

**07.00 Latibær** (16:18)
**07.25 Elías**
**07.40 Galdrabókin** (16:24)
**07.50 Nornfélagið**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 Gilmore Girls**
**11.45 Logi í beinni**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Matarást með Rikku** (1:10)
**13.30 La Fea Más Bella** (288:300)
**14.15 La Fea Más Bella** (289:300)
**15.00 The O.C. 2** (12:24)
**15.50 Barnatími Stöðvar 2**
**16.35 Latibær** (16:18)
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.25 Nágrannar**
**17.53 The Simpsons** (11:21)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 Two and a Half Men** (17:24)
**19.55 How I Met Your Mother** (12:24)
**20.25 Eldsnöggt með Jóa Fel** (12:12)
**21.00 NCIS: Los Angeles** (18:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles.
**21.50 Human Target** (9:12) Ævintýralegir spennuþættir um mann sem er hálfgerð ofurhetja.
**22.35 Life on Mars** (5:17) Bandarískur sakamálaþáttur sem fjallar um lögregluvarðstjórann Sam.
**23.25 Spaugstofan**
**23.55 Hlemmavídeó** (8:12)
**00.25 The Mentalist** (10:22)
**01.15 Numbers** (8:16)
**02.00 Mad Men** (3:13)
**02.50 NCIS: Los Angeles** (18:24)
**03.35 The Truth About Love**
**05.10 The Simpsons** (11:21)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Liverpool - Utrecht**
**17.05 Spænsku mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
**17.55 Juventus - Man. City** Bein útsending frá viðureign Juventus og Manchester City í Evrópudeildinni.
**20.00 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði.
**20.30 Icelandic Fitness and Health Expo 2** Sýnt frá Kraftasportinu 2010 en til leiks eru mættir flestir af sterkustu mönnum Íslands.
**21.10 European Poker Tour 6 - Pokers** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.
**22.00 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**22.55 Til síðasta manns** (5:8) Raunveruleikaþáttaröð þar sem fylgst er með hópi ungra íþróttamanna sem sérhæfa sig í ólíkum bardagalistum.
**23.50 Juventus - Man. City**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Bolton - Blackburn**
**18.15 Stoke - Blackpool**
**20.00 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu hliðum.
**20.30 Football Legends - Kluivert** Patrik Kluivert var frábær leikmaður og sýndi það og sannaði á knattspyrnuvellinum. Við fáum að kynnast þessum hollenska leikmanni betur og ferill hans skoðaður ofan í kjölinn.
**20.55 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin skoðuð í þaula.
**21.25 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara.
**22.25 Fulham - Sunderland**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**15.45 Parenthood** (11:13) (e)
**16.35 Rachael Ray**
**17.20 Dr. Phil**
**18.00 America's Next Top Model** (11:13) (e)
**18.50 Real Hustle** (4:20) Áhugaverður þáttur þar sem þrír svikahrappar leiða saklaust fólk í gildru.
**19.15 Game Tíví** (14:14)
**19.45 Whose Line is it Anyway?** (6:39) Bráðskemmtilegur spunaþáttur þar sem allt getur gerst.
**20.10 The Office** (17:26) Bandarísk gamansería um skrautlegt skrifstofulið.
**20.35 30 Rock** (3:22) Bandarísk gamanþáttaröð.
**21.00 House** (17:22) Bandarísk þáttaröð um skapstirða lækninn dr. Gregory House og samstarfsfólk hans.
**21.50 CSI: Miami** (12:24) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami.
**22.40 Jay Leno**
**23.25 Nurse Jackie** (11:12) (e)
**23.55 United States of Tara** (11:12) (e)
**00.25 The L Word** (1:8) (e)
**01.15 Last Comic Standing** (14:14) (e)
**02.45 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁR*GOLF*

**06.00 ESPN America**
**10.30 Golfing World** (e)
**11.20 Golfing World** (e)
**12.10 Nedbank Challenge 2010** (3:4) (e)
**17.10 Golfing World** (e)
**18.00 Golfing World**
**18.50 World Golf Championship 2010** (3:4) (e)
**22.50 Golfing World** (e)
**23.40 European Tour - Highlights 2011** (1:45) (e)
**00.30 ESPN America**

## EXTRA

**19.10 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**19.50 Entourage** (10:12) Fimmta þáttaröðin um framabrölt Vincents og félaga í Hollywood.
**20.25 Ástríður** (8:12) Tangónámskeið getur lífgað upp á ástarsambandið.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Gossip Girl** (6:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útliti og stíl aðalsögupersónanna.
**22.35 Hawthorne** (3:10) Dramatísk þáttaröð sem fjallar um hjúkrunarfræðinga á Richmond Trinity spítalanum í Virginíu.
**23.20 Medium** (12:22) Sjötta þáttaröð þessa dulmagnaða spennuþáttar sem fjallar um sjáandann Allison Dubois.
**00.05 Nip:Tuck** (11:19) Sjötta sería þessa vinsæla framhaldsþáttar sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Seans McNamara og Christians Troy.
**00.50 Ástríður** (8:12)
**01.15 Entourage** (10:12)
**01.45 The Doctors**
**02.25 Fréttir Stöðvar 2**
**03.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## iNN

**20.00 Hrafnaþing** Má Guðmundssyni seðlabankastjóra boðið á Hrafnaþing.
**21.00 Undir feldi** Frosti og Heimir, erum við í aðlögunarferli eða á leið til tunglsins?
**21.30 Rokk og tjatjatja** Tónlistarflóran á eyjunni bláu er engu lík.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.25

### Eldsnöggt með Jóa Fel

Jói Fel er kominn í jólagírinn og á matseðlinum í kvöld er hátíðarmáltíð. Rísottó í forrétt með hvítlauksristuðum hörpudiski og risarækjum. Rifjasteik með góðri puru sem er svo notuð í samloku með gráðostakartöflusalati, rauðkáli, sósu og steiktum lauk. Fiskiröndmeð hlaupi, æðislegur milliréttur yfir jólin með lúxuskokkteilsósu og ristuðu brauði.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Heimur hugmyndanna **14.03** Á tónsviðinu **15.03** Útvarpssagan: Aðventa **15.25** Bláar nótur í bland **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tónlistarkvöld Útvarpsins **21.00** Arkitektinn í þjóðfélagi þykjustunnar **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Rossini, Rossini **23.20** Til allra átta **00.05** Næturtónar

### BBC entertainment

**12.35** The Weakest Link **13.20** Deal or No Deal **13.55** New Tricks **14.50** Keeping Up Appearances **15.20** Keeping Up Appearances **15.50** Only Fools and Horses **16.20** Hustle **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** The Office **19.30** Vicar of Dibley **20.00** Whose Line Is It Anyway? **20.30** After You've Gone **21.15** The Jonathan Ross Show **22.05** The Office **22.35** EastEnders **23.05** Vicar of Dibley **23.35** Whose Line Is It Anyway? **00.00** After You've Gone

### DR 1

**12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Naturens former **13.00** Danmark Ekspeditionen **13.30** Spise med Price **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** Absalons Hemmelighed **16.00** Substitutterne **16.25** Cowboy, indianer og hest **16.30** Sebastians jul **16.40** Garfield **16.55** Fup og Svindel **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet 2. del **18.30** Absalons Hemmelighed **19.00** Sporløs **19.40** Julens TV **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Juleønsket **22.25** Min son Jack **00.00** Inspector Morse

### NRK 1

**12.50** Ut i nærturen **13.10** V-cup skiskyting **14.45** Ut i naturen **15.20** Førjulshygge i Strömsö **16.00** NRK nyheter **16.10** Tid for tegn **16.25** Ardna - Samisk kulturmagasin **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul på Månetoppen **17.30** Filmavisen 1960 **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Schrödingers katt **19.40** Komletorsdag **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Debatten **21.30** Storbynatt **22.00** Kveldsnytt **22.15** Radioresepsjonen på TV **22.45** Hundens hemmelige liv **23.45** Skavlan

### SVT 1

**12.50** Rebecca och Fiona **13.05** Skidskytte. Världscupen Pokljuka **14.55** Rapport **15.00** Simning **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Mitt i naturen **19.30** Kinas mat **20.00** Plus **21.00** Debatt **21.45** Arvfiender **22.45** Min jul **22.50** Veckans brott **23.50** Uppdrag Granskning








*„Sigtið er í algjöru uppáhaldi. Ég treysti því að þeir Ragnar, Gunnar, Friðrik og Halldór skelli í þriðju seríuna bráðum.“*

Sigurður Þór Óskarsson leikaranemi

# Jóhanna Guðrún snýr aftur í Eurovision

Jóhanna Guðrún Jónsdóttir snýr aftur í Eurovision þegar hún syngur lag Maríu Bjarkar Sverrisdóttur í Söngvakeppni Sjónvarpsins. Jóhanna er öllum hnútum kunn í Söngvakeppninni, vann hana 2008 og fór með lagið Is It True? alla leið í annað sætið í Moskvu, sællar minningar.

Margir góðkunningjar úr Eurovision-keppnum síðustu ára birtast á skjáum landsmanna þegar flautað verður til leiks hinn 15. janúar og þau Ragnhildur Steinunn og Guðmundur Gunnarsson kynna keppendur af sinni alkunnu snilld. Sigurjón Brink mun til að mynda flytja lag sitt og Ragnars Hermannssonar, Jógvan Hansen ætlar sömuleiðis að flytja sitt lag sjálfur sem hann semur með Vigni Snæ Vigfússyni og þá ætlar hljómsveit Péturs Arnar Guðmundssonar, Buff, að syngja og spila lagið hans.

Nokkrir nýliðar þreyta jafnframt frumraun sína á Eurovision-sviðinu og nægir þar að nefna sjálfan Bödda úr Dalton sem syngur lag Ingva Þórs Kormákssonar ásamt JJ Soul Band. Dúettinn Íslenska sveitin með þeim Lísu Einarsdóttur úr síðustu Idol-keppni og Sigursveini Árna, fyrrverandi Luxor-kappa, þenur raddböndin í lagi Alberts Guðmanns Jónssonar og Bryndís Ásmundsdóttir ætlar að láta ljós sitt skína í lagi Jakobs Jóhannssonar. Þá mun Rakel Mjöll úr hljómsveitinni Útidúr syngja lag Tómasar Hermannssonar og Orra Harðarsonar og oddviti Sjálfstæðisflokksins á Dalvík, Matthías Matthíasson, ætlar að halda suður og syngja lag Matthíasar Stefánssonar.



**SILFURSÖNGKONAN SNÝR AFTUR** Jóhanna Guðrún snýr aftur í Eurovision og syngur lag Maríu Bjarkar í Söngvakeppni Sjónvarpsins. Af öðrum góðkunningjum keppninnar má nefna Sigurjón Brink og Jógvan Hansen.


## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Leitin að jólunum**

| | | |
|---|---|---|
| Lau 18.12. Kl. 11:00 U | Sun 19.12. Kl. 13:00 U | Mið 29.12. Kl. 14:00 Ö |
| Lau 18.12. Kl. 13:00 U | Sun 19.12. Kl. 14:30 U | Mið 29.12. Kl. 16:00 |
| Lau 18.12. Kl. 14:30 U | Þri 28.12. Kl. 14:00 U | |
| Sun 19.12. Kl. 11:00 U | Þri 28.12. Kl. 16:00 U | |

**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | |
|---|---|
| Fim 6.1. Kl. 20:00 Ö | Fim 20.1. Kl. 20:00 |
| Mið 12.1. Kl. 20:00 | Sun 30.1. Kl. 20:00 |

**Fíasól** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 19.12. Kl. 13:00 U | Fim 30.12. Kl. 16:00 U | Lau 8.1. Kl. 15:00 |
| Sun 19.12. Kl. 15:00 U | Sun 2.1. Kl. 13:00 Ö | Sun 9.1. Kl. 13:00 |
| Þri 28.12. Kl. 16:00 U | Sun 2.1. Kl. 15:00 Ö | Sun 9.1. Kl. 15:00 |
| Mið 29.12. Kl. 16:00 U | Lau 8.1. Kl. 13:00 | |

**Hænuungarnir** (Kassinn)

| | |
|---|---|
| Fim 20.1. Kl. 20:00 | Fim 27.1. Kl. 20:00 |
| Lau 22.1. Kl. 20:00 | Sun 30.1. Kl. 20:00 |

**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 30.12. Kl. 19:00 U | Lau 15.1. Kl. 19:00 Ö | Lau 22.1. Kl. 19:00 Ö |
| Fös 7.1. Kl. 19:00 Ö | Sun 16.1. Kl. 19:00 Ö | Sun 23.1. Kl. 19:00 Ö |

**Lér konungur** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 26.12. Kl. 20:00 Frums. U | Lau 8.1. Kl. 20:00 4. sýn Ö | Fös 14.1. Kl. 20:00 7. sýn Ö |
| Þri 28.12. Kl. 20:00 2. sýn Ö | Sun 9.1. Kl. 20:00 5. sýn Ö | Fös 21.1. Kl. 20:00 8. sýn |
| Mið 29.12. Kl. 20:00 3. sýn Ö | Fim 13.1. Kl. 20:00 6. sýn Ö | |

**Kandíland** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 30.12. Kl. 20:00 Frums. U | Fim 6.1. Kl. 20:00 | Lau 8.1. Kl. 20:00 |
| Mið 5.1. Kl. 20:00 | Fös 7.1. Kl. 20:00 | |

**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 3.2. Kl. 18:00 U | Sun 13.2. Kl. 14:00 Ö | Sun 20.2. Kl. 17:00 |
| Sun 6.2. Kl. 14:00 Ö | Sun 13.2. Kl. 17:00 | Sun 27.2. Kl. 14:00 |
| Sun 6.2. Kl. 17:00 | Sun 20.2. Kl. 14:00 | Sun 27.2. Kl. 17:00 |



„Söguleg skáldsaga í hæsta gæðaflokki.“

Bryndís Loftsdóttir / Eymundsson

Eftir höfund metsölubókarinnar *Reisubók Guðríðar Símonardóttur*






JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

*„Stórvirki ... ákaflega vel skrifuð ...“*

Einar Sigurbjörnsson / Tru.is



FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

MEIRI SKEMMTUN
Meiri Vísir.
vísir.is


NONNI KJUÐI: TROMMARI DIKTU REYNIST HÆFILEIKARÍKUR Í SKOTFIMI

# Stefnir á að keppa í skotfimi á Smáþjóðaleikunum

„Það væri gríðarlega gaman að keppa fyrir Íslands hönd,“ segir Jón Þór Sigurðsson, eða Nonni kjuði, trommari vinsælustu hljómsveitar landsins, Diktu.

Hann gæti verið á leiðinni til Liechtenstein næsta sumar, ekki til að spila með Diktu heldur til að keppa í skotfimi á Smáþjóðaleikunum. Um síðustu helgi lenti Nonni í öðru sæti á landsmótinu í enskum riffli fyrir hönd Skotfélags Kópavogs. Með frammistöðu sinni náði hann þremur áföngum, þar á meðal lágmarki fyrir Smáþjóðaleikana.

„Við vorum að spila á Græna hattinum á Akureyri kvöldið áður og það var ekki flug heim fyrr en 10.40 frá Akureyri og mótið átti að byrja klukkan 12,“ segir Nonni kjuði. „Ég gleymdi bíllyklinum fyrir norðan og þurfti að taka leigubíl. Síðan var ég ekki með lykil að byssuskápnum í Kópavogi og það þurfti að hjálpa mér að brjótast þar inn. Svo lenti ég í öðru sæti, sem er skemmtilegur árangur miðað við hversu illa gekk að komast á þetta mót.“

Nonni byrjaði að stunda skotfimi í mars síðastliðnum og líkar mjög vel. Þó svo að hann hafi náð lágmarkinu fyrir Smáþjóðaleikana er ekki öruggt að hann komist þangað. Tveir efstu keppendurnir eftir skotfimitímabilið eru valdir á leikana og sem stendur er hann annar tveggja sem hafa náð lágmarkinu. Fleiri gætu þó bæst í hópinn enda eru fjögur mót eftir af tímabilinu. „Þetta væri rosafjör. Þótt þetta yrðu ekki nema Smáþjóðaleikarnir yrði þetta toppurinn á mínum íþróttaferli,“ segir Nonni og vonar það besta.



**MEÐ RIFFILINN Í HENDI** Nonni kjuði með riffil í hendi, tilbúinn til að keppa fyrir Íslands hönd á Smáþjóðaleikunum næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Dikta er eftirsótt hljómsveit og dugleg við spilamennsku allt árið um kring. Spurður hvort Smáþjóðaleikarnir setji ekki strik í reikninginn segir Nonni: „Þetta yrðu í mesta lagi þrír dagar sem við yrðum frá. Þá verðum við akkúrat að klára Þýskalandstúr. Það er ekki búið að bóka neitt enn sem komið er en það verður að vega þetta og meta. Fyrsta málið á dagskrá er að verða valinn áfram.“

Nonni kann ekki bara að munda trommukjuðann og riffilinn því nýlega útskrifaðist hann sem atvinnuflugmaður. „Það er aldrei að vita nema maður taki Bruce Dickinson [söngvara Iron Maiden] á þetta og fari að fljúga með Diktuna út um allan heim. Það væri heldur ekki leiðinlegt að vera með Bruce mér á hægri hönd.“

Fram undan hjá Diktu eru tónleikar í Vídalínskirkju í Garðabæ í kvöld kl. 20 ásamt Cliff Clavin og þeim Daníel og Ylfu. Á föstudag spilar sveitin síðan á X-mas á Sódómu Reykjavík þar sem talið verður í jólalagið Nóttin var sú ágæt ein.

freyr@frettabladid.is

# Frægir í partí á Skuggabar

Heilsudrykkurinn Vitamin Water verður fáanlegur á landinu á næstunni. Drykkurinn verður kynntur til leiks annað kvöld í partíi á gamla Skuggabarnum á Hótel Borg, sem verður opnaður á ný sérstaklega fyrir þetta kvöld.

Leynd hvílir yfir partíinu og Vífilfellsmenn, sem dreifa Vitamin Water hér á landi, fást ekki til að tjá sig um það. Þá hefur það ekkert verið auglýst og þær litlu upplýsingar sem fást um partíið eru í boðskorti sem ýmsir nafntogaðir einstaklingar hafa fengið sent. Fréttablaðið hefur komist yfir eitt slíkt, en þar kemur fram að tónlistin verði í höndum DJ Margeirs og Jóns Atla, sem kallar sig Sexy Lazer. Þá koma fram Captain Fufano og Gnúsi Yones. Ásamt því að bjóða upp á skemmtiatriði verður opinn bar allt kvöldið.



**DULARFULLT PARTÍ** DJ Margeir er á meðal þeirra sem koma fram í partíi á Skuggabar Hótel Borgar annað kvöld. Partíið er aðeins fyrir boðsgesti.

Gestalistinn telur 400 manns eftir því sem Fréttablaðið kemst næst. Á honum er að finna þekkt fólk úr flestum menningarkimum landsins. Enginn kemst inn án miða og þeir eru ekki fleiri en 400 – þetta ku vera afar strangt.

Vitamin Water á sér stutta en nokkuð merkilega sögu. Rapparinn 50 Cent eignaðist hlut í framleiðandanum Glacéau árið 2007 þegar fyrirtækið nefndi Vitamin Water bragðtegund eftir rapparanum. Coca Cola Company tók yfir fyrirtækið skömmu síðar og 50 Cent þénaði 100 milljón dali á sölunni – 11,5 milljarða íslenskra króna á núvirði. Hann hefur síðar látið hafa eftir sér að hann hafi þénað þessa 100 milljón dali með því að mæta í eina myndatöku fyrir Vitamin Water.

- afb

# Nýkomin sending frá Hülsta og Calligaris

## Full búð af nýjum vörum allt á 25% afslætti!










25%







25%







25%



6.800,- nú 5.100,-

HEIMA HÚSIÐ

Ondrugi mood lifum

GALLERY GÓLF PARKET•FLÍSAR

**Opið virka daga 10 - 18 | laugardaga 11 - 16 | sunnudaga til jóla 13 - 16**

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Önnur metsölubók

**Egill „Gillzenegger" Einarsson** og Jónas Sigurgeirsson, útgefandi hans, eru kokhraustir þessa dagana og ánægðir með gott gengi á jólabókamarkaði. Í fyrra seldu þeir sex þúsund eintök af Mannasiðum Gillz og útlit er fyrir að fleiri eintök seljist af Lífsleikni Gillz sem kom út á dögunum. Bókin er í fimmta sæti á metsölulista bókaútgefenda og slær þar með við metsöluhöfundum á borð við Þorgrím Þráinsson og Óttar Sveinsson. Alls voru prentuð átta þúsund eintök af bókinni og ef fram fer sem horfir verða þau uppseld fyrir jól.



### Bjarni snýr aftur

Látúnsbarkinn **Bjarni Arason** er snúinn aftur til starfa á útvarpssviði 365-miðla. Frægt varð þegar honum var sagt upp störfum fyrir tveimur árum sem dagskrárstjóra Bylgjunnar. Í kjölfarið skellti Bjarni sér í skóla og dúkkaði í fyrra upp á útvarpsstöðinni Kananum um hríð. Nú geta aðdáendur hans glaðst á ný því rödd Bjarna hljómar á Léttbylgjunni fram til jóla hið minnsta.



### Tobba flytur í bæinn

**Tobba Marínós** og Kalli í Baggalút eru að fara að taka næstu skref í sínu sambandi. Parið leitar nú logandi ljósi að íbúð og setja þau skilyrði að íbúðin sé í miðbænum. Það verður að teljast stórt afrek hjá borgarfulltrúanum Kalla að fá Tobbu til að flytja frá sínum ástkæra heimabæ Kópavogi, enda hefur hún verið ötull stuðningsmaður bæjarins og keppir meðal annars fyrir hönd hans í spurningaþættinum Útsvari.



**- hdm, áp**

### Mest lesið VISIR.IS

1. Ræða Jóns Gnarr: Þjóðin er eins og fjölskylda alkóhólista
2. Skar eistun undan eldgömlum kærasta dóttur sinnar
3. Flutti inn hálft kíló af kattahlandskóki
4. Börðust við að bjarga 300 manns úr blindbyl
5. Þorgerður um arðgreiðslur Hraðbrautar: Í besta falli óheppilegt


Bók sem hjálpar konum að finna hvað fer þeim best




www.beautybar.is / sími 544 5959

"Flott bók á allan hátt. Það eru fáir sem búa yfir jafn miklum hafsjó af fróðleik er við kemur bættu útliti fólks, eins og Karl Berndsen. Ég mæli hiklaust með þessari bók."
Linda Pétursdóttir

